1903. Þegar rafalar eru látnir vinna samhliða (parallel) er nauðsynlegt að gangráðar aflvélanna séu þannig, að álagið skiptist sem jafnast á rafalana í hlutfalli við afköst þeirra við hvaða álag sem er.

Frávik frá fullkominni álagsskiptingu má ekki verða meira en 15% af hámarksafköstum stærsta rafalans og 25% af hámarksafköstum annarra rafala miðað við 20%—100% álag.

Við samhliða notkun riðstraumsrafala, verða eiginleikar gangráða aflvéla að vera þannig að þeir orsaki ekki álagssveiflur (effektpendling) eða magni álagssveiflur, sem orsakast á annan hátt.

1904. Aflvélar rafala skulu búnar hraðastillingu, sem fjarstýrð er frá samfösunarstað.

20. gr.

Rafalar almennt.

2001. Rafalar skulu framleiddir með sérstöku tilliti til aðstæðna, sem búast má við í skipum (sjá gr. 3—8) og skulu ennfremur fullnægja eftirfarandi ákvæðum.

2002. Rafalar skulu þannig settir niður, ef við verður komið, að öxull þeirra sé samhliða kili skipsins.

2003. Rafala skal staðsetja á vel loftræstum stöðum vegna nauðsynlegrar kælingar og eldhættu. Ekki má staðsetja þá undir gólfi vélarrúms, nema með sérstöku leyfi siglingamálastjóra, og skulu þá gerðar sérstakar kröfur um aðstreymi kæliloftsins.

2004. Rafalar verða að vera þannig staðsettir og útbúnir, að kæliloftið, sem að þeim er leitt, sé svo hreint og þurrt sem kostur er á. Kæliloftið má ekki taka frá kjalsogi eða fyrir neðan gólf í vélarúmi eða frá öðrum slíkum stöðum.

2005. Ákvæði 2001. og 2002. tl. hér að framan eiga við um rafala ásamt mótorrafölum (omformergeneratorer) til almennra nota. Fyrir rafala, sem hafa sérstöku hlutverki að gegna (t. d. rafala fyrir spil, rafmótora fyrir spil, o. fl.) má gera vægari kröfur.

21. gr.

Jafnstraumsrafalar.

2101. Spennukennilína slyngirafala skal vera sem hér segir, þegar hliðsjón er höfð af ganghraðastillingu véla þeirra, sem knýja þá (sjá tl. 1902).

Eftir innstillingu málspennu ± 1% við 20% álag má spennan við fullt álag ekki breytast meira en ± 1.5% málspennunnar.

Meðal spennubreyting við aukið eða minnkað álag má ekki vera meiri en 3% málspennu.

Vægari kröfur má gera til lítilla rafala.

2102. Affallsrafalar og allir rafalar, sem knúnir eru af aðalvél skipsins (sjá 18. gr.), skulu búnir sjálfvirkum spennustillum, er haldi spennunni þannig, að vik frá málspennu verði ekki meira en ± 2.5% frá lausagangi að fullu álagi.

2103. Á aðaltöflu skal vera búnaður til að stilla spennu hvers rafala fyrir sig. Mögulegt skal vera að stilla spennuna frá 97.5—102.5% af málspennu með ± 0.5% nákvæmni fyrir allt að 100 KW rafala og stærri og ± 1% fyrir minni rafala, við hvaða álag sem er og eðlilegan rekstrarhita.

2104. Rafalar sem eiga að vinna samhliða, skulu þannig gerðir, að álagið skiptist sem jafnast á milli þeirra. Innan þeirra marka, sem greind eru í tl. 1903.

22. gr.

Riðstraumsrafalar.

2201. Riðstraumsrafalar skulu annað hvort vera búnir sjálfvirkum spennustillum, er haldi spennunnni þannig að vik frá málspennu verði ekki meira en ±2.5% við hvaða álag sem er, eða vera sjálfstillandi með spennueinkennum, sem

ákvarðast þannig með hliðsjón af ganghraða stillingu aflvélar (sjá tl. 1902) að spenna haldist innan ofangreindra takmarka.

2202. Á rafölum, sem vinna samhliða skal spennustillingu þannig háttað að skipting launafls (reaktiveffect) verði stöðug og eins jöfn og frekast er unnt miðað við afköst rafalans allt frá lausagangi til fulls álags.

Frávik frá jafnri skiptingu launafls má ekki verða meira en 10% af málaunafli stærsta rafalans.

2203. Við samhliða notkun riðstraumsrafala skulu álagssveiflur ekki verða meiri en 25% af málstraum minnsta rafalans.

23. gr.

Spennar.

2301. Spennar skulu framleiddir með sérstöku tilliti til aðstæðna í skipum (sjá gr. 3—8) og skulu ennfremur fullnægja eftirfarandi ákvæðum.

2302. Spennum til almennra nota skal komið fyrir í loftræstum rýmum, þar sem ekki geta myndast eldfimar lofttegundir.

2303. Allir spennar, sem tengjast veitukerfi skips skulu hafa aðskilin vöf.

2304. Almennt skulu spennar vera loftkældir (þurrir), þó má nota vökvakælda spenna í vélarúmi, sé kælivökvinn ekki eldfimur. Undir vökvakældum spennum skal vera panna.

24. gr.

Afriðlar.

2401. Afriðlar skulu framleiddir með sérstöku tilliti til aðstæðna í skipum (sjá gr. 3—8) og skulu ennfremur fullnægja eftirfarandi ákvæðum.

2402. Afriðlum til almennra nota skal komið fyrir í loftræstum rýmum, þar sem ekki geta myndast eldfimar lofttegundir.

2403. Almennt skulu afriðlar vera loftkældir (þurrir), þó má nota vökvakælda afriðla í vélarúmi, sé kælivökvinn ekki eldfimur. Undir vökvakældum afriðlum skal vera panna.

25. gr.

Rafhlöður.

2501. Rafhlöður skulu fullnægja þeim kröfum, sem gera þarf með tilliti til hinna sérstöku aðstæðna í skipum (sjá gr. 3—8). Við slagsíðu þá, veltu o. fl., sem um er getið í tl. 301 má rafhlöðuvökvinn (elektrolyt) ekki geta runnið niður. Rými, skápar og kassar fyrir rafhlöður verða að vera það vel varðir að rafhlöðuvökvi geti ekki valdið skaða og verða þeir ásamt loftræstibúnaði að vera varðir með ryðvarnarmálningu eða öðru haldgóðu efni. Rafhlöður skulu staðsettar þannig, að auðveldur aðgengur sé að þeim til eftirlits, viðhalds og endurnýjunar.

2502. Rafhlöður með yfir 10 kWh samanlagða rýmd skulu hafðar í sérstöku rými, sem eingöngu notist til þess. Slík rými skulu vera vel loftræst, þannig að aðstreymi fersks lofts komi inn neðan til og útstreymi sé út undir bert loft ofan til, til að koma í veg fyrir, að þar geti safnast eldfimar lofttegundir.

Loftræstingin skal vera nægjanleg til að endurnýjun loftsins fari fram 30 sinnum á klst. Ef ekki er notuð vélknúin loftræsting má útstreymisröríð ekki halla meir en 45° frá lóðréttu.

2503. Rafhlöður með samanlagða rýmd allt að 10 kWh má setja í skáp eða kassa, þar til gerðan og hafa í rýmum, sem einnig eru notuð til annarra þarfa, svo sem í vélarúmi, neyðarrafalsrými og öðrum álíka stöðum.

Undir engum kringumstæðum má hafa sýrurafhlöður í mannaíbúðum.

Skápar eða kassar fyrir rafhlöður með allt að 5 kWh rýmd þurfa ekki sérstaka loftræstingu, sé þeim komið fyrir á vel loftræstum stöðum.

2504. Rafhlöðum skal þannig komið fyrir að loft geti leikið um þær á alla vegu. Skal loftrás, meðfram rafhlöðu aldrei vera minni en 20 mm, en sé þeim staflað á hillur hvorri upp af annarri skal bilið milli hillu og næstu rafhlöðu undir henni vera minnst 50 mm.

Kassar og hillur skulu varin efni, sem ekki tærist, þykkt þess sé minnst 1.5 mm og skulu kantar þess ná 75 mm upp með hliðum rafhlöðu.

Þar sem rafhlöður eru geymdar í sérstökum, þar til gerðum klefum, nægir að klæða gólfið ofangreindum þynnum, en þá skulu brúnir þeirra ná 150 mm upp á þilin.

2505. Rafhlöður verða að hafa góðan og öruggan hleðslubúnað. Fyrir rafhlöður, sem gegna mikilvægu hlutverki má krefjast þess, að hægt sé að hlaða þær á tvennan hátt og óháðan hvor öðrum (t. d. talstöðvarrafhlöður).

2506. Leiðar frá rafhlöðum skulu búnir vörum. Sé ekki hægt að hafa þau við rafhlöðuna, skal leiðunum þannig fyrir komið að skamm- og grunnhlaup geti ekki átt sér stað.

Fyrir ræsi-rafhlöður verða leiðar að ræsi að vera búnir tvípólarofa staðsettum eins nærri rafhlöðum og mögulegt er, þannig að hægt sé að rjúfa strauminn fljótt, ef nauðsyn krefur.

2507. Rafhlöður skulu byrgðar að ofan með einangrandi fleka.

2508. Sérhver rafhlaða, sem ætluð er sem ræsirafhlaða fyrir eftirtaldar vélar, skulu hafa næga rýmd til að ræsa þær, eins og hér segir og skal hver ræsing vara minnst í 10 sek.

Tólf ræsingar fyrir aðalvélar, sem ekki er mögulegt að ræsa án álags.

Sex ræsingar fyrir vélar, sem búnar eru skiptiskrúfu og mögulegt er að ræsa án álags.

Þrjár ræsingar fyrir hjálparvélar.

Tólf ræsingar fyrir hjálparvélar, sem tengdar eru neyðarrafala.

Ef rafhlöðurnar eru einnig notaðar til annarra hluta, þá verður að auka rýmdina sem því nemur.

26. gr.
Veitukerfið.

2601. Rafalar til almennra nota skulu tengdir aðaltöflu eða neyðartöflu. Straumbreyta, spenna, afriðla og rafhlöður skal einnig tengja aðaltöflu eða neyðartöflu, þó má í sumum tilvikum tengja tækin greinitöflum, enda hafi þau ekki mikilvægu hlutverki að gegna samkv. 17. gr.

2602. Orkugjafa, sem gegna eiga sérstöku hlutverki (t. d. rafala fyrir spil, straumbreyta fyrir spil o. s. frv.) má tengja við eigin töflur, ef farið er eftir neðangreindum fyrirmælum að því marki, sem þau geta átt við hverju sinni.

Þegar tveir eða fleiri mótorar eða aðrir neytendur gegna sama mikilvæga hlutverki, skulu þeir að minnsta kosti vera á tveim aðskildum greinum frá aðaltöflu eða einni grein frá henni og annarri frá neyðartöflu, þannig að viðkomandi rekstur stöðvist ekki þótt bilun komi fram í einni grein (sbr. 17. gr. um mikilvægan rekstur). Ekki er farið fram á að öllum ljósum skips sé þannig skipt á tvær aðskildar greinar, en í skipum stærri en 100 brl. skal lýsing vélarúms, ganga, íbúða og stiga til bátaþilfars vera á tveim aðskildum greinum. Varðandi lagnir að siglingaljósum vísast til 35. gr. og lagnir að stýrisvélum til 36. gr. Fyrir neytendur, sem tengdir eru sérstökum orkugjöfum (t. d. togspilsmótor, sem knúinn er sér rafala eða spilmótor, sem tengdur er

sér straumbreyti o. fl.) má hafa sérstaka tengitöflu, enda sé neðangreindum ákvæðum framfylgt að því marki, sem þau geta átt við.

2603. Sérstök grein skal vera fyrir mótora stærri en 1.25 kW.

2604. Að jafnaði skal ekki vera nema einn neytandi tengdur grein, sem ætlað er að flytja 16 A eða meira.

2605. Ljósagreinar, sem búnar eru 10 A vörum í mesta lagi, mega miðla straum til þess fjölda ljósastæða og tengla sem hér segir:

Kerfi með allt að 48 V spennu: 10 ljósastæði og tenglar.
Kerfi með allt að 127 V spennu: 14 ljósastæði og tenglar.
Kerfi með allt að 220 V spennu: 18 ljósastæði og tenglar.

27. gr.
Aðaltöflur.

2701. Aðaltöflu skal fyrir komið á þurrum vel loftræstum stað með fullu tilliti til eldhættu.

Varast skal, ef við verður komið, að hafa pípulagnir nærri aðaltöflu. En sé ekki hægt að komast hjá því skal leitast við að hafa pípusamskeyti og loka eins fjarri töflunni og mögulegt er, svo komist verði hjá, ef leka ber að höndum, að spennuhafa hlutar vökni. Aðaltafla skal vera dropavarin, að minnsta kosti með hlíf til varnar því, að dropið geti á hana frá nálægum þiljum og lofti. Lögnum skal þannig háttað að ekki geti runnið eftir þeim inn í töfluna. Þak töflunnar skal vera í heilu lagi og óheimilt er að taka lagnir að eða frá töflunni í gegnum það.

Þil og annað úr brennanlegu efni, sem eru nálægt óvörðum spennuhafa hlutum töflu, skal einangrað tryggilega.

2702. Á framhlið taflna fyrir raforkuvirki með hærri spennu en 250 V jafnspennu eða 55 V riðspennu, mega engir spennuhafa hlutir vera aðgengilegir. Á töflum fyrir raforkuvirki með hærri spennu en 50 V jafnspennu eða 30 V riðspennu og aðrir en fagmenn hafa aðgang að, skulu engir spennuhafa hlutir vera aðgengilegir, hvorki að framan eða að baki.

2703. Við töflur, sem búnar eru aðgengilegum spennuhafa hlutum skulu vera einangruð handrið, sem er þannig komið fyrir, að þau útiloki að maður komist í snertingu við þá, ef hann hrasar. Við slíkar töflur skulu vera einangrunarmottur eða ristar á gólfi.

Hafi raforkuvirki hærri spennu en 250 V riðspennu og bakhlið töflu er opin, skal spennuhafa hlutum þannig fyrir komið að þeir skagi ekki út í ganginn bak við töfluna (sjá tl. 2704). Spennuhafa hlutar skulu þannig varðir að ekki verði óviljandi komist í snertingu við þá við vinnu, sem framkvæma þarf í opinni bakhlið töflunnar, t. d. ef skipta þarf um vör og þvíumlíkt.

Fyrir ganginum að baki slíkra taflna, skal vera læsanleg hurð með aðvörunarskilti.

2704. Gangur framan við töflu skal vera að minnsta kosti 0.8 m breiður og 2 m hár. Gangur að baki töflu skal vera minnst 0.6 m breiður og 2 m hár. Þó er leyfilegt að hafa breidd gangsins 0.45 m, ef ekki þarf að fara að bakhlið töflunnar í öðrum erindum en til viðgerða.

Séu töflur þannig búnar, að ekki þurfi að komast að bakhlið þeirra til viðgerða, eða hægt sé að snúa þeim þannig að viðgerð frá bakhlið sé möguleg, þarf bilið milli þils og baks töflu ekki að vera stærra en 0.2 m.

Á smáskipum, þar sem þrengsli eru mikil má gefa undanþágu frá þessum ákvæðum, enda sé vandað til einangrunar.

2705. Allur rofa- og mælabúnaður, sem nauðsynlegur er til reksturs rafkerfisins skal vera á framhlið töflunnar.

28. gr.
Rofa- og tækjabúnaður rafalstofna.

2801. Sérhver rafali, sem gerður er fyrir samkeyrslu (parallel) skal búinn margpóla aflrofa. Aflrofi slyngirafala, sem gerður er fyrir samkeyrslu, skal einnig búinn snertum fyrir jöfnunar-tengingu, þannig að hún tengi fyrr en aðrar snertur rofans og rjúfi seinna.

2802. Stilling yfirstraumsliða á aflrofa rafala skal vera þannig að hann leysi út við 110—125% af málstraumi hans, með tímaseinkun, sem er 20 sek. til 2 mín.

2803. Yfirálagsvörn fyrir rafala, svo sem viðvörun vegna yfirhita í vöfum, ásamt aflliða útleysingu með tímaseinkun eða yfirálagsvörn, sem stjórnast af gangráð aflvélar rafala, mun hægt að samþykkja í hverju einstöku tilfelli eftir nákvæma prófun á þessum búnaði.

2804. Sérhver riðstraumsrafali, sem gerður er fyrir samkeyrslu og tengdur er 70 kW kerfi að málafli eða meir, sérhver jafnstraumsrafali, sem gerður er fyrir samkeyrslu (einnig samkeyrslu með rafhlöðum) og tengdur er 70 kW kerfi að málafli eða meir, skal búinn bakafls-liða. Bakafls-liðinn skal leysa aflrofann út við 15% af málafli rafala, sem knúinn er bulluvél og 6%, þegar rafalinn er knúinn gufu- eða gastúrbínu, miðað við málspennu og málaflstuðul (cos φ). Nota skal tímaseinkun 3 til 10 sek. Frávik aflútleysingar frá því gildi, sem hún er stillt á má ekki verða meira en 50%, þótt spennufall verði allt að 60% af málspennu og hvaða aflstuðli sem er á riðstraumskerfi. Bakstraumsliði fyrir slyngirafala skal tengdur því skauti, sem gagnstætt er því, sem raðarvöfin eru tengd. Ákvæði í grein þessari ná einnig til rafala, sem ekki eru gerðir fyrir samkeyrslu, en eru tengdir kerfi, þar sem búast má við bakafli, ef þurfa þykir eftir athugun hverju sinni.

2805. Búnaður skammhlaups- yfirstraums- og bakafls-liða skal vera þannig að mögulegt sé að tengja aflrofann aftur innan 30 sek. eftir að hann hefur leyst út, að því tilskildu að spennan sé innan markanna 85 til 110% af málspennu. Hitaliðavörn með langan kælitíma eftir útleysingu er þess vegna ekki nothæf í þessu tilfelli.

2806. Á kerfi þar sem samkeyrsla tveggja eða fleiri rafala er nauðsynleg, þegar skipið er á siglingu, eða við aðrar eðlilegar aðstæður, og þar sem ræsa verður stóra rafmótora eða aðra orkufreka neytendur, verður hver slíkur rafali einnig að vera búinn yfirstraumsliða með tímaseinkun til útleysingar á neytendum, sem ekki teljast mikilvægir eins og t. d. hitun íbúða o. fl. (hlutaútleysing). Ef nauðsyn krefur, má einnig leysa út aðra hluta kerfisins, sem talið er að ekki geti valdið skaða eða tjóni, á sama hátt og að ofan greinir. Búnaður þessi skal vera þannig, að breyting á stillingu hans geti ekki undir neinum kringumstæðum haft áhrif á stillingu yfirstraumsliða aflrofa rafalans. Einnig skal vera mögulegt að tengja þá hluta kerfisins aftur, sem taldir eru mikilvægari en aðrir, þegar straumur rafalans er 60% af málstraumi hans. Eðlileg stilling á hluta-útleysingarliða er að hann leysi út við 100—110% af málstraum rafalans, með tímaseinkun 5 til 20 sek.

2807. Sérhver annar rafali og straumbreytir en um getur í tl. 2801 skal vrea búinn aflrofa, sem rýfur hvert skaut eða fasa eða fjölpóla rofa, sem rýfur hvert skaut eða fasa með vör í öllum skautum eða fösum. Um yfirstraumsliða fyrir aflrofa gilda ákvæðin, sem um getur að framan. Ef notuð eru vör og rofi, skulu vörin sett rafalmegin og hafa málstraum 125% af málstraum rafalans.

29. gr.

Mælitæki í aðaltöflu.

2901. Mælitæki þau, sem eiga að vera í aðaltöflu skulu vera það nákvæm, að misvísun þeirra sé ekki meiri en 2.5%. Kvarði straummæla (A) og wattmæla (W) skal sýna minnst 130% af málstraum og málafli viðkomandi rafala. Wattmælar rafala, sem gerðir eru fyrir samkeyrslu skulu geta sýnt minnst 15% bakafl (W) miðað við málafl viðkomandi rafala. Kvarði spennumæla (V) skal sýna minnst 120% af málspennu rafala. Á kvarða mæla fyrir straum, spennu og afl skal vera rautt strik, sem gefur til kynna málstraum, málspennu og málafl. Mælitækin skulu vera varin fyrir seguláhrifum frá nærliggjandi leiðum.

2902. **Fyrir hvern jafnstraumsrafala skal vera:**
Einn straummælir. Fyrir slyngirafala skal hann tengdur því skauti, sem gagnstætt er skautinu, sem raðarvöfin eru tengd. Einn spennumælir. Fyrir rafala, sem vinna eiga samhliða má í staðinn nota tvo spennumæla, skal þá annar vera fasttengdur tengiskinnum, en hinum skal vera mögulegt að skipta yfir á aðra rafala kerfisins.

2903. **Fyrir riðstraumsrafala:**
Einn straummælir fyrir hvern fasa eða einn straummælir með snara, sem gerir mögulegt að mæla straum hvers fasa fyrir sig.
Einn spennumælir.
Einn tíðnimælir með kvarða, sem mögulegt er að lesa af minnst ± 8% miðað við tíðni kerfisins. Merkja skal með rauðu striki á kvarðann máltíðnina. Nota má tvo tíðnimæla við þrjá eða fleiri rafala, skal annar þá vera fasttengdur skinnunum og hinn búinn snara, sem gerir mögulega tengingu við sérhvern rafala. Tvöfaldan tíðnimæli má nota í þessu sambandi.

2904. **Fyrir riðstraumsrafala, sem gerðir eru fyrir samkeyrslu.**
Einn aflmælir (W). Á þriggja- fasa, þriggja- leiða kerfi með einangraðan núllpunkt má því aðeins nota einfasamælingu að straummismunur við eðlilegar aðstæður verði ekki meiri en 5% af málstraumi viðkomandi rafala. Annars skal nota þrífasa mælingu.

2905. **Fyrir riðstraumsrafala, gerða fyrir samkeyrslu.**
Tvö tæki til samfösunar og skulu þau vera óháð hvort öðru, t. d. samfösunarsjá og eitt sett samfösunarljós, eða tvö sett samfösunarljósa.

2906. **Fyrir hvert einangrað kerfi.**
Tæki til athugunar á einangrunargildi kerfis mega vera jarðlampar búnir þrýstihnapp á jarðtaug, eða spennumælir. Ef notaður er einangrunarmælir, má nota einn mæli fyrir fleiri einangruð kerfi, ef hann er búinn snara, til mælingar hvers kerfis fyrir sig.

2907. **Fyrir landtengingu.**
Einn spennumælir eða gaumljós, sem gefur til kynna að landtengingin sé spennuhafa. Sjá grein 34.

2908. **Stillibúnaður.**
Búnaður til að hraðastilla aflvélar riðstraumsrafala (að aðalvélum undanteknum) og spennustilling jafnstraumsrafala skulu vera í aðaltöflu. (Sjá grein 1904).

2909. **Merking.**
Skilti úr eldtraustu og varanlegu efni, með greinilegri og varanlegri áletrun, skulu staðsett við allan þann búnað, sem nauðsynlegur er, við stjórnun

frá töflunni. Öll skilti skulu fest með skrúfum eða nöglum. Rofa- og varbúnaður fyrir hvern streng skal vera merktur með upplýsingum um, hvaða streng er um að ræða, ásamt þverflatarmáli, stærð vara og/eða stillingu yfirstraumsliða.

2910. Sé taflan gerð fyrir tvö eða fleiri greinikerfi með mismunandi spennum, skulu þau aðskilin í töflunni og komið fyrir á milli þeirra eldtraustu og einangrandi þili og einnig milli viðkomandi greinikerfis og úttaks þess. Á framhlið töflu skal hvert greinikerfi vera greinilega merkt með viðkomandi spennu ásamt því, sem að framan greinir í lið 2909. Leiðar að tækjum og úttökum innbyrðis í töflu skulu merktir sömu einkennum og getið er á teikningu. (Tengimynd).

30. gr.

Greinar að aðaltöflu.

3001. Strengir að aðaltöflu frá spennum, afriðlum, rafhlöðum, landtengingu og neyðartöflu, skulu búnir margpólaaflrofa eða margpólarofa og vörum í hverjum einangruðum pól eða fasa. Sé mögulegt að nota strengi þá, sem að framan greinir samtímis rafala, skal farið með þá sem rafalstofnar væru, (sjá gr. 28). Séu slíkir strengir jafnframt notaðir sem úttök frá aðaltöflu, skal farið með þá eins og segir í tl. 3002. um úttök. Spennu- og straummælar skulu notaðir í sambandi við lagnir þær, sem greinin fjallar um. Frekari ákvæði um landtengingu er að finna í gr. 34.

3002. **Greinar frá aðaltöflu.**

Sérhvert úttak úr aðaltöflu skal vera búið margpólaaflrofa eða margpólarofa og vörum í hverjum einangruðum pól eða fasa. Vör skulu ekki sett í núlltaug. Ef notaður er margpólarofi og vör, skulu vörin staðsett á milli skinnanna og rofans, ef rofinn er tengdur þannig, að hann er á milli skinna og vara, verður hann að vera eins og hér segir:

Rofinn skal minnst hafa rofagetu, sem svarar 6 földu mestastraumálagi hans.

Rofageta hans skal vera þannig miðað við stærð varanna, að það valdi ekki tjóni á rofanum, þótt hann sé settur í samband og skammhlaup er á viðkomandi grein.

3003. Ekki má nota rofabúnað greina frá aðaltöflu sem ræsa. Sé ræsibúnaði rafmótora komið fyrir í aðaltöflu, skal þannig frá honum gengið að neistar geti ekki borist í aðra hluta töflunnar og þannig að viðhald og eftirlit geti farið fram hættulaust, þegar rofi viðkomandi greinar er ótengdur.

3004. Yfirstraumsvörn í töflu má sleppa fyrir þær greinar, sem liggja að mótorum eða öðrum neytendum, sem hafa yfirstraumsvörn í eigin stjórnbúnaði.

Vör, sem notuð eru sem skammhlaupsvörn fyrir slíkar greinar, mega hafa málstraum hærri en straum þann, sem viðkomandi mótor tekur við fullt álag, en þó ekki hærri en nauðsynlegt telst, með tilliti til eðlilegs ræsistraums. Þetta ákvæði gildir einnig um greinar að greinitöflum fyrir tvo eða fleiri mótora, eða aðra neytendur, sem eru búnir yfirstraumsvörn í eigin stjórnbúnaði, fullt tillit skal þó tekið til þess, að samanlagðir útleysingarstraumarnir verði ekki meiri en 125% af málstraumi viðkomandi strengs.

3005. **Greinar stýrisvélamótora.**

Greinar að rafmótorum stýrisvéla skulu aðeins varðar skammhlaupi. Þó er hægt að samþykkja eftir ítarlega athugun hverju sinni, að notaðir séu yfirstraumsliðar með tímaseinkun og skulu þeir þá vera stilltir á minnst 200% af málstraumi viðkomandi rafmótors. Vör sem notuð eru, sem skammhlaups-

vörn fyrir strengi að rafmótorum stýrisvéla skulu hafa málstraum 200—300% af málstraumi viðkomandi rafmótors.

3006. Spennispólur mælitækja, liða og annarra hjálpartækja skulu varðar vörum, sem komið er fyrir eins nálægt tengistað og mögulegt er.

3007. Tengiskinnur og aðrir óeinangraðir leiðar skulu vera úr eir. Form, gerð og þverflatarmál þeirra skal vera þannig að hitastig verði aldrei meir en 45°C við mesta stöðugt straumálag. Þverflatarmál óeinangraðra núll-leiða í þrífasa, fjórtauga kerfi og fyrir jöfnunartengingu á jafnstraumskerfi, skal vera minnst 50% af þverflatarmáli viðkomandi fasa eða skauts. Tengiskinnur og aðrir óeinangraðir leiðar skulu festir á tryggt einangrunarefni, helst úr keramik. Fjarlægð milli hvers fasa eða skauts skal minnst vera 19 mm og fjarlægð milli hvers fasa eða skauts og næsta jarðbundins hlutar skal vera minnst 16 mm. Þessar fjarlægðir mega vera minni, ef skinnur og leiðar eru klæddir einangrandi efni.

3008. Tengiskinnur og aðrir óeinangraðir leiðar ásamt einangrandi festingum þeirra, skulu vera þannig búnir og frá þeim gengið, að þeir þoli álag það, sem myndast við skammhlaupsstraum eins og hann getur orðið mestur, án þess þó að skaut eða fasar slái saman eða til jarðar.

3009. Tengiskinnur og aðrir óeinangraðir leiðar, sem liggja lárétt og staðsettir eru það lágt að hætta er á að t. d. verkfæri eða annað þvíumlíkt geti runnið eða fallið á þá, skulu varðir hlífum.

3010. Tengingar frá skinnum og úttökum rafalstofna að öllum aflrofum og vörum skulu vera vel festar, þannig að skammhlaup geti ekki átt sér stað undir neinum kringumstæðum. Nota skal annaðhvort óeinangraða leiða samkv. tl. 3007 eða einangraða leiða (einleiðastreng án málmkápu eða fléttu) festum á einangrandi efni og með nægri fjarlægð milli fasa eða skauta og til jarðar.

3011. Við staðsetningu rofa og rofabúnaðar, skal þess vandlega gætt að ljósbogar, sem myndast geta við tengingu eða rof, geti ekki undir neinum kringumstæðum valdið skammhlaupi, t. d. vegna of lítillar fjarlægðar frá nærliggjandi hlutum. Vanda skal mjög vel til festinga með fullu tilliti til titrings og annarra hreyfinga skipsins. Forðast skal að leggja leiða í búntum eða í rásir, nema um sé að ræða leiða til mælitækja og liða með lítilli straumþörf.

31. gr.

Neyðartafla og neyðarlýsing.

3101. Með neyðartöflu er átt við greinitöflu, sem notuð er til dreifingar neyðarorku. Orkugjafinn og taflan skulu staðsett utan vélarúms og ofan efsta heila þilfars.

Neyðartöflu má einnig nota til dreifingar orku til almennrar notkunar, en þá skal hún hafa inntak frá aðaltöflu auk neyðarorkugjafa, enda sé ákvæðum 17. gr. og tl. 2602 um orku til mikilvægra nota fullnægt, en þá skulu sömu kröfur gerðar til frágangs hennar og aðaltöflu sbr. 27. gr. Sérstaklega skal þess gætt að rofar og mælitæki séu samkvæmt ákvæðum 28. gr., hvort sem um er að ræða neyðarrafala eða rafhlöður.

3102. Úttök neyðartöflu skal fara með sem úttök aðaltöflu, ef mjög mikilvægur neytandi fær straum gegnum neyðartöflu frá aðalrafala og/eða neyaðrrafala. Ef þetta er ekki á þann veg sem að ofan greinir, gilda þær reglur sem um greinitöflu væri að ræða.

3103. Fiskiskip 50 brl. og stærri skulu búin orkugjafa til neyðarlýsingar, skal hann staðsettur ofan efsta heila þilfars og utan vélareisnar, skal staðsening viðurkennd af siglingamálastjóra. Næg orka skal vera fyrir hendi til ljósa við björgunarbáta, í vélarúmi auk útgönguleiða frá íbúðum til bátaþilfars. Skal

orkan vera nægileg til 3 klst. að minnsta kosti. Orkugjafinn skal annað hvort vera rafgeymir eða rafali, tengdur dieselvél með sér eldsneytisgeymi, skal hún handræst eða búin sjálfstæðum ræsibúnaði. Siglingamálastjóri ákveður hverju sinni fjölda neyðarljósastæða og staðsetningu þeirra. Á skipum 30—50 brl. skal vera neyðarlýsing við björgunarbáta að minnsta kosti. Rofar neyðarljósa skulu greinilega auðkenndir.

32. gr.
Greinitöflur.

3201. Stórar greinitöflur skulu búnar og þeim komið fyrir eins og segir um aðaltöflur í tl. 2701 og 2702.

3202. Við uppsetningu lítilla greinitaflna skal tekið tillit til staðhátta sbr. 6. gr., skulu þær gerðar úr sterku eldtraustu efni og þannig fyrir komið að auðvelt sé að komast að þeim. Ekki má velja þeim stað, þar sem hiti er mikill.

Þar sem slíkar töflur liggja að brennanlegu efni, eins og tréþiljum, skulu þær vandlega einangraðar frá þeim vegna eldhættu. Einangrunarefnið má ekki vera þannig að það sjúgi í sig vætu (hygroskopiskt), sé um raka að ræða.

Töflunum skal komið fyrir í skápum vatnsheldum, ef þurfa þykir.

Rofar, vör og annað það, sem almennt þarf að fara höndum um, skal vera á framhlið taflnanna, en engir spennuhafa hlutir skulu vera aðgengilegir við eðlilegar aðstæður.

3203. Greinitöflur, sem ætlað er að dreifa orku til almennra nota tengjast aðaltöflu, neyðartöflu eða öðrum greinitöflum eftir því sem við á, en að auki má tengja þær straumbreytum, spennum, afriðlum eða rafgeymum, ef skilyrðum 17. gr. og tl. 2602 um raforku til hluta, sem gegna veigamiklu hlutverki er fullnægt. Ef tveim eða fleiri greinitöflum með sérstök inntök er komið fyrir í sama töfluskáp, skal vera eldtraust skilrúm á milli þeirra, þannig að engin hætta sé á að bilun í annarri geti valdið skaða í hinni (sjá tl. 2910). Hvert inntak greinitöflu skal vera búið aðalrofa eða rofa og vörum. Séu inntök þannig búin að þeim sé einnig ætlað að flytja straum frá greinitöflu, skal farið að eins og um úttak væri að ræða, sbr. tl. 3204.

3204. Straumúttök skulu búin margpólaaflrofa eða margpólarofa og vörum við hvern einangraðan pól eða fasa. Vör skal ekki setja við núllleiða.

Stærð skammhlaups- og yfirstraumsvarna fer eftir sömu reglum og gilda um úttök aðaltöflu.

3205. Ekki er leyfilegt að nota rofa á greinitöflum til ræsingar á rafmótorum (sjá tl. 3003). En sé ræsum komið fyrir á greinitöflu, skal þannig frá þeim gengið að eftirlit og viðhald á þeim geti farið fram hættulaust, þegar vör fyrir greinar að þeim hafa verið fjarlægð eða straumur að þeim rofinn.

3206. Á greinitöflum, sem tengdar eru orkugjöfum beint, skal vera búnaður til að fylgjast með útleiðslu, eins og greinir í tl. 2906 og á við um aðaltöflur.

3207. Um tengingu mælitækja, liða og gaumljósa á greinitöflum gildir sama og um aðaltöflur væri að ræða.

3208. Tengiskinnur og aðrir leiðar jafnt óeinangraðir sem einangraðir skulu vera af sömu gerð og greinir í tl. 3007 fyrir aðaltöflur. Sem undirlag straumhafa hluta töflunnar skal nota keramikeinangrun eða annað hliðstætt. Uppsetningu allra straumhafa hluta skal þannig hagað, að möguleikar á skammhlaupi verði sem allra minnstir og þannig að ljósboginn, sem myndast, ef skammhlaup á sér stað, valdi sem minnstu tjóni. T. d. er æskilegt að tengingar í þröngum varaskápum séu búnar einangrandi hlífum, sem þola vel hita.

33. gr.

Tengikassar og tengidósir.

3301. Gerð tengikassa og tengidósa skal henta aðstæðum hverju sinni (sbr. 6. gr.) og skulu ávallt vera úr eldtraustu og sterku efni. Í íbúðum er leyfilegt að nota dósir úr bakalit, plasti, keramiskum efnum og þvíumlíku. Tengikössum og -dósum skal þannig fyrir komið að aðgengilegt sé til eftirlits og viðhalds.

3302. Uppsetningu straumhafa hluta skal þannig hagað, að sem minnst hætta verði á skammhlaupi. T. d. er æskilegt að tengingar í þröngum tengidósum séu búnar einangrandi hlífum, sem þola vel hita.

Sem undirlag straumhafa hluta skal nota keramik eða annað efni jafngott.

34. gr.

Landtenging.

3401. Sé skipinu ætlað að nota raforku úr landi, skal komið fyrir tengiskáp eða tengikassa á hentugum stað, þar sem tengja á landstrenginn. Sérstakur strengur skal síðan lagður frá kassanum að aðaltöflu. Á riðstraumskerfi með jarðbundinn núllpunkt skal vera búnaður til tengingar á núllpunkti skipskerfisins og landkerfisins.

3402. Í aðaltöflunni skal vera minnst einn margpólarofi fyrir landtengingu. Tengiskápurinn skal búinn margpólaaflrofa eða margpólarofa og vörum í hverjum einangruðum pól eða fasa (sjá gr. 28). Þó má sleppa yfirstraumsvörn í tengiskápum, ef slíkri vörn er komið fyrir í aðaltöflu.

3403. Sé strengnum frá landtengingu ekki ætlað að flytja meira en 63 A hámark, má nota hæfilega stungu og kló í tengikassa og skal yfirstraumsvörninni komið fyrir í aðaltöflunni. Ennfremur skulu vera í aðaltöflu tæki, sem gefa til kynna, hvort spenna sé á strengnum áður en rofinn er tengdur (merkjalampi eða voltmælir).

3404. Við þrífasa-riðstraumskerfi skal að auki vera búnaður, sem sýnir að fasaröð sé rétt og að mögulegt sé að breyta fasaröðinni. Búnaður þessi getur annaðhvort verið í aðaltöflu eða tengiskáp.

35. gr.

Siglingarljósatafla.

3501. Siglingarljós skulu tengd þar til gerðri töflu, staðsettri á stjórnpalli eða í kortaklefa. Tveir stofnar skulu liggja að henni óháðir hvor öðrum, annar frá aðaltöflu, hinn frá greinitöflu eða neyðartöflu. Á siglingarljósatöflunni skal vera skiptirofi, svo hægt sé að tengja hvorn stofninn sem er. Tafla þessi má ekki notast til annarra hluta en fyrir siglingarljósin, að undanteknu því, að frá henni má einnig taka ljós til sérstakra merkjaljósa, t. d. akkerisljós og merkjaljósa, sem krafist er á skipum, sem sigla um skipaskurði og þvíumlíkt.

3502. Frá siglingarljósatöflu skal vera sérstök grein fyrir hvert siglingarljós, sem búin er tvípólaaflrofa eða tvípólarofa og vörum á hverjum einangruðum pól eða fasa. Ef notuð eru útsláttarvör skal einnig vera tvípólarofi.

3503. Á skipum, sem eru 30 brl. eða stærri, einnig á minni skipum ef því verður við komið, skal vera komið fyrir gaumljósi við hvert siglingarljós, sem gefur til kynna ef bilun verður á því. Fyrirkomulag gaumljósa skal vera þannig að ekki slökkni á siglingaljósum, þótt bilun komi fram á búnaði gaumljósa.

3504. Siglingarljós skulu vera af viðurkenndri gerð og með vottorði frá viðurkenndri stofnun. Skal þeim komið fyrir samkvæmt fyrirmælum alþjóða-siglingareglanna.

3505. Aðeins skulu notaðar siglingaljósaperur, sem hlotið hafa viðurkenningu siglingamálastjóra (sbr. alþjóðasiglingareglurnar, 1972).

36. gr.

Rafmótorar stýrisvéla.

3601. Séu stýrisvélar knúnar rafmótor, skal lagður sérstakur strengur að honum frá aðaltöflu og búnaður í aðaltöflu fer eftir ákvæðum um útgangandi strengi frá henni (sjá tl. 3002) að undanteknu því, að rafmótorar stýrisvéla skulu ekki búnir yfirstraumsvörn eða öðrum búnaði fyrir yfirálagsútleysingu. Aeins skulu lagnir að rafmótorum stýrisvéla vera varðir skammhlaupi. Ef rafmótor stýrisvéla er ræstur með beinni tengingu, án takmörkunar á ræsistraum, má nota fleirpólarofa án undirspennuútleysingar.

3602. Rafmótora stýrisvéla skal vera hægt að gangsetja í vélarúmi og á stjórnpalli, einnig má vera mögulegt að ræsa þá í stýrisvélarúmi.

Ef hægt er að ræsa rafmótora stýrisvéla frá tveim eða fleiri stöðum, skal búnaðurinn vera þannig að hægt sé að ræsa og stoppa þá, óháð hinum stöðunum.

3603. Búnaður hvers rafmótors stýrisvéla skal vera á þann veg að mótorinn fari í gang aftur sjálfkrafa eftir að spennu hefur verið náð upp aftur eftir algjört straumrof.

3604. Hver rafmótor stýrisvéla skal vera búinn eftirfarandi viðvörunarbúnaði, bæði á stjórnpalli og í vélarúmi: Gaumljósi, er sýnir að mótorinn er í gangi, viðvörunarljósi og hljóðmerki, sem gefur til kynna yfirstraum eða spennufall á kerfinu. Gaumljósið skal búið styrkstilli, en hvorki viðvörunarljósið eða hljóðmerkið. Nægjanlegt er að hafa aðeins gaumljósið, er sýnir að mótorinn sé í gangi á stýrisvélinni, þar sem handstýring er stöðugt í sambandi.

3605. Á litlum skipum, sem búin eru raf- og vökvaknúnum stýrisvélum, og ekki er stöðug vakt í vélarúmi, má nota rofa og eina samstæðu vara á aðaltöflu, en þó skal ræsirinn í stýrishúsi vera búinn skiptibúnaði og tveim samstæðum vara. Vörin í aðaltöflu skulu þá vera tveim þrepum stærri en vörin í stýrishúsi.

3606. Þar sem stýrisvélar eru búnar tveim rafmótorum skal leggja streng frá aðaltöflu til hvors þeirra um sig, eða einn frá aðaltöflu og hinn neyðartöflu. Skulu strengirnir lagðir eins langt frá hvor öðrum sem mögulegt er, á þetta einnig við um annan búnað. Einnig má ganga þannig frá lögninni að skiptibúnaður sé hafður í stýrisvélarúmi, og þannig tengdur að hvor strengur um sig geti flutt orku til beggja mótoranna annaðhvort til skiptis eða samtímis, sé seinni kosturinn valinn verður að hafa strengi, sem þola hið aukna álag.

3607. Ef aflrofar eru notaðir fyrir rafmótora stýrisvéla, skulu þeir stilltir þannig, að þeir rjúfi strauminn, þegar hann er orðinn u. þ. b. 3 sinnum meiri en málstraumur mótoranna og með nægilegri tímaseinkun fyrir ræsistrauminn.

Þegar rofi og vör eru notuð, skulu þau þola tvöfaldan málstraum mótoranna.

37. gr.

Rafmótorar.

3701. Rafmótorar skulu þannig gerðir, að þeir henti staðháttum í skipum (sbr. gr. 3 og 6) og hlutverki því sem þeim er ætlað að gegna hverju sinni, að auki skulu þeir fullnægja eftirgreindum ákvæðum. Þegar við verður komið skulu öxlar rafmótora hafðir langskips og umbúnaður þeirra fara að staðháttum, (sbr. gr. 6).

3702. Rafmótorar skulu búnir ræsum á aðgengilegum stöðum og skal hlífðarbúnaður þeirra valinn með tilliti til staðhátta (sbr. gr. 6).

Ræsar skulu vera nægilega sterkir fyrir ræsistraum þann, sem mótorunum er ætlaður. Skulu þeir hafa næga rofagetu til að rjúfa ræsistrauminn. Þeir skulu geta rofið fullan álagsstraum + 50% þegar um jafnstraum er að ræða og riðstraum við cos $\varphi = 0.3$.

Ræsar fyrir mótora stærri en 1 kW. skulu búnir yfirstraumsútleysingu og undirspennuútleysingu, þannig að hægt sé að gangsetja mótorinn, þótt spennan sé ekki nema 85% af málspennu, en að straumur rofni fari spennan undir 30% af málspennu. Ákvæði um yfirstraumrofa og undirspennurofa gilda ekki um stýrisvélamótora. Einnig er heimilt að veita undanþágu frá þessum ákvæðum, þegar um er að ræða mótora, sem ekki mega stöðvast fyrirvaralaust vegna öryggis skipsins.

3703. Rafmótorar, 1 kW. og stærri skulu búnir margpólaaflrofa eða margpólarofa ásamt vörum á báðum pólum og undirspennuútleysingu (sbr. tl. 3706) auk búnaðar til takmörkunar á ræsistraumnum. Rafmótorar minni en 1 kW. skulu búnir margpólarofa og vörum. Ákvæðin um yfirstraums- og undirspennurof gilda ekki um stýrisvélamótora (sbr. gr. 36 um rafmótora stýrisvéla). Sérhvern rafmótor og ræsibúnað hans skal vera mögulegt að rjúfa frá orkugjafanum (sbr. tl. 3002). Eftirfarandi búnað má nota til þess:

a. Margpóla skilrofa (rofar, sem ekki er ætlað að rjúfa með álagi) við ræsibúnað.
b. Rofa mótorsins í þeirri töflu, sem hann fær orku frá. Ofangreindir rofar skulu vera læsanlegir í opinni stöðu, nema þeir séu nálægt mótorunum.
c. Var-búnað á töflugrein mótors, sé hann staðsettur nálægt töflunni.

3704. Almennt skal ræsibúnaður ofangreindra mótora vera aðskilinn, þ. e. a. s. hver með sínum hlífðarbúnaði. Þegar um er að ræða mótora, sem ekki gegna mikilvægu hlutverki má þó hafa tvo eða fleiri ræsa með sameiginlegum hlífðarbúnaði, sé ákvæðum tl. 3703 fullnægt. Hlífðarbúnaður ræsa skal þannig úr garði gerður, að viðgerð eða endurnýjun megi fara fram hættulaust og að neistar, sem myndast við notkun eða skammhlaup geti alls ekki náð til tengiskinnu né annara leiðandi hluta. Sé ræsum komið fyrir í töflum, sem raunar er ekki æskilegt, skulu þeir vera í þar til gerðum hólfum.

3705. Rofabúnað, sem krafist er við útgangandi greinar frá töflu (sbr. tl. 3002) má ekki nota sem ræsibúnað fyrir mótora.

3706. Ræsar jafnstraumsmótora skulu takmarka ræsistrauminn að því marki, sem er hagkvæmt bæði fyrir mótorinn sjálfan og einnig fyrir rafkerfi skipsins.

Fyrir ósamfasariðstraumsmótora (asynkronmótor) má nota ræsa með beinni tengingu, þó með fullu tilliti til spennufalls og yfirstraums á kerfinu.

Ræsibúnaður skal vera sjálfvirkur fyrir þá mótora, sem stjórnað er af sjálfvirkum hitaliðum (termóstater) eða þrýstiliðum (pressostater og því um líku).

3707. Yfirstraumliðar sem um er getið í tl. 3702 skulu vera tengdir í hverjum einangruðum fasa (pól), þó með eftirfarandi undantekningum.

Fyrir jafnstraumsmótora má nota yfirstraumsliða á einum pól, en þetta breytir ekki kröfum um yfirstraumsútleysingu í töflunni (sjá tl. 3004).

Sé þess óskað, má sleppa yfirstraumsútleysingu fyrir mótora, sem gegna mikilvægu hlutverki, ef þeir eru búnir viðvörunarhljóðmerki, sem gefur til kynna yfirálag (t. d. stýrisvélamótora). Yfirstraumsliða í ræsibúnaði má sleppa, ef viðkomandi mótorgrein er búin aflrofa í töflu og hann búinn yfirstraumsliða, sem uppfyllir eftirfarandi skilyrði:

Að vera stillanlegur á bilið frá 90—110% af málstraum mótorsins og hafa tímaseinkun, sem er nauðsynleg með tilliti til straums þess, sem mótorinn tekur í ræsingu.

Að hann sé þannig búinn að handstilla verði hann aftur eftir straumrof. Fyrir mótora með mjög langan ræsitíma er mögulegt að hafa yfirstraumsliðann skammhleyptan á meðan ræsing varir.

Aðrar aðferðir við yfirálagsvarnir fyrir mótora t. d. útleysing við yfirhita í vöfum o. fl. eru athugandi í hverju einstöku tilfelli.

3708. Undirspennuútleysing (sjá tl. 3702) útilokar ekki tilætlaða, sjálfvirka endurræsingu mótora eftir að spennan hefur risið aftur að undangengnu algjöru straumrofi (black out), en tryggja verður að samanlagður ræsistraumur mótora, sem hafa sjálfvirka endurræsingu orsaki ekki skaðlegt spennufall eða yfirstraum á kerfinu. Lögnum og stjórnbúnaði fyrir tvöföld kerfi, sem gegna mikilvægu hlutverki, skal komið fyrir svo langt frá hvoru öðru sem auðið er.

38. gr.

Neyðarstöðvun.

3801. Búnaður til neyðarstöðvunar á eldsneytisdælum, færidælum, skilvindum, loftræstingu og slíku, skal vera utan þess rýmis, sem tækin eru staðsett. Leitast skal við, að hafa sameiginlegan neyðarrofa fyrir sem flesta mótora loftræstingar.

39. gr.

Ljósabúnaður.

3901. Ljósabúnaður skal gerður með tilliti til staðhátta, sjá gr. 6.

3902. Við allan ljósabúnað skulu vera aðgengilegir rofar, sem rjúfa strauminn á tveim eða fleiri pólum (fösum). Þó má nota einpóla rofa fyrir ljós í þurrum íbúðum með góðri gólfeinangrun.

3903. Lampahöldur mega vera fyrir skrúfaðar E (Edison) eða stungnar S (Swan) perur sem hér segir.

Lampahöldur	Auðkenni	Perustærð
Skrúfaðar:		
Golíat	E—40	Hámark 250 V Hámark 3000 W Hámark 15 amp.
Venjulegar	E—27	Hámark 250 V Hámark 200 W Hámark 4 amp.
Litlar	E—14	Hámark 24 V Hámark 40 W Hámark 2 amp.
Örsmáar	E—10	Eingöngu fyrir gaumljós Hámark 24 V Hámark 5 W Hámark 1 amp.
Stugnar:		
Venjulegar	B—22	Hámark 250 V Hámark 200 W Hámark 4 amp. Hámark 4 amp.

Lampahöldur	Auðkenni	Perustærð
Litlar einpóla	B—15s	Hámark 24 V Hámark 40 W
Litlar tvípla	B—15d	Hámark 2 amp.
Örsmáar	B—9	Eingöngu fyrir gaumljós Hámark 24 V Hámark 5 W Hámark 1 amp.

Lampahöldurnar, E 14, B-15s og B-15d eru leyfðar fyrir spennu allt að 250 V séu þær gerðar úr keramik.

3904. Höldur í handlömpum og öðrum færanlegum ljósastæðum skulu annaðhvort umluktar einangrandi efni eða þannig varðar hlífðargrindum (einangruðum frá höldunum), að ekki sé hægt að snerta spennuhafa hluta þeirra.

3905. Yfirborðshiti á þeim hluta ljósbúnaðar, sem er í snertingu við brennanleg efni má ekki fara fram úr 50°C.

3906. Málmhlífar skulu vera um þétta og ræsa fyrir flúrskinslampa og séð skal um að þessi búnaður fái nægjanlega kælingu. Skulu hlífarnar jarðtengdar. Þéttar, sem eru 0.5 μF eða stærri skulu þannig búnir, að spennan lækki niður í 50 V á einni mínútu í mesta lagi, eftir að straumur hefur verið rofinn.

3907. Ljósabúnaður, sem hætt er við að geti orðið fyrir hnjaski, skal vera sérstaklega sterkur og ef nauðsyn er, vera varinn með málmgrind eða þvíumlíku, á þetta við um ljósabúnað í lestum skipa og víða á þilfari.

3908. Ljósabúnaður skal hæfa þeirri spennu, sem notuð er hverju sinni, enda skal hann merktur þar að lútandi.

40. gr.

Rafhitabúnaður. (Ofnar, eldavélar o. fl.)

4001. Rafmagnshitaofnar, rafmagnseldavélar og annar rafhitabúnaður skal hafa þann umbúnað, sem hæfir aðstæðum í skipum. (Sjá gr. 6).

Hitöld skulu þola þann mesta hita, sem búast má við að þau verði fyrir við verstu aðstæður við venjulega notkun, einnig skal vera auðvelt að skipta um þau.

Tengingar milli hitalda innbyrðis, milli hitalda og rofa og raftauga skulu þannig gerðar, að einangrun og annar búnaður verði ekki fyrir meiri hita en hann er gerður fyrir.

Rafmagnshitaofnar skulu búnir margpóla rofum eða þreprofum vel aðgengilegum, skulu rofar þessir geta rofið straum á öllum pólum. Þó má nota einpóla rofa við litla ofna í íbúðum með góðri gólfeinangrun.

4002. Sérhver grein með málstraum meira en 16 A skoðist sem sérstakur neytandi og tengist sérstökum stofni frá töflu.

Hvert tæki skal merkt málspennu málafli, nafni framleiðanda og gerð, einnig straumtegund og tíðni.

4003. Rafmagnshitaofnar skulu vera af viðurkenndri gerð og skal þeim varanlega fest.

Leyfileg hitastigslækkun frá umhverfishita er sem hér segir:

Umbúnaður rafmagnsofna	60°C
Stillihandfang úr málmi	35°C
Stillihandfang úr einangrunarefni	60°C
Aðrir aðgengilegir hlutir	130°C
Yfirborðsfletir hitalda inni í rafmagnshitaofni með loftgegnumstreymi	280°C

Mælst er til að hitaofnar séu búnir yfirhitunarvörn eða sjálfvirkum hitastilli, nema um sé að ræða blástursofna, sem skulu búnir hvorutveggja.

Rafmagnshitaofnar skulu þannig gerðir að ekki stafi af þeim eldhætta. Frá þeim skal gengið þannig að ekki sé hægt að leggja ofan á þá fatnað eða annað, sem íkveikju getur valdið, t. d. með því að setja gataða málmplötu ofan við þá, sem hallar um 30° frá láréttu. Ekki má nota opna ofna með glóandi hitaþráðum í skipum. Á rökum stöðum skulu rafmagnshitaofnar vera vatnsþéttir.

4004. Hitöld rafmagnsofna, sem hafa hærri yfirborðshita en 130°C skulu skoðuð sem spennuhafa hlutir og skulu þá varin hlífum. Rafmagnsofnum skal þannig fyrir komið að ekki stafi af þeim eldhætta.

4005. Rafmagnseldavélum skal varanlega fest og skulu suðuplötur vera einangraðar og þannig búnar, að ekki leiði út eða valdi skammhlaupi, þótt sjóði upp úr ílátum við matseld. Leyfileg hitastigshækkun frá umhverfishita er sem hér segir:

Umbúnaður við þil og þilfar	50°C
Stillihandfang úr málmi	25°C
Stillihandfang úr einangrandi efni	50°C
Aðrir aðgengilegir hlutir (fyrir utan suðuhellurnar)	50°C

Suðuplötur og hitöld skulu búin þannig að ekki valdi skaða eða hættu við eðlilegar aðstæður.

41. gr.

Vatnshitarar.

4101. Vatnshitarar skulu búnir einangruðum hitöldum. Sérhver vatnshitari skal teljast sem sérstök eining og búin sérstökum stofni frá töflu.

Hver vatnshitari skal búinn sjálfvirkum hitastilli. Um yfirborðshita gildir sama og frá er greint í tl. 4005. um eldavélar.

4102. **Olíuhitarar.**

Upphitun olíu í olíugeymum með rafhitölum er óheimil, nema sérstakt leyfi siglingamálastjóra komi til hverju sinni að athugun fyrirkomulagsins lokinni.

Sérhver olíuhitari skal búinn sjálfvirkum hitastilli, sem heldur hita olíunnar á nákvæmlega réttu hitastigi við eðlilegar aðstæður. Ennfremur skulu þeir búnir yfirhitavörn þannig gerðri, að rjúfi hún strauminn að hitaldinu, verði honum ekki komið á aftur, nema með handstýrðum liða á yfirhitavörninni. Annar búnaður jafnöruggur til að verjast yfirhitun verður athugaður í hverju einstöku tilviki.

42. gr.

Stungur og klær.

4201. Gerð stungna fer eftir aðstæðum hverju sinni (sjá gr. 6). Um spennutakmörk fyrir stungur gildir gr. 14. Stungur til annara nota en að neðan greinir skulu vera jarðtengdar.

Í þurrum íbúðum, sem hafa einangrandi gólf, séu þær staðsettar meira en 2 m frá aðgengilegum hlutum, sem hafa jarðsamband við stálbol, pípulagnir, loftrásir o. þ. h.

Stungur með innbyggðum spennum fyrir rakvélar og þvíumlíkt.

Stungur við rafkerfi, sem hafa lægri spennu en 50 V jafnspennu og 30 V riðspennu.

4202. Stungur og klær, sem gerðar eru fyrir málstraum allt að 16 A skulu þola málstrauminn, þegar þær eru settar í samband eða teknar úr sambandi, nema þegar þær eru tengdar yfir rofa, þannig að aðeins sé mögulegt að taka þær úr sambandi eða setja þær í samband þegar straumur að þeim hefur verið rofinn.

4203. Stungur og klær, sem gerðar eru fyrir málstraum, sem er hærri en 16 A skulu vera búnar eins og að ofan getur, þannig að aðeins sé hægt að taka þær úr sambandi eða setja þær í samband þegar straumrof hefur farið fram.

4204. Mælst er til að notaðar séu stungur og klær af ólíkum gerðum í skipum, sem hafa tvær eða fleiri kerfispennur, til þess að koma í veg fyrir að kló tækis, sem t. d. er gert fyrir 24 V spennu verði af mistökum tengt 220 V spennu.

43. gr.

Rafstrengir og taugar.

4301. Rafstrengir og taugar til notkunar í skipum skulu viðurkenndar af siglingamálastjóra. Óski innflytjandi slíkrar viðurkenningar, skal hann senda siglingamálastjóra sýni ásamt vottorði frá viðurkenndu flokkunarfélagi um viðurkenningu þessa.

4302. Málspenna rafstrengja skal aldrei vera lægri en kerfisspennan.

4303. Rafstrengir og taugar flokkast eftir hitaþoli einangrunarinnar, sem hér segir:

Flokkur 60°C Venjuleg gúmmí og PVC-einangrun
Flokkur 75°C Hitaþolin gúmmí og PVC-einangrun
Flokkur 80°C Einangrun úr butylgúmmí, samgerðum (impregnated) vefnaði eða pappír
Flokkur 85°C Samgerð asbest-vefnaðar-einangrun
Flokkur 95°C Steinefna-einangrun. Silikongúmmí

Af þessum flokkum eru það einkum flokkar 60°C og 80°C, sem notaðir eru í skipum, er því aðeins greint álagsþol þeirra í næsta lið.

4304. Álag rafstrengja og tauga skal ekki fara fram úr því, sem greinir í töflu á bls. 55, fyrir flokka 60°C og 80°C, en hún miðast við 45° umhverfishita. Hitaflokkur rafstrengja skal vera 10° hærri en hæsta umhverfishitastig, sem búast má við hverju sinni.

Ekki má nota strengi í flokki 60°C í vélarúmum skipa.

Straumálag (A), sem fram kemur í töflunni byggist á því að 6 eða færri strengir séu hafðir í sama búnti og allir geti verið með fullu álagi samtímis.

Strengja búnt eitt lag:



Strengja búnt, tvö lög:



Töflur yfir álag miðaðar við 45°C lofthita.

Einangrun: Gúmmí eða PVC Flokkur 60°C.				Einangrun: Butylgúmmí, samgerður vefnaður eða pappír flokkur 80°C.			
Þverfl. mm²	1-leiðar A	2-leiðar A	3- og 4-leiðar A	Þverfl. mm²	1-leiðar A	2-leiðar A	3- og 4-leiðar A
1.5	12	10	8	1.5	21	17	14
2.5	17	14	11	2.5	27	22	18
4	23	19	16	4	35	29	24
6	30	25	21	6	45	38	31
10	41	34	28	10	63	53	44
16	54	45	37	16	83	70	58
25	70	59	49	25	110	93	77
35	86	73	60	35	135	115	94
50	105	91	75	50	170	145	115
70	130	110	91	70	205	175	145
95	160	135	110	95	250	215	175
120	180	155	130	120	290	245	205
150	210	180	145	150	335	285	235
185	240	205	170	185	380	320	265
240	280	240	200	240	445	380	310
300	325	275	225	300	510	435	355

Séu stærri búnt notuð, skal straumálagið (A) í töflunni margfaldast með 0.85 við ákvörðun flatarmáls strengja.

Einnig skal flatarmálið aukið frá því, sem taflan sýnir, fari umhverfishitinn fram úr 45°C, skal þá straumálagið margfaldast með stuðli k, sem fundinn er af formúlunni:

$$k = \sqrt{\frac{Tc \div T}{Tc \div 45}}$$

þar sem Tc er hitaflokkur strengjanna og T umhverfishitinn. Tc÷T skal vera minnst 10°C.

4305. Ekki má leggja strengi á brennanlegt efni, svo sem tréþil, fari hitastig hans með fullu álagi upp fyrir 85°C.

4306. Flatarmál leiða skal ekki vera minna en 1 mm², þó má hafa 0.75 mm² í taugum, sem notaðar eru við færanleg tæki, enda fari fullt álag ekki fram úr 6 A og var viðkomandi greinar sé ekki stærra en 10 A.

Einleiða rafstrengi, sem hafa stærra flatarmál en 10 mm² má tengja saman, verða þeir þá að vera jafn langir og hafa sama flatarmál. Straumálag samtengdra strengja reiknast sem summan af straumálagi hvers einstaks strengs. Slíkir strengir skulu vandlega tengdir í báða enda með tinlóðun eða þrýstisamsetningu.

4307. Allir leiðar skulu vera margþættir, þó má nota einþáttunga allt að 2.5 mm² í þurrum íbúðum, einnig í strengjum með steinefnaeinangrun.

4308. Notkunarsvið rafstrengja og tauga fer eftir gerð þeirra, þ. e. a. s. leiðum, einangrun, fyllingu, kápu og hlífum. Ákveður siglingamálastjóri hverju sinni, hvar má nota hverja gerð rafstrengja, þegar hann viðurkennir þá.

Til ábendingar skal þó tekið fram, að almennt skulu rafstrengir gerðir samkvæmt kröfum þeim, sem gerðar eru í riti International Electronical Commisson (IEC) nr. 92—3 (1965) „Electrical Installations in Ships, Part 3: Cables" með síðari breytingum.

Yfirleitt skal enginn hluti rafstrengs vera eldfimur, þannig að eldur geti borist hratt með honum, ef kvikna skyldi í.

4309. Fara nokkur dæmi um notkunarsvið rafstrengja og tauga með tilliti til gerðar þeirra hér á eftir.

a. PVC-einangraða leiða, ennfremur gúmmí- og butyl-einangraða leiða með óeldfimri fléttu má nota í rörum í íbúðum og í rafmagnstöflur.

b. PVC-einangraða strengi með kápu (t. d. PVC eða blý) má nota í íbúðum þar sem þeim er ekki hætt við áverka.

Samkvæmt gjaldskrárlið þessum heimilast að selja raforku til vélareksturs, hitunar og ljósa, en reikna skal gólffletargjald vegna ljósa á kr. 160.00 hvern ferm. í vinnusölum, kaffistofum og öðrum slíkum, en kr. 64.00 á hvern ferm. í vörugeymslum, efnisgeymslum, frystiklefum og þess háttar. Þar sem erfitt er að greina á milli hverjum þessara flokka gólffletargjald skal reikna eftir, skal greiða kr. 126.00 á hvern ferm. á ári.

D. Hitun.

D—1 Um kWst.-mæli á kr. 5.05 hverja kWst. án rofs.
D—2 Um kWst.-mæli með rofi í eina til þrjár klst. á dag, kr. 3.60 hverja kWst.
D—3 Um afl- og orkumæla:
a) á kr. 3.60 hverja kWst. auk fastagjalds af mestu aflnotkun á ári kr. 2 820.00 hvert kW.
b) Ef ekki eru tök á að mæla aflnotkun, skal greiða samkv. ástimplun hitatækja og fullt álag.

D—4 Um kWst.-mæli á kr. 1.95 hverja kWst. með rofi frá kl. 08.00—23.00.

Skilyrði fyrir raforkusölu til húsahitunar.

a) Að aflvél, spennar, götustrengir og línur þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
b) Að notandi kosti segulrofa fyrir hitalögnina.
c) Að notandi kosti tengingu og uppsetningu á álagsstýrirofum sem rafveitan leggur til og greiði af þeim samkv. gjaldskrá.
d) Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerð samkv. fyrirmælum rafveitunnar og Rafmagnseftirlits ríkisins, ofnar fasttengdir með sér rofum og hitastillar notaðir þegar þess er krafist.
e) Að húsnæði fullnægi lágmarkskröfum um einangrun sem rafveitan kann að setja.
f) Að lagðar séu fram niðurstöður útreikninga á hitaþörf þess húsrýmis sem hita skal og tekið fram um stærð hitatækja sem sett verða upp.

E. Önnur raforkusala.

Raforku til suðu má selja til gistihúsa, veitingahúsa, sjúkrahúsa og annarra slíkra staða á kr. 15.60 hverja kWst. enda sé notkunin mæld um sérmæli og suðutæki fasttengd.

Til nota við vinnulagnir við byggingar eða aðra mannvirkjagerð, meðan á byggingu stendur um kWst.-mæli á kr. 25.80 hverja kWst.

Til bökunarofna í brauðgerðarhúsum um kWst.-mæli á kr. 4.80 hverja kWst. ef straumur er rofinn frá kl. 8.30 til 22.00 eða um tvígjaldsmæli kr. 3.85 hver kWst. á tímanum frá kl. 22.00 til 8.30 og kr. 11.40 hver kWst. frá kl. 8.30 til 22.00.

Til gatna- og hafnarlýsinga á kr. 15.60 hverja kWst.

Öll rafmagnsnotkun sem ótalin er og ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár, skal selja eftir gjaldskrárlið A—1. Þegar sérstaklega stendur á má rafveitustjóri þó að tilskyldu samþykki rafveitustjórnar veita afslátt á gjaldskrárliðum C—E (báðir meðtaldir) á orku, sem notuð er á sumrin, sé um aukningu frá vetrarnotkun að ræða. Ennfremur að selja orku eftir sérstökum samningi sé það hagstætt vegna orkunýtingar rafveitunnar.

II. MÆLALEIGA

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverja veitu og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandan, sem skal greiða leigu af mælitækjum sem hér segir:

1.	Af einfasa mælum 60 amp. og minni	kr.	85.00 á mán.
2.	Af þrífasa mælum 50 amp. og minni	—	95.00 á mán.
3.	Af þrífasa mælum 50 amp. og 100 amp.	—	156.00 á mán.
4.	Af þrífasa mælum 100 amp. og yfir	—	276.00 á mán.
5.	Af mesta aflsmælum 100 amp. og minni	—	252.00 á mán.
6.	Af mesta aflsmælum yfir 100 amp.	—	480.00 á mán.
7.	Af álags stýriliðum minni gerð	—	270.00 á mán.
8.	Af álags stýriliðum stærri gerð	—	480.00 á mán.

Af öðrum mælitækjum en þeim sem nefnd eru í gjaldskránni, skal ársleigan vera sem næst 20% af verði mælitækis.

III. HEIMTAUGARGJÖLD

Heimtaugargjöld miðast við aflþörf notanda sem gerir grein fyrir væntanlegri notkun sinni í umsókn um heimtaug og ákveður rafveitustjóri stærð og gerð heimtaugar í samræmi við það. Heimtaugargjöld ákveðast þannig:

	Málstraumur stofnvara amp.	Hámarksafl kVA	Heimtaugargjald kr.
1.	3 × 60	22	66 540.00
2.	3 × 100	38	96 600.00
3.	3 × 200	75 sp.	190 200.00
4.	3 × 350	132	316 800.00

Ofangreint gjald miðast við 15 metra langan jarðstreng eða 30 metra loftlínu heimtaug. Þar sem heimtaug þarf að vera lengri en að framan greinir, skal það sem fram yfir er, greiðast samkv. kostnaðarreikningi.

Lengd heimtaugar reiknast frá lóðarmörkum við götu, stystu greiðfæra leið að varkassa á útvegg. Teljist hagkvæmara að hafa varkassann á innvegg skal leita samþykkis rafveitustjóra um gerð og frágang pípu, sem strengurinn er dreginn í, svo og staðsetningu varkassa svo aðgengilegt sé að komast að honum, enda greiðir húseigandi kostnað af því.

Sé lögð bráðabirgðaheimtaug í vinnuskúr eða hús í byggingu, skal greiða fyrir hana sem hér segir:

Fyrir 60 amp. einfasa	kr.	13 800.00
Fyrir 60 amp. þrífasa	—	17 400.00

Verði þörf á að skipta um heimtaug vegna aukinnar raforkuþarfar skal notandi greiða hina síðari samkvæmt kostnaðarreikningi.

Heimtaug verður ekki lögð meðan frost er í jörð, eða óveður há útivinnu.

Sé um óskipulagt svæði að ræða, eða óeðlilegar eða erfiðar aðstæður skal greiða samkvæmt reikningi.

Ef fleiri en ein heimtaug er lögð að húsi skal húseigandi greiða allan kostnað við síðari heimtaugar eftir kostnaðarreikningi.

Sé nauðsynlegt eða hagkvæmara að setja upp spennistöð að mestu eða öllu leyti vegna eins notanda, skal hann leggja til lóð eða húsnæði fyrir spennistöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi rafveitustjóra, vegna staðsetningar spennistöðvarinnar svo og allan kostnað af spennistöðinni (búnaði).

Þegar lóð er lögð til, er það rafveitunni gert að kostnaðarlausu og skal í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um stærð og staðsetningu stöðvarinnar.

Þegar húsnæði er lagt til skal það fullnægja skilyrðum um gerð spennistöðvarhúsa, að dómi rafveitustjóra.

IV. OPNUNARGJÖLD

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið, skal greiða gjald fyrir enduropnun kr. 1 885.00.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni tafarlaust lokað og ekki opnuð fyrr en notandinn hefur bætt úr því og greitt kr. 1 885.00 fyrir enduropnun til innheimtu rafveitunnar.

V. HEIMILD TIL GJALDSKRÁRBREYTINGA

Hækki innkaupsverð á raforku, kaupgjald eða verðlag er hreppsnefnd heimilt að fengnum tillögum rafveitunnar, að hækka rafmagnsreikninga um allt að 50% af hækkuninni. Breyting til hækkunar skv. þessari gr. er háð samþykki iðnaðarráðuneytisins. Innifalin í gjaldskrá eru 33% vegna söluskatts og verðjöfnunargjalds.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá sama efnis nr. 263 30. júní 1976.

Iðnaðarráðuneytið, 9. febrúar 1977.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

Nr. 96. 1. febrúar 1977.

REGLUGERÐ

fyrir Vatnsveitu Suðureyrarhrepps.

1. gr.

Hreppsnefnd Suðureyrarhrepps hefur einkarétt til reksturs og sölu vatns á því svæði, er hún nær yfir, og getur fullnægt, svo og á Suðureyrarhöfn.

2. gr.

Hreppsnefnd fer með yfirstjórn vatnsveitunnar. Hreppsnefnd og sveitarstjóri annast öll framkvæmdastörf, er vatnsveituna varða, svo og viðhald vatnsveitunnar og umsjón alla. Hreppsnefnd skal heimilt að ráða sérstakan umsjónarmann vatns-

veitunnar, er hafi eftirlit með vatnsveitukerfinu og annist öll þau störf í þágu vatnsveitunnar, er henta þykir. Hreppsnefnd getur löggilt sérstaka vatnsvirkja til að annast viðhald og viðauka við vatnsveituna í samráði við hreppsnefnd og er þeim skylt að fara í öllu eftir þeim reglum, er hreppsnefnd setur þar um.

3. gr.

Reikningsár vatnsveitunnar er almanaksárið, og annast sveitarstjóri reikningshaldið, innheimtu og greiðslur. Reikningar vatnsveitunnar skulu endurskoðaðir af endurskoðendum hreppsreikninga og fylgja hreppsreikningum ár hvert.

4. gr.

Hreppsnefnd lætur leggja vatnsæðar svo víða um kauptúnið sem fært þykir og þörf krefur, svo að húseigendur eigi greiðan aðgang að þeim við veg, götu, eða annað almenningssvæði, er lóðir þeirra liggja að eða eru í námunda við.

Vatnsveitan skal sjá um viðhald og endurbætur á stofnæðum hinna eldri vatnsveitna, sem tengdar hafa verið við vatnsæðar vatnsveitu hreppsins.

5. gr.

Hver sá, sem komast vill í samband við vatnsveitu Suðureyrarhrepps, skal senda hreppsnefnd umsókn þar um. Umsóknin skal vera skrifleg og henni skulu fylgja upplýsingar um áætlaða vatnsnotkun og til hvers vatn skuli notað.

6. gr.

Enginn má leggja vatnsæðar frá vatnsæðum vatnsveitunnar, nema að fengnu leyfi hreppsnefndar og eftir fyrirmælum hennar, bæði um efni og tilhögun verksins.

Hverjum húseiganda ber að greiða allan kostnað við lagningu vatnsæða frá aðalæð í hús sín og annast viðhald þeirra.

7. gr.

Skylt er hverjum húseiganda, er vatnsæð hefur, að halda vatnsæðum sínum vel við og láta tafarlaust gera við þær, ef leki kemur að þeim. Hann skal sérstaklega gæta þess, að ekki frjósi í æðunum.

Enginn má eyða vatni að óþörfu.

8. gr.

Hreppsnefnd, umsjónarmanni og löggiltum vatnsvirkjum er heimilt að fara um hús manna þar sem vatnsæðar liggja, til þess að athuga þær og tæki þau, er sett eru í samband við þær. Ef þeim þykir útbúnaði í einhverju ábótavant, skal tafarlaust bætt úr því á kostnað eigenda.

9. gr.

Heimilt er hreppsnefnd að loka vatnsæðum fyrir þeim, sem vanrækja að láta gera við bilanir á pípum eða tækjum, eyða vatni að óþörfu eða greiða ekki vatnsskatt á réttum gjalddaga. Fullan vatnsskatt ber einnig að greiða fyrir þann tíma, sem vatnsæðar eru lokaðar af þessum sökum.

Hreppsnefnd getur fyrirskipað takmörkun á vatnsnotkun sé skortur á vatni, þá getur hún lokað fyrir vatnið, þegar þörf krefur vegna hreinsunar eða annarra framkvæmda við vatnsveituna, enda skal það tilkynnt áður, sé þess nokkur kostur.

10. gr.

Skylt er hverjum manni að láta af hendi land og landsafnot í þarfir vatnsveitunnar, svo og mannvirki, ef rök mæla með því, og þola þær eignakvaðir, óhagræði og tak-

markanir á afnotarétti, sem vatnsveitan kann að hafa í för með sér, sé ekki önnur úrlausn fyrir hendi, enda komi fullar bætur fyrir samkvæmt mati, ef ekki næst samkomulag.

11. gr.

Af öllum húsum á vatnsveitusvæðinu, sem metin eru til fasteignamats, og tengd eru vatnsveitu hreppsins, skal greiða vatnsskatt 0.15% af fasteignamati húsa og lóða árlega, eins og það reiknast til fasteignaskatts á hverjum tíma, þó þannig að lægsta gjald af íbúð skal vera kr. 3.500. Af beitingaskúrum og slíkum húsum, skal lægsta gjald vera kr. 3.500. Af húsum, sem tengd eru við vatnsveituna skal greiða tengigjald kr. 15.000.

12. gr.

Af húsum þeim, sem nota mikið vatn til annarra þarfa en heimilisnotkunar, svo sem hraðfrystihúsum, fiskverkunarstöðvum, verksmiðjum, þvottahúsum, iðnaðarfyrirtækjum, bifreiðaþvottastöðvum o. s. frv. skal greiða 0.5% af fasteignamati húsa og lóða, ef vatn er ekki selt eftir mæli skv. 13. gr.

13. gr.

Hreppsnefnd er heimilt að setja upp vatnsmæla hjá þeim fyrirtækjum eða einstaklingum, sem nota mikið vatn, og skal þá greiða kr. 10.00 fyrir hverja smálest.

Ársleiga fyrir hvern mæli skal vera kr. 2.400 og gjald fyrir uppsetningu mælis skal vera kr. 4.500 er húseigandi ber kostnað af.

14. gr.

Ef vatn er selt til skipa, skal söluverð vera kr. 70.00 fyrir hverja smálest, en minnsta gjald skal þó vera kr. 450.00 fyrir fiskiskip, en kr. 900.00 fyrir önnur skip. Þá er hreppsnefnd heimilt að ákveða, að hafnarsjóður Suðureyrarhrepps greiði vatnsveitunni eftir mæli eða ákveðna upphæð á ári í vatnsskatt eftir nánari ákvörðun hreppsnefndar, enda hafi höfnin allar tekjur af vatnssölu þeirri er fram fer við höfnina, að undanskildum framleiðslugjöldum sjávarafurða.

15. gr.

Skip, sem vatnsveitan hefur selt vatn má ekki, að viðlögðum sektum, fara úr höfninni fyrr en vatnið er greitt, nema gjaldfrestur hafi verið veittur.

16. gr.

Gjöld samkvæmt reglugerð þessari getur hreppsnefnd hækkað eða lækkað um allt að 50% bæði einstaka liði og í heild, án staðfestingar ráðuneytisins.

17. gr.

Gjaldár vatnsveitunnar er almanaksárið, gjalddagi vatnsskatts er sá sami og fasteignaskatts og greiðist vatnsskatturinn í einu lagi fyrir liðið ár.

Húseigandi ber ábyrgð á greiðslu vatnsskatts, sem má taka lögtaki og einnig er hann tryggður með lögveði í húseigninni næstu 2 ár eftir gjalddaga með forgangsveði fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði, án tillits til eigendaskipta. Þar sem vatnsskattur er ákveðinn samkvæmt mæli, er heimilt að greiða hann á 4 gjalddögum í lok hvers ársfjórðungs.

18. gr.

Bannað er að taka vatn úr brunahönum vatnsveitunnar eða setja hreyfivélar í samband við hana, nema með leyfi hreppsnefndar, eða þess aðila, sem hreppsnefnd hefur falið slökkvistörf í kauptúninu.

19. gr.

Brot á reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 300.000 nema þyngri refsing liggi við að lögum, sektarfé rennur í sveitarsjóð. Valdi nokkur skemmdum á vatnsveitukerfinu, skal hann bæta það eftir mati tveggja óvilhallra manna. Mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið með að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem hreppsnefnd Suðureyrarhrepps hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, sbr. lög nr. 93 5. júní 1947, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá um vatnsskatt í Suðureyrarkauptúni, Súgandafirði, nr. 185 4. júní 1973.

Félagsmálaráðuneytið, 1. febrúar 1977.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Skúli Sigurðsson.

14. febrúar 1977. Nr. 97.

GJALDSKRÁ

fyrir Keflavíkurflugvöll.

1. GILDISSVIÐ

1.1 Gjaldskrá þessi gildir fyrir afnot loftfara í millilandaflugi af Keflavíkurflugvelli.

2. LENDINGARGJALD

2.1 Fyrir hverja skráða lendingu loftfars skal greiða gjald samsvarandi US $ 3.47 fyrir hver byrjuð 1000 kg af þunga þess.

3. STÆÐISGJALD

3.1 Stæðisgjald er ekkert fyrir fyrstu 6 klst.
3.2 Fyrir næstu 24 klst., eða brot þar af, skal greitt stæðisgjald samsvarandi US $ 0.10 fyrir hver byrjuð 1000 kg af þunga loftfarsins.

4. UNDANÞÁGUR

Eftirfarandi undanþágur eru veittar frá lendingar- og stæðisgjöldum:
4.1 Loftför í sjúkraflugi eða leitar- og björgunarflugi.
4.2 Loftför, sem verða að snúa við til brottfararflugvallar vegna veðurs eða annarra orsaka.
4.3 Loftför í áætlunarflugi, sem lenda eftir að hafa farið í prófflug eftir viðgerð, enda hafi ekki verið lent á öðrum flugvelli.
4.4 Loftför, sem eingöngu flytja erlenda þjóðhöfðingja eða aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna og fylgdarlið þeirra.
4.5 Loftför í eigu íslenska ríkisins eða eru rekin af því.
4.6 Að öðru leyti er flugvallarstjóra heimilt að fella niður lendingar- og stæðisgjöld, þegar sérstaklega stendur á.

5. ÞJÓNUSTUGJALD

5.1 Heimilt er að innheimta þjónustugjald af loftförum samkvæmt gjaldskrá staðfestri af utanríkisráðuneyti.

5.2 Sé þjónustugjald ekki innheimt af flugmálastjórn, skal það greitt til félags, sem hlotið hefur heimild flugmálastjórnar til að annast þjónustu við loftför.

6. ALMENN ÁKVÆÐI

6.1 Þar sem getið er um þunga loftfars er átt við leyfilegan hámarksflugtaksþunga þess eins og hann er skráður í lofthæfisskírteinið.

6.2 Gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari skulu staðgreiðast. Þó skal flugvallarstjóra heimilt að veita allt að 60 daga greiðslufrest sé sérstaklega um það samið. Verði gjöld ekki greidd á gjalddaga er flugvallarstjóra heimilt að stöðva notkun loftfara hlutaðeigandi flugrekanda.

7. GILDISTAKA

7.1 Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt 78. gr. laga um loftferðir nr. 34 21. maí 1964, og tekur gildi 1. mars 1977. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá nr. 173 21. apríl 1975.

Utanríkisráðuneytið, 14. febrúar 1977.

Einar Ágústsson.

Páll Ásg. Tryggvason.

Nr. 98. 30. janúar 1977.

AUGLÝSING

um umferð í Kópavogi.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968, og að fengnum tillögum bæjarstjórnar Kópavogskaupstaðar, eru hér með settar eftirgreindar reglur um umferð í Kópavogi:

1. Umferð um Túnbrekku skal njóta aðalbrautarréttar gagnvart umferð Lundarbrekku og Selbrekku samkvæmt ákvæðum 2. málsgreinar, sbr. 3. málsgrein 48. gr. umferðarlaga.
2. Umferð um Smiðjuveg frá Reykjanesbraut að Skemmuvegi og umferð um Skemmuveg frá gatnamótum hans og Smiðjuvegar að Nýbýlavegi skal njóta aðalbrautarréttar fyrir umferð úr aðliggjandi götum samkvæmt ákvæðum 2. málsgreinar sbr. 3. málsgrein 48. gr. umferðarlaga.

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 2. mgr. 65. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968 og koma til framkvæmda þegar í stað.

Bæjarfógetinn í Kópavogi, 30. janúar 1977.

Sigurgeir Jónsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 9 — 1977

REGLUGERÐ

um bann við línuveiðum á Breiðafirði og við Snæfellsnes.

1. gr.

Til 1. mars 1977 eru línuveiðar bannaðar á eftirgreindum svæðum:

a) austan línu, sem dregin er milli Öndverðarnessvita, (64°53′1 n.br., 24°02′7 v.lgd.) og Skorarvita (65°24′9 n.br., 23°57′2 v.lgd.).

b) á svæði, sem afmarkast að sunnan af línu réttvísandi suður frá Malarrifsvita (64°43′7 n.br., 23°48′2 v.lgd.), að norðan af línu réttvísandi vestur frá Öndverðarnessvita að vestan afmarkast svæðið af línu, sem dregin er 7 sjómílur utan við viðmiðunarlínu sbr. lög nr. 81 31. maí 1976 um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

2. gr.

Með mál þau, sem rísa út af brotum á reglugerð þessari, skal farið að hætti opinberra mála, og varða brot viðurlögum skv. ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976 um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 81 31. maí 1976 um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 17. febrúar 1977.

F. h. r.
Þórður Ásgeirsson.

Þórður Eyþórsson.

Stjórnartíðindi B 9, nr. 99. Útgáfudagur 18. febrúar 1977.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg
B 20

STJÓRNARTÍÐINDI B 10 — 1977

Nr. 100. 158 1. febrúar 1977.

REGLUGERÐ

um holræsi og holræsagjöld á Suðureyri, Súgandafirði.

1. gr.

Sveitarstjórn hefur ein heimild til þess að leggja holræsi um Suðureyrarkauptún. Holræsagerð staðarins er sjálfstætt fyrirtæki með sérstöku reikningshaldi.

2. gr.

Þar sem sveitarstjórn hefur látið leggja holræsi í götu, veg, eða opið svæði, er hverjum húseiganda, sem lóð á þar að, skylt að leggja á sinn kostnað ræsi frá húsinu, sem flytji skólp frá húsinu út að aðalræsi og haldi við sinni heimæð. Regnvatn af húsi eða lóð skal einnig, að svo miklu leyti sem unnt er, leitt í húsræsið. Ef húseigandi vanrækir að leggja holræsi innan hæfilegs frests, sem sveitarstjórn tiltekur, skal verkið unnið á hans kostnað. Greiða skal kr. 15 000 í tengigjald.

3. gr.

Áður en húseigandi byrjar að leggja holræsi, skal hann leggja fram uppdrátt af holræsalögn innanhúss og í grunni, er sýni legu, halla og stærð, gerð og annað því viðkomandi. Uppdráttur skal gerður af pípulagningarmanni eða öðrum sérfróðum mönnum.

Aðeins pípulagningarmanni eða öðrum, sem sveitarstjórn hefur samþykkt skal heimilt að leggja holræsalagnir.

Engar lagnir má hylja fyrr en byggingarfulltrúi hefur samþykkt þær.

4. gr.

Sveitarstjórn löggildir menn, sem teljast skulu hæfir að leggja og ganga frá holræsum, bæði innanhúss og utan.

Þeir einir sem sveitarstjórn löggildir til holræsalagningar skulu hafa rétt til að leggja og ganga frá holræsum, sem standa í sambandi við holræsakerfi staðarins.

5. gr.

Kostnaður við holræsagerð staðarins greiðist af holræsagerðinni. Til þess að standast útgjöld þau, sem stafa af lagningu holræsanna, ber hverjum þeim, sem hús á, lóð eða lóðarréttindi við götu, veg eða opið svæði, sem hreppurinn hefur lagt holræsi í, að greiða árlega til holræsagerðarinnar 0.15% af fasteignamati húss og lóðar, eins og það reiknast á hverjum tíma, þó aldrei minna en kr. 3 500 af húsi eða hluta af húsi, sem talin er sér í fasteignamati enda sé skólplögn að viðkomandi húseign eða húshluta. Gjöld samkvæmt grein þessari er sveitarstjórn heimilt að hækka eða lækka um 50 af hundraði, án þess að samþykki ráðuneytisins komi til.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

6. gr.

Heimilt er sveitarstjórn að yfirtaka núverandi holræsakerfi einstakra manna samkvæmt samkomulagi við hlutaðeigendur eða samkvæmt mati, ef ágreiningur verður.

7. gr.

Húseigandi ber ábyrgð á greiðslu holræsagjalds.

Gjaldið hefur lögtaksrétt og er það tryggt með lögveði í lóð og mannvirkjum lóðareiganda á henni næstu 2 ár eftir gjalddaga, með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðafararveði. Árlegur gjalddagi holræsagjalds er sá sami og fasteignaskatts.

8. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varðar sektum allt að kr. 300 000 sem rennur í sveitarsjóð. Mál út af brotum gegn reglugerð þessari skal fara með sem almennt lögreglumál.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð um holræsi og holræsagjöld í Suðureyrarkauptúni nr. 184 4. júní 1973 með síðari breytingum.

Félagsmálaráðuneytið, 1. febrúar 1977.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Skúli Sigurðsson.

3. febrúar 1977. Nr. 101.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 250/1976 um tilbúning og dreifingu matvæla og annarra neyslu- og nauðsynjavara.

1. gr.

Við 3. gr. bætist 3. tl. sem orðist svo:

3.3. Bannað er að geyma ónothæf tæki eða áhöld í framleiðslu- og matvælageymslum fyrirtækis, eða annað sem ekki tilheyrir starfseminni.

Tæki og áhöld, sem finnast kunna á framleiðslu- eða sölustað, skulu talin tilheyra rekstrinum.

2. gr.

5. gr. 2. tl. orðist svo:

5.2. Viðkvæmum matvælum skal halda nægjanlega köldum (undir 5°C) eða nægjanlega heitum (50°C eða þar yfir) eftir eðli vörunnar. Ekki má geyma slík matvæli á hitastiginu 5° til 50°C lengur en 4 klst.

Ílát, áhöld, rör, vélar og fleira, sem notað er við framleiðslu og tilbúning slíkra matvæla, skal hreinsa og sótthreinsa vandlega með viðurkenndum aðferðum.

3. gr.

7. gr. 2. tl. stafl. b. orðist svo:

7.2.b. Þegar aðskotaefni eru í vörunni.

4. gr.

9. gr. 1., 2., 6. og 8. tl. orðist svo:

9.1. Neysluvörur í luktum umbúðum eða hylkjum (dósum, flöskum, loftþéttum umbúðum, úr gerviefnum og því um líku) má ekki dreifa til sölustaða án þess að nafn og heimilisfang framleiðanda eða pökkunarfyrirtækis sé skráð á umbúðirnar. Heilbrigðiseftirlit ríkisins getur krafist fyllri merkingar telji það ástæðu til.

9.2. Djúpfrystar nauðsynjavörur (undir ÷ 20°C) skal framleiðandi eða eftir atvikum umboðsmaður eða innflytjandi merkja með „Djúpfryst" á umbúðir.

9.6. Séu kjöt, fiskur eða aðrar viðkvæmar neysluvörur, t. d. álegg, seldar í luktum umbúðum eða hraðfrystar, skal á pökkunarstað skráð dagsetning á umbúðir og síðasti leyfilegur söludagur þannig: „Pakkað ....." „Síðasti söludagur ....". Framangreint gildir ekki um niðursoðnar (dauðhreinsaðar) vörur.

9.8. Við sölu og dreifingu á matvælum, sem nefnd eru í 6. tl. þessarar greinar, skal gæta hita- og kuldastigs vörunnar samkvæmt ákvæðum 5. gr. 2. tl. og 9. gr. 2. tl. og auðkenna eftir atvikum: „Geymist í kæli".

5. gr.

9. gr. 7. tl. falli niður.

6. gr.

10. gr. orðist svo:

10.1. Sá sem reka vill sláturhús, búa til matvæli eða neysluvörur, eða selja eða dreifa manna á meðal kjöti, kjötmeti, nýjum fiski, fiskmeti, mjólk, mjólkurafurðum, brauði, kökum, ávöxtum, aldinum eða grænmeti, skal leita leyfis viðkomandi heilbrigðisnefndar. Verði slíku ekki við komið skal leita leyfis Heilbrigðiseftirlits ríkisins. Heilbrigðisnefnd skal ganga úr skugga um það, hvort umsækjandi fullnægi skilyrðum laga nr. 24/1936 og þessarar reglugerðar svo og öðrum ákvæðum, sem sett hafa verið eða sett kunna að vera um þess háttar starfsemi og skal í þeim tilgangi krefjast vottorðs héraðsdýralæknis eða Heilbrigðiseftirlits ríkisins. Slíkt leyfi þarf einnig til fyrirhugaðra breytinga á húsakynnum og rekstri þ. á m. sé skipt um eiganda eða sé starfsemi flutt. Heilbrigðiseftirlit ríkisins getur krafist þess að fá tilkynningar um veitt leyfi.

10.2. Undanþegnir ákvæðum 10. gr. 1. tl. eru sjómenn, sem sjálfir annast sölu á óunnum fiski beint upp úr báti á lendingarstað.

7. gr.

13. gr. orðist svo:

13.1. Ílát, áhöld, vélar og umbúðir, sem geta snert matvæli, neyslu- og nauðsynjavörur, sem dreift er manna á meðal, skulu vera þannig úr garði gerð að þau skaði ekki né mengi matvælin, neyslu- og nauðsynjavöruna.

8. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í lögum nr. 24/1936 um eftirlit með matvælum og öðrum neyslu- og nauðsynjavörum og með stoð í lögum nr. 12/1969 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og með stoð í lögum nr. 85/1968 um eiturefni og hættuleg efni, öðlast gildi 1. mars 1977.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 3. febrúar 1977.

Matthías Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

AUGLÝSING

um afgreiðslutíma verslana á Eskifirði.

1. gr.

Auglýsingin tekur til hvers konar smásöluverslana á Eskifirði, þ. á m. söluturna og til brauð- og mjólkurbúða.

Undanþegnar ákvæðum auglýsingarinnar eru þó lyfjabúðir, bifreiðastöðvar og bensínafgreiðslur. Ekki ná ákvæðin heldur til sjálfsala, blaðasölu á götum, merkjasölu og annars slíks.

Ef ágreiningur rís um skilning á ákvæðum auglýsingar þessarar, úrskurðar bæjarstjórn það, að fenginni umsögn lögreglustjóra, en skjóta má þeim úrskurði til ráðherra.

2. gr.

Daglegur afgreiðslutími smásöluverslana og annarra sölustaða, er auglýsing þessi tekur til, skal vera sem hér segir, nema öðruvísi sé sérstaklega ákveðið í auglýsingunni.

Virka daga skal heimilt að opna sölustaði kl. 8.00 og loka skal þeim eigi síðar en kl. 18.00.

Á þriðjudögum og föstudögum skal heimilt að halda öllum sölustöðum opnum til kl. 22.00.

Á laugardögum skal heimilt að halda sölustöðum opnum til kl. 12.00 Fyrsta laugardag í desember má þó halda sölustöðum opnum til kl. 16.00, en aðra laugardaga í þeim mánuði til kl. 18.00. Hinn 18. desember má halda verslunum opnum til kl. 22.00 en sé 18. desember sunnudagur gildir sú regla 19. desember.

Síðasta virkan dag fyrir aðfangadag jóla skal heimilt að hafa verslanir opnar til kl. 24.00. Á miðvikudag fyrir páska skal heimilt að hafa verslanir opnar til kl. 22.00.

Bæjarráð getur heimilað að sölustaður verði opnaður fyrr en segir í þessari grein.

3. gr.

Afgreiðslutíma brauð- og mjólkurbúða skal vera heimilt að hafa hinn sama og afgreiðslutíma almennra verslana, og enn fremur skal vera heimilt að hafa þær opnar til kl. 16.00 á laugardögum og frá kl. 9.00—16.00 þá daga, sem um ræðir í B-lið 7. gr.

4. gr.

Í sérhverri verslun skal auglýstur fastur afgreiðslutími hennar. Afgreiðsla um söluop er ekki heimil í þeim verslunum, sem hafa afgreiðslutíma skv. 2. og 3. gr. þessarar auglýsingar.

5. gr.

Bæjarráð getur leyft, að vikið sé frá ákvæðum 2. gr., þegar um er að ræða söluturna og sambærilega sölustaði, þannig að þeir verði opnir til kl. 23.30.

Sölustaðir þeir, sem um ræðir í 1. mgr. skulu aðgreindir frá verslunum eða birgðageymslu verslunar.

Á sölustöðum þeim, er kvöldsöluleyfi hafa má selja eftirtaldar vörur:

Sælgæti, súkkulaðikex, tóbaksvörur, öl og gosdrykki, blöð og tímarit, ískökur, íssósur, skyndiplástur, blöðrur, flugelda, saltstengur, öryggi, eldspýtur, dömubindi, rakblöð, sólgleraugu, kort, frímerki, bolluvendi, spil, greiður, hárlakk, filmur, hárkrem, stílabækur, reikningsbækur, blýanta, vinnuvetlinga, rakspíritus, raksápu og rakkrem, sokka, sokkabuxur, kaffi, te, kakó, ávaxtasafa, grænar baunir, sveppi, aspargus, niðursoðna ávexti, strásykur, molasykur, salt, kornflakes, sinnep, tómat-

sósu, súpur, appelsínur, epli, banana, steiktar kartöflur, búðinga, (búðingsduft), harðfisk, kex, kartöflumús, maís, egg, smjör, samlokur, handsápu og WC pappír, niðursoðna saxbauta, kjötbollur, fiskbollur og niðursoðinn barnamat.

Vegna sölu á eftirgreindum vörutegundum ber að sækja um það sérstaklega til heilbrigðisnefndar: Ís, heitar pylsur og smurt brauð (samlokur).

Bæjarráð getur breytt framangreindum vörulista.

6. gr.

Bæjarráð getur að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar heimilað, að verslanir, sem eingöngu selja heitar pylsur, smurt brauð, öl og gosdrykki, mjólk og vörutegundir innan þeirra marka, er um ræðir í 3. mgr. 5. gr. megi vera opnar alla daga, nema þá, sem um getur í A-lið 7. gr., sbr. einnig C-lið sömu greinar.

Bæjarráð getur að fengnum meðmælum lögreglustjóra leyft, að slíkar verslanir verði opnar eftir kl. 23.30. Í leyfi skal þá tilgreint hvenær loka skuli, svo og nánari skilyrði um umbúnað allan á hlutaðeigandi sölustað.

7. gr.

Um lokun sölustaða á einstökum helgidögum og hátíðisdögum gilda eftirfarandi reglur:

A. Föstudaginn langa, páskadag, hvítasunnudag og jóladag skal öllum sölustöðum lokað allan daginn.

B. Alla sunnudaga, nýársdag, skírdag, annan páskadag, annan hvítasunnudag, sumardaginn fyrsta, 1. maí, uppstigningardag, 17. júní, fyrsta mánudag í ágúst og annan jóladag skal sölustöðum lokað allan daginn, sbr. þó undantekningarákvæði 3., 5., 6. og 10. gr.

C. Aðfangadag jóla og gamlársdag skal öllum sölustöðum lokað eigi síðar en kl. 15.00.

8. gr.

Í kvikmyndahúsum, leikhúsum, á íþróttavöllum, útiskemmtistöðum og slíkum stöðum skal heimilt að fengnu leyfi heilbrigðisnefndar að selja sælgæti, tóbak, gosdrykki og annað slíkt, sem ætla má að neytt verði á staðnum. Einnig má selja sýningarskrár, minjagripi og annað slíkt sem eðlilegt telst, að þar sé til sölu, utan þess tíma, er um getur í 2. gr. þó aldrei eftir að sýningu lýkur eða skemmtistað er lokað.

9. gr.

Eftir lokunartíma sölustaða er óheimilt að selja þann varning, sem verslunarleyfi þarf til sölu á, þó skal heimilt að afgreiða það fólk sem komið er í verslun eða sölustað, þegar lokað er.

10. gr.

Bæjarráð getur leyft rýmri afgreiðslutíma, þegar um er að ræða sölu á blómum, garðplöntum, jólatrjám, minjagripum, svo og vörum til tækifærisgjafa.

Bæjarstjóri getur heimilað í einstökum tilvikum rýmri sölutíma en segir í auglýsingu þessari, þegar hann telur sérstaklega ástæðu til, m. a. þegar ágóði af sölu skal renna til almenningsheilla eða góðgerðarstarfsemi.

11. gr.

Fyrir leyfi skv. 5. gr. skal greiða gjald í bæjarsjóð skv. ákvörðun bæjarstjórnar.

Bæjarráð getur veitt aðila, er rekur biðskýli fyrir strætisvagnafarþega í sambandi við söluturn, undanþágu frá greiðslu gjalds, skv. 1. mgr.

Ef leyfishafi brýtur gegn ákvæðum auglýsingar þessarar eða skilyrðum, sem bæjarráð og heilbrigðisnefnd setja fyrir leyfi, greiðir ekki gjaldið á gjalddaga, eða rekstur sölustaðar þykir ekki fara vel úr hendi, getur bæjarráð svipt leyfishafa leyfinu, enda hafi leyfishafi ekki látið segjast við aðvörun.

12. gr.

Brot gegn auglýsingu þessari varða sektum. Með mál út af brotum á auglýsingunni skal farið að hætti opinberra mála.

Auglýsing þessi, sem bæjarstjórn Eskifjarðar hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 17 frá 1. febrúar 1936 um samþykktir um lokunartíma sölubúða, öðlast þegar gildi, þó með þeim takmörkunum, sem lög nr. 45 frá 15. júní 1926 setja og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 3. febrúar 1977.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Skúli Sigurðsson.

7. febrúar 1977. Nr. 103.

REGLUGERÐ

um gatnagerðargjald A í Suðureyrarhreppi.

1. gr.
Almenn ákvæði.

Sveitarstjórn er heimilt að leggja gatnagerðargjald á lóðir í kauptúninu, eftir því sem nánar segir í reglugerð þessari.

Gatnagerðargjald A er gjald vegna þátttöku lóðarhafa í kostnaði við undirbyggingu götu fyrir bundið slitlag.

Þegar veitt er byggingarleyfi án undangenginnar lóðarveitingar er greiðsla gatnagerðargjalds áskilin og skal húsbyggjandi greiða gatnagerðargjaldið samkvæmt gjaldskrá, en þó aðeins af byggingaráfanga hverju sinni, sbr. þó 5. mgr.

Þegar veitt er byggingarleyfi fyrir breytingu eða endurbyggingu húsnæðis, sem felur í sér breytta notkun þess, þannig að húseignin eða hluti hennar færist í hærri gjaldflokk, þá skal húseigandi greiða gatnagerðargjald af hinu breytta húsnæði, sem nemur mismuni á gjaldinu reiknuðu af hinu breytta húsnæði fyrir og eftir breytinguna.

Hafi byggingarleyfi verið veitt og aðeins hluti þess notaður innan tilskilins tíma, skal við endurnýjun leyfisins greiða fullt gjald af þeim hluta byggingarinnar, sem byggingarleyfið er endurnýjað fyrir, að frádregnu því gatnagerðargjaldi, sem áður hefur verið greitt af sama áfanga.

Lóðin er veitt í því ástandi, sem hún er í við afhendingu hennar, og á lóðarhafi engar kröfur á hendur sveitarfélagsins síðar, vegna ástands hennar. Lóðarhafi skal hlíta byggingarskilmálum svo og öðrum þeim lögum og reglum, sem til greina kunna að koma og settar kunna að verða.

2. gr.
Gjaldstofn.

Upphæð gatnagerðargjalds skal miðast við ákveðinn hundraðshluta byggingarkostnaðar per rúmmetra „vísitöluhússins".

Gjaldskráin er háð vísitölu byggingarkostnaðar og skal breytast árlega.

Gjöldin skulu miðast við bráttórúmmál húss.

Rúmmál skal reiknað eftir samþykktum uppdráttum. Sé uppdráttur nýrra húsa ekki fyrir hendi, skal til bráðabirgða miða við þá stærð húss, sem skipulag gerir ráð fyrir, en sé slíkt ekki ákveðið í skipulagi skal miðað við eftirtaldar stærðir:

Einbýlishús ásamt bílgeymslu	500 m^3
Par-, rað-, keðju-, stalla-, tvíbýlis- og þríbýlishús	400 m^3/íbúð
Fjölbýlishús	300 m^3/íbúð

Fyrir önnur hús skal áætla nýtingarhlutfall lóðar 0.3—0.5 eftir nánari ákvörðun bygginga- og skipulagsnefndar hverju sinni, þ. e. ef samþykkt deiliskipulag kveður ekki á um nýtingarhlutfallið.

Meðalhæð skal reikna 3.5 m.

3. gr.
Um afsögn veittrar lóðar og lækkun gatnagerðargjalds.

Óski lóðarhafi eftir að segja sig frá veittri lóð, skal hann eiga rétt á endurgreiðslu á greiddu gatnagerðargjaldi. Heimilt er þó að fresta endurgreiðslunni eins og hér segir:

50% gatnagerðargjaldsins greiðist eftir 6 mán. Eftirstöðvar greiðast eftir 12 mán.

Verði lóðin veitt að nýju innan þess tíma, skal fyrri lóðarhafi fá gatnagerðargjaldið endurgreitt að fullu, þegar sú lóðarúthlutun fer fram.

Gatnagerðargjaldi fylgir lögveð í fasteign þeirri, sem það er lagt á samanber lög nr. 51/1974, og gengur það ásamt vöxtum fyrir öllum veðkröfum, sem á eigninni hvíla og tekur einnig til vátryggingafjár eignarinnar.

Heimilt er að taka gjöld samkvæmt lögum þessum lögtaki skv. lögum nr. 29/1885.

4. gr.
Um ágreining.

Sveitarstjórn sker úr ágreiningi er rísa kann um álagningu og innheimtu samkvæmt reglugerð þessari.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af sveitarstjórn Suðureyrarhrepps, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51/1974 til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut kunna að eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 7. febrúar 1977.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Skúli Sigurðsson.

GJALDSKRÁ

fyrir gatnagerðargjald A á Suðureyri.

1. gr.

Gjaldstuðlar til A-gjalds:

Einbýlishús rúmmál allt að 550 m^3	7.0%
Einbýlishús rúmmál umfram 550 m^3	10.0%
Tvíbýlishús 2 hæðir	4.5%
Þríbýlishús 3 hæðir	4.0%
Fjölbýlishús	1.8%
Par-, rað- og keðjuhús 1 hæð	6.0%
Par-, rað- og keðjuhús 2 hæðir	4.5%
Stallahús	5.0%
Verslunar- og skrifstofuhús	8.0%
Skemmubyggingar 1 hæð	3.0%
Annað atvinnuhúsnæði	2.5%

Af kjöllurum, jarðhæðum og rishæðum, sem ekki eru notaðar til íbúðar eða atvinnureksturs svo og bifreiðageymslum skulu gjöld samkvæmt 1. mgr. vera 50% af gjaldstuðli viðkomandi húss.

2. gr.

Gjaldeining og vísitöluákvæði.

Gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari skulu miðuð við byggingarkostnað „vísitöluhússins" og er sá kostnaður kr. 21 193.00 per. rúmmetra miðað við vísitölu 119 stig 1. okt. 1976.

Sveitarstjórn skal vera heimilt að hækka eða lækka gjaldstuðlana sbr. 1. mgr. 1. gr. hvern um sig eða alla í einu, um allt að 50% án frekari staðfestingar ráðuneytisins.

3. gr.

Um gjalddaga og gjaldfrest.

Sveitarstjórn setur reglur um gjalddaga við hverja úthlutun lóða og tekur ákvörðun um gjaldfrest.

Gatnagerðargjaldi fylgir lögveð í fasteign þeirri, sem það er lagt á samanber lög nr. 51/1974, og gengur það ásamt vöxtum fyrir öllum veðkröfum, sem á eigninni hvíla og tekur einnig til vátryggingarfjár eignarinnar. Heimilt er að taka gjöld samkvæmt lögum þessum lögtaki skv. lögum nr. 29/1885.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af sveitarstjórn Suðureyrarhrepps, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51/1974 til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 7. febrúar 1977.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Skúli Sigurðsson.

AUGLÝSING

um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á breytingu á samþykkt fyrir Byggingarsamvinnufélag atvinnubifreiðastjóra.

Samkvæmt lögum nr. 58 30. apríl 1973 um breytingu á lögum nr. 30 12. maí 1970 um Húsnæðismálastofnun ríkisins hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á samþykkt fyrir Byggingarsamvinnufélag atvinnubifreiðastjóra í Reykjavík og nágrenni, sem staðfest var af ráðuneytinu 2. apríl 1971.

1. gr. samþykktar félagsins breytist þannig, að í stað inn fyrir „Félagið heitir Byggingarsamvinnufélag atvinnubifreiðastjóra í Reykjavík og nágrenni, skammstafað B. S. A. B.", kemur „Félagið heitir Byggingarsamvinnufélagið Aðalból, skammstafað **B. S. A. B.**".

Staðfest 1. febrúar 1977.

Félagsmálaráðuneytið, 8. febrúar 1977.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Jón Sigurpálsson.

Nr. 106. 10. febrúar 1977.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um notkun eiturefna og hættulegra efna í landbúnaði og garðyrkju og til útrýmingar meindýra nr. 132/1971.

1. gr.

5. gr. 5. málsgr. reglugerðarinnar orðist svo:

Ráðherra getur, að fenginni umsögn landlæknis og eiturefnanefndar, veitt lyfsölum leyfi til þess að versla með efni og efnasamsetningar í hættuflokkum X, A og B, enda mæli sérstakar ástæður með veitingu slíkra leyfa ,t. d. mikil fjarlægð frá viðurkenndri sölubúð. Slík leyfi gilda til 5 ára í senn. Þau má takmarka við sölu á tilteknum efnum í X eða A hættuflokkum eða við sölu á efnum og efnasamsetningum í B hættuflokki eingöngu. Ákvæði b- og c-stafliða 3. málsgr. eiga ekki við um lyfjabúðir sem fengið hafa slík söluleyfi, sbr. og 17. gr. stafliður f í reglugerð um búnað og rekstur lyfjabúða nr. 151/1968.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 14. gr. laga um eiturefni og hættuleg efni nr. 85/1968 og öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 10. febrúar 1977.

Matthías Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

GJALDSKRÁ

yfir gjald af einkasöluvörum.

Áhöfnum og farþegum sem við komu til landsins hafa meðferðis meira magn af einkasöluvörum en heimilt er án greiðslu gjalda, sbr. ákvæði 6. gr. reglugerðar nr. 272/1969 og 2. gr. reglugerðar nr. 362/1975, skal heimilt að greiða einkasölugjald samkvæmt gjaldskrá þessari af því magni sem umfram er, enda hafi viðkomandi vörum verið framvísað við tollgæslu áður en tollskoðun hófst á farangri viðkomandi:

		0,375 l	0,75 l
A. Áfengi:			
1. Rauðvín, hvítvín, heit vín, vermouth og aperitivar	kr.	500	1000
2. Íslenskar áfengistegundir	—	1350	2450
3. Koníak, brandy, whisky, vodka, gin, genever, rom, líkjörar svo og aðrar sterkar tegundir, ót. a.	—	2150	3600

B. Tóbak:		
1. Reyktóbak	kr.	2400 pr. tylft eða lb.
2. Vindlingar	—	1850 pr. karton
3. Smávindlar	—	200 pr. 10 stk.
Meðalstærð	—	600 pr. 25 stk.
Vindlar aðrir	—	1000 pr. 25 stk.

Sé um að ræða aðrar pakkningar en að ofan greinir skal greitt hlutfallslega.

Gjaldskrá þessi er sett skv. heimild í 5. mgr. 76. laga nr. 59/1969 um tollheimtu og tollaeftirlit til að öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt er úr gildi numin gjaldskrá nr. 107/1976 um sama efni.

Fjármálaráðuneytið, 10. febrúar 1977.

F. h. r.
Þorsteinn Geirsson.

Björn Hafsteinsson.

10. febrúar 1977. Nr. 108.

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Mosfellshrepps.

I. KAFLI

1. gr.

Hitaveita Mosfellshrepps selur afnot hitaorku úr hitaveitukerfum þeim, sem gerð hafa verið eða verða gerð í Mosfellssveit og til þeirra húsa, sem fá vatn frá aðfærsluæð, eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari sbr. og reglugerð fyrir Hitaveitu Mosfellshrepps.

2. gr.

Hitaveita Mosfellshrepps lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar, í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til hitunar á húsinu, enda séu ofnar hússins nægilega stórir að dómi hitaveitunnar. Hitaveitan lætur setja stillanlegan hemil fyrir hámarksrennsli til hvers upphitunarkerfis og miðast gjald hitaveitunnar, fyrir selda orku við það hámark sem hemillinn er stilltur.

3. gr.

Einungis starfsmenn hitaveitunnar mega breyta stillingu vatnshemils. Hitaveitan breytir stillingu hemils eftir óskum húseiganda fyrstu tvo mán., sem hús hans er tengt við hitaveitukerfið, en síðar verður hemilstillingu að jafnaði einungis breytt einu sinni á ári, 1. desember ár hvert. Hámarksstilling hemils gildir allt árið þótt orkunotkun verði minni hluta úr ári.

II. KAFLI

4. gr.

Gjald fyrir afnot heita vatnsins er sem hér segir:

A. Fastagjald kr. 330.00 á mánuði fyrir hvern aðalhemil.

B. Vatnsgjald kr. 840.00 á mánuði fyrir hvern mínútulítra á hámarksstillingu hemils, sem skiptist þannig:

Flutningsgjald	kr.	280.00
Heitt vatn	—	560.00

5. gr.

Hitaveitugjöld skv. 4. gr. verða krafin annan hvern mánuð, og skulu þau greiðast til innheimtumanns eða innheimtustofnunar, sem sveitarstjórn ákveður. Það eru vanskil, ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 15 daga frá gjalddaga.

III. KAFLI

6. gr.

Heimæðagjald Hitaveitu Mosfellshrepps skal vera sem hér segir, fyrir eina heimæð: kr. 195 800.00.

Heimæðagjald skal greiðast þegar heimæð hefur verið lögð, áður en hún tengist hitakerfi hússins skv. þá gildandi gjaldskrá.

7. gr.

Gjöld skv. 6. gr. eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar 2 184 stig. Er hitaveitunefnd heimilt að breyta þeim í samræmi við þær breytingar, sem á nefndri vísitölu verða. Að óbreyttum nú gildandi lögum um verðstöðvun, er hækkun gjalda skv. þessari gr. háð samþykki ríkisstjórnarinnar. (1975).

8. gr.

Nú eru leyfð afnot hitaveitunnar til annars en húshitunar, og er þá hitaveitunefnd heimilt að ákveða gjald fyrir þau afnot sérstaklega í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

9. gr.

Öll gjöld samkv. gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

10. gr.

Hitaveitan hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð notanda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirrætlun um lokun ber að tilkynna með 3 daga fyrirvara.

Allan kostnað við lokun og opnun á ný greiðir sá, sem í vanskilum er, kr. 1 100.00 í hvert skipti.

11. gr.

Eftirlitsmanni Hitaveitu Mosfellshrepps skal, hvenær sem er, frjáls aðgangur að öllum hitakerfum, sem tengd eru við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt er af hitaveitunefnd og sveitarstjórn Mosfellshrepps staðfestist hér með skv. Orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá sama efnis nr. 98 24. mars 1975.

Iðnaðarráðuneytið, 10. febrúar 1977.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

10. febrúar 1977. Nr. 109.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um gerð lyfseðla og afgreiðslu lyfja nr. 338 20. nóv. 1973.

1. gr.

5. gr. stafliður j orðist svo:

Þegar lyf er afgreitt í fyrsta skipti eftir lyfseðli, skal auðkenna hann stimpli lyfjabúðarinnar. Dagsetningar afgreiðslu skal geta á lyfseðlinum.

Verð lyfs skal ávallt rita á lyfseðil. Hæfilegt verð umbúða, samkvæmt gildandi reglum lyfjaverðskrár, skal vera innifalið í verði lyfsins.

2. gr.

6. gr. reglugerðarinnar, 2. töluliður orðist svo:

Eigi má ávísa einstaklingi í einu þeim ávana- og fíknilyfjum, er nú verða talin, eða söltum þeirra, í meira magni eða stærri einstökum skömmtum en hér greinir:

I. Diazepamum. Óheimilt er að ávísa hylkjum, skömmtum eða töflum í stærri einstökum skömmtum en 5 mg, og ekki í meira magni en sem svarar 0.5 g af hinu virka efni.
II. Nitrazepamum. Hámarksmagn á lyfseðli 0.25 g.
III. Medazepamum. Hámarksmagn á lyfseðli 0.5 g.
IV. Chlordiazepoxidum og Oxazepamum. Hámarksmagn á lyfseðli 1.0 g.
V. Flurazepamum. Hámarksmagn á lyfseðli 1.5 g.
VI. Aethallymalum, Allypropymalum, Diallymalum, Hexemalum, Heptamalum, Meballymalum, Mebumalum og Pentymalum. Hámarksmagn á lyfseðli 3.0 g.
VII. Apronalum, Diemalum, Enhexymalum, Glutethimidum, Methaqualonum og Secumalum. Hámarksmagn á lyfseðli 5.0 g.
VIII. Meprobamatum. Hámarksmagn á lyfseðli 20 g.
IX. Carisoprodolum, Methocarbamolum og Phenprobamatum. Hámarksmagn á lyfseðli 25 g.

3. gr.

8. gr. 15. töluliður m-liðs orðist svo:

Própanól, ísóprópanól og joðáburð skal auðkenna rauðum merkimiða og auk þess tveimur aðvörunarmiðum: **Varúð — Hættulegt með** ljósu letri á dökkum grunni, og **Varúð — Geymið þar, sem börn ná ekki til**, með rauðum bókstöfum á ljósum grunni.

4. gr.

8. gr. 20. töluliður m-liðs orðist svo:

Lyf þau, sem seld eru í lausasölu með undanþágu samkv. viðauka I, töflur, sem selja má í lausasölu og eru annað hvort sykurhúðaðar eða litaðar og járnlyf, til inntöku, skulu öll auðkennd aðvörunarmiða með rauðu letri á ljósum grunni:

Varúð — Geymið þar, sem börn ná ekki til.

5. gr.

Við 10. gr. staflið a bætast eftirtalin lyf í upptalningu:

Kalii jodidum.

Natrii jodidum.

6. gr.

Í viðauka I falla niður undanþágur varðandi lausasölu joðs og Tinctura opii benzocia.

7. gr.

Ákvæði í viðauka I um lausasölu fenasóns og noskapíns orðist svo:

Lyf eða samsetningar	Samsetningar er selja má í lausasölu	Athugasemdir	Dæmi
Phenazonum	Lyf í afmældum skömmtum	Einstakur skammtur mest 1 g	Dosipulveres phenazoni 1 g DD63 Tablettae coffeini phenazoni DD63
Noscapinum	Saftir, ekki yfir 1 mg/ml að styrkleika	Áletrun: Hóstasaft. 1 matskeið mest 3 sinnum á sólarhring handa fullorðnum. Gefið börnum aðeins eftir læknisráði.	Syrupus noscapini.

8. gr.

Viðauki 2 við reglugerðina fellur niður.

9. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 23. gr. lyfsölulaga nr. 30 29. apríl 1963 og öðlast gildi 15. mars 1977, nema hvað varðar ákvæði 2. gr., er taka gildi 1. maí 1977.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 10. febrúar 1977.

Matthías Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á frystum hörpudiski fyrir framleiðslutímabilið 1. janúar til 15. maí 1977.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á frystum hörpudiski fyrir framleiðslutímabilið 1. janúar til 15. maí 1977:

	Ísl. kr. á lb. Cif.
Lausfrystur hörpudiskur	331.47
Blokkfrystur hörpudiskur	308.61

Verðbil verður 2½%.

Greiðslur í sjóðinn eða úr miðast við 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu eða frádregnu verðbili.

Sjávarútvegsráðuneytið, 11. febrúar 1977.

F. h. r.
Jón L. Arnalds.

Gylfi Þórðarson.

10. febrúar 1977. Nr. 111.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á freðfiski fyrir framleiðslutímabilið 1. janúar til 30. júní 1977.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á freðfiski fyrir framleiðslutímabilið 1. janúar til 30. júní 1977:

Þorskur:	Ísl. kr. á lb. Cif.
4×14 m/r interl.	147.85
4×14 r/l og 8×7 r/l	161.49
10×5, 3×18, 4×12 og 4×13	207.50
5×10	207.50
4×16	187.04
4×15	216.03
12×1	207.50
Blokk	183.87
Blokk 24½	187.76
Ýsa:	
4×14 m/r interl.	158.23
10×5 og 4×13	207.50
3×18	216.03
12×1	207.50
Blokk	193.55
Blokk 24½	197.42

	Ísl. kr. á lb. Cif.
Steinbítur:	
8×7 r/l	121.20
10×5	212.24
12×1	212.24
Blokk	164.52
Karfi:	
8×7 m/r	121.20
10×5 r/l	156.34
10×5 m/r	152.93
10×5 m/r og m/b (Sea Star)	142.69
4×10 m/r og m/b flokkað (Sea Star)	151.22
5×8 m/r og b/l	190.45
12×1 r/l	156.34
12×1 m/r flokkað	165.62
1×25	138.34
4×12	138.34
Blokk	131.62
Ufsi:	
8×7 r/l	90.26
4×6 kg. r/l	94.56
10×5	113.70
4×12	113.70
Blokk	108.02
Blokk 24½	108.02
Langa:	
8×7 r/l	121.20
10×5	161.08
Blokk	145.18
Grálúða:	
6×10	126.39
Heilfryst	86.87
Blokk U.S.S.R.	121.20
Blokk U.S.A.	126.96
Heilfrystur fiskur	55.86

Verðbil verður 4%, miðað við verðhækkun eingöngu.

Greiðslur í sjóðinn miðast við 62.5% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu verðbili, en greiðslur úr sjóðnum miðast við 62.5% af verðbreytingu frá grundvallarverði án verðbils.

Sjávarútvegsráðuneytið, 10. febrúar 1977.

F. h. r.
Jón L. Arnalds.

Gylfi Þórðarson.

GJALDSKRÁ

fyrir Rafveitu Keflavíkur og Rafveitu Gerðahrepps.

I. RAFORKA

Rafveita Keflavíkur og Rafveita Gerðahrepps selja raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. Lýsing.

1.1. Um kWst.-mæli á kr. 52.80 hver kWst.
1.2. Um kWst.-mæli á kr. 20.65 hver kWst., auk fastagjalds, er nemi kr. 230.00 á ári af hverri einingu gólffletar í rúmi því, sem lýsa skal. Fyrir verslanir, vinnustofur og skrifstofur skal reikna 1 fermetra í hverri einingu, en fyrir geymslur og ganga 3 fermetra.

B. Almenn heimilisnotkun.

2.1. Um kWst.-mæli á kr. 13.20 hver kWst.

C. Vélanotkun.

3.1. Um kWst.-mæli á kr. 29.30 hver kWst. Hafi vélarnar mjög stuttan notkunartíma, má krefjast minnsta ársgjalds kr. 5 261.00 hvert uppsett kW vélanna.
3.2. Til fiskiðnaðar, með fasttengdum vélum kr. 12.00 hver kWst.
3.3. Ef uppsett rafvélaafl fasttengdra véla við fisk-, kjöt- eða mjólkuriðnað er yfir 20 kW:
   a. Um kWst.-mæli á kr. 8.46 hver kWst., enda megi rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag, á tímum mesta álags rafveitunnar, um hádegið og síðdegis, en þó ekki lengur en 1½ klst. í senn. Notandi kosti klukkurofa fyrir vélalagnir eða tvígjaldsmæli, sem settur er til eftirlits með að rofið sé á tilsettum tíma.
   b. Um tvígjaldsmæli á kr. 50.15 hver kWst. í 1½ klst. tvisvar sinnum á tímum mesta álags rafveitunnar, en þó ekki lengur en 1 klst. í senn, en 9.36 kr. hver kWst. utan þess tíma.
3.4. Um mæli á kr. 10 824.00 fyrir hvert kW. mesta notaðs afls á árinu, mælt sem 15 mínútna meðalálag og auk þess kr. 5.71 á notaða kWst.
3.5. Ef ekki eru tök á að mæla mesta notaða afl má selja þannig:
   Um mæli á kr. 7 098.00 fyrir hvert uppsett kW. vélanna og auk þess kr. 5.71 á notaða kWst. Ef fasviksstuðull er lægri en 0.85 getur rafveitan krafist af notanda að hann sé hækkaður upp í það gildi.
   Heimilt er að banna notkun rafsuðuspenna og annarra straumfrekra tækja, sem valda truflunum og/eða takmarka notkun þeirra við tiltekinn tíma sólarhrings.

D. Hitun.

4.1. Um kWst.-mæli á kr. 5.86 hver kWst., án rofs.
4.2. Um kWst.-mæli á kr. 2.93 hver kWst., enda megi þá rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag, á tímum mesta álags rafveitunnar, en þó eigi lengur en 1½ klst í senn.
Heimilt er að taka lesta- og bryggjugjald af fiskiskipum minni en 400 brúttórúmlestir, sem árgjald í heimahöfn, kr. 620.00 af hverri brúttórúmlest.

Gjalddagi árgjalda er 1. apríl ár hvert.

Skip þau, er getur í síðustu mgr. 1. gr. eru undanþegin bryggjugjaldi.

3. gr.

5. gr. orðist þannig:

Hafnsögugjöld skulu greidd samkvæmt eftirfarandi gjaldskrá:

a. Fyrir leiðsögn til hafnarinnar, að bólvirki eða lægi, kr. 2 300.00 fyrir hvert skip, auk kr. 5.80 fyrir hverja brúttórúmlest. Fyrir leiðsögn frá bólvirki eða lægi og úr höfninni greiðist sama gjald.
b. Fyrir leiðsögn um höfnina skal greiða hálft gjald samkvæmt lið a.
c. Auk þess skal hvert skip, sem fær hafnsögumann, greiða kr. 500.00 í hafnsögusjóð.

4. gr.

Gjöld samkvæmt vörugjaldskrá í 10. gr. skulu vera sem hér segir:

1. Fyrir vörur í 1. flokki kr. 210.00 fyrir hver 1000 kg.
2. Fyrir vörur í 2. flokki kr. 445.00 fyrir hver 1000 kg.
3. Fyrir vörur í 3. flokki kr. 1 230.00 fyrir hver 1000 kg.
4. Fyrir vörur í 4. flokki kr. 120.00 fyrir hvern rúmmetra.
5. Gjald skv. 5. flokki skal vera 0.85%.

Lágmarksgjald skv. 2. mgr. 5. fl. skal vera kr. 100.00.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 45 24. apríl 1973, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 194 11. maí 1976.

Samgönguráðuneytið, 21. febrúar 1977.

Halldór E. Sigurðsson.

Kristinn Gunnarsson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 343 12. desember 1972 um holræsi í Neskaupstað.

1. gr.

6. gr. hljóði svo:

Kostnaður allur við holræsakerfið greiðist úr bæjarsjóði. Til að standast þann kostnað ber húseigendum, sem húseignir eiga að eða í námunda við götu, veg eða annað opið svæði, sem holræsi er lagt í, að greiða árlegt holræsagjald o.15% af fasteignamati húsa og lóða, skv. lögum um fasteignamat og fasteignaskráningu nr. 28 29. apríl 1963.

Upphæð holræsagjalds skal þó aldrei vera lægri en kr. 1 000.00 — eitt þúsund krónur — af einbýlishúsi, af íbúðarhúsi með tveim íbúðum eða fleiri, skal lægsta gjald vera kr. 600.00 — sex hundruð krónur — af íbúð.

Holræsagjaldið miðast við byggingarvísitölu 1986 stig að breytist einu sinni á ári til samræmis við byggingarvísitölu, eins og hún er í árslok hverju sinni.

Hækkanir samkvæmt þessari málsgrein mega ekki vera hærri en 50% án staðfestingar ráðuneytis.

Reglugerðarbreyting þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Neskaupstaðar staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 17. febrúar 1977.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Skúli Sigurðsson.

17. febrúar 1977. Nr. 128.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 342 12. desember 1972 fyrir Vatnsveitu Neskaupstaðar.

1. gr.

8. gr. hljóði svo:

Vatnsskatt skal greiða af öllum húseignum á vatnsveitusvæðinu, sem vatni er veitt í eða næst til vatnsæðar frá. Skal hann vera 0.20% af fasteignamati húsa og lóða samkv. lögum um fasteignamat og fasteignaskráningu nr. 28 29. apríl 1963. Lágmarksvatnsskattur skal vera kr. 2 000.00 á ári.

2. gr.

9. gr. hljóði svo:

Vatnsveitan getur þar sem ástæða þykir til, selt vatnsnot samkvæmt mæli fyrir kr. 5.00 hverja smálest.

Árleg leiga af vatnsmælum skal nema kr. 2 000.00.

3. gr.

10. gr. hljóði svo:

Fyrir tímabundin eða sérstök vatnsnot skal greiða, sem hér segir, auk vatnsskatts.

a) Vatnsnotkun í steypu til mannvirkjagerðar og iðnaðar fyrir hver 100 kg. sementsnotkun kr. 10.00.
b) Fyrir þvottaplön, sem rekin eru til þvotta á bifreiðum t. d. í sambandi við eldneytissölur, skal greiða kr. 10 000.00 á ári fyrir vatnsnotin.
c) Fyrir vatnsnotkun í sláturhúsum skal greiða kr. 4.00 fyrir hverja slátraða sauðkind.
d) Fyrir vatnsnotkun við síldarsöltun skal greiða kr. 20.00 á uppsaltaða tunnu síldar. Sama gjald er fyrir tunnu af söltuðum hrognum. Fyrir sjósaltaða síld, sem lögð er á land til pökkunar og pæklunar, skal greiða kr. 10.00 fyrir hverja útskipaða tunnu.
e) Fyrir vatnsnotkun til bræðslu síldar, loðnu eða annars bræðslufisks skal greiða kr. 25.00 fyrir hvert landað tonn.
f) Vatnsnot við fiskverkun skal greiða með kr. 50.00 á hverja smálest af innvegnum fiski.
g) Vatnsnot til mjólkurvinnslu skal greiða með kr. 50.00 á hverja 1000 lítra af innveginni mjólk.
h) Fyrir hverja smálest af vatni til skipa greiðist kr. 50.00.
Lágmarksgjald kr. 2 000.00 — tvö þúsund krónur —.
i) Greiðsla fyrir önnur vatnsnot, en hér eru talin, fer eftir ákvörðun bæjarráðs.

4. gr.

13. gr. hljóði svo:
Framantalin gjöld samkv. 8., 9. og 10. gr. eru miðuð við byggingarvísitölu 1986 stig 1. nóv. 1975 og breytast einu sinni á ári til samræmis við byggingarvísitöluna, eins og hún er 1. nóv. ár hvert, þó má hækkunin ekki nema meira en 50% án samþykkis ráðuneytisins.

Reglugerðarbreyting þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Neskaupstaðar staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 17. febrúar 1977.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Skúli Sigurðsson.

Nr. 129. 28. febrúar 1977.

GJALDSKRÁ

fyrir afnot flugvalla.

1. Gildissvið.

1.1. Gjaldskrá þessi gildir fyrir afnot flugvalla á Íslandi, annarra en Keflavíkurflugvallar.
1.2. Gjöld fyrir millilandaflug verða innheimt fyrir afnot flugvallanna við Akureyri, Egilsstaði, Hornafjörð, Reykjavík og Sauðárkrók.
1.3. Gjöld fyrir innanlandsflug verða innheimt fyrir afnot flugvallanna við Akureyri, Egilsstaði, Hornafjörð, Húsavík, Ísafjörð, Patreksfjörð, Reykjavík, Sauðárkrók og Vestmannaeyjar.

2. Lendingargjald.

2.1. Fyrir hverja skráða lendingu loftfars í millilandaflugi á flugvöllum, sem upp eru taldir í gr. 1.2., skal greiða gjald samsvarandi 3.47 Bandaríkjadölum fyrir hver byrjuð 1000 kg af þunga þess.
2.2. Fyrir hverja skráða lendingu loftfars í innanlandsflugi á flugvöllum, sem upp eru taldir í gr. 1.3., skal greiða kr. 150.00 fyrir hver byrjuð 1000 kg. af þunga þess.
2.3. Fyrir notkun flugvallar utan auglýsts þjónustutíma er flugmálastjórn heimilt að innheimta viðbótar-lendingargjald vegna tilfallandi launakostnaðar við flugvallar- og/eða flugumferðarþjónustu.

3. Stæðisgjald.

3.1. Stæðisgjald er ekkert fyrir fyrstu 6 klst.
3.2. Fyrir næstu 24 klst., eða brot þar af, skal fyrir loftfar í millilandaflugi greitt stæðisgjald samsvarandi 1.00 Bandaríkjadal fyrir hver byrjuð 1000 kg. af þunga þess.

4. Undanþágur.

Eftirfarandi undanþágur eru veittar frá lendingar- og stæðisgjöldum:
4.1. Loftför í sjúkraflugi eða leitar- og björgunarflugi.
4.2. Loftför, sem verða að snúa við til brottfararflugvallar vegna veðurs eða annarra orsaka.
4.3. Loftför, sem lenda eftir að hafa farið prófflug eftir viðgerð, enda hafi ekki verið lent á öðrum flugvelli.
4.4. Loftför, sem eingöngu flytja erlenda þjóðhöfðingja eða aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna og fylgdarlið þeirra.
4.5. Eins-hreyfils loftför í innanlandsflugi, sem ekki hafa skráð fleiri en fjögur sæti.
4.6. Loftför í eigu íslenska ríkisins eða eru rekin af því.
4.7. Að öðru leyti er flugmálastjórn heimilt að fella niður lendingar- og stæðisgjöld, þegar sérstaklega stendur á.

5. Þjónustugjald.

5.1. Heimilt er að innheimta þjónustugjald af loftförum í millilandaflugi samkvæmt gjaldskrá staðfestri af samgönguráðuneyti.
5.2. Sé þjónustugjald ekki innheimt af flugmálastjórn, skal það greitt til félags, sem hlotið hefur heimild flugmálastjórnar til að annast þjónustu við loftför í millilandaflugi.

6. Eldsneytisgjald.

6.1. Af öllu eldsneyti, sem ætlað er til notkunar í innanlandsflugi, skal greiða flugmálastjórn gjald sem hér segir:
a) Flugbensín ..... kr. 1.00 á hvern lítra.
b) Þotueldsneyti ..... — 0.70 á hvern lítra.
6.2. Gjald þetta greiðir hlutaðeigandi olíufélag mánaðarlega til flugmálastjórnar.

7. Flugskýlisgjald.

7.1. Fyrir afnot flugskýlis á vegum flugmálastjórnar skal greiða eftirfarandi leigugjöld fyrir hver byrjuð 1000 kg af þunga loftfarsins:
a) Innanlandsflug: kr. 150.00 fyrir hvern byrjaðan sólarhring, eða kr. 2 250.00 á mánuði.
b) Millilandaflug: samsvarandi 2.20 Bandaríkjadölum fyrir hvern byrjaðan sólarhring.

7.2. Flugskýlisgjöld samkvæmt gr. 7.1. miðast við óupphituð flugskýli. Sé flugskýli upphitað er hitunarkostnaður innheimtur sérstaklega.
7.3. Fyrir afnot heilla flugskýla eða tiltekinna hluta þeirra, svo og fyrir afnot annarra bygginga og lóða á vegum flugmálastjórnar, skal greiða leigugjöld samkvæmt leigusamningi milli flugmálastjórnar og leigutaka. Upphæð leigugjalda skal almennt við það miðuð að þau standi straum af tilkostnaði flugmálastjórnar við umrædd mannvirki.

8. Almenn ákvæði.

8.1. Þar sem getið er um þunga loftfars er átt við leyfilegan hámarksþunga þess eins og hann er skráður í lofthæfisskírteinið.
8.2. Gjöld sem ekki eru staðgreidd, verða innheimt með útsendingu reikninga eða gíróseðla. Greiðslu ber að inna af hendi innan 30 daga frá útsendingardegi reiknings eða gíróseðils. Verði gjöld ekki greidd á gjalddaga er flugmálastjórn heimilt að stöðva notkun loftfara hlutaðeigandi flugrekanda.

9. Gildistaka.

9.1. Gjaldskrá þessi sem sett er samkvæmt 78. gr. laga um loftferðir nr. 34/1964, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Jafnframt eru felldar úr gildi gjaldskrá fyrir nánar tiltekna flugvelli og sjóflughafnir nr. 183 18. október 1951, gjaldskrá fyrir Reykjavíkurflugvöll nr. 211 15. júní 1973 og auglýsing um breytingu á þeirri gjaldskrá nr. 334 16. júlí 1975.

Samgönguráðuneytið, 28. febrúar 1977.

Halldór E. Sigurðsson.

Birgir Guðjónsson.

Nr. 130. 17. febrúar 1977.

VIÐAUKI

við Byggingasamþykkt fyrir Þingvallahrepp, Grímsneshrepp og Grafningshrepp í Árnessýslu.

Um sumarbústaði.

1. gr.

Sumarbústaður skv. samþykkt þessari er hús, sem aðeins er ætlað til samfelldrar dvalar að sumri til, en á öðrum tímum árs aðeins endrum og eins, einkum um helgar.

2. gr.

Reisa má sumarbústaði á þeim svæðum í hreppum, þar sem slíkt er ákveðið í aðalskipulagi, svo og á þeim svæðum öðrum, þar sem hreppsnefnd og skipulagsstjórn ríkisins samþykkja.

3. gr.

Nú óskar eigandi (eigendur) lands, þar sem reisa má sumarbústaði, heimildar til að skipta því í sumarbústaðalönd, og skal hann þá senda hreppsnefnd uppdrátt af landinu ásamt tillögum sínum um skipulag landsins í stórum dráttum, sbr. reglugerð nr. 217/1966 25. gr.

Ef hreppsnefnd eða skipulagsstjórn geta ekki fallist á tillögur skv. 1. mgr., skal hún svo fljótt sem verða má tilkynna landeiganda hverju hún telur áfátt.

4. gr.

Hreppsnefnd getur ákveðið, að landeigandi leggi fram land undir vegi og sameiginleg útivistarsvæði allt að ⅓ af heildarflatarmáli þeirra sumarbústaðalanda, er samþykkt hennar nær til, sbr. 30. gr. í lögum nr. 19/1964.

5. gr.

Þegar hreppsnefnd og skipulagsstjórn hafa samþykkt tillögu að skipulagi landsins og heimilað skiptingu, skv. 3. gr., skal eigandi láta gera uppdrátt að hverju landi fyrir sig, sem hann selur eða leigir, í mælikvarða ekki minni en 1:1000, og skal sá uppdráttur fylgja afsali.

Á uppdrætti skal sýna:

1. Hugsanlega staðsetningu húss, bílastæða og bílskýlis, ef um slíkt verður að ræða.
2. Vatnsból (þar með taldar borholur eftir vatni), sem kunna að vera á landinu eða í næsta nágrenni þess, ef hætta er talin á mengun þess.
3. Fyrirhugaða rotþró, nema sýnt sé fram á að veita megi skolpi brott á annan hátt, en ekki má setja rotþró nær mörkum en 10 metra.
4. Raflínur og aðrar lagnir, sem taka þarf tillit til í sambandi við notkun landsins.
5. Hvar aðkoma að landinu sé fyrirhuguð frá opinberum vegi og hver sé stærð landsins, en að jafnaði skulu sumarbústaðalönd ekki vera minni en 0.5 hektarar, nema í sumarbústaðahverfum, þar skal lágmarksstærð lóðar vera 2000 m^2.

6. gr.

Þegar eigandi sumarbústaðalands ráðstafar slíku landi með afsali eða leigusamningi, skal hann kynna kaupanda (leigutaka) hverjum skilyrðum byggingaleyfi og notkun lands er háð.

Ekki má þinglýsa afsali eða leigusamningi, nema hreppsnefnd hafi hafnað forkaupsrétti (forleigurétti) og staðfest þá ákvörðun með áritun á afsal eða leigusamning. Við áritun og afsal eða leigusamning skal þess gætt að skilyrða, skv. 1. mgr., sé getið í texta eða á viðfestu blaði, þannig að ekki verði um villst.

Í afsali (leigusamningi) eða á viðfestu blaði skal taka fram eftirfarandi atriði eftir því sem þau geta átt við:

1. Til hve langs tíma byggingaleyfið gildir, en hreppsnefnd ákveður þann tíma fyrir hvert einstakt svæði, þar sem heimilt er að reisa sumarbústaði. Leyfistími skal þó aldrei vera lengri en 25 ár í senn.
2. Hámarksstærð sumarbústaðar er 45 m^2. Að jafnaði má hann ekki vera hærri en ein hæð og skulu teikningar af bústaðnum lagðar fram í þríriti ásamt afstöðumynd.
3. Sumarbústaður má ekki standa nær mörkum en 10 metra og ekki vera nær vegi en 15 metra. Girðingar á mörkum skulu vera limgerði eða lágar einfaldar girðingar, nema hreppsnefnd heimili annars konar girðingu.
4. Sumarbústaðir skulu gerðir úr timbri eða öðru léttu efni.
5. Eiganda sumarbústaðar er skylt að ganga frá rotþró eða skolpveitu, olíugeymi vegna upphitunar, þar sem slíkt er leyft og geymslu sorps svo og eyðingu þess (brottflutningi) þannig að fullnægjandi sé að dómi hreppsnefndar (heilbrigðisnefndar).

6. Eiganda er skylt að hlíta reglum, er hreppsnefnd kann að setja um lagnir vatns og frárennslis, rafmagns og síma og annan tæknilegan umbúnað.
7. Eftir að byggingarleyfi er fallið úr gildi, getur hreppsnefnd krafist þess, að sumarbústaður og önnur mannvirki verði fjarlægð henni að kostnaðarlausu. Tilkynna skal slíka ákvörðun með a. m. k. 1 árs fyrirvara.

   Ef sumarbústað er svo illa við haldið eða ásigkomulag hans að öðru leyti þannig, að til verulegrar óprýði er, og eigandi sinnir ekki áminningu um að bæta úr innan hæfilegs tíma, er hreppsnefnd heimilt að láta fjarlægja hann á kostnað eiganda. Heimild er þó háð því að tveir dómkvaddir menn votti, að ástand bústaðarins sé slíkt, sem að framan greinir.
8. Um þrifnað á sumarbústaðalöndum og aðkeyrslu, skulu gilda ákvæði heilbrigðis- og lögreglusamþykkta hreppsins, eftir því sem þær geta átt við.
9. Í leigusamningi eða afsali skal auðkenna land með nafni og/eða númeri, þannig að ekki verði um villst.
10. Jafnframt því, að hreppsnefnd veitir leyfi til skiptingar lands í sumarbústaðalönd greiðir landkaupandi eða leigjandi: Við afhendingu byggingaleyfis í hreppssjóð sérstakt gjald eftir reglum, er hreppsnefnd setur. Gjald þetta skal vera fyrir 25 m² hús kr. 50 000.00, síðan kr. 5 000.00 til viðbótar á hvern fermeter umfram 25 m². Hámarksgjald skal þó vera kr. 125 000.00 og er þá miðað við hámarksstærð, skv. 2. tl. 6. gr.
11. Hreppsnefnd er heimilt að innheimta eftirlitsgjald að fjárhæð kr. 5 000.00 árlega af hverju sumarbústaðalandi vegna nauðsynlegrar gæslu og eftirlits, auk sérstaks gjalds, sem hreppsnefnd ákveður, þegar sorphirðing verður tekin upp.
12. Á gjöld samkvæmt þessari grein má koma álag sem nemur hækkun vísitölu byggingarkostnaðar, eftir að reglugerð þessi öðlast gildi.

7. gr.

Byggingarnefnd veitir byggingaleyfi fyrir sumarbústöðum, og skulu uppdrættir gerðir eftir þeim reglum, sem settar eru í byggingasamþykkt, eftir því sem þær geta átt við.

8. gr.

Nú óskar eigandi lands, þar sem reisa má sumarbústaði, að skipuleggja þar sumarbústaðasvæði, er sé undir stjórn félagssamtaka, og skulu þá gilda reglur 2.—6. gr., eftir því sem þær geta átt við. Heimila má, að land slíks sumarbústaðasvæðis sé óskipt, og er þá leyfilegt að reisa stærri sumarbústaði en segir í 6. gr., þó eigi stærri en 50 m².

Ef um er að ræða sumarbústaðasvæði, eins og að ofan greinir, getur hreppsnefnd áskilið tiltekna samræmda gerð húsa, að því er varðar þök og útlit. Hún getur og áskilið, að á skipulagi séu sýnd sameiginleg leiksvæði, gróðurbelti, gangstígar, bílstæði og annað slíkt. Um gerð og viðhald sameiginlegra mannvirkja, skal höfð hliðsjón af 3. kafla laga nr. 59/1976 um réttindi og skyldur sameigenda í fjölbýlishúsum frá 17. maí 1976.

9. gr.

Nú vill eigandi sumarbústaðalands selja það, með eða án mannvirkja, og hefur þá hreppssjóður forkaupsrétt.

10. gr.

Nú rís ágreiningur milli landeiganda (leigutaka) og hreppsnefndar um skilning á samþykkt þessari eða framkvæmd hreppsnefndar á henni, og sker þá ráðherra úr.

Viðauki þessi, sem samin er og samþykktur af hreppsnefndum Þingvallahrepps, Grímsneshrepps og Grafningshrepps, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 19/1905 sbr. lög nr. 84/1943 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 17. febrúar 1977.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Skúli Sigurðsson.

17. febrúar 1977. Nr. 131.

AUGLÝSING

um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á Byggingasamþykkt fyrir Þingvallahrepp, Grímsneshrepp og Grafningshrepp í Árnessýslu.

Samkvæmt lögum nr. 19 20. október 1905 um byggingarsamþykktir, sbr. lög nr. 84 16. desember 1943 um breytingar á þeim lögum og skipulagslög nr. 19 21. maí 1964, hefur ráðuneytið í dag staðfest Byggingasamþykkt fyrir Þingvallahrepp, Grímsneshrepp og Grafningshrepp í Árnessýslu.

Byggingasamþykkt þessi er í samræmi við fyrirmynd þá, sem félagsmálaráðuneytið hefur staðfest og birt með auglýsingu nr. 23/1967 í B-deild Stjórnartíðinda.

Félagsmálaráðuneytið, 17. febrúar 1977.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Skúli Sigurðsson.

18. febrúar 1977. Nr. 132.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 186 6. júní 1973 um Vatnsveitu Búðardals.

1. gr.

1. mgr. 15. gr. orðist svo:
Vatnsskattur hvers árs fellur í gjalddaga með fasteignaskatti 15. janúar. Greiðist skatturinn ekki á réttum gjalddaga falla á hann dráttarvextir.

Reglugerð þessi sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Laxárdalshrepps staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 15 21. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 18. febrúar 1977.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Skúli Sigurðsson.

REGLUGERÐ

um hækkun bóta almannatrygginga.

1. gr.

Upphæðir bóta almannatrygginga samkvæmt lögum um almannatryggingar nr. 67/1971 með áorðnum breytingum skulu hækka um 8% frá 1. mars 1977 frá því sem þær voru í febrúar 1977. Greiðslur samkvæmt 73. gr. skulu breytast með sama hætti.

Hámark tekjutryggingar (uppbót á lífeyri) samkvæmt 1. mgr. 19. gr. skal hækka um 8% frá sama tíma. Skertar tekjutryggingar umreiknast samkvæmt því.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 78. gr. laga nr. 67/1971.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 25. febrúar 1977.

Matthías Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

2. mars 1977. 205 Nr. 134.

REGLUGERÐ

um netaveiðisvæði á Selvogsbanka.

1. gr.

Skipum, sem stunda veiðar með öðrum veiðarfærum en netum og handfærum eru bannaðar allar veiðar, frá 20. mars til 15. maí 1977, á svæði, sem markast af línum, sem dregnar eru á milli eftirgreindra punkta:

a) 63°18'0 n. br., 21°10'0 v. lgd.
b) 63°13'6 n. br., 20°36'3 v. lgd.
c) 63°05'6 n. br., 20°36'3 v. lgd.
d) 63°10'0 n. br., 21°10'0 v. lgd.

2. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða refsingu samkvæmt 17. gr. laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 5. gr. laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 2. mars 1977.

Matthías Bjarnason.

Jón B. Jónasson.

2. mars 1977. Nr. 135.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 66 24. janúar 1977, um grásleppuveiðar.

1. gr.

Síðasta málsgrein 4. gr. hljóði svo:

Ráðuneytinu er heimilt í veiðileyfum báta frá ákveðnum byggðarlögum, að víkja frá ofangreindum ákvæðum um veiðitíma og veiðisvæði, ef sérstakar ástæður þykja til vegna veiða þeirra undanfarin ár.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 2. mars 1977.

Matthías Bjarnason.

Jón B. Jónasson.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

REGLUGERÐ

um bann við netaveiðum í Faxaflóa og Breiðafirði.

1. gr.

Á eftirgreindum svæðum eru þorskfiskveiðar í net bannaðar allt árið:

a) Í Faxaflóa innan línu, sem dregin er úr Þormóðsskeri í Gölt.
b) Á Breiðafirði innan línu, sem dregin er úr Skorarvita (65°24'9 N 23°57'2 V) um suðvesturhorn Selskers í Eyrarfjall við Grundarfjörð.

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða refsingu samkvæmt ákvæðum laga nr. 44 5. apríl 1948. Mál út af brotum skulu sæta meðferð opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 547 29. desember 1975, um skiptingu veiðisvæða eftir veiðarfærum fyrir Suðvestur- og Vesturlandi.

Sjávarútvegsráðuneytið, 3. mars 1977.

Matthías Bjarnason.

Jón B. Jónasson.

Nr. 137. 3. mars 1977.

REGLUGERÐ

um bann við þorskveiðum með flotvörpu fyrir Suður- og Vesturlandi.

1. gr.

Frá 10. mars til 1. júní 1977 eru þorskveiðar með flotvörpu bannaðar í íslenskri fiskveiðilandhelgi á svæði, sem að austan takmarkast af línu, sem dregin er í réttvísandi austur frá Stokksnesi, og vestur um að línu, sem dregin er í réttvísandi vestur frá Látrabjargi.

2. gr.

Með mál þau, sem rísa út af brotum á reglugerð þessari, skal farið að hætti opinberra mála og varða brot viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 1. gr. laga nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 3. mars 1977.

Matthías Bjarnason.

Jón B. Jónasson.

GJALDSKRÁ

fyrir Vatnsveitu Vestmannaeyja.

Fastagjald.

1. gr.

Fyrir hverja húseign í lögsagnarumdæmi Vestmannaeyja skal árlega greiða vatnsskatt.

Þó skal gjald þetta ekki innheimt fyrr en viðkomandi hús getur fengið vatn úr dreifikerfi vatnsveitunnar.

2. gr.

Vatnsskattur skv. 1. gr. skal vera 0.3% af fasteignamatsverði húss. Hafi fasteignamat ekki farið fram á húsi, sem hægt er að tengja dreifikerfi vatnsveitunnar, áætlar vatnsveitan gjaldið.

Notkunargjald.

3. gr.

Vatnsveitan leggur til vatnsmæla í hvert hús (hverja íbúð) og skal notandi greiða kr. 40.00 fyrir hvern teningsmetra vatns.

Notkunargjald þetta innheimtir Rafveita Vestmannaeyja á tveggja mánaða fresti, og annast mælaaflestur.

Vatn til skipa og báta.

4. gr.

Greiðsla fyrir vatn, sem afgreitt er til skipa og báta í Vestmannaeyjahöfn, skal vera kr. 80.00 fyrir hvern teningsmetra, og auk þess kr. 600.00 í afgreiðslugjald, ef vatnið er afgreitt frá kl. 08.00—17.00 á virkum dögum en kr. 1 200.00 ef afgreiðsla fer fram á öðrum tímum.

Vatn til skipa skal staðgreitt, nema um annað hafi verið samið fyrir fram. Skip, sem fengið hefur vatn afhent, má ekki, að viðlögðum sektum, fara úr höfninni fyrr en vatnið er greitt eða um greiðslu verið samið.

5. gr.

Vatnsveitunni er heimilt að ákveða fast árlegt vatnsgjald fyrir skip og báta, sem heimahöfn eiga í Vestmannaeyjum eða eru að staðaldri gerð þaðan út. Fellur þá niður vatnsgjald skv. 4. grein.

6. gr.

Fyrir önnur vatnsnot en þau, sem að framan eru talin, eða þegar mælingu verður ekki við komið, skal greiða gjald eftir ákvörðun vatnsveitunnar hverju sinni.

Stofngjöld.

7. gr.

Vatnsveitan sér um lagningu heimæða í hús og setur þar upp vatnsmæla á sinn kostnað.

8. gr.

Í stofngjald skal greiða 1% af fasteignamatsverði húss. Hafi endanlegt fasteignamat ekki farið fram, ákveður vatnsveitan gjaldið hverju sinni.

9. gr.

Ef um sérstaklega langar og kostnaðarsamar heimtugar er að ræða, skal húseigandi greiða það, sem talist getur umfram eðlilegan kostnað.

10. gr.

Stofngjald skv. ákvæðum þessarar gjaldskrár skal greitt í einu lagi, áður en tenging við dreifikerfi vatnsveitunnar er framkvæmd.

11. gr.

Stofngjöld skulu greiðast á skrifstofu bæjarsjóðs. Hins vegar mun Rafveita Vestmannaeyja annast innheimtu fastagjaldsins ásamt notkunargjöldum.

12. gr.

Ef loka þarf fyrir vatnsinntak svo sem vegna þess, að notkunar- eða fastagjald hefur ekki verið greitt innan 10 daga frá útsendingu reiknings rafveitunnar eða stofngjald innan tilskilins frests skv. kröfubréfi bæjarsjóðs eða af öðrum þeim ástæðum, sem greindar eru í 10. gr. reglugerðar fyrir Vatnsveitu Vestmannaeyja, skal húseigandi greiða kr. 5 000.00 í opnunargjald áður en enduropnun fer fram.

13. gr.

Bæjarstjórn getur hækkað eða lækkað framantalin gjöld, öll þeirra eða hvert um sig um allt að 50%, án þess að leita þurfi staðfestingar ráðuneytis.

Fiskiðnaður.

14. gr.

Bæjarstjórn getur ákveðið sérstaka gjaldskrá fyrir fiskiðnaðinn og aðra vatnsfreka starfsemi.

15. gr.

Þegar rætt er um fasteignamatsverð í gjaldskrá þessari er átt við fasteignamat það, er öðlaðist gildi um áramótin 1976—1977.

Gjaldskrá þessi, sem bæjarstjórn Vestmannaeyja hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með skv. vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir Vatnsveitu Vestmannaeyja nr. 356 frá 20. nóvember 1974.

Félagsmálaráðuneytið, 28. febrúar 1977.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Skúli Sigurðsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 13 — 1977

21. febrúar 1977. 209 Nr. 139.

SAMÞYKKT

um breyting á samþykkt um sveitarstjóra í Ölfushreppi í Árnessýslu nr. 225 22. okt. 1970.

1. gr.

1. gr. orðist svo:
Hreppsnefnd kýs sveitarstjóra eftir hverjar almennar hreppsnefndarkosningar að undangenginni opinberri auglýsingu um starfið.
Kjörtímabil hans er hið sama og kjörtímabil hreppsnefndar.

Samþykkt þessi sem hreppsnefnd Ölfushrepps í Árnessýslu hefur samið og samþykkt staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 58 29. mars 1961 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 21. febrúar 1977.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Skúli Sigurðsson.

21. febrúar 1977. Nr. 140.

REGLUGERÐ

um búfjárhald á Húsavík.

1. gr.

Búfjárhald (nautgripa, hrossa, svína, geita, sauðfjár og alifugla) er óheimilt innan afgirts, skipulagðs bæjarlands Húsavíkur, nema með sérstöku leyfi bæjarstjórnar. Allt búfjárhald í bæjarlandinu er þó gjaldskylt samkvæmt 5. gr.

2. gr.

Sá sem hyggst sækja um leyfi samkvæmt 1. grein skal senda skriflega umsókn til bæjarstjórnar. Í umsókninni skal gera grein fyrir fjölda búfjárins, geymslu þess og öðru er máli skiptir um öryggi þess og aðhald.

3. gr.

Telji bæjarstjórn að skilyrði séu fyrir hendi skal hún veita leyfið, (til lengri eða skemmri tíma). Má veita það ákveðinn tíma eða tiltaka ákveðinn frest til afturköllunar. Ef leyfishafi brýtur reglur um meðferð búfjár t. d. gætir þess ekki á fullnægjandi hátt, má afturkalla leyfið að undangenginni aðvörun.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

4. gr.

Ef maður heldur búfé án heimildar sem samþykkt þessi nær til, skal lögreglustjóri hlutast til um að það sé tekið úr vörslu hans og er heimilt að selja það á uppboði eða slátra því að undangenginni aðvörun. Sama gildir ef leyfishafi gætir ekki settra reglna um meðferð búfjárins, þannig að það veldur tjóni eða óþrifum.

5. gr.

Bæjarstjórn getur ákveðið að greiða skuli í bæjarsjóð gjald fyrir veitt leyfi þó eigi hærra en kr. 1 000.00 á ári. Gjaldi þessu sé varið til vörslu bæjarlandsins.

6. gr.

Bæjarstjórn skal skylt að láta gera búfjárheldа girðingu umhverfis byggð í bænum og skipuleggja landssvæði fyrir búfjárhald utan þeirra bæjarmarka. Stefnt skal fljótt og skipulega að því að allt búfjárhald flytjist út fyrir ofangreinda girðingu.

7. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varðar sektum allt að kr. 5 000.00. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Húsavíkur staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 44 23. maí 1964, um búfjárhald í kaupstöðum og kauptúnum, til þess að öðlast gildi frá 1. október 1977 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 21. febrúar 1977.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Skúli Sigurðsson.

Nr. 141. 21. febrúar 1977.

REGLUGERÐ

um búfjárhald í lögsagnarumdæmi Akureyrar.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Tilgangur reglugerðar þessarar er að stemma stigu við óhóflegu búfjárhaldi innan lögsagnarumdæmis Akureyrar og tryggja að gróðurlendi bæjarins verði ekki spillt. Skal reglugerð þessi endurskoðuð í síðasta lagi 1982 með tilliti til þess, hvort rétt sé að takmarka búfjárhald enn frekar.

2. gr.

Búfjárhald (nautgripa, hrossa, svína, sauðfjár, geita, alifugla) er óheimilt innan lögsagnarumdæmis Akureyrar, nema með sérstöku leyfi bæjarstjórnar.

3. gr.

Sá sem hyggst sækja um leyfi samkv. 2. gr. skal senda um það umsókn til bæjarráðs. Í umsókninni skal gera grein fyrir fjölda búfjárins, sem óskað er leyfis fyrir, hvernig geymslu þess skuli háttað og öðru, er máli kann að skipta. Leyfisveiting fyrir hesta og sauðfé er háð því, að umsækjandi sé félagi í viðkomandi félaga-

samtökum (hestamanna eða fjáreigenda) og skal vottorð þess efnis fylgja umsókninni.

4. gr.

Nú telur bæjarstjórn að skilyrði til búfjárhalds séu fyrir hendi og getur hún þá veitt leyfi, sem bundið er við tiltekinn hámarksfjölda. Veitt leyfi til búfjárhalds skuldbindur þó Akureyrarbæ ekki til þess að sjá leyfishöfum fyrir beitiandi handa búfé né veita þeim aðra aðstöðu til búfjárhaldsins. Leyfið er veitt til óákveðins tíma, en er uppsegjanlegt með árs fyrirvara miðað við 1. júní ár hvert. Leyfið er háð gildandi reglugerð um búfjárhald á hverjum tíma og er gefið út á nafn og er ekki framseljanlegt.

5. gr.

Bæjarstjórn getur ákveðið, að greiða skuli gjald fyrir veitt leyfi til búfjárhalds. Má ákveða gjald fyrir hvern grip, sem leyfi er veitt fyrir, eða ákveðna upphæð fyrir hvert leyfi.

6. gr.

Sá, sem fær leyfi til búfjárhaldsins samkvæmt reglugerð þessari skal hafa búfé sitt í öruggri vörslu og ber hann ábyrgð á öllu því tjóni, sem það kann að valda.

7. gr.

Ef leyfishafi brýtur reglugerð þessa um meðferð búfjárins, má afturkalla leyfið og getur þá umsjónarmaður hlutast til um að búfé sé tekið úr vörslu eiganda og er heimilt að selja það á opinberu uppboði eða slátra því. Þannig má og fara með búfé, sem ekki hefir verið fengið leyfi fyrir.

8. gr.

Enginn má hafa búfé nema hann hafi yfir það hús, sem samræmist kröfum heilbrigðisreglugerðar. Leyfishafi ber einn ábyrgð á því að hann hafi beitiland handa búfé sínu á sumrum og fóður að vetri svo og allri meðferð búfjárins. Ef búfjáreigandi vill láta búpening ganga úti að vetri eða beita búfé skal það því aðeins heimilt að búfé sé í öruggri vörslu.

9. gr.

Eigendum sauðfjár er gert að greiða árlegt gjald í bæjarsjóð, nefnt búfjárgjald. Ennfremur er þeim skylt að kosta fjallskil og greiða hagatoll ár hvert fyrir beit á Glerárdal. Á sama hátt er eigendum hesta gert að greiða búfjárgjald og hagatoll fyrir beit á Glerárdal. Jarðeignanefnd gerir árlega tillögur til bæjarráðs um upphæð búfjárgjalds og hagatolls. Fyrrgreind gjöld falla í gjalddaga í nóvember ár hvert og skulu reiknuð eftir skýrslum forðagæslumanns. Búfjárgjaldið reiknast fyrir komandi ár en hagatollur fyrir liðið sumar. Forðagæslumaður heldur skýrslu um leyfðan fjölda búfjár. Um upprekstur og beit sauðfjár og hesta á Glerárdal nyrðri ofan fjallsgirðingar og hagtoll fyrir beitarréttindin vísast til samkomulags milli eigenda landsins.

II. KAFLI

Um nautgripahald, svína, geitfjár og alifugla.

10. gr.

Nautgripi skal hafa neðan fjallsgirðingar á afgirtum túnum eða löndum og bera eigendur alla ábyrgð á að þeir sleppi ekki út af löndum þeirra.

11. gr.

Utanhúss skulu svín og alifuglar vera í vönduðum afgirtum girðingum eða stíum.

12. gr.

Vörslu geitfjár utanhúss skal hverju sinni hagað í samráði við umsjónarmann.

III. KAFLI
Um sauðfjárhald.

13. gr.

Félagssamtök fjáreigenda tilnefna trúnaðarmann, sem í samvinnu við umsjónarmann skal fylgjast með, að leyfður fjöldi sauðfjár fari ekki yfir sett hámark og umsækjendur hafi hús og möguleika til fóðuröflunar og aðra nauðsynlega aðstöðu.

14. gr.

Afréttur Akureyrar er Glerárdalur og allt land ofan og vestan fjallsgirðingar þ. e. vestan Hamratúns, Breiðumýrar og jarða norðan Glerár. Réttir eru tvær, Miðhúsarétt vestan Jaðars, sem er aðalrétt og Glerárrétt norðan Glerár, aukarétt. Leyfishafar skulu hafa sem jafnastan rétt til afnota á afrétti Akureyrar sbr. 18. gr.

15. gr.

Óheimilt er að hafa sauðfé neðan afréttargirðingar á tímabilinu 15. júní til 1. september nema með sérstöku leyfi umsjónarmanns og skal slíkt leyfi vera skriflegt. Nauðsynleg skilyrði má setja í leyfið.

16. gr.

Heimilt er umsjónarmanni að láta smala og reka til afréttar fé, sem er neðan fjallsgirðingar eftir 15. júní og ekki er leyfi fyrir samkvæmt 15. gr. Lausagöngufé má reka fyrr til afréttar. Eigendur slíks fénaðar má krefja um allan kostnað, sem af smölun hlýst.

17. gr.

Skyldir eru fjáreigendur að gera fjallskil fyrir allt vetrarfóðrað fé, nema sannanlegt sé að féð hafi verið rekið á aðra afrétt eða gengið í öðrum sumarhögum og getur umsjónarmaður krafist vottorðs þar um. Sá sem fóðrar fé fyrir aðra ber ábyrgð á fjallskilum og búfjárhaldi fyrir það. Vorsmölun er ekki skyld á afrétt Akureyrar. Að öðru leyti fer um fjallskil samkvæmt fjallskilareglugerð Eyjafjarðarsýslu, nr. 310/1973.

18. gr.

Leyfður fjöldi á afrétti (ítala) skal ákveðinn að hausti ár hvert eftir að bæjarráð eða jarðeignanefnd í umboði þess hefur kannað ástand gróðurlendis á Glerárdal. Reynist nauðsynlegt að fækka sauðfé (lækka ítölu) á afrétti, skal að jafnaði fækka sauðfé þeirra einstaklinga, sem eiga fleiri en 10 vetrarfóðraðar kindur og/eða þeirra fjölskyldna, sem eiga fleiri en 20. Ákvæði þetta tekur þó ekki til lögbýlisjarða innan lögsagnarumdæmisins.

IV. KAFLI
Um hestahald.

19. gr.

Félagssamtök hestamanna tilnefna trúnaðarmann, sem í samvinnu við umsjónarmann skal fylgjast með því að leyfður fjöldi hesta fari ekki yfir sett hámark og umsækjendur hafi hús, möguleika til fóðuröflunar og aðra nauðsynlega aðstöðu svo sem beitiland.

20. gr.

Með tilvísun til samkomulags milli eigenda jarðanna Glerár, Hlíðarenda, Hesjuvalla og Lögmannshlíðar, getur bæjarstjórn heimilað hestamannafélagi að beita hestum á afrétt Akureyrar eftir 1. göngur ár hvert (um 15. september). Leyfður fjöldi er nú takmarkaður við 60 hross á norðurdalnum en 40 hross á suðurdalnum og er heimilt að endurskoða þann fjölda ef þurfa þykir. Reynist nauðsynlegt að fækka hestum á afrétti, skal að jafnaði fyrst fækka hestum þeirra einstaklinga, sem eiga fleiri en 2 hross og/eða þeirra fjölskyldna, sem eiga fleiri en 3 á afrétti. Bæjarstjórn getur falið hestamannafélagi eða öðrum að hafa umsjón með leyfisveitingu fyrir hrossbeit á afrétti Akureyrar.

21. gr.

Komi hestar á Glerárdal yfir sumarið fyrir 15. september eru eigendur þeirra skyldir að fjarlægja þá þegar í stað, að öðrum kosti skal umsjónarmaður láta fjarlægja þá á kostnað eigenda.

22. gr.

Skyldir eru hestaeigendur að annast og kosta smölun hesta sinna af afréttinum. Sá, sem fóðrar hesta fyrir aðra, ber ábyrgð á búfjárgjaldi fyrir þá. Smölun hesta af afrétti til réttar skal fara fram fyrir 20. nóvember ár hvert. Að öðru leyti fer um smölun hrossa samkvæmt fjallskilareglugerð Eyjafjarðarsýslu nr. 310/1973.

V. KAFLI

Um byggingar peningshúsa o. fl.

23 gr.

Byggingar peningshúsa eru aðeins leyfðar á skipulögðum búfjársvæðum, sem bundin eru í aðalskipulagi bæjarins. Bæjarráð eða byggingarnefnd gerir tillögur til bæjarstjórnar um veitingu byggingarlóða að fenginni umsögn jarðeignanefndar.

24. gr.

Undantekning frá ofansögðu eru peningshúsabyggingar á lögbýlisjörðum og býlum í bæjarlandinu. Veiting byggingarlóða á þeim fer hverju sinni eftir tillögum bæjarráðs eða byggingarnefndar í umboði þess, umsögn jarðeignanefndar og samþykki bæjarstjórnar.

25. gr.

Bæjarstjórn getur ákveðið bann við öllu búfjárhaldi innan ákveðins svæðis bæjarlandsins, er nái út fyrir hin skipulögðu byggingarsvæði ef þurfa þykir. Geymsla búfjár á erfðafestulöndum þar sem leyft er skv. framansögðu skal því aðeins heimil, að girðingar umhverfis þau séu örugglega fjárheldar. Sama gildir um býli og lögbýlisjarðir.

26. gr.

Halda skal skrá um leigð lönd. Leitast skal við að taka til greina tillögur stjórna hestamanna- og fjáreigendafélaganna um leigu á löndum, sem miða að því að jafna aðstöðu félagsmanna.

27. gr.

Einstaklingar og félög hesta- og fjáreigenda, sem hafa lönd á leigu til grasnytja, skulu leitast við að viðhalda gróðri landsins og efla hann m. a. með því að bera á löndin eftir þörfum. Leigutaki skal gæta þess, að löndin verði aldrei ofbeitt. Umsjónarmaður jarðeigna skal fylgjast með ástandi leigulanda, en getur einnig kvatt til óvilhalla menn, ef ástæða þykir til.

28. gr.

Daglegt eftirlit með jarðeignum bæjarins og vörslu bæjarlandsins skal vera undir stjórn umsjónarmanns jarðeigna bæjarins, eða þess, sem bæjarstjórn ákveður.

29. gr.

Jarðeignanefnd er ráðgefandi um málefni jarðeigna bæjarins, og annað er búfjárhald snertir. Bæjarráð getur falið henni umboð til að gera tillögur til bæjarstjórnar um afgreiðslu erinda um búfjárhald og leigur á löndum til beitar og ræktunar. Nefndin skal skipuð 5 mönnum, tveimur kosnum af bæjarstjórn til 4 ára í senn. Sjálfkjörnir í nefndina eru lóðarskrárritari, umsjónarmaður jarðeigna og bæjarverkfræðingur.

30. gr.

Fjallskilastjórn skipa 5 menn, fjórir kosnir af bæjarstjórn til 4 ára í senn. Sjálfkjörinn í nefndina er umsjónarmaður jarðeigna, sem jafnframt er formaður nefndarinnar eða staðgengill hans, sem bæjarráð tilnefnir. Öllum eigendum búfjár er skylt að hlíta fyrirmælum fjallskilastjórnar um upprekstur á afrétt og smölun afrétta og heimalanda. Fjallskilastjórn jafnar niður vinnu eða dagsverkum við fjallskil eftir ásetningsskýrslu um fjáreign. Skal leggja jafnmargar kindur í dagsverkið hjá öllum fjáreigendum, hvort sem þeir eiga margt eða fátt. Einnig getur hún jafnað kostnaðinum niður í peningum eftir sömu reglu, þyki betur henta. Setji fjáreigendur fé sitt upp fyrir fjallgirðingu að loknum 1. göngum er fjallskilastjórn heimilt að jafna niður á þá aukadagsverkum við 2. göngur eftir fjáreign. Á sama hátt skal nefndin fylgjast með því að hrossasmölun fari fram á afrétti. Óskilafé og óskilahross skal farið með samkvæmt ákvæðum VIII. kafla fjallskilalaga, nr. 42 12. maí 1969.

VI. KAFLI

Ýmis ákvæði.

31. gr.

Greini fjallskilareglugerð Eyjafjarðarsýslu á við reglugerð þessa, ræður reglugerð þessi.

32. gr.

Auk ákvæða reglugerðar þessarar gilda ákvæði heilbrigðisreglugerðar, kafla XVII um peningshús, búrekstur og skepnuhöld.

33. gr.

Umsjónarmaður skal láta handsama og taka í vörslu bæjarins búfé, svo sem hesta, nautgripi og sauðfé, sem látið er ganga laust í bænum, gagnstætt fyrirmælum samþykktar þessarar. Ennfremur geta þeir, sem fyrir ágangi verða, látið handsama ágangsfénað en þeir skulu skýra umsjónarmanni frá því tafarlaust. Eigendum slíks fénaðar ber að greiða allan kostnað af handsömun þess, fóðrun og annan kostnað, sem af slíku leiðir og má láta selja búfénaðinn á opinberu uppboði til lúkningar kostnaðinum verði fénaðurinn ekki leystur út innan sólarhrings frá því eigandinn fékk vitneskju um handsömunina eða ef eigi er vitað um eiganda innan hæfilegs tíma eftir að auglýsing um fénaðinn hefur verið birt. Einnig skal eigandi slíks búfjár bæta það tjón, er búféð hefur valdið. Ef um ítrekað brot verður að ræða á lausagöngu fjár varðar það sektum og leyfissviptingu.

34. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varðar sektum. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

VII. KAFLI
Ákvæði til bráðabirgða.

35. gr.

Allir þeir, sem við gildistöku reglugerðar þessarar eiga eða hafa í umsjá sinni búfé, sem fellur undir reglugerðina, skulu innan 6 mánaða frá gildistöku hennar hafa tilkynnt um búfjárhald sitt, og sótt um leyfi, ella fellur niður heimild þeirra til þess að halda búfé.

Reglugerð þessi sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Akureyrar staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 44 23. maí 1964 og lögum nr. 31/1973, svo og með heimild í lögreglusamþykkt fyrir Akureyri nr. 45/ 1954, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 21. febrúar 1977.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Skúli Sigurðsson.

28. febrúar 1977. Nr. 142.

REGLUGERÐ
um heilsugæslu og félagslega aðstoð við andlega vanþroska fólk, sem ekki dvelst í fávitastofnunum.

1. gr.

Vangefið fólk, sem ekki er vistað í fávitastofnunum, skal njóta aðstoðar, er miðar að því að gera því fært að búa í heimahúsum, hvort heldur er hjá foreldrum, ættingjum, eða öðrum, sem taka að sér umönnun þess.

2. gr.

Við Kópavogshælið skal reka göngudeild, er hefur með höndum umsjón og skipulagningu þessarar þjónustu.

Göngudeild Kópavogshælis getur falið öðrum þeim stofnunum þjóðfélagsins, er aðstöðu hafa hver á sínu sviði, framkvæmd. Þær stofnanir geta verið heilsugæslustöðvar, geðverndarstöðvar, sálfræðideildir skóla, æfingastöðvar fyrir fatlaða, heimilishjálp, leikskólar, félagsmálastofnanir og endurhæfingarstöðvar.

3. gr.

Sérstaka skrá skal halda yfir alla vangefna bæði þá, sem eru í heimahúsum og stofnunum og færa á hana alla örvita, fávita og vanvita. Skrá má annað vanþroska fólk ef óskað er aðstoðar fyrir það samkvæmt reglugerð þessari.

Skráning vangefinna skal vera á vegum heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins.

Göngudeild Kópavogshælis skal sjá um skráningu og þar skal varðveisla spjaldskrár vera. Við deildina skal starfa sálfræðingur, er annast skráningu og athuganir og mælingar á stigi og eðli vanþroskans.

4. gr.

Um fræðslu vangefinna fer að lögum um grunnskóla nr. 63/1974 og reglugerð um sérkennslu.

Við upphaf fræðsluskyldu skulu sálfræðideildir skóla fá afrit af spjaldskrá umdæmis síns vegna vangefinna, er þurfa sérkennslu. Þær annast endurathuganir vangefinna eftir því sem nauðsyn krefur til þess að fylgjast með þroskabreytingum og meta námshæfni meðan fræðsluskylda varir.

5. gr.

Þessir eru aðalþættir félagslegrar aðstoðar og heilsugæslu:

1. Rannsókn, hæfileikakönnun og önnur tiltæk greining á stigi og eðli vanþroskans ásamt skráningu (sbr. 3. gr.).
2. Sérfræðileg læknisþjónusta.
3. Tannlækningar.
4. Geðvernd. Viðtöl vegna vandkvæða hins vangefna og ýmiss konar vanda.
5. Sjúkraþjálfun.
6. Heimahjúkrun. Leiðbeining til foreldra og annarra, er annast vangefna, um uppeldi, þjálfun og hjúkrun þeirra í heimahúsum.
7. Leikkennsla fyrir börn, leiðsögn í tómstundaiðju og iðjulækningum fyrir fullorðna. Þetta skal veitt í leikskólum, vernduðum vinnustöðum, endurhæfingarstofnunum og tómstundaheimilum eftir því, sem við verður komið.
8. Vinnumiðlun. Hún skal veitt á vegum vinnumiðlunar endurhæfingarráðs eins og öðrum öryrkjum.
9. Heimilishjálp til að aðstoða forsjármenn og koma í þeirra stað, þegar nauðsyn krefur. Hún skal tengd heimilishjálp sveitarfélaga.
10. Tímabundin vistun í stofnunum fyrir vangefna í forföllum forsjármanns. Fávitastofnunum, er njóta daggjalda frá ríkinu, er skylt að mæta þessari þörf eftir því sem unnt er.

6. gr.

Um beina fjárhagsaðstoð við vangefna í heimahúsum fer að ákvæðum tryggingalaga, örorkumati tryggingayfirlæknis og reglum Tryggingastofnunar ríkisins um bætur.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 14. gr. laga nr. 53/1967 um fávitastofnanir og tekur þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 28. febrúar 1977.

Matthías Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

Nr. 143. 1. mars 1977.

AUGLÝSING

um niðurfellingu aðflutningsgjalda af ýmsum vörum til nota í flugvélum eða í beinum tengslum við þær.

1. gr.

Ráðuneytið hefur ákveðið að nýta heimild í 21. tl. 3. gr. laga nr. 120 31. desember 1976, um tollskrá o. fl., til að fella niður aðflutningsgjöld af eftirtöldum vélum, tækjum, fylgihlutum og viðgerðarefnum, sem ætluð eru til nota í flugvélum eða í beinum tengslum við þær.

Tollskrárnúmer	Vöruheiti
27.10.81	Smurningsolía, þ. á m. háhitasmurningsolía.
27.10.89	Háþrýstivökvi.
28.35.00	Mólýbden dísúlfíð duft.
28.54.00	Tvíildi.
29.02.20	Arklone P, L og E. Hreinsiefni fyrir ýmis nákvæmnistæki flugvéla sem hreinsuð eru í þar til gerðum vélum.
29.04.20	Ísóprópylalkóhól (Ísvarnarvökvi).
29.04.50	Etylenglykol (Ísvarnarvökvi).
32.12.00	Súrþéttiefni; þéttiefni, t. d. Epocast og kísilefnablanda.
34.02.05—09	Yfirborðsvirk hreinsiefni, t. d. Alkaline 280, Ardrox og Cee Bee.
34.05.01	Flugvélabón, t. d. Jove Wadpol.
35.06.01	Lím til flugvélaviðgerða.
36.04.00	Hvellhettur fyrir slökkvitæki.
36.08.00	Hylki með eldfimum efnum vegna lóðninga.
37.01.01	Röntgenfilmur (Crystallex Films, Microtex Films).
38.17.00	Slökkviefni.
38.19.10	Hvatar.
38.19.31	Háþrýstivökvi, t. d. Skydrol.
38.19.36	Herðar.
38.19.49	Framkallari vegna röntgenskoðunar. Rakasalt. Magnaglo efni (Dry Concentrate) til notkunar við leit að sprungum með seguláhrifum.
39.01.29	Fenóplast (Phenolic Microballons).
39.01.61	Pólyúretan.
39.02.13	Teflonpípur.
39.07.35	Bréfamöppur fyrir vinnuskjöl frá framleiðendum flugvéla, enda merktar þeim, t. d. Boeing o. s. frv.
39.07.47	Ljósskýlur (Lens) úr plasti fyrir flugvélar.
39.07.63	Plastrúður, sérstaklega gerðar fyrir flugvélar.
39.07.76	Plastvörur til tækninota í flugvélum.
39.07.99	Plötur úr plasti með áletrun, t. d. upplýsingum um hvar neyðarútgangur sé.
40.09.09	Slöngur úr gúmmíi.
40.11.30	Hjólbarðar fyrir flugvélar, nýir.
40.11.50	Slöngur fyrir flugvélahjólbarða.
40.11.69	Sólaðir hjólbarðar fyrir flugvélar.
40.14.04	Þéttingar, t. d. í háþrýstitæki og mæla fyrir hemla, glugga og hurðir í flugvélum.
40.14.05	Vörur úr gúmmíi til tækninota í flugvélum.
42.02.49	Plastpokar til hlífðar björgunarvestum í flugvélum, enda sérstaklega auðkenndir, t. d. með áletruninni „LIFE VEST".
42.04.00	Vörur úr leðri til tækninota í flugvélum.
45.04.03	Þéttingar úr korki, t. d. fyrir ýmiss konar skoðunarlúgur í flugvélum.
48.18.00	Bréfamöppur fyrir vinnuskjöl frá framleiðendum flugvéla, enda merktar þeim; flugvéladagbækur (Aircraft Log).
48.19.09	Áprentaðir merkimiðar á farangur farþega (Baggage Tags). Áprentaðir merkimiðar fyrir gáma og fleiri tegundir flutningsumbúða.
49.06.00	Tæknilegir uppdrættir.
49.11.11	Prentað mál, t. d. sérfræðilegir upplýsingabæklingar (Service Bulletins).

Tollskrárnúmer	Vöruheiti
49.11.29	Óútfyllt prentuð eyðublöð, t. d. farseðlar.
58.02.40	Gólfteppi, tilsniðin í flugvélar.
62.02.89	Gluggatjöld, tilsniðin í flugvélar.
62.05.02	Björgunarvesti.
	Björgunarrennur (Chutes), viðurkenndar sem slíkar fyrir flugvélar.
62.05.19	Viðvörunarborðar.
	Öryggisbelti.
	Sætahlífar (Seats Covers) úr eldþolnu efni til notkunar á sætum ákveðinna tegunda flugvéla.
68.06.00	Hálkuvari (Safety Walk).
	Trefjaull (Scotchbrite) með slípiefni.
68.13.01	Þéttingar í útblásturskerfi flugvéla.
68.13.09	Vörur úr asbesti til tækninota í flugvélum.
68.14.00	Bremsuborðar fyrir flugvélar.
70.08.00	Glerrúður, sérstaklega gerðar fyrir flugvélar.
73.14.02	Öryggisbindivír.
73.20.01	Tengi, t. d. fyrir háþrýstikerfi í flugvélum.
73.24.00	Súrefnisflöskur.
73.29.03	Keðjur, notaðar í stjórnkerfum flugvéla.
73.32.00	Boltar, rær, skífur, notaðar á fjölmörgum stöðum í flugvélum, t. d. í sambandi við festingu á hjólabúnaði, hæðar- og hliðarstýrum; enn fremur varnaglar, augaboltar, spenniklemmur o. fl.
73.35.09	Fjaðrir og gormar, notað á fjölmörgum stöðum í flugvélum, t. d. í sambandi við hjóla- og stýrisbúnað o. fl.
73.40.56	Slönguklemmur.
73.40.59	Baulur.
	Læsingasmellur og krækjur á varningsfestingabönd í flugvélum.
74.03.02	Öryggisbindivír.
74.08.00	Tengi í súrefnis- og mælitækjakerfi í flugvélum.
74.15.00	Boltar, rær, skrúfur, skífur og hnoð, t. d. notað við festingar flugmælitækja.
76.02.01	Prófílar úr áli.
76.03.09	Álplötur.
76.04.00	Álborðar.
76.06.01	Prófílpípur úr áli.
76.06.09	Álpípur.
76.07.00	Tengi í súrefnis- og mælitækjakerfi í flugvélum.
76.16.04	Hnoð, boltar, skrúfur o. þ. h. úr áli, notað við smíði (samsetningu) flugvéla.
82.03.10—30	Tengur, gatjárn, pípuskerar, þjalir, skrúflyklar, klippur, enda sérstaklega gert til viðgerða á flugvélum.
82.04.00	Handverkfæri ýmiss konar, m. a. dragar (Pullers), enda sérstaklega gerð til viðgerða á flugvélum.
82.05.00	Skiptiverkfæri, t. d. í loftbora (til að hnoða, skrúfa o. s. frv.), enda sérstaklega gerð til viðgerða á flugvélum.
83.01.09	Lásar, sérstaklega gerðir fyrir flugvélar.
83.02.01	Dyralokur og lamir, t. d. úr áli, notað m. a. á skoðunarlúgur, stangarlamir.
83.07.02	Siglingaljós.
83.09.00	Holhnoð úr áli, notuð við smíði og viðgerðir á flugvélum.
83.14.00	Plötur með áletrun, m. a. í mælaborð flugvéla, t. d. metacal.

Tollskrárnúmer	Vöruheiti
84.06.10—20	Flugvélahreyflar og hlutar til þeirra.
84.08.10—20	Þotuhreyflar og skrúfuþotuhreyflar.
84.08.50	Hlutar til flugvélahreyfla í tnr. 84.08.10—20.
84.10.20 84.10.39 84.10.41 84.10.49	Háþrýstidælur og eldsneytisdælur í flugvélar.
84.11.12 84.11.30 84.11.49	Sogdælur og þjöppur í flugvélar.
84.17.23	Rafmagnskaffivélar, enda gerðar fyrir straum og spennu sem notuð eru í flugvélum.
84.17.29	Olíukælar í flugvélar.
84.18.29	Olíusíur í flugvélahreyfla. Síur með ávirka eiginleika (Alumina).
84.21.00	Fjarstýrð slökkvitæki í flugvélahreyfla, sérstaklega hönnuð fyrir það hlutverk. Blásturshreinsitæki.
84.22.13	Talíur til að lyfta stórum hlutum flugvéla.
84.22.69	Tjakkar til að lyfta flugvélum og stórum hlutum þeirra.
84.49.10	Loftborar, mikið notaðir við viðhald og viðgerð flugvéla, hnoðun o. fl., enda sérstaklega gerðir í því skyni.
84.59.89	Loftknúinn ræsibúnaður (Auxiliary Power Units), notaður við ræsingu þotuhreyfla. Rúðuþurrkur, hannaðar fyrir flugvélar. Hreyflar (Actuators), t. d. til að lyfta og setja niður hjólbúnað, opna og loka hjólhúsi flugvéla o. s. frv.
84.61.01—19	Lokar og hanar, notaðir t. d. á fjölmörgum stöðum í háþrýstikerfi og eldsneytiskerfi flugvéla.
84.62.00	Kúlu-, kefla- og nálaleg, notuð víða í flugvélum, t. d. hjólaleg og leg í jafnvægis-, hæðar- og hliðarstýrum.
84.63.01	Drifásar, tannhjól, tannhjólasamstæður og ásleg til flugvéla.
84.64.00	Þéttihringir (plötur), t. d. í olíusíur flugvélahreyfla.
85.01.10—29	Rafhreyflar með spennu og/eða tíðni sem hæfir flugvélum.
85.01.59	Hreyfilrafalar til nota við ræsingu flugvélahreyfla.
85.01.79	Spennar til notkunar í flugvélum. Spennar til nota við ræsingu flugvélahreyfla.
85.01.80	Afriðlar.
85.03.09	Rafhlöður fyrir flugvélar.
Lágmarksgjald skv. 2. mgr. 5. fl. skal vera kr. 100.00.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 45 24. apríl 1973, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 191 11. maí 1976.

Samgönguráðuneytið, 10. júní 1977.

Halldór E. Sigurðsson.

Kristinn Gunnarsson.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á spærlings- og kolmunnamjöli fyrir tímabilið 1. maí til 30. júní 1977.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á spærlings- og kolmunnamjöli fyrir tímabilið 1. maí til 30. júní 1977:

Spærlingsmjöl, ... $ 7.00 á próteiningu í lest.
Kolmunnamjöl, ... $ 7.00 á próteiningu í lest.

Verðbil verður 15% og miðast bæði við verðhækkun og verðlækkun.
Verðið miðast við Cif., og gerist upp á viðskiptagengi krónu gagnvart Bandaríkjadollar, $ 1 = 192.30.
Greiðslur í sjóðinn miðast við 55% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu eða frádregnu verðbili.

Sjávarútvegsráðuneytið, 8. júní 1977.

F. h. r.
Jón L. Arnalds.

Gylfi Þórðarson.

13. júní 1977. Nr. 248.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli fyrir framleiðslu frysts humars á humarvertíð 1977.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi grundvallarverð fyrir framleiðslu frysts humars á humarvertíð 1977:

6X5 lbs. og 5X5 lbs. í skel garndreginn.

7—9	kr.	1 344.00	pr. lb. Cif. U. S. A.
9—12	—	1 275.00	pr. lb. Cif. U. S. A.
12—15	—	1 214.00	pr. lb. Cif. U. S. A.
15—18	—	1 058.00	pr. lb. Cif. U. S. A.
18—24	—	945.00	pr. lb. Cif. U. S. A.
24—30	—	867.00	pr. lb. Cif. U. S. A.
30—45	—	578.00	pr. lb. Cif. U. S. A.

6X3 kg. og 5X6 lbs. í skel með görn.

7—12	kr.	954.00	pr. lb. Cif. U. S. A.
12—15	—	867.00	pr. lb. Cif. U. S. A.
15—30	—	694.00	pr. lb. Cif. U. S. A.
30—45	—	520.00	pr. lb. Cif. U. S. A.

5X3 kg. í skel með görn.

35—60 kr.	296.00	pr. lb. Cif. Milano.
45—60 —	296.00	pr. lb. Cif. Milano.

6X5 lbs. í skel með görn.

7—9 kr.	1 210.00	pr. lb. Cif. U. S. A.
9—12 —	1 148.00	pr. lb. Cif. U. S. A.
12—15 —	1 093.00	pr. lb. Cif. U. S. A.
15—18 —	952.00	pr. lb. Cif. U. S. A.
18—24 —	851.00	pr. lb. Cif. U. S. A.
24—30 —	780.00	pr. lb. Cif. U. S. A.

Verðbil verður 3%.

Greiðslur í sjóðinn miðast við 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu eða frádregnu verðbili.

Sjávarútvegsráðuneytið, 13. júní 1977.

F. h. r.
Gylfi Þórðarson.

Kristín Magnússon.

Nr. 249. 15. júní 1977.

AUGLÝSING

um friðlýsingu Salthöfða og Salthöfðamýra, Hofshreppi, Austur-Skaftafellssýslu.

Samkvæmt heimild í 24. gr. laga nr. 47/1971 um náttúruvernd hefur Náttúruverndarráð fyrir sitt leyti ákveðið að friðlýsa Salthöfða og hluta af Salthöfðamýrum í Hofshreppi í Austur-Skaftafellssýslu og er svæðið **friðland.**

Mörk svæðisins eru þessi:

Salthöfði ásamt Gimlukletti, Loddudrang og Einstakakletti. Að norðan bein lína nyrst úr nyrsta kletti í Salthöfða vestanverðan neðst í klettinn vestan við lækin sem rennur við Fjárklif. Að vestan lína úr gljúfurmynni vestan Miðfellstanga um lækinn við Fjárklif í línu að sunnan. Að sunnan (sjávarmegin) lína sem tekur mið af efri Kvíárhól (við enda Kvíármýrarkambs) að suðurbrún Steinafjalls í Suðursveit. Frá suðurmörkum að austan lína suðaustur frá Álhólma um Landál milli Álhólma og Stórusvæðu eftir miði í Fjárklif en frá Álhólma eftir miðjum Landál að Salthöfðanefi.

Um friðlandið gilda þessar reglur:

1. Óheimilt er að breyta landslagi á svæðinu, náttúrulegu grunnvatnsborði og rennsli straumvatna. Vikurtekja við Salthöfða er háð eftirliti umsjónaraðila friðlandsins.
2. Mannvirkjagerð er óheimil í friðlandinu nema samkvæmt samningum milli ábúenda og Náttúruverndarráðs eða með sérstöku leyfi umsjónaraðila (sbr. 6. gr.). Gildir þetta um byggingar, vegi, skurði, girðingar og önnur mannvirki. Heimilt er þó að halda við þeim mannvirkjum sem fyrir eru á svæðinu við friðlýsingu, m. a. girðingum.

3. Friðlandið má einungis nytja á þann hátt sem tíðkast hefur, svo sem til slægna, beitar og ála- og silungsveiði.
4. Bannað er að fara með skotvopn um friðlandið nema til eyðingar meindýra. Fuglatekja er óheimil nema svartbaksunga. Eggjataka er aðeins heimil ábúendum skv. gildandi lögum um fuglaveiðar og fuglafriðun. Varast ber að skerða gróður eða valda truflunum á dýralífi.



5. Gangandi og ríðandi mönnum er heimil för um friðlandið ef þeir brjóta á engan hátt í bága við tilgang friðlýsingarinnar. Ekki má nota vélknúin tæki í friðlandinu nema í sambandi við hefðbundna nýtingu þess.
6. Náttúruverndarnefnd Austur-Skaftafellssýslu hefur umsjón með friðlandinu fyrir hönd Náttúruverndarráðs og getur veitt undanþágur frá 2.—5. gr., ef brýn ástæða þykir til, með samþykki Náttúruverndarráðs.

Til undanþágu frá reglum þessum þarf leyfi Náttúruverndarráðs eða þess sem fer með umboð ráðsins.

Um viðurlög vegna brota á reglum þessum fer eftir ákvæðum náttúruverndarlaga.

Ráðuneytið er samþykkt friðlýsingunni sem tekur gildi við birtingu þessarar auglýsingar í Stjórnartíðindum.

Menntamálaráðuneytið, 15. júní 1977.

Vilhjálmur Hjálmarsson.

Runólfur Þórarinsson.

Nr. 250.

REIKNINGUR

Sjóðs Morten Hansen til stofnunar kennslubóka- og kennsluáhaldasafns í Reykjavík.

Ársreikningur 1976.

Tekjur:

Eign 1. janúar 1976.

Sparisjóðsinnstæða	kr.	39 221.00	
Söfnunarsjóðsinnstæða	—	188 195.00	
		kr.	227 416.00
Vextir:			
Af söfnunarsjóðsinnstæðu (aðaldeild nr. 566)	kr.	29 535.00	
Vextir af sparisjóðsinnstæðu í Landsb. Ísl.	—	5 098.00	
		—	34 633.00
		Samtals Kr.	262 049.00

Gjöld:

Eign 31. desember 1976:

Sparisjóðsinnstæða í Landsb. Ísl., bók nr 12828	—	44 319.00
Söfnunarsjóðsinnstæða, aðaldeild nr. 566	—	217 730.00
	Samtals Kr.	262 049.00

Menntamálaráðuneytið, 30. maí 1977.

F. h. r.
Birgir Thorlacius.

Reikning þennan hef ég endurskoðað, kannað eignir sjóðsins og ekkert fundið athugavert.

Ríkisendurskoðunin, Reykjavík, 1. júní 1977.

Kristján Einarsson.

REIKNINGUR

Verðlaunasjóðs dr. phil. Ólafs Daníelssonar og Sigurðar Guðmundssonar, arkitekts 1. janúar til 31. desember 1976.

Eignir:

1. Hálft húsið Hagamelur 21, fasteignamat:			
hús	kr. 8 670 000.00		
lóð	— 1 515 000.00		
		kr.	10 185 000.00
2. Sparisjóðsinnstæða í Búnaðarbanka Íslands nr. 28028 og nr. 34320 pr. 31/12/1976		—	442 380.00
3. Ógreidd húsaleiga		—	10 000.00
		Kr.	**10 637 380.00**

Skuldir:

1. Skuldabréf hjá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins — útgefið 24/11/1952 (1. veðr.) LSR 2869	kr.	39 021.00
2. Skuld við sjóðshaldara	—	2 835.00
3. Eignir umfram skuldir	—	10 595 524.00
	Kr.	**10 637 380.00**

Tekjur:

1. Húsaleiga:			
a. stærri íbúðin	kr. 210 000.00		
b. minni íbúðin	— 140 000.00		
		kr.	350 000.00
2. Vaxtatekjur		—	119 201.00
3. Gjöld umfram tekjur		—	504 335.00
		Kr.	**973 536.00**

Gjöld:

1. Fasteignagjöld	kr.	52 121.00
2. Vaxtagreiðslur	—	7 057.00
3. Viðhaldskostnaður	—	194 635.00
4. Kostnaður við samkeppni „Þáttur Þingholtanna í þróun vaxandi borgar“	—	719 723.00
	Kr.	**973 536.00**

Menntamálaráðuneytið, 11. mars 1977.

F. h. r.
Birgir Thorlacius.

Reikningur þessi hefur verið endurskoðaður og reynst réttur.

Reykjavík, 1. júní 1977.

f. h. Ríkisendurskoðunarinnar
Kristján Einarsson.

REIKNINGUR

Gjöf Jóns Sigurðssonar.

Ársreikningur 1976.

Eign 1. janúar 1976:

1) Veðdeildarbréf Landsbanka Íslands, Litra A nr. 1324 og 1326 17. fl.	kr.	2 000.00	
2) Sparisjóðsinnstæða í Landsb. Ísl.	—	98 946.00	
			kr. 100 946.00

Tekjur:

Af veðdeildarbréfum (óhafnir vextir 1976)	kr.	100.00	
Af sparisjóðsinnstæðu	—	12 857.00	
			— 12 957.00
Fjárlagastyrkur 1976			— 1 000 000.00
+ hluti af skerðingu 1975			— 50 000.00
			Kr. 1 163 903.00

Gjöld:

Greidd verðlaun 1976 skv. ákvörðun verðlaunanefndar:			
Arnór Sigurjónsson	kr.	100 000.00	
Heimir Þorleifsson	—	100 000.00	
Ólafur Halldórsson	—	100 000.00	
Gunnar Karlsson	—	250 000.00	
Hörður Ágústsson	—	250 000.00	
Kolbeinn Þorleifsson	—	250 000.00	
			kr. 1 050 000.00

Eign 31. desember 1976:

2) Veðdeildarbréf Landsbankans 17. fl., Litra A nr. 1324 og 1326	kr.	2 000.00	
+ óhafnir vextir 1976	—	100.00	
3) Sparisjóðsinnstæða í Landsb. Ísl.	—	111 803.00	
			— 113 903.00
			Kr. 1 163 903.00

Menntamálaráðuneytið, 11. mars 1977.

F. h. r.
Birgir Thorlacius.

Reikning þennan hef ég endurskoðað, kannað eignir sjóðsins og ekkert fundið athugavert.

Ríkisendurskoðunin, 1. júní 1977.
Kristján Einarsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 23 — 1977

29. júní 1977. 397 Nr. 253.

REGLUGERÐ

um samvinnu og starfsskiptingu milli lögreglustjóra og rannsóknarlögreglu ríkisins.

1. gr.

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur með höndum lögregluranns óknir brotamála í Reykjavík, Kópavogi, Seltjarnarneskaupstað, Garðakaupstað, Hafnarfirði og Kjósarsýslu, að því leyti, sem þær eru ekki í höndum lögreglustjóra þar, samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar eða annarra réttarreglna.

2. gr.

Við embætti lögreglustjóra í umdæmum, þar sem rannsóknarlögregla ríkisins hefur með höndum lögregluranns óknir brotamála, sbr. 1. gr., skulu starfa sérstakar rannsóknarlögregludeildir undir stjórn viðkomandi lögreglustjóra.

Deildir þessar skulu annast rannsókn eftirgreindra málaflokka:

1. Umferðarslys og brot á umferðarlögum.
2. Brot á lögreglusamþykktum.
3. Brot á áfengislögum, önnur en þau, er varða ólögmætan innflutning áfengis.
4. Brot á lögum um tilkynningar aðsetursskipta.

Deildir þessar skulu enn fremur annast rannsókn eftirgreindra málaflokka, að því marki sem lögregluranns óknin fer fram í þeim:

1. Veiðilaga- og friðunarlagabrot.
2. Brot á skotvopnalöggjöf.
3. Brot á iðnlöggjöf.
4. Brot á byggingalöggjöf.
5. Brot á lögum um öryggisráðstafanir á vinnustöðum.
6. Brot á heilbrigðisreglugerð.
7. Brot á veitingalöggjöf.
8. Brot á staðbundnum reglugerðum og samþykktum.
9. Eftirgreind brot á almennum hegningarlögum:

   Nytjastuld á ökutækjum, ökugjaldssvik, minni háttar líkamsmeiðsl, minni háttar eignaspjöll.
10. Mál til brottnáms ólögmæts ástands.
11. Önnur mál eða málaflokka, þar sem viðurlög við broti geta eigi farið fram úr sektum, og rannsóknarlögreglustjóri ríkisins ákveður, að höfðu samráði við viðkomandi lögreglustjóra.

Deildir þessar skulu hafa umsjón með vörslu óskilamuna. Þær skulu og hafa stjórn á leit að týndu fólki, enda sé leitin eigi þáttur í rannsókn brots, en jafnan skal rannsóknarlögreglu ríkisins tilkynnt um slíka leit.

B 50

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

3. gr.

Rannsóknarlögregludeildir þær, sem um ræðir í 2. gr., skulu fullljúka svo sem unnt er rannsókn mála, sem falla undir þar greinda málaflokka, enda þótt rannsókn í þeim beinist einnig að öðrum brotum, sem þeim kunna að vera samfara. Beinist rannsókn máls þannig jafnframt að öðrum brotum, skal lögreglustjóri tilkynna það til rannsóknarlögreglustjóra ríkisins, sem kveður á um framhald rannsóknar málsins.

4. gr

Nú berst lögreglu í umdæmum þeim, sem um ræðir í 1. gr., vitneskja um mál, sem fellur í hlut rannsóknarlögreglu ríkisins, og skal það þá þegar tilkynnt rannsóknarlögreglunni, en gera skal lögreglan þær aðgerðir í þágu rannsóknar, sem eigi má fresta, þar til rannsóknarlögreglan tekur við rannsókn, svo sem frumathugun vettvangs, varðveislu sönnunargagna, handtöku brotamanns og athugun á því meðal viðstaddra, hverjir hafi verið vitni að atburði. Þá skal lögreglan og veita rannsóknarlögreglu ríkisins alla nauðsynlega aðstoð.

5. gr.

Við lögreglustjóraembætti utan þeirra umdæma, sem upp eru talin í 1. gr., skulu starfa sérstakar rannsóknarlögregludeildir samkvæmt ákvörðun dómsmálaráðherra og eftir því, sem fé er veitt til í fjárlögum. Deildir þessar skulu annast lögreglurannsóknir, aðrar en þær, sem falla undir rannsóknarlögreglu ríkisins.

Við lögreglustjóraembætti, þar sem eigi starfa sérstakar rannsóknarlögregludeildir, annast hin almenna lögregla lögregluranns óknir, aðrar en þær, sem falla undir rannsóknarlögreglu ríkisins.

6. gr.

Rannsóknarlögregla ríkisins skal veita lögreglustjórum og sakadómurum, hvar sem er á landinu, aðstoð við rannsókn brotamála, þegar þeir óska og rannsóknarlögreglustjóri og/eða ríkissaksóknari telja það nauðsynlegt. Ríkissaksóknari getur og falið rannsóknarlögreglu ríkisins rannsóknir einstakra mála, hvar sem er í landinu, þegar hann telur þess þörf. Rannsóknarlögreglustjóri ríkisins getur að eigin frumkvæði tekið í sínar hendur rannsókn máls utan þeirra umdæma, sem upp eru talin í 1. gr., svo og máls, sem fellur undir rannsóknarlögregludeildir lögreglustjóra samkvæmt 3. mgr. 2. gr., en tilkynna skal hann viðkomandi lögreglustjóra um málið svo fljótt sem verða má, enda ber honum að veita rannsóknarlögreglu ríkisins alla nauðsynlega aðstoð. Skulu embætti lögreglustjóra og rannsóknarlögreglustjóra ríkisins í þessu efni hafa með sér nána samvinnu um tilkynninga- og upplýsingamiðlun.

Ríkissaksóknari sker úr ágreiningi, sem rísa kann milli rannsóknarlögreglustjóra ríkisins og viðkomandi lögreglustjóra í sambandi við lögregluranns óknir.

7. gr.

Nú fellur mál í hlut rannsóknarlögreglu ríkisins eftir ákvörðun ríkissaksóknara eða rannsóknarlögreglustjóra, sbr. 6. gr., og skal þá viðkomandi lögregla, eftir nánari ákvörðun rannsóknarlögreglustjóra, vinna áfram að uppljóstran máls og hlutast til um nauðsynlegar aðgerðir í þágu rannsóknar.

8 gr.

Rannsóknarlögregla ríkisins heldur skrá um myndir og fingraför, sem tekin eru samkvæmt heimild í 57. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 74 1974, og geymir gögn samkvæmt reglum, er dómsmálaráðherra setur.

Lögreglustjórar skulu senda rannsóknarlögreglu ríkisins eintök mynda og fingrafara, sem tekin eru samkvæmt fyrrnefndu lagaákvæði.

9. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 9. gr. laga nr. 108 28. desember 1976 um rannsóknarlögreglu ríkisins, öðlast gildi 1. júlí 1977.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 29. júní 1977.

Ólafur Jóhannesson.

Ólafur W. Stefánsson.

28. júní 1977. Nr. 254.

REGLUGERÐ

um hækkun bóta almannatrygginga.

1. gr.

Upphæðir bóta almannatrygginga samkvæmt lögum um almannatryggingar nr. 67/1971 með áorðnum breytingum skulu hækka um 27.5% frá og með 1. júlí 1977 frá því sem þær voru í júní 1977. Greiðslur samkvæmt 73. gr. skulu breytast með sama hætti.

Hámark tekjutryggingar (uppbót á lífeyri) samkvæmt 1. mgr. 19. gr. skal hækka um 27.5% frá sama tíma.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 78. gr. laga nr. 67/1971.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 28. júní 1977.

Matthías Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 24 — 1977

Nr. 255. 400 27. júní 1977.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 415 7. desember 1976, um friðunarsvæði við Ísland.

1. gr.

1. töluliður 1. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

1. Í Reykjafjarðarál allt árið á svæði, sem að vestan markast af línu, sem dregin er 50° réttvísandi frá Horni (viðmiðunarstaður 1), og að austan af 20°40 v.lgd.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum 6.—8. gr. laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 237 15. júní 1977, um breytingu á reglugerð nr. 415 7. desember 1976, um friðunarsvæði við Ísland.

Sjávarútvegsráðuneytið, 27. júní 1977.

Matthías Bjarnason.

Jón B. Jónasson.

Nr. 256. 23. júní 1977.

REGLUGERÐ

um gatnagerðargjöld í Egilsstaðahreppi Suður-Múlasýslu.

1. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að leggja gatnagerðargjald á lóðir í sveitarfélaginu, eftir því sem nánar segir í reglugerð þessari. Heimilt er að leggja gatnagerðargjald á land, sem sambærilegt telst, þótt ekki sé sérstök lóð.

2. gr.

Gatnagerðargjald þetta er: A-gjald, sem er gjald vegna þátttöku lóðarhafa í kostnaði við að gera undirbyggða götu. Auk A-gjalds verði einnig B-gjald skv. reglugerð nr. 85 12. mars 1975, sem er til að greiða kostnað við varanlega gatnagerð, þ. e. bundið slitlag og gangstéttir.

3. gr.

Til útreiknings A-gjalds skal nota eftirfarandi einingartölur, sem hækka eða lækka með byggingarvísitölu á hverjum tíma.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

A.

1.	Einbýlishús m/bifr.geymslu að 400 m³	kr. 125 000
2.	Parhús að 400 m³	— 100 000
3.	Tvíbýlishús á 2 hæðum tveggja hæða íbúðarhús m/allt að 4 íbúðum og raðhús á 1 hæð að 400 m³ hver íbúð	— 80 000
4.	Raðhús á 2 hæðum að 400 m³ hver íbúð	— 60 000
5.	Fjölbýlishús á 2 hæðum m/allt að 8 íbúðum að 300 m³ hver íbúð	— 50 000
6.	Fjölbýlishús á 3 hæðum eða fleiri m/fleiri en 8 íbúðum að 300 m³ hver íbúð	— 35 000
7.	Verslunar, skrifstofu og skólahúsnæði að per m³	— 200
8.	Iðnaðarhús og vörugeymslur að per m³	— 150
9.	Umframstærðir í íbúðarhúsum að per m³	— 100

10. Ef byggt er við eldri hús og stærð þeirra verður meiri en lágmarksstærð skal greiða sama gjald fyrir umframstærðir og áður greinir.

B.

1. Lóðarhafar greiði í gatnagerðargjald kr. 40 af hverjum m² lóðar.

C.

1. Bifreiðastæði greiða húseigendur sjálfir.

4. gr.

Gjalddagi gatnagerðargjalda, samkvæmt 3. grein skal vera þegar byggingarleyfi er veitt. Þó er sveitarstjórn heimilt að veita gjaldfrest á hluta gjaldsins þar til byggingarframkvæmdir hefjast eða allt að 2 mánuði. Sé gjaldið þá eigi greitt er heimilt að stöðva framkvæmdir fyrirvaralaust þar til skuldin hefur verið greidd að fullu.

5. gr.

Nú hefur gatnagerðargjald verið greitt af lóð eða hliðstæð gjöld, sem sveitarfélagið hefur innheimt, og skal það þá gilda sem greiðsla á A-gjaldi. Hafi lóðarhafar hins vegar ekki greitt nein slík gjöld en eru með byggingu á byrjunarstigi þegar reglugerð þessi gengur í gildi ber þeim að greiða samkvæmt 3. grein þessarar reglugerðar.

6. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að hækka og lækka gjaldstuðlana í 3. gr. hvern um sig eða alla í einu um allt að 50% án frekari staðfestingar ráðuneytisins. Sveitarstjórn hefur fulla heimild til þess að endurskoða flokkun húsa í gjaldstuðla sbr. 3. gr. svo og gjald einstakra gjaldenda, ef sérstakar ástæður eru til.

Reglugerð þessi sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Egilsstaðahrepps staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51/1974 og 31/1975 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaaráðuneytið, 23. júní 1977.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

REGLUGERÐ

um gatnagerðargjöld í Eyrarbakkahreppi.

1. gr.

Hreppsnefnd Eyrarbakkahrepps ákveður að leggja á gatnagerðargjöld í Sveitarfélaginu eftir þeim reglum, sem hér fara á eftir.

Heimilt er að leggja gatnagerðargjöld á land, þótt ekki sé sérstök lóð.

2. gr.

Gatnagerðargjöld eru tvenns konar: A-gjöld, sem er gjald vegna þátttöku lóðarhafa í kostnaði við að undirbyggja götu með holræsilögn, og B-gjald, sem er gjald vegna þátttöku lóðarhafa í kostnaði við lagningu bundins slitlags á götu og að ganga endanlega frá gangstétt.

Innifalið í A-gjaldi er byggingarleyfisgjald og gjald fyrir tengingu við holræsakerfi.

3. gr.

Við álagningu gatnagerðargjalda skal miða við ákveðið hlutfall byggingarkostnaðar á rúmmetra „vísitöluhúss", eins og hann er reiknaður af Hagstofu Íslands.

Reikna skal stærð bygginga samkvæmt IST 50.

Ef fleiri en einn eigandi er að byggingu skiptast gjöld í samræmi við það rúmmál, sem hverjum tilheyrir, samkvæmt reglum Fasteignamats ríkisins.

4. gr.

Álagning A-gjalda og B-gjalda skal vera sem hér segir:

	A-gjald	B-gjald
1. Íbúðarbyggingar:		
1.1. Einbýlishús með eða án tvíbýlisaðstöðu	2.0%	3.0%
1.2. Tvíbýlishús og raðhús	1.6%	2.0%
1.3. Fjölbýlishús	1.2%	1.5%
1.4. Bifreiðageymslur	1.2%	1.5%
2. Aðrar byggingar:		
2.1. Verslanir, skrifstofur, þjónustu- og viðskiptastofnanir	2.0%	3.0%
2.2. Heilbrigðis- og skólamannvirki, söfn, íþróttamannvirki, samkomuhús, fangahús og því líkt .	2.0%	3.0%
2.3 Iðnaðarhúsnæði, fiskvinnslustöðvar, veitumannvirki, geymar, vöruskemmur	1.2%	1.5%
2.4 Gripahús, hlöður, geymsluskúrar	1.2%	1.5%

3. Sem hluti B-gjalds skulu lóðarhafar greiða kr. 100 (vísitala 135) fyrir hvern fermetra lóðar, hvort sem byggingin er þar á eða ekki.

5. gr.

Við álagningu A-gjalda fyrir íbúðabyggingar skal miða við stærð húss samkvæmt samþykktum uppdráttum. Ef ekki er fyrirliggjandi samþykktur uppdráttur skal miða við þá stærð húss, sem skipulag gerir ráð fyrir, en sé slíkt ekki ákveðið

í skipulagi, skal miða við eftirtaldar lágmarksstærðir fyrir hverja íbúð án bifreiðageymslu:

1. Einbýlishús ..... 400 m³
2. Tvíbýlis og raðhús ..... 350 m³
3. Fjölbýlishús ..... 300 m³

Í öðrum byggingum skal við útreikning lágmarksrúmmáls til A-gjalds miða við lofthæð 3.3 m að innanmáli, nema uppdráttur sýni annað. Miða skal við nýtingarhlutfall lóðar 0.3—0.5 eftir nánari ákvörðun byggingarnefndar hverju sinni, ef það er ekki bundið að öðru leyti í samþykktu deiliskipulagi.

Við álagningu B-gjalda skal miða við lágmarksstærð húseigna 250 m³.

Hafi ákvæðum þessarar greinar um lágmarksstærðir verið beitt við álagningu gatnagerðargjalds, skulu viðbyggingar vera gjaldfrjálsar að svo miklu leyti sem þær falla enn innan lágmarksstærðanna.

6. gr.

A-gjöld samkvæmt 4. gr. breytast árlega í samræmi við vísitölu byggingarkostnaðar, eins og hún er í ársbyrjun á því ári, sem lóðin er veitt.

7. gr.

Þegar lóð er veitt af hreppsnefnd, er greiðsla A-gjalds áskilin samkvæmt reglugerð þessari.

Þegar veitt er byggingarleyfi án undangenginnar lóðaveitingar, er greiðsla A-gjalds áskilin samkvæmt reglugerð þessari, en þó aðeins af byggingaráfanga hverju sinni.

Þegar veitt er byggingarleyfi fyrir breytingu eða endurbyggingu húsnæðis, sem felur í sér breytta notkun þess, þannig að húseignin færist í hærri gjaldflokk, er greiðsla A-gjalds áskilin. Gjaldið af hinu breytta húsnæði skal nema mismun A-gjalds fyrir og eftir breytinguna.

Sömu reglur gilda, ef notkun byggingarrýma er breytt á þann veg, að húseignin eða hluti hennar færist í hærri gjaldflokk, þótt ekki þurfi breytinga á byggingu eða endurbyggingar við.

8. gr.

Gjalddagar A-gjalda skulu vera sem hér segir:

Við lóðarveitingu skal greiða 50% af áætluðu gatnagerðargjaldi innan eins mánaðar frá lóðarveitingu. Eftirstöðvar skulu greiðast, þegar byggingarleyfi er veitt. Þó er heimilt að veita gjaldfrest á eftirstöðvum í allt að þrjá mánuði.

9. gr.

Byggingarfrestur er 12 mánuðir, það er að segja, að lóð fellur aftur til sveitarsjóðs hafi framkvæmdir ekki verið hafnar innan þess tíma frá veitingu hennar, nema veitingin hafi verið háð öðrum skilmálum um byggingarfrest.

Noti lóðarhafi ekki veitta lóð, skal hann eiga rétt á endurgreiðslu á greiddu gatnagerðargjaldi svo sem hér segir:

Eftir 6 mánuði endurgreiðast 50%.
Eftirstöðvarnar endurgreiðast eftir 12 mánuði.

Verði lóðin veitt að nýju innan þess tíma, skal fyrri lóðarhafi fá gatnagerðargjaldið endurgreitt, þegar greiðsla samkvæmt þeirri úthlutun fer fram.

10. gr.

Hafi byggingarleyfi verið veitt í bygginganefnd og aðeins hluti þess notaður innan tilskilins byggingarfrests, skal við endurnýjun leyfisins greiða fullt gjald af þeim hluta, sem endurnýjaður er, eins og það er þá, að frádregnu gatnagerðargjaldi, sem áður var greitt af sama áfanga.

11. gr.

Lóðin er veitt í því ástandi, sem hún er í við afhendingu, og á lóðarhafi engar kröfur á hendur sveitarfélaginu síðar vegna ástands hennar.

Lóðarhafi skal hlíta byggingarskilmálum, ef settir eru, svo og öllum þeim lögum og reglum, sem til greina kunna að koma.

12. gr.

B-gjöld samkvæmt 4. gr. skal miða við þá vísitölu, sem í gildi er við staðfestingu þessarar reglugerðar (vísitala 135), og síðan við þá vísitölu, sem í gildi verður, þegar lagning bundins slitlags fer fram við hlutaðeigandi götu. Nú breytist vísitala meðan verk er unnið, og skal þá miða við meðalvísitölu á því tímabili, sem um er að ræða.

13. gr.

Innheimta skal B-gjald af fasteignum, sem skráðar eru við þá götukafla, sem hverju sinni er lagt á bundið slitlag.

Þegar veitt er byggingarleyfi fyrir nýbyggingu, viðbyggingu og breytingu eða endurbyggingu húsnæðis, sem felur í sér breytta notkun þess, eða notkun byggingarrýma sé breytt, skal innheimta bæði A-gjald og B-gjald af viðkomandi byggingu.

Jafnframt skal innheimta B-gjald af fasteignum við götur, sem lagðar hafa verið bundnu slitlagi á síðustu 5 árum, og falla þau í gjalddaga 3 mánuðum eftir gildistöku þessarar reglugerðar og miðast við þá byggingarvísitölu sem þá er í gildi.

14. gr.

Ganga skal frá greiðslum á B-gjaldi samkvæmt 4. gr. á eftirfarandi hátt á því ári, sem lagning slitlags á viðkomandi götu er ákveðin, og skal við það miðað að gengið hafi verið frá greiðsluskuldbindingum áður en framkvæmdir hefjast.

Af álögðu gjaldi skal greiða 20% á framkvæmdaárinu með gjalddaga samkvæmt nánari ákvörðun hreppsnefndar við hverja framkvæmd.

Greiða má 80% gjaldsins með skuldabréfum, sem greiðast með jöfnum árlegum afborgunum á næstu fjórum árum. Skuldabréfin skulu tryggð með veði í viðkomandi fasteign og bera 12% ársvexti, er greiðist eftir á á sömu gjalddögum og afborganir, 1. júlí. Sveitarsjóði er heimilt að selja skuldabréfin.

Dragist framkvæmdir við viðkomandi götu eftir að gengið hefur verið frá greiðsluskuldbindingu vegna innheimtu B-gjalds, færast gjalddagar til í samræmi við það.

Lokagreiðsla af skuldabréfum skal ekki falla í gjalddaga fyrr en gangstétt hefur verið lögð við þá götu, sem viðkomandi fasteign er skráð við.

Heimilt er að veita staðgreiðsluafslátt allt að 10%, eftir nánari ákvörðun hreppsins á hverjum tíma.

Sé álagningu frestað samkvæmt 15. gr. A- eða B-liðum skal gjaldinu binglýst sem kvöð á viðkomandi eign og falla til álagningar í samræmi við gildandi gjaldskrá og vísitölu á þeim tíma, er fresturinn rennur út, eigendaskipti verða eða aðstæður breytast á annan þann hátt að forsendur frestsins bresti.

15. gr.

Hreppsnefnd úrskurðar flokkun bygginga í gjaldflokka samkvæmt 4. gr. Hreppsnefnd er heimilt:

A. Að fresta samkvæmt umsóknum álagningu B-gjalds, þegar um er að ræða íbúðarhúsnæði elli- eða örorkulífeyrisþega, sem engar eða litlar tekjur hafa aðrar en tryggingabætur, húsnæðið af hæfilegri stærð og ekki nýtt til annars en íbúðar fyrir þá.

B. Að fresta samkvæmt umsóknum allt að 5 árum álagningu B-gjalds, ef um er að ræða geymslu- eða gripahús, sem líklegt má telja að fjarlægð verði innan þess tíma, enda sé umsókn rökstudd þannig.

C. Að lækka samkvæmt umsókn A-gjald og/eða B-gjald eftir því sem við á, þegar lóðarhafi fjarlægir á eigin kostnað byggingu, sem A-gjald og/eða B-gjald hefur verið greitt af. Lækkunin skal þó ekki verða meiri en gjald mundi vera af byggingunni, sem rifin var, og gjaldið, sem ber að greiða af nýbyggingunni.

D. Að lækka eða fella niður A-gjald af fjölbýlishúsum, iðnaðar- og atvinnuhúsnæði, enda liggi til þess fullgild rök hverju sinni.

E. Að ákveða gatnagerðargjöld sérstaklega í þeim tilvikum að mannvirki séu sérhæfð eða afbrigðileg um notkun og annað slíkt.

F. Að gera sérsamninga um gjalddaga, þegar greiða skal á sama tíma A- og B-gjald, þegar um er að ræða umfangsmiklar byggingarframkvæmdir eins aðila, eða aðrar sérstakar aðstæður eru fyrir hendi.

G. Að hækka eða lækka gjaldstuðla samkvæmt 4. gr. hvern fyrir sig eða alla í einu um allt að 50% án frekari staðfestingar ráðuneytisins.

16. gr.

Gatnagerðargjaldi fylgir lögveð í fasteign þeirri, sem það er lagt á, og gengur það ásamt vöxtum og dráttarvöxtum fyrir öllum veðkröfum, sem á eigninni hvíla, og tekur einnig til vátryggingarfjár eignarinnar. Heimilt er að taka gjöld þessi lögtaki samkvæmt lögum nr. 29/1885.

Hreppsnefnd sker úr um meiri háttar ágreining, sem rísa kann um álagningu samkvæmt reglugerð þessari.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Evrarbakkahrepps, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51/1974 sbr. l. nr. 31/1975, til að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 23. júní 1977.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.
Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

16. júní 1977. Nr. 258.

AUGLÝSING

um gjaldeyrisviðskipti við erlenda ferðamenn.

1. Landsbanki Íslands og Útvegsbanki Íslands.

Það er aðalreglan, með þeim undantekningum, sem hér fara á eftir, að Landsbanki Íslands og Útvegsbanki Íslands mega einir kaupa gjaldeyri af erlendum ferða-

mönnum, enda geta þessir bankar einir enduryfirfært í gjaldeyri fyrir ferðamenn við brottför af landinu, gegn framvísun gjaldeyriskaupanótna. Á sú takmörkun einnig við þau gjaldeyrisviðskipti, sem heimiluð eru hér á eftir við aðra banka, sparisjóði, gististaði o. fl.

2. Aðrir bankar og sparisjóðir.

Aðrir bankar og sparisjóðir mega taka við gjaldeyri af erlendum ferðamönnum og föstum viðskiptamönnum vegna skipta þeirra við erlenda ferðamenn, enda sé öllum innkomnum gjaldeyri skilað til Landsbanka og Útvegsbanka innan viku frá móttöku. Bankar og sparisjóðir skulu færa skiptin á þar til gerðar afreikningsnótur, flokka þær eftir fyrirsögn gjaldeyriseftirlits Seðlabankans og senda þær gjaldeyriseftirlitinu eigi sjaldnar en á mánaðar fresti. Á nótur þessar skal skráð dagsetning gjaldeyrisskiptanna, erlend upphæð, daggengi og andvirði í íslenskum krónum, auk nafns ferðamanns eða annars viðskiptaaðila. Gæta skal þess að afhenda ferðamanni afrit afreikningsnótu.

Gjaldeyrinum skal skipt á kaupgengi á afgreiðsludegi að frádreginni þóknun, skv. gjaldskrá gjaldeyrisbankanna. Skal helmingur þóknunar ganga við gjaldeyrisskil til gjaldeyrisviðskiptabankanna.

Öðrum gjaldeyri er hérgreindum bönkum og sparisjóðum óheimilt að skipta.

3. Aðrir aðilar, sem viðskipti eiga við erlenda ferðamenn.

Aðilar, sem skipta við erlenda ferðamenn sem aðalatvinnu eða sem veigamikinn og fastan þátt í starfsemi sinni, þ. e. hótel, flugfélög, skipafélög, ferðaskrifstofur, bifreiðaleigur, minjagripaverslanir, eigendur og forráðamenn veiðiréttinda í ám og vötnum, mega taka við greiðslu í erlendum gjaldeyri fyrir seldar vörur, leigu, afnotarétt og veitta þjónustu, og skulu þeir gera eigi sjaldnar en á 20 daga fresti gjaldeyrisskil til Landsbanka eða Útvegsbanka eða síns viðskiptabanka. Ofangreindir aðilar skulu senda gjaldeyriseftirlitinu skýrslur, á þar til gerðum eyðublöðum, eigi sjaldnar en einu sinni í mánuði um hve mikil gjaldeyrisskil hafi verið að ræða, og í hvaða banka gjaldeyri var skilað, en hægt er að semja við gjaldeyriseftirlitið um lengri frest, sérstaklega fyrir aðila með minni eða afmarkaðan rekstur. Skýrslur þessar skulu hafa borist gjaldeyriseftirlitinu eigi síðar en á 10. degi næsta mánaðar.

Ofangreindar heimildir banka, sparisjóða, gististaða o. fl. skv. 2) og 3) til gjaldeyrisskipta eru háðar þeim forsendum, að öllum hérgreindum skilyrðum um gjaldeyrisskipti, skil gjaldeyris og skýrslugerð sé sinnt í hvívetna af þeirra hálfu.

Gjaldeyriseftirlitið sér um framkvæmd reglna þessara.

Auglýsing þessi, sem er sett skv. heimild í lögum nr. 30 frá 25. maí 1960 um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála o. fl. öðlast gildi nú þegar. Jafnframt fellur úr gildi auglýsing ráðuneytisins um gjaldeyrisskipti við erlenda ferðamenn frá 14. maí 1969.

Viðskiptaráðuneytið, 16. júní 1977.

Ólafur Jóhannesson.

Yngvi Ólafsson.

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Húsavíkur.

I. KAFLI

1. gr.

Hitaveita Húsavíkur selur afnot hitaorku úr hitaveitukerfum þeim, sem gerð hafa verið eða verða gerð í Húsavík og Reykjahreppi eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari sbr. og reglugerð staðfestri 25. maí 1970 um hitaveitu og hitalagnir í Húsavík.

2. gr.

Hitaveita Húsavíkur lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til hitunar á húsinu, enda séu ofnar hússins nægilega stórir að dómi hitaveitustjóra.

Hitaveitan lætur setja stillanlegan hemil fyrir hámarksrennsli til hvers upphitunarkerfis og miðast gjald hitaveitunnar fyrir selda orku við það hámark, sem hemillinn er stilltur á.

Hitaveitan lætur húseigendum í té aukahemil, ef þess er óskað.

3. gr.

Einungis starfsmenn hitaveitunnar mega breyta stillingu vatnshemils þess, er um getur í 2. gr. Hitaveitan breytir stillingu hemils eftir óskum húseiganda fyrsta árið, sem hús hans er tengt við hitaveitukerfið, en síðan verður hemilsstillingu að jafnaði einungis breytt einu sinni á ári og skal beiðni um breytingu komið á framfæri við hitaveituna fyrir 1. janúar ár hvert.

Hámarksstilling hemils gildir allt árið, þótt orkunotkun verði minni, hluta úr ári.

II. KAFLI

4. gr.

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

A. Fastagjald kr. 600.00 á mánuði fyrir hvern aðalhemil.

B. Vatnsgjald kr. 1 330.00 á mánuði fyrir hvern mínútulítra í hámarksstillingu hemils.

Á gjöld þessi leggst söluskattur skv. gildandi reglum á hverjum tíma.

5. gr.

Vilji notandi fá meira rennsli í kranavatnslögn en er á miðstöðvarkerfi getur hann fengið sérskammtara á kranavatnslögn hjá hitaveitunni. Kranavatnsskammtarar í sambandi við aðalhemil eru af 4 gerðum og gefa þeir eftirfarandi rennslisblutföll milli miðstöðvarkerfis og kranavatnslagnar:

A	1.00/1.0
B	0.95/1.3
C	0.90/1.7
D	0.85/2.8

Vatnsskammtur notanda (gjaldskammtur) er í þessum tilvikum reiknaður 1.0.

6. gr.

Hitaveitugjöld skv. 4. gr. verða krafin annan hvern mánuð og skulu þau greiðast til innheimtumanns eða í Landsbanka Íslands í Húsavík. Gjalddagi er við framvísun

reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Það eru vanskil, ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 7 daga frá gjalddaga.

III. KAFLI

7. gr.

Heimæðagjald Hitaveitu Húsavíkur skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

a. Fyrir hús, sem hafa olíu-, kola- eða rafmagnskynditæki fyrir 1. október 1970.
Hús allt að 300 m³ að utanmáli kr. 120 270.00.
Hús 300—2 000 m³ að utanmáli kr. 120 270.00 fyrir 300 m³ og 130 kr. á hvern rúmmetra þar yfir.
Hús stærri en 2 000 m³ að utanmáli kr. 341 270.00 fyrir 2 000 m³ og 104 kr. á hvern rúmmetra þar yfir.

b. Fyrir önnur hús.
Hús allt að 300 m³ að utanmáli kr. 172 560.00.
Hús 300—2 000 m³ að utanmáli kr. 172 560.00 fyrir 300 m³ og 156 kr. á hvern rúmmetra þar yfir.
Hús stærri en 2 000 m³ að utanmáli kr. 437 760.00 fyrir 2 000 m³ og 130 kr. á hvern rúmmetra þar yfir.
Stofngjald fyrir hvern aðalrennslishemil umfram einn á sama inntaki er kr. 18 300.00.

8. gr.

Gjöld skv. 7. gr. eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar 2510 stig. Er hitaveitunefnd heimilt að breyta þeim í samræmi við þær breytingar, sem á nefndri vísitölu verða.

IV. KAFLI

9. gr.

Nú eru leyfð afnot hitaveitunnar til annars en húshitunar, svo sem heyþurrkunar eða ræktunar og er þá hitaveitunefnd heimilt að ákveða gjald fyrir þau afnot sérstaklega í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

10. gr.

Öll gjöld samkv. gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

11. gr.

Hitaveita Húsavíkur hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð notanda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirrætlun um lokun ber að tilkynna með 3 daga fyrirvara.

Allan kostnað við lokun og opnun á ný, greiðir sá sem í vanskilum er, kr. 750.00 í hvert skipti.

12. gr.

Eftirlitsmanni Hitaveitu Húsavíkur skal hvenær sem er frjáls aðgangur að öllum hitakerfum, sem tengd eru við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum hans um viðgerðir á hilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til hess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut

eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 285 18. desember 1970 með síðari breytingum.

Iðnaðarráðuneytið, 16. júní 1977.

F. h. r.
Árni Þ. Árnason.

Kristmundur Halldórsson.

22. júní 1977. Nr. 260.

REGLUGERÐ

um búfjárhald í Grundarfirði.

1. gr.

Búfjárhald (nautgripa, hrossa, svína, geita, sauðfjár og alifugla) er óheimilt innan afgirts skipulagðs lands Grundarfjarðar, nema með sérstöku leyfi hreppsnefndar. Allt búfjárhald í kauptúninu er þó gjaldskylt samkvæmt 5. gr.

2. gr.

Sá sem hyggst sækja um leyfi samkvæmt 1. grein skal senda skriflega umsókn til hreppsnefndar. Í umsókninni skal gera grein fyrir fjölda búfjárins, geymslu þess og öðru er máli skiptir um öryggi þess og aðhald.

3. gr.

Telji hreppsnefnd að skilyrði séu fyrir hendi skal hún veita leyfið, (til lengri eða skemmri tíma). Má veita það ákveðinn tíma eða tiltaka ákveðinn frest til afturköllunar. Ef leyfishafi brýtur reglur um meðferð búfjár t. d. gætir þess ekki á fullnægjandi hátt, má afturkalla leyfið að undangenginni aðvörun.

4. gr.

Ef maður heldur búfé án heimildar sem reglugerð þessi nær til, skal lögreglustjóri hlutast til um að það sé tekið úr vörslu hans og er heimilt að selja það á uppboði eða slátra því að undangenginni aðvörun. Sama gildir ef leyfishafi gætir ekki settra reglna um meðferð búfjárins, þannig að það veldur tjóni eða óþrifum.

5. gr.

Hreppsnefnd getur ákveðið að greiða skuli í sveitarsjóð gjald fyrir veitt leyfi þó eigi hærra en kr. 1 000 á ári. Gjaldi þessu sé varið til vörslu á landi kauptúnsins.

6. gr.

Hreppsnefnd skal skylt að láta gera búfjárhelda girðingu umhverfis byggð í kauptúninu og skipuleggja landssvæði fyrir búfjárhald utan þeirra marka. Stefnt skal að því að allt búfjárhald flytjist út fyrir ofangreinda girðingu, eigi síðar en 1. okt. 1977 enda hefur hreppsnefnd Eyrarsveitar áður gefið umþóttunartíma til 2ja ára sem rann út 15. júlí 1976.

Brot gegn reglugerð þessari varðar sektum allt að kr. 5 000. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Eyrarsveitar staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 44 23. maí 1964, um búfjárhald í kaupstöðum

og kauptúnum, til þess að öðlast gildi frá 1. okt. 1977 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 22. júní 1977.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

Nr. 261. 28. júní 1977.

AUGLÝSING

um breyting á auglýsingu nr. 132/1974 um íslenska stafsetningu.

9. gr. auglýsingarinnar orðist svo:

a) **Þjóðheiti, nöfn á íbúum landshluta (héraða, hreppa, borga og kaupstaða), nöfn á mönnum kenndum við bæi eða forfeður,** svo og **nöfn á íbúum heimsálfa** skal rita með stórum staf, t. d. **Íslendingur, Austfirðingur, Keldhverfingur, Reykvíkingur, Seyðfirðingur, Stokkseyringur, Oddaverjar, Sturlungar, Knýtlingar, Evrópumenn, Ameríkanar.**

b) **Hátíðanöfn** skal því aðeins rita með stórum staf að fyrri hluti þeirra sé sérnafn, t. d. **Margrétarmessa, Þorláksmessa** o. s. frv.

c) **Um viðurnefni og nokkur önnur orð, samsett á sama hátt,** gildir sama regla og um hátíðanöfn, t. d. (Helgi) **Hundingsbani, Hólsfjallahangikjöt, Vernerslögmál** o. s. frv. **Viðurnefni leidd af staðanöfnum** skal einnig rita með stórum staf **ef þau eru nafnorð,** t. d. (Þorvaldur) **Vatnsfirðingur,** (Þórður) **Hítnesingur,** (Einar) **Þveræingur,** (Ormur) **Svínfellingur** o. s. frv. Um viðurnefni almennt, sjá 10. gr., og hátíðanöfn, 15. gr.

10. gr. verði þannig:

Viðurnefni skal rita með litlum staf (sbr. þó Um stóran staf 9. gr. c-lið), t. d. (Ari) **fróði,** (Jón) **lærði,** (Auðun) **vestfirski** o. s. frv.

11. gr. verði þannig:

a) **Þjóðflokkaheiti** skal rita með litlum staf, t. d. **mongóli, indíáni, germani, slafi.**

b) **Tungumálaheiti og nöfn á mállýskum** skal rita með litlum staf, t. d. **íslenska, vestfirska, jóska.**

12. gr. verði þannig:

a) **Nöfn á fylgismönnum stefna, jafnt stjórnmálastefna sem annarra,** svo og **nöfn á fylgismönnum einstakra forystumanna** skal rita með litlum staf, t. d. **framsóknarmaður, sjálfstæðismaður, alþýðuflokksmaður, sósíalisti, guðspekingur, nýguðfræðingur, stalínisti, hitlerssinni, maóisti, gaullisti** o. s. frv.

b) **Nöfn trúflokka og fylgismanna þeirra** skal rita með litlum staf, t. d. **múhameðstrú, múhameðstrúarmaður, kristin trú, kalvínstrú, húgenotti** o. s. frv.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Hafa skal hliðsjón af ákvæðum 42. gr. að því er varðar heimild til að nota kennslubækur með fyrri stafsetningu.

Menntamálaráðuneytið, 28. júní 1977.

Vilhjálmur Hjálmarsson.

Birgir Thorlacius.

REGLUGERÐ
um lágmarksstærðir fisktegunda.

1. gr.

Skylt er að hirða allan fisk af eftirtöldum tegundum, sem kemur í veiðarfæri íslenskra fiskiskipa: Þorskur, ýsa, ufsi, skarkoli, steinbítur og karfi.

2. gr.

Sjávarútvegsráðuneytið skal samkvæmt ákvæðum laga nr. 32 19. maí 1976, um upptöku ólöglegs sjávarafla, gera upptækan allan fisk, sem smærri er en greint er hér á eftir:

Þorskur (Gadus morhua morhua)	50 cm
Ýsa (Melanogrammus aeglefinus)	45 —
Ufsi (Pollachius virens)	50 —
Skarkoli (Pleuronectes platessa)	34 —
Langlúra (Gyptocephalus cynoglossus)	30 —
Þykkvalúra (Microstomus kitt)	30 —
Stórkjafta (Lepidorhombus Whiffiagonis)	30 —
Lýsa (Merlangius merlangus merlangus)	40 —
Sandkoli (Limanda limanda)	20 —
Steinbítur (Anarhichas lupus)	40 —
Karfi (Sebastes marinus)	500 gr.

Þrátt fyrir ákvæði þessarar greinar má 5% af karfaafla hverrar veiðiferðar vera undir 500 gr að þyngd hver fiskur.

3. gr.

Lágmarksstærðin er mæld frá trjónuoddi að sporðsenda.

4. gr.

Eigi ná ákvæði þessarar reglugerðar til fiskveiða í þágu vísindalegra rannsókna.

5. gr.

Starfsmenn Framleiðslueftirlits sjávarafurða skulu hafa eftirlit með aflasamsetningu fiskiskipa og gera sjávarútvegsráðuneytinu viðvart verði þeir varir við að fiskur sé undir lágmarksstærðum þeim, sem í 2. gr. greinir.

6. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða refsingum samkvæmt 18. gr. laga nr. 81 31. maí 1976 um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Um upptöku afla fer samkvæmt ákvæðum laga nr. 32 19. maí 1976, um upptöku ólöglegs afla.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 12. gr. laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er með henni felld úr gildi reglugerð nr. 276 8. júlí 1976 um lágmarksstærðir fisktegunda.

Sjávarútvegsráðuneytið, 6. júlí 1977.

Matthías Bjarnason.

Þórður Ásgeirsson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 415, 7. desember 1976, um friðunarsvæði við Ísland.

1. gr.

Síðasta málsgrein 2. tl. 1. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

2. Norður af Kögri allt árið á svæði er markast af línum, sem dregnar eru á milli eftirgreindra punkta:

a. 67°17′0 n.br., 23°51′0 v.lgd.
b. 67°21′5 n.br., 22°03′0 v.lgd.
c. 67°02′4 n.br., 21°47′0 v.lgd.
d. 66°57′0 n.br., 23°21′0 v.lgd.

Á þessu svæði skal þó heimilt að stunda loðnuveiðar í hringnót þegar slíkar veiðar eru leyfðar og jafnframt er ráðuneytinu heimilt að veita leyfi til rækjuveiða á þessu svæði.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum 7. gr. laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 7. júlí 1977.

Matthías Bjarnason.

Þórður Ásgeirsson.

Nr. 264. 30. júní 1977.

AUGLÝSING

um breyting á gjaldskrá Sundlaugar Akureyrar nr. 188 13. apríl 1977.

Aðgangseyrir:

Fullorðnir	kr. 150.00
Börn	— 50.00
Gufubað	— 300.00
Leiga á sundfatnaði	— 100.00

Miðasamstæður verða seldar með afslætti.

Gjaldskrá þessi sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Akureyrar staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Jafnframt er felld úr gildi gjaldskrá nr. 188 13. apríl 1977.

Félagsmálaráðuneytið, 30. júní 1977.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

Stjórnartíðindi B 24, nr. 255—264. Útgáfudagur 8. júlí 1977.

STJÓRNARTÍÐINDI B 25 — 1977

HÚSAGERÐARSAMÞYKKT

fyrir Búnaðarsamband Borgarfjarðar.

I. KAFLI.
Starfssvæði og markmið samþykktarinnar.

1. gr.

Starfssvæði húsagerðarsamþykktarinnar er Borgarfjarðar- og Mýrasýsla.

2. gr.

Markmið samþykktarinnar er að efla byggingarframkvæmdir á starfssvæðinu og stuðla að því, að byggingar verði vandaðar, hagkvæmar, smekklegar og ódýrar.

Til þess að vinna að þessu markmiði ræður búnaðarsambandið til sín eða aðstoðar við ráðningu flokks eða flokka byggingarmanna, eftir því sem aðstæður leyfa hverju sinni, og leggur þeim til fullkomnar vélar og tæki til vinnunnar. Að framkvæmdum þessum skal staðið, svo sem fyrir er mælt í samþykkt þessari.

Vinnuflokkar þeir, sem hér um ræðir skulu vinna að eftirtöldum verkefnum:

1. Byggingu íbúðarhúsa.
2. Byggingu hvers konar peningshúsa ásamt tilheyrandi fóðurgeymslum og áburðargeymslum.
3. Byggingu hvers konar geymsluhúsa fyrir landbúnaðarvélar og verkfæri og framleiðslu- og rekstrarvörur bænda.

Byggingar skulu afhentar verkkaupanda á því byggingarstigi, sem um er samið hverju sinni. Að jafnaði skal þó við það miðað, að bygging sé fokheld, þegar henni er skilað, en íbúðarhúsum skal ekki skilað síðar en á því byggingarstigi.

II. KAFLI.
Stjórn og tilhögun framkvæmda.

3. gr.

Stjórn búnaðarsambandsins annast, með aðstoð Byggingarstofnunar landbúnaðarins, alla stjórn þeirra mála, sem um ræðir í samþykkt þessari. Hún ákveður, í samráði við forstjóra Byggingarstofnunar landbúnaðarins, kaup á nauðsynlegum vélum og verkfærum, enda hafi hann haft samráð við stjórn Búnaðarfélags Íslands um fjölda þeirra eininga, er kaupa þarf.

Stjórn sambandsins ræður verkstjóra, vinnuflokka og aðra starfsmenn, ákveður launakjör þeirra og hefur eftirlit með störfum þeirra. Verkstjórar vinnuflokka þeirra, sem um ræðir í 2. gr., skulu ráðnir í samráði við forstjóra Byggingarstofnunar landbúnaðarins, sem hefur eftirlit með störfum þeirra.

Stjórn búnaðarsambandsins samþykkir alla verktökusamninga fyrir hönd sambandsins samkvæmt samþykkt þessari og eru þeir skuldbindandi fyrir sambandið. Hún ræður verkstjóra, vinnuflokka og aðra starfsmenn, ákveður launakjör þeirra og hefur eftirlit með störfum þeirra.

B 51
Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

4. gr.

Heimilt er stjórn búnaðarsambandsins að fela framkvæmdastjóra sambandsins að annast daglegan rekstur samkvæmt samþykkt þessari. Ráða má sérstakan framkvæmdastjóra í samráði við Byggingarstofnun landbúnaðarins og Búnaðarfélag Íslands, og skal hann hafa full réttindi húsameistara. Þó má ráða annan mann sé annars ekki kostur, enda fullnægi hann skilyrðum skv. 14. gr. reglugerðar nr. 88 frá 13. maí 1947. Stjórn sambandsins selur honum erindisbréf varðandi störf hans.

5. gr.

Heimilt er stjórn búnaðarsambandsins að taka að sér útvegun efnis til bygginga, sem vinnuflokkar hennar vinna við, sé þess óskað af verkkaupanda. Verkkaupandi skal þá greiða 1% af andvirði efnisins í Húsagerðarsjóð Bsb. Borg, samanber 13. gr.

6. gr.

Byggingar, sem reistar eru samkvæmt samþykkt þessari skulu gerðar eftir teikningum, sem samþykktar eru af Byggingarstofnun landbúnaðarins. Rísi ágreiningur um teikningar þær, er fyrir liggja, getur kostnaðarmaður byggingar skotið þeim ágreiningi til Búnaðarfélags Íslands, er fellir fullnaðarúrskurð um hann.

Stjórn búnaðarsambandsins eða framkvæmdastjóri skal, áður en framkvæmd hefst, ganga úr skugga um, að slíkt samþykki liggi fyrir. Þá skal þess einnig gætt, að fyrir liggi samþykki hlutaðeigandi byggingaryfirvalda á staðsetningu húsa og teikningar af þeim hluta byggingarframkvæmdar, er verksamningur nær til.

7. gr.

Verkkaupandi skal sjá um að nægilegt magn af nothæfu byggingarefni sé fyrir hendi á byggingarstað og jafnan meðan á byggingarframkvæmd stendur. Nánar skal ákveðið í verksamningi um þessa skyldu verkkaupanda og viðurlög, ef vanefndir verða til þess, að vinna tefst vegna efnisskorts. Stjórn eða framkvæmdastjóri skal ganga úr skugga um að við þetta atriði verksamnings hafi verið staðið á fullnægjandi hátt, áður en vinnuflokkur er fluttur á vinnustað, svo og að öðrum undirbúningi verksins, sem verkkaupanda ber samkvæmt verksamningi að annast, sé lokið.

8. gr.

Áður en vinna hefst við byggingu skal gerður samningur við verkkaupanda um framkvæmdina, og greiðslur hans á kostnaði við verkið. Verkkaupandi skal setja tryggingu, er stjórnin telur fullnægjandi, fyrir skilvísri greiðslu á kostnaði, sem sambandið hefur af framkvæmdinni. Til kostnaðar við verkið telst:

a) Allur beinn kostnaður, sem sambandið greiðir vegna hverrar byggingar.
b) Hluti sameiginlegs reksturskostnaðar, sem skipt er eftir reglum, sem stjórnin setur í samráði við forstjóra Byggingarstofnunar landbúnaðarins. Til slíks kostnaðar telst meðal annars:
   1. Viðhalds- og fyrningargjald af veggjamótum og öðrum tækjum, skv. lögum nr. 7 frá 1945.
   2. Flutningar milli vinnustaða.
   3. Verkstjórnar- og stjórnarkostnaður.
   4. Lánatökukostnaður og vextir af skuldum.
   5. 1/2% af framkvæmdakostnaði (öðrum en efniskostnaði).

9. gr.

Sambandið hefur forgangskröfu í framlög, sem greidd eru af almannafé út á byggingar, er byggðar eru samkvæmt þessari samþykkt, til lúkningar skuldum verkkaupanda vegna byggingarkostnaðar.

10. gr.

Nú hefur landnámsstjórn ríkisins heitið styrk til húsagerðar, er sambandið tekur að sér samkvæmt þessari samþykkt, og á það þá kröfu til að fá styrkinn greiddan, þegar verkið er hafið af vinnuflokkum þess, þó ekki hærri fjárhæð en svarar vinnulaunum við að gera húsið fokhelt.

11. gr.

Skuldir, sem myndast kunna við búnaðarsambandið vegna byggingarkostnaðar samkvæmt samþykkt þessari, eru forgangsskuldir tryggðar með veði í jörð þeirri, sem framkvæmdin hefur verið gerð á, næst á eftir þeim lánum, sem á jörðinni hvíldu, er framkvæmdin hófst, og víkja aðeins fyrir opinberum gjöldum og fylgifjárkröfum, ef um óðalsjörð er að ræða. Skuldir þessar má taka lögtaki.

12. gr.

Stjórninni er heimilt að taka rekstrarlán með tryggingu í Húsagerðarsjóði og í tekjum og kröfum, er stafa frá byggingarframkvæmdum, sem sambandið vinnur að eða hefur unnið að, samkvæmt þessari samþykkt.

III. KAFLI.

Húsagerðarsjóður og starfsemi hans.

13. gr.

Búnaðarsambandið stofnar sjóð, sem kallast Húsagerðarsjóður Búnaðarsambands Borgarfjarðar (B.s.B.) með framlagi að upphæð allt að kr. 1 500 000.00. Sjóður þessi skal styðja starfsemi samkvæmt þessari samþykkt, og er óheimilt að verja fé hans til nokkurs annars. Til þess að greiðsla úr sjóðnum sé heimil, þarf hún að vera samþykkt af aðalfundi.

14. gr.

Tekjur Húsagerðarsjóðs B.s.B. eru:

1. Styrkir til áhaldakaupa samkvæmt gildandi lögum.
2. 1,0% af verði byggigarefnis, sem sambandið annast um kaup á samkvæmt 5. gr.
3. ½% af öðrum byggingarkostnaði, er stafar af framkvæmdum undir verkstjórn starfsmanna sambandsins, samanber 8. gr., tölulið 5.
4. Aðrar tekjur.

IV. KAFLI.

Samning árlegrar starfsáætlunar.

15. gr.

Bændur á sambandssvæðinu skulu fyrir 1. desember ár hvert, senda stjórn sambandsins beiðni um verk, sem þeir óska að sambandið leysi af hendi samkvæmt samþykkt þessari á jörðum þeirra á næsta ári. Með beiðni skulu fylgja upplýsingar um, hverrar tegundar og hve stór fyrirhuguð bygging er, og úr hvaða efni hún skuli byggð. Stjórn sambandsins getur krafist, ef þurfa þykir, að aðalteikning af fyrirhugaðri byggingu fylgi verkbeiðni.

16. gr.

Stjórn sambandsins skal í desember ár hvert, að fengnum verkbeiðnum samkvæmt 15. gr., semja starfs- og rekstursáætlun fyrir næsta starfsár. Við samningu starfsáætlunar skal gætt eftirtalinna atriða:

1. Að jarðir, sem mesta þörf hafa fyrir nýbyggingar sitji fyrir eftir því sem unnt er, þó að því athuguðu að ekki valdi óhæfilegum aukakostnaði í flutningi verkfæra og vinnuflokka.

2. Að röðun verkefna sé hagað á þann hátt, sem hagkvæmastur er með tilliti til flutninga á vinnuflokkum. Sjá þó tölulið 1.
3. Að byggingarframkvæmdir séu sem best skipulagðar hvað alla framkvæmd snertir.
4. Að allt byggingarefni sé sem vandaðast eftir öllum aðstæðum.
5. Að öll vinna sé vel af hendi leyst, og vönduð eftir því sem við verður komið.

V. KAFLI.
Um reikningshald og endurskoðun.

17. gr.

Reikningsár samþykktarinnar skal vera almanaksárið.

18. gr.

Endurskoðendur búnaðarsambandsins skulu endurskoða reikninga samþykktarinnar. Þeir skulu sannprófa reikningana, kynna sér reksturinn sem best og hafa eftirlit með starfrækslu fyrirtækisins í hvívetna.

19. gr.

Endurskoðaðir reikningar skulu lagðir fram til samþykktar á aðalfundi búnaðarsambandsins. Þar gefur stjórnin skýrslu um starfsemina, svo og endurskoðendur, ef tilefni er til þess.

VI. KAFLI
Um breytingu samþykktar og hvernig samþykkt verður úr gildi felld.

20. gr.

Tillögur, sem fram kunna að koma til breytinga á samþykkt þessari, skulu sendar búnaðarfélögum til umsagnar. Þær skulu síðan, ásamt umsögn búnaðarfélaganna, lagðar fyrir aðalfund búnaðarsambandsins. Samþykki löglegur aðalfundur breytingarnar með atkvæðum að minnsta kosti 3/5 hlutum atkvæðisbærra fulltrúa, skal stjórn sambandsins senda breytingarnar Búnaðarfélgi Íslands, er leitar staðfestingar landbúnaðarráðherra á þeim.

21. gr.

Samþykkt þessa má því aðeins nema úr gildi, að rökstutt álit meirihluta samþykktaraðila liggi fyrir um að tilgangi samþykktarinnar verði ekki náð, og lögmætur aðalfundur búnaðarsambandsins samþykki það með að minnsta kosti 3/5 hlutum atkvæðisbærra fundarmanna, enda komi samþykki landbúnaðarráðherra til.

22. gr.

Með brot á samþykkt þessari skal farið sem almennt lögreglumál og geta þau varðað sektum frá 1.000 til 100.000 krónum, nema þyngri refsing liggi við að lögum.

23. gr.

Samþykkt þessi gengur í gildi, er hún hefur verið staðfest af landbúnaðarráðherra.

Samþykkt þessi er sett samkvæmt lögum nr. 7 12. janúar 1945, um jarðræktar og húsagerðarsamþykktir í sveitum og reglugerð nr. 88 13. maí 1947, til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 1. júlí 1977.

Halldór E. Sigurðsson.

Haukur Jörundarson.

AUGLÝSING

um staðfestingu á gjaldskrá fyrir Sundhöll Hafnarfjarðar.

1. Fullorðnir ..... kr. 150.00
   Ef keyptir eru 10 miðar í senn kosta þeir kr. 900.00.
2. Börn ..... — 50.00
   Ef keyptir eru 10 miðar í senn kosta þeir kr. 300.00.
3. 70 ára og eldri ½ gjald.
4. Sjúkrakort (samkv. læknisvottorði) ókeypis.
5. Baðstofa:
   Almenningstímar ..... — 300.00
   Ef keyptir eru 10 miðar í senn kosta þeir kr. 2 400.00.
6. Leiga á sundfötum, handklæðum, lökum og teppum ..... — 100.00
7. Sundæfingar íþróttafélaga:
   a) 16 ára og eldri ..... — 40.00
   b) yngri en 16 ára ..... — 30.00

Gjaldskrá þessi sem samþykkt er af bæjarstjórn Hafnarfjarðar staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 30. júní 1977.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.
Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

8. júlí 1977. Nr. 267.

AUGLÝSING

um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á breytingum á Samþykkt fyrir Byggingarfélag verkamanna í Reykjavík.

Samkvæmt lögum nr. 59 30. apríl 1973 um breyting á lögum nr. 30 12. maí 1970 um Húsnæðismálastofnun ríkisins hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingar á Samþykkt fyrir Byggingarfélag verkamanna í Reykjavík:

1. málsgrein 7. greinar hljóði svo:

Inngöngueyrir er kr. 1000 og rennur í varasjóð félagsins. Ennfremur greiði hver félagsmaður árlega kr. 1000, sem renna í félagssjóð.

Á eftir 1. málsgrein 7. greinar, kemur ný málsgrein svohljóðandi:

Gjöld þessi skulu breytast miðað við vísitölu byggingarkostnaðar í janúar ár hvert, þó í heilum hundruðum króna. Grunntími vísitölu er janúar 1976.

4. málsgrein 11. greinar hljóði svo:

1. Óheimilt skal félagsmanni, er íbúð hefur fengið hjá félaginu, að framleigja hana nema með leyfi stjórnar félagsins.
2. Stjórnin veitir eigi leiguheimild, nema einhverjum af eftirtöldum skilyrðum sé fullnægt:
   a) Vegna dvalar félagsmanns á öðru félagssvæði vegna atvinnu sinnar.

b) Vegna dvalar félagsmanns á öðru félagssvæði vegna náms.
c) Vegna dvalar félagsmanns af heilsufarsástæðum á sjúkrahúsi, hæli eða elliheimili.
d) Vegna tímabundinnar dvalar erlendis.
e) Vegna arfs:
I. Vegna óskipts bús.
II. Vegna ófjárræðis erfingja.
f) Vegna annarra ástæðna, er stjórnin metur gildar.

3. Félagsmaður, sem stendur í vanskilum við BFV getur ekki fengið leyfi til að selja á leigu íbúð sína. Sama gildir, þegar um er að ræða vanskil við sjóði, sem löglega hafa verið stofnaðir af íbúðaeigendum.
4. Félagsmaður, sem framleigir íbúð sína, skal tilnefna fulltrúa búsettan í Reykjavík í sinn stað. Fulltrúinn skal skriflega gangast undir ábyrgð gagnvart greiðslum til BFV og viðkomandi húsfélags, og fyrir því, að leigutaki fylgi samþykktum BFV og húsreglum húsfélagsins. Verði misbrestur á ofangreindu, fellur leiguheimildin úr gildi.
5. Nýti börn, fósturbörn eða foreldri félagsmanns íbúðina, telst slíkt ekki vera um leigu að ræða.
6. Stjórnin skal að jafnaði eigi veita lengri leiguheimild en til 12 mánaða, en hámark tvö ár í senn. Samþykki stjórnin eigi frekari framleigu, ber íbúðareiganda að bjóða BFV forkaupsrétt að íbúð sinni, ef hann ætlar ekki að nýta íbúðina sjálfur.

Til viðbótar við b. lið 1. mgr. 15. greinar kemur:

Það skulu ávallt talin veruleg vanskil, ef félagsmaður hefur ekki greitt lögboðin gjöld til félagsins í 2 ár eða lengur.

Á eftir 2. mgr. 15. gr. kemur ný málsgrein svohljóðandi:

Ekki getur félagsmaður borið fyrir sig, að hann hafi ekki fengið tilkynningu frá félaginu, ef hann hefur skipt um heimilisfang, án þess að láta félagsstjórn vita.

Félagsmálaráðuneytið, 8. júlí 1977.

F. h. r.
Jón S. Ólafsson.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

Nr. 268. 11. júlí 1977.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40 frá 23. apríl 1968 og að fengnum tillögum borgarráðs hefur eftirfarandi verið ákveðið:

Bannað verður að leggja bifreiðum á Grýtubakka, Hjaltabakka, Írabakka og Jörvabakka, beggja vegna akbrautar og á Súðarvogi að vestan verðu.

Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi 20. júlí n. k.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 11. júlí 1977.

Sigurjón Sigurðsson.

REGLUR
um hreindýraveiðar á Austurlandi 1977.

1. gr.

Heimilt skal að veiða allt að 1510 hreindýr í Múlasýslum og Austur-Skaftafellssýslu á tímabilinu 1. ágúst til 15. september árið 1977. Þó getur ráðuneytið leyft veiðar á öðrum árstíma, ef sérstakar ástæður mæla með, að höfðu samráði við hreindýraeftirlitsmenn sem hlut eiga að máli.

2. gr.

Tala þeirra dýra, sem veidd verða samkvæmt 1. gr., skiptist þannig milli eftirgreindra hreppa:

1.	Vopnafjarðarhreppur	35	hreindýr
2.	Fljótsdalshreppur	165	—
3.	Jökuldalshreppur	165	—
4.	Fellahreppur	105	—
5.	Tunguhreppur	105	—
6.	Hlíðarhreppur	40	—
7.	Hjaltastaðahreppur	45	—
8.	Borgarfjarðarhreppur	25	—
9.	Seyðisfjarðarhreppur	20	—
10.	Seyðisfjörður	20	—
11.	Skriðdalshreppur	95	—
12.	Vallahreppur	120	—
13.	Egilsstaðahreppur	45	—
14.	Eiðahreppur	60	—
15.	Mjóafjarðarhreppur	20	—
16.	Norðfjarðarhreppur	20	—
17.	Helgustaðahreppur	25	—
18.	Eskifjörður	20	—
19.	Reyðarfjarðarhreppur	45	—
20.	Fáskrúðsfjarðarhreppur	20	—
21.	Búðahreppur	20	—
22.	Stöðvarhreppur	20	—
23.	Breiðdalshreppur	65	—
24.	Beruneshreppur	45	—
25.	Búlandshreppur	20	—
26.	Geithellahreppur	45	—
27.	Bæjarhreppur	40	—
28.	Nesjahreppur	40	—
29.	Hafnarhreppur	20	—
		1510	hreindýr

3. gr.

Auk þeirra hreindýra, sem skiptast samkvæmt framansögðu, getur ráðuneytið leyft veiði nokkurra dýra í viðbót ef henta þykir, m. a. handa söfnum, til vísindalegra rannsókna o. fl., og koma þau dýr eigi til skipta. Veiðin fari fram undir eftirliti hreindýraeftirlitsmanns, sbr. 5. gr.

4. gr.

Andvirði felldra hreindýra greiðist í reikning hlutaðeigandi sveitarsjóðs samkvæmt hlutfalli í 2. gr. en hver hreppsnefnd (bæjarstjórn) skiptir fénu innan síns svæðis. Skal hreppsnefnd fyrst og fremst láta þá bændur, sem fyrir mestum ágangi verða af hreindýrum á beitilönd sín, njóta arðs af veiðunum en síðan sveitarsjóð, enda greiði hann þóknun þeim mönnum sem eru hreindýraeftirlitsmanni til aðstoðar við veiðarnar, sbr. 5. gr. Heimilt er þó að þeir fái í sinn hlut hreindýraafurðir í stað greiðslu.

Ekki er heimilt að selja veiðileyfi.

5. gr.

Einn hreindýraeftirlitsmaður skal vera í hverjum þeirra hreppa og kaupstaða sem nefndir eru í 2. gr. Skal hann ráðinn af menntamálaráðuneytinu að fengnum tillögum hlutaðeigandi hreppsnefndar og að höfðu samráði við sýslumann. Ráðuneytið ákveður og greiðir fasta þóknun hans fyrir starfið.

Hreindýraeftirlitsmenn ráðuneytisins framkvæma ásamt aðstoðarmönnum, sem þeir velja, þá fækkun hreindýra sem ákveðin er.

Aðalumsjón með hreindýrunum annast sá eftirlitsmaður sem ráðinn er fyrir Fljótsdalshrepp og hefur hann einnig umsjón með störfum hinna eftirlitsmannanna.

6. gr.

Þeir einir mega annast fækkun hreindýra sem til þess hafa næga skotfimi og kunnáttu í meðferð skotvopna að dómi hlutaðeigandi lögreglustjóra. Gætt skal þess að þeir fullnægi ákvæðum laga um leyfi til að eiga og nota skotvopn, sbr. lög nr. 46/1977. Aðalhreindýraeftirlitsmaður ákveður hvaða tegund og stærð skotvopns (riffils) skuli nota. Eigi er þó leyfilegt að nota minni stærð riffils en cal. 243.

7. gr.

Hreindýraeftirlitsmenn skulu gæta þess vandlega að hreindýr séu ekki veidd á þeim slóðum þar sem þau eru að nema ný lönd og talið er æskilegt að þau hagvenjist heldur þar sem ætlunin er að bægja þeim frá.

8. gr.

Hreindýraeftirlitsmenn skulu sjá um að veidd séu þau dýr sem minnstur skaði er að fyrir eðlilegan viðgang hjarðarinnar. Þeir skulu senda ráðuneytinu skýrslu um veiðarnar strax að veiðitíma loknum.

9. gr.

Athygli er vakin á að skv. lögum nr. 30/1966 um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum er óheimilt að hafa hreindýrakjöt til sölu nema það hafi verið skoðað og metið af dýralækni.

10. gr.

Brot á reglum þessum, sem settar eru skv. lögum nr. 72/1954 um breyting á lögum nr. 28/1940 um friðun hreindýra og eftirlit með þeim, varðar allt að 50 000 kr. sekt.

Reglur þessar öðlast þegar gildi og falla jafnframt úr gildi reglur nr. 299/1976 um hreindýraveiðar á Austurlandi 1976.

Menntamálaráðuneytið, 24. júní 1977.

Vilhjálmur Hjálmarsson.

Birgir Thorlacius.

REGLUGERÐ
um sérkennslu.

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.

Skólaskyldir nemendur, sem taldir eru víkja svo frá eðlilegum þroskaferli að þeir fái ekki notið venjulegrar kennslu í einni eða fleiri námsgreinum, eiga rétt á sérstakri kennslu við sitt hæfi. Auk þess skal þessi réttur taka til nemenda undir og ofan skólaskyldualdurs eftir því sem segir í reglugerð þessari.

Meginstefnan skal vera sú að sem flestir nemendur stundi nám í almennum grunnskóla sem veiti þeim sérkennslu og uppeldislega meðferð við þeirra hæfi í sem nánustum tengslum við aðra kennslu og almennt skólastarf. Við ákvörðun um sérkennslu skal jafnan taka tillit til heildaraðstæðna nemenda. Eigi skal vista nemanda í sérdeildum, sérskólum eða sérstofnunum, sbr. 2. og 3. lið í 3. grein B, nema áður hafi verið fullnýttir möguleikar á að veita honum kennslu við sitt hæfi í heimaskóla.

Í reglugerð þessari tákna orðin þroskaheftur og fjölfatlaður eftirfarandi:

a) þroskaheftur er sá sem af þekktum eða óþekktum ástæðum er þannig ástatt um að hann getur ekki af eigin rammleik náð eðlilegum þroska, andlegum eða líkamlegum, til almennrar þátttöku í samfélaginu.
b) fjölfatlaður er sá sem fatlaður er líkamlega og/eða andlega á fleiri en einu sviði.

2. gr.

Kennslu samkvæmt 1. gr. skulu njóta:

a) nemendur sem að dómi sálfræðiþjónustu og annarra sérfræðinga skortir hæfileika til að stunda venjulegt grunnskólanám,
b) nemendur sem að dómi skólalæknis hafa eigi heilsu eða önnur líkamleg skilyrði til að stunda venjulegt grunnskólanám,
c) nemendur sem að dómi sálfræðiþjónustu og annarra sérfræðinga eiga við að etja hömlur, einkum í máli og lestri, sem valda því að tvísýnt er um árangur venjulegrar bekkjarkennslu,
d) nemendur sem að dómi sálfræðiþjónustu og annarra sérfræðinga eiga við svo mikil aðlögunarvandamál að stríða að þeir eiga ekki samleið með venjulegum nemendum,
e) nemendur sem af öðrum ástæðum þurfa sérstakrar aðstoðar við að dómi sálfræðiþjónustu og annarra sérfræðinga, þar með taldir seinþroska nemendur,
f) börn undir skólaskyldualdri sem að dómi heilbrigðisþjónustu, sérfræðiþjónustu Öskjuhlíðarskóla eða sálfræðiþjónustu skóla þurfa á sérstakri námsþjálfun að halda, sbr. 3. gr., A, 2.

3. gr.

Fræðsla og þjálfun nemenda fer fram sem hér segir:

A. Forskólastig.

1. Foreldrar og forráðamenn þroskaheftra barna yngri en 7 ára, er þess óska, eiga rétt á ráðgjöf um uppeldi þeirra hjá sérfræðiþjónustu við Öskjuhlíðarskóla að því leyti sem reglugerð nr. 142/1977, útgefin 28. febrúar 1977 af heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, tekur ekki til, enda fari jafnframt fram

uppeldisfræðileg, sálfræðileg, læknisfræðileg og félagsleg rannsókn og greining. Hið sama gildir um börn sem grunur leikur á að séu þroskaheft.

2. Börn, sem falla undir ákvæði 7. gr. laga nr. 53/1967, um fávitastofnanir, lög nr. 13/1962 um heyrnleysingjaskóla og lög nr. 63/1974 um grunnskóla, eiga rétt á að njóta kennslu og þjálfunar við sitt hæfi við sérstofnanir sem ríkið rekur ef forráðamenn æskja þess og rannsókn sérfræðinga leiðir í ljós að þau víkja svo frá eðlilegum þroskaferli að slíks sé þörf.

B. Grunnskólastig 1. — 9. skólaár.

1. Í heimaskóla nemenda (almennum grunnskóla).
2. Í sérdeild við einhvern almennan grunnskóla fræðsluumdæmisins.
3. Í sérskóla eða stofnun fyrir þroskahefta.

C. Framhaldsnám 10. og 11. skólaár.

Ráðuneytið getur haldið uppi fræðslu og verklegri þjálfun fyrir ungmenni eftir skólaskyldualdur, sbr. ákvæði 52. gr. grunnskólalaga og 3. gr. laga um heyrnleysingjaskóla. Skal það gert í samráði við sérfræðideild Öskjuhlíðarskóla og aðra aðila sem annast fræðslu á grunnskólastigi.

4. gr.

Fræðslustjórar skulu, að höfðu samráði við skólastjórnir grunnskóla umdæmisins, svo og sérfræðiþjónustu (sérfræðideild) við Öskjuhlíðarskóla, gera tillögur um meginskipulag sérkennslu í umdæmum sínum og leggja þær fyrir fræðsluráð.

Menntamálaráðuneytið samræmir tillögur og gerir síðan heildaráætlun um skipulag og framkvæmd sérkennslu innan og utan grunnskóla. Þau mál, sem við verður ráðið heima í fræðsluumdæmunum að dómi ráðuneytisins, verði leyst þar, ýmist í almennum grunnskóla eða á annan hátt, en torleystari mál verði leyst með samræmdum aðgerðum fyrir landið allt.

Fræðslustjóri sér um að áætluð og samþykkt sérkennsla í umdæminu sé framkvæmd.

Um inntöku nemenda í stofnanir samkvæmt a, b, og f-lið 2. greinar gildir eftirfarandi:

Sé um að ræða sérstofnanir, er þjóna landinu öllu, skal fræðslustjóri (sálfræðideild) senda beiðni til sérfræðideildar Öskjuhlíðarskóla um inntöku og tekur hún og viðkomandi skólastjóri (forstöðumaður) ákvörðun um vistun nemenda og flutning þeirra. Þjóni sérstofnun, sérskóli eða sérdeild hins vegar ákveðnu fræðsluumdæmi tekur fræðslustjóri (sálfræðideild) þess í samráði við viðkomandi skólastjóra (forstöðumann) á sama hátt ákvörðun um vistun nemanda. Verði ágreiningur skal málið lagt fyrir menntamálaráðuneytið.

Sé um að ræða börn á forskólaaldri geta foreldrar (forráðamenn) og sérfræðingur (læknir, sálfræðingur o. s. frv.) óskað eftir greiningu á þeim sbr. 10. gr.

Ákvarðanir um tilhögun og framkvæmd þessarar sérkennslu, sem hver almennur grunnskóli á rétt á samkvæmt reglugerð nr. 213/1975 um rekstrarkostnað grunnskóla, sbr. 20. gr. grunnskólalaga, tekur skólastjóri.

5. gr.

Þeim nemendum, sem um getur í a, b og f-lið 2. gr. þessarar reglugerðar, skal séð fyrir viðeigandi kennslu og uppeldi í sérstofnunum á vegum ríkisins, sbr. 8. gr., enda telji hlutaðeigandi sérfræðingur, sbr. 51. gr. grunnskólalaga, að nám þeirra í almennum grunnskóla eða sérdeild á vegum hans muni ekki bera tilætlaðan árangur.

Þeim nemendum, sem um getur í c, d og e-lið 2. gr., skal séð fyrir viðeigandi kennslu í almennum grunnskóla eða í sérskólum (sérdeildum) á vegum hans, sbr.

81. gr. grunnskólalaga. Nú telur sálfræðideild að slíkt muni ekki bera tilætlaðan árangur og skal þeim þá séð fyrir kennslu og uppeldi í sérstofnunum á vegum ríkisins.

II. KAFLI

Framkvæmd og skipulag.

6. gr.

Sérkennsla skal fara fram einstaklingslega eða í hópum (innan almennra bekkjardeilda eða utan) og í sérbekkjum. Kennslan getur farið fram í almennum skólum, sérstofnunum, svo sem sérstökum hæfingarskólum, sbr. a-lið 8. gr., heyrnleysingjaskóla, þjálfunarskólum, sbr. c-lið 8. gr., á sjúkrahúsum, í heimahúsum, á vinnustöðum eða annars staðar þar sem heppilegt þykir og menntamálaráðuneytið heimilar.

7. gr.

Menntamálaráðuneytið lætur gera heildaráætlun um stofnun og staðsetningu sérstofnana samkvæmt 52. gr. grunnskólalaga, byggingu þeirra og rekstur. Skal þetta einnig taka til þjálfunarskóla skv. lögum nr. 53/1967 um fávitastofnanir. Hvert fræðsluumdæmi skal eiga aðgang að sérstofnunum innan fræðsluumdæmisins eða utan eftir því sem henta þykir.

8. gr.

Sérstofnanir eða sérdeildir, þar sem kennsla fer fram samkvæmt 52. gr. laga um grunnskóla, lögum um heyrnleysingjaskóla nr. 13/1962 og 7. gr. laga nr. 53/1967 um fávitastofnanir, eru:

a) Öskjuhlíðarskóli í Reykjavík, sérskóli (hæfingarskóli) fyrir andlega þroskahefta nemendur og fjölfatlaða sbr. 9. gr.
b) Heyrnleysingjaskólinn í Reykjavík.
c) Þjálfunarskólar við hæli og meðferðarstofnanir fyrir andlega þroskahefta, sbr. 7. gr. laga nr. 53/1967 um fávitastofnanir.
d) Sérstofnanir eða sérdeildir grunnskóla sem starfa í þágu ákveðins fræðsluumdæmis eða landshluta.
e) Sjúkrahús að því er tekur til kennslu sjúkra barna og ungmenna er þar dveljast.
f) Skólar eða deildir fyrir blinda, hreyfihamlaða og fjölfatlaða nemendur.
g) Stofnanir fyrir atferlis- og geðtruflaða nemendur, þ. m. t. upptökuheimili, skólaheimili og meðferðarheimili.
h) Aðrar stofnanir sem kann að verða komið á fót í samræmi við framanskráð lagaákvæði.

Ráðuneytið getur ákveðið í samráði við viðkomandi fræðslustjóra að kennsla samkvæmt f og g-liðum þessarar greinar fari fram á vegum almenns grunnskóla ef henta þykir, sbr. 3. gr.

9. gr.

Öskjuhlíðarskóli í Reykjavík er aðalstofnun ríkisins samkvæmt 52. gr. grunnskólalaga. Skal hann þjóna landinu öllu að því er varðar viðfangsefni á sínu sviði sem eigi verða leyst í einstökum fræðsluumdæmum eða með öðrum hætti.

Heyrnleysingjaskólinn í Reykjavík er aðalstofnun ríkisins á sínu sviði, sbr. lög nr. 13/1962.

Við þessa skóla skulu rekin fjölskylduheimili eða heimavistir vegna þjónustu skólanna við nemendur utan af landi og aðra sem þess þurfa með.

Við Öskjuhlíðarskólann skal rekin dagdeild fyrir þroskaheft börn undir 7 ára aldri til skammtíma atferlisathugana í tengslum við sérfræðideildina.

Við Heyrnleysingjaskólann skal rekin deild fyrir heyrnarlaus og alvarlega málhömluð börn undir 4ra ára aldri.

Menntamálaráðuneytið skipar sameiginlega skólanefnd fyrir báða þessa skóla. Skal hún skipuð 12 mönnum, einum tilnefndum af kennarafélögum hvors skóla um sig, einum tilnefndum af Foreldrafélagi Öskjuhlíðarskóla, einum tilnefndum af Sálfræðingafélagi Íslands, einum tilnefndum af Félagi barnalækna, einum tilnefndum af Foreldrafélagi Heyrnleysingjaskólans, einum tilnefndum af landssamtökunum Þroskahjálp, einum tilnefndum af Félagi íslenskra sérkennara og einum skipuðum af ráðuneytinu án tilnefningar og skal hann vera formaður nefndarinnar. Þá eiga skólastjórar beggja skólanna ásamt deildarstjóra sérfræðideildar samkvæmt stöðu sinni sæti í skólanefndinni.

Skólanefnd skal skipuð til 4ra ára í senn.

Setja skal skólanefndinni erindisbréf.

10. gr.

Við Öskjuhlíðarskóla starfi sérfræðideild sem annist eftirtalin verk:

a) rannsókn og greiningu á þroskaheftum börnum sem vísað er þangað til rannsóknar; ennfremur ráðgjöf og tilvísanir til meðferðaraðila,
b) skráningu og varðveislu upplýsinga um þroskaheft börn og ungmenni, m. a. í samvinnu við Kópavogshæli (göngudeild), sbr. reglugerð nr. 142/1977 um heilsugæslu, félagslega aðstoð við andlega vanþroska fólk, sem ekki dvelst á fávitastofnunum,
c) leiktækjaþjónustu og uppeldisráðgjöf til foreldra þroskaheftra barna yngri en 7 ára,
d) heilsugæslu nemenda sérskóla utan grunnskóla, þar með talin sjúkraþjálfun og eftirlit með sjón, heyrn og málmeinum, í samráði og samvinnu við heilbrigðisyfirvöld og aðra þá aðila er sinna þessum málum.
e) eftirvernd nemenda sérskóla utan grunnskóla, svo sem einstaklingsráðgjöf og félagslega aðstoð við þá nemendur sem leita starfa í atvinnulífi í samráði við hlutaðeigandi sérskóla, endurhæfingarráð og félagsmálaráð sveitarfélaga.
f) leiðbeiningarstarf og þjálfun starfsmanna í samráði og samvinnu við ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu grunnskóla, Háskóla Íslands, Kennaraháskóla Íslands, Fósturskóla Íslands og Þroskaþjálfaskóla Íslands eftir því sem við á. Skólastjóri Öskjuhlíðarskóla hefur forgöngu um að störf sérfræðideildar og fræðsluskrifstofa að þessum málum séu samhæfð.

11. gr.

Skólastjóri Öskjuhlíðarskóla veitir sérfræðideildinni forstöðu en sérfræðilega stjórnun hennar annast deildarstjóri sem lokið hefur embættisprófi í sálarfræði eða uppeldis- og kennslufræðum.

Skólastjóri og deildarstjóri skulu á þeim tíma árs, sem menntamálaráðuneytið ákveður, gera rökstuddar tillögur um mannahald deildarinnar á næsta fjárhagsári samfara rekstraráætlun fyrir deildina.

Menntamálaráðuneytið ræður, setur eða skipar starfsfólk að deildinni að fengnum tillögum skólanefndar og skólastjóra.

12. gr.

Menntamálaráðuneytið setur sérstakar námsskrár um kennslu í sérstofnunum, sbr. 8. gr. þessarar reglugerðar, og annast eftirlit með sérkennslu í og utan grunnskóla í samráði við þá aðila aðra sem vinna á vegum ráðuneytisins hliðstæð störf fyrir almenna grunnskóla.

13. gr.

Sérmenntaðir kennarar skulu annast kennslu samkvæmt reglugerð þessari hver á sínu sviði þar sem því verður við komið. Á sama hátt skal skipun í önnur sérhæfð störf háð viðurkenningu á menntun aðila.

14. gr.

Lengd árlegs kennslutíma skv. reglugerð þessari skal vera 9 mánuðir. Þó er heimilt að gera frávik frá þeirri reglu ef niðurstöður sérfræðilegra athugana leiða í ljós að þess sé þörf.

Gæta skal þess að álag á nemendur sakir náms og þjálfunar fari ekki fram úr því sem skólalæknir og aðrir sérfræðingar telja hæfilegt.

III. KAFLI

Kennslumagn.

15. gr.

Ákvæði þau, sem hér fara á eftir um kennslumagn, skulu koma til fullrar framkvæmdar á næstu fjórum árum frá útgáfu þessarar reglugerðar. Þó skal hvergi verða um að ræða á þeim tíma skerðingu á kennslumagni því sem ákveðið hefur verið.

16. gr.

Kennslumagn samkvæmt þessari grein á við starfstíma sem ætlaður er til fræðslu og uppeldislegrar meðferðar í samræmi við 7. mgr. 42. gr. og 50.—52. gr. grunnskólalaga.

Þegar nefnd er kennslustund í reglugerð þessari er miðað við að lengd hennar sé 40 mínútur.

Heimilt er að skipta námslotum og hagræða stundahléum eftir því sem hagkvæmast þykir á hverjum stað.

Um kennslumagn skal fara sem hér segir:

A. Forskólastig.

1. Forskóladeildir sérskóla og dagvistarstofnanir (sérdeildir og almennar deildir) þar sem þroskaheft börn eru.
   Að jafnaði skal gera ráð fyrir að einn starfsmaður, sérkennari, sérhæfð fóstra eða þroskaþjálfi, annist hver 3—4 börn. Ráðuneytið getur heimilað aukna aðstoð ef rökstutt álit sérfræðinga mælir með því.
   Fjöldi vikulegra kennslustunda skal að jafnaði vera 15—20, þó með frávikum í samræmi við mat sérfræðinga á þroska, heilsu og geðrænu ástandi hvers einstaklings.
2. Einstaklingskennsla eða hópkennsla í sjúkrahúsum, í heimahúsum eða annars staðar, sem að dómi sérfræðinga er talin óhjákvæmileg, er heimil með samþykki fræðslustjóra og menntamálaráðuneytis og þá allt að 5 kennslustundum á viku, sbr. 17. gr.

B. Grunnskólaaldur.

1. Þjálfunarskólar. (Greindarvísitala um það bil 0—49).
   Miða skal við að stærð námshóps sé 6 nemendur og kennsluna annist sérkennari, sérhæfður þroskaþjálfi eða sérhæfð fóstra. Heimilt er með samþykki menntamálaráðuneytisins að bæta við aðstoðarmanni ef undangengið mat sérfræðinga telur það nauðsynlegt.
   Kennslumagn miðast við að 5 vikustundir komi á hvern nemanda á skólaskyldualdri. Menntamálaráðuneytið getur heimilað frávik frá þessari tölu ef fyrir liggur rökstutt álit frá sérfræðideild. Skólastjóri (yfirkennari) ákvarðar vikustundir á nemanda í samræmi við mat sérfræðinga á þroska, heilsu og geðrænu ástandi hvers einstaklings. Skólastjóri (yfirkennari) gerir í samráði við sérfræðideild tillögur um áframhaldandi kennslu og þjálfun einstaklinga. Tillögurnar skulu sendar til menntamálaráðuneytisins til ákvörðunar. Þegar nemendur þjálfunarskóla eru komnir yfir skólaskyldualdur skulu þeir fá starfsfræðslu og starfsþjálfun eftir því sem við verður komið og þroski þeirra leyfir.

Skal hvort tveggja veitt í skólanum (þjálfunarskóla) eða annarri stofnun eftir því sem hverjum nemanda hæfir og við verður komið með það að markmiði að gera nemendur hæfa til starfa á vernduðum vinnustað eða í atvinnulífi.

2. Sérskólar (hæfingarskólar) og sérdeildir grunnskóla.
   a) **deildir fyrir andlega þroskahefta nemendur.**
   (Greindarvísitala um það bil 50—70).
   Miða skal við að 10 nemendur séu að jafnaði í bekkjardeild (námshópi).
   Miða skal við að 5 vikustundir komi á hvern nemanda á skólaskyldualdri.
   Skólastjóri (umsjónarkennari) ákveður fjölda vikulegra kennslustunda á hvern nemanda í samræmi við mat sérfræðinga á þroska, heilsu og geðrænu ástandi hvers einstaklings. Því kennslumagni, sem umfram er nemendastundir, skal varið til að skipta bekkjardeildum í þeim greinum sem nauðsyn ber til, svo og til stuðningskennslu, talkennslu og athvarfsiðju.
   Meta skal sérstaklega þörf skólans til viðbótarstunda vegna félagsstarfa.
   b) **deild fyrir fjölfatlaða nemendur.**
   Ætla skal að jafnaði 10 kennslustundir á viku á hvern nemanda. Er þá miðað við að 3 nemendur séu í kennsluhópi.
   c) **deild fyrir nemendur með alvarlega geðræna erfiðleika.**
   Miða skal við að 15 vikustundir komi á hvern nemanda.
   d) **Heyrnleysingjaskóli.**
   Ætla skal hverjum nemanda að jafnaði 9 kennslustundir á viku. Miðað er við að 4 nemendur séu í kennsluhópi að jafnaði, kennari og aðstoðarmaður að einum þriðja hluta.
   e) **Hreyfihamlaðradeild.**
   Ætla skal hverjum nemanda að jafnaði 9 kennslustundir á viku. Er þá miðað við 6 nemendur í bekkjardeild.
   f) **deild fyrir heyrnarskerta.**
   Ætla skal nemanda að jafnaði 5 kennslustundir á viku. Er þá gert ráð fyrir 6—8 nemendum í bekk og kennsluna annist einn kennari með aðstoðarmanni í hluta starfs.
   g) **deild fyrir blinda.**
   Miða skal við að 10 vikustundir komi á hvern nemanda.
   h) **upptökuheimili** ríkisins í Kópavogi og í Breiðavík.
   Ætla skal hverjum nemanda allt að 8 kennslustundir á viku.
   i) **meðferðarheimili og dagskólar fyrir atferlistruflaða nemendur.**
   Ætla skal hverjum nemanda allt að 10 kennslustundum á viku.
   j) Á 10. og 11. skólaári skulu nemendur fá starfsfræðslu og starfsþjálfun eftir því sem þroski þeirra leyfir. Skal hvort tveggja veitt í skóla eða á vinnustöðum eftir því sem hverjum einstaklingi hæfir best og við verður komið með það að markmiði að gera nemendur hæfa til starfa í atvinnulífi.
   Þá skal heimilt að fengnu samþykki menntamálaráðuneytisins að ráða til aðstoðar þroskaþjálfa, fóstrur eða annað starfslið sem nemur 5 klst. á viku á hvern 10 nemenda hóp, sbr. a—i. Ráðuneytið getur heimilað aukna aðstoð eða aukið kennslumagn umfram það sem tilgreint er í einstökum stafliðum B-töluliðar ef rökstutt álit sérfræðinga mælir með því.

17. gr.
Kennsla í sjúkrahúsum.

Verði sjúkralega skólaskyldra nemenda það langvinn að ætla megi að valdi verulegum töfum á skólanámi þeirra skulu þeir eiga rétt á kennslu.

Til þessarar kennslu skal ætla að jafnaði 5 kennslustundir á viku á nemanda,

þó skal kennsla á geðdeildum sjúkrahúsa metin sérstaklega, sbr. 16. gr. B 2, c-liðar og 23. gr. 2. mgr. þessarar reglugerðar.

18. gr.
Kennsla í heimahúsum.

Heimilt er að greiða allt að 200 kennslustundum á skólaári á nemanda vegna kennslu í heimahúsum ef hann getur ekki að dómi læknis, ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu grunnskóla, svo og sérfræðideildar, af heilsufarsástæðum sótt nám í almennum grunnskóla, sérskóla eða á sérstofnun.

19. gr.
Sérdeildir fræðsluumdæma.

a) menntamálaráðuneytið beitir sér fyrir því að í hverju fræðsluumdæmi verði komið á fót sérdeild eða deildum í tengslum við grunnskóla.
b) sérdeild við grunnskóla telst vera skipulags- og stjórnunarlegur hluti skólans og lýtur stjórn skólastjóra.
c) Verkefni sérdeilda þeirra, sem hér um ræðir, er að annast sérkennslu grunnskólanemenda í fræðsluumdæminu sem að dómi sálfræðideildar umdæmisins eru ekki tök á að veita nema í sérdeild en telst þó ekki nauðsynlegt að sækja til sérhæfðari stofnunar. Slíka sérkennslu skal einkum veita treggreindum og seinþroska nemendum, svo og nemendum sem eiga við sérstakar námshömlur að etja, einkum í máli og lestri, svo og nemendum sem eiga við aðlögunarvandamál að stríða, sbr. a, c, d og e-lið 2. gr.
d) Hver sérdeild samkvæmt þessari grein skal eiga aðgang að heimavistarrými eða vistun á heimilum fyrir nemendur.
e) Miða skal við, að vistun barna og unglinga á slíkri sérdeild verði ekki lengri en þörf krefur að mati sérkennara þeirra, sálfræðideildar umdæmisins og annarra sérfræðinga.
f) Haga ber störfum þannig að nemendur sérdeilda tengist öðrum nemendum skólans, í námi og félagslífi, eftir því sem unnt er .
g) Stundafjöldi ætlaður sérdeildum skal við það miðaður að 4.5 vikustundir komi á hvern nemanda. Menntamálaráðuneytið getur heimilað aukningu frá þeirri tölu enda liggi fyrir rökstutt álit frá ráðgjafar- og sálfræðideild umdæmisins er staðfesti þörfina. Liggi fyrir rökstudd beiðni frá ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu er menntamálaráðuneytinu heimilt að ráða fóstru/fóstra/þroskaþjálfa að deildinni. Meta skal sérstaklega þörf skólans fyrir auknar stundir til félagsmála vegna sérdeildarinnar.
h) Verði ágreiningur um málefni sérdeildarnemenda milli skólastjóra og sérkennara (umsjónarkennara) getur hvor aðili um sig vísað málinu til fræðslustjóra er kannar málið með aðstoð sálfræðideildar/eða annarra sérfræðinga og fellir úrskurð ef þörf krefur.
Um stofnun og rekstur sérdeilda fer eftir samningi milli menntamálaráðuneytisins og hlutaðeigandi sveitarstjórnar eða sveitarstjórna.

20. gr.
Skólaathvörf, lesver, athvarfsiðja o. fl.

Skólanefnd getur að fengnu samþykki sveitarstjórnar stofnað til skólaathvarfa, lesvera, athvarfsiðju eða annarrar sérkennslu, uppeldismeðferðar eða félagslegrar aðstoðar innan almenns grunnskóla sem ekki er kveðið á um í þessari reglugerð. Um nemendafjölda og kennslumagn ber að leita heimildar hlutaðeigandi fræðslustjóra og er það háð samþykki hans og menntamálaráðuneytisins, sbr. 50. og 76. gr. grunnskólalaga.

Um greiðslu og endurgreiðslu ríkissjóðs á kostnaði samkvæmt þessari grein fer eftir ákvæðum reglugerðar nr. 213/1975 um rekstrarkostnað grunnskóla.

IV. KAFLI

Fjármál.

21. gr.

Kostnaður við sérkennslu innan almenns grunnskóla greiðist samkvæmt 76. gr. grunnskólalaga og 8. og 11. gr. reglugerðar nr. 213/1975 um rekstrarkostnað grunnskóla.

22. gr.

Allur stofn- og rekstrarkostnaður sérstofnana samkvæmt 52. gr. grunnskólalaga greiðist úr ríkissjóði, þ. m. t. daggjöld nemenda, að því leyti sem bætur almannatrygginga hrökkva ekki til. Ennfremur greiðir ríkissjóður fargjöld nemenda heiman og heim þrisvar á ári, svo og fargjöld vegna einnar ferðar beggja foreldra árlega báðar leiðir, skv. reikningum og úrskurði fræðslustjóra sé nemandi vistaður utan síns skólahverfis af ástæðum sem þessi reglugerð tekur til. Heimilt er með samþykki menntamálaráðuneytisins að greiða fargjöld foreldra oftar en að framan getur sé það talið af sérfræðingum nauðsynlegt vegna velferðar barnsins.

23. gr.

Auk launa fastra starfsmanna, er starfa við sérdeildir fræðsluumdæma skv. 19. gr., greiðir ríkissjóður launakostnað vegna mötuneytis fyrir sérdeildarnemendur, efniskostnað fæðis fyrir þá að því leyti sem bætur almannatrygginga hrökkva ekki til og ferðir þeirra heim og heiman við upphaf skóla og lok og í jóla- og páskaleyfi.

Við útreikning stunda vegna umsjónar og eftirlits í heimavistum skal hver sérdeildarnemandi metinn til jafngildis allt að tveggja almennra grunnskólanemenda eftir aðstæðum í hverju tilviki.

Um annan kostnað fer eftir ákvæðum grunnskólalaga og samningi milli aðila, sbr. 19. gr. þessarar reglugerðar.

24. gr.

Um framkvæmd reglugerðar þessarar fer eftir því sem fé er veitt til í fjárlögum.

25. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 52. gr. laga nr. 63/1974 um grunnskóla, lögum nr. 13/1962 um heyrnleysingjaskóla og 7. gr. laga nr. 53/1967 um fávitastofnanir, öðlast þegar gildi.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 199/1972 um kennslu í fávitastofnunum.

Menntamálaráðuneytið, 1. júní 1977.

Vilhjálmur Hjálmarsson.

Birgir Thorlacius.

STJÓRNARTÍÐINDI B 26 — 1977

REGLUGERÐ

um takmarkanir á þorskveiðum í íslenskri fiskveiðilandhelgi.

1. gr.

Á tímabilinu 26. júlí til 1. ágúst 1977, að báðum dögum meðtöldum, eru allar þorskveiðar bannaðar í íslenskri fiskveiðilandhelgi. Útgerðaraðilum skuttogara er þó heimilt að velja um að stöðva þorskveiðar á fyrrgreindu tímabili eða dagana 2. ágúst til 8. ágúst 1977, að báðum dögum meðtöldum, enda sé sjávarútvegsráðuneytinu tilkynnt um það eigi síðar en 22. júlí.

2. gr.

Skuttogarar, með aflvél 900 bremsuhestöfl eða stærri mega ekki stunda þorskveiðar í 30 daga samtals í íslenskri fiskveiðilandhelgi frá útgáfudegi þessarar reglugerðar til 15. nóvember 1977 og eru þá meðtaldar takmarkanir þær, sem um getur í 1. gr. Útgerðaraðilar geta ráðið tilhögun þessarar veiðitakmörkunar, þó þannig, að hver skuttogari verður að láta af þorskveiðum ekki skemur en 7 daga í senn.

3. gr.

Útgerðaraðilar skulu tilkynna sjávarútvegsráðuneytinu eigi síðar en 15. ágúst hvernig þeir haga veiðitakmörkun á þorskveiðum samkvæmt ákvæðum 2. greinar. Verði slíkar áætlanir ekki látnar í té getur ráðuneytið ákveðið hvenær viðkomandi togarar skuli láta af þorskveiðum. Útgerðaraðilar eru bundnir við áætlanir sínar og verða að leita samþykkis ráðuneytisins ef þeir vilja breyta þeim.

4. gr.

Á þeim tíma, sem fiskiskip mega ekki stunda þorskveiðar skv. 1. og 2. gr. má hlutdeild þorsks í heildarafla hverrar veiðiferðar ekki nema meiru en 10%. Þorskafli undir þeim mörkum skoðast sem löglegur aukaafli, en fari þorskafli hverrar veiðiferðar fram úr 10% af heildarafla, verður það sem umfram er gert upptækt samkvæmt lögum um upptöku ólöglegs sjávarafla.

5. gr.

Sjávarútvegsráðuneytinu er heimilt að setja nánari reglur um framkvæmd þessarar reglugerðar ef nauðsyn krefur.

6. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða sektum samkvæmt ákvæðum laga nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins, og heimilt er að gera afla og veiðarfæri upptæk eftir því sem við á. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 1. gr. laga nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 14. júlí 1977.

Matthías Bjarnason.

Þórður Ásgeirsson.

Stjórnartíðindi B 26, nr. 271. Útgáfudagur 19. júlí 1977.

B 55

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

STJÓRNARTÍÐINDI B 27 — 1977

Nr. 272. 430 26. júlí 1977.

REGLUGERÐ
um bensíngjald.

1. gr.

Greiða skal sérstakt innflutningsgjald — bensíngjald — af bensíni er fellur undir tollskrárnúmer 27.10.19. Gjald þetta skal frá og með 28. júlí 1977 nema kr. 23.28 af hverjum lítra.

2. gr.

Gjald skv. 1. gr. tekur einnig til bensínbirgða sem til eru í landinu 28. júlí 1977. Þó skulu gjaldfrjálsir 300 lítrar hjá hverjum eiganda.

Gjaldið skal greiða hvort heldur bensínið er í vörslu eiganda sjálfs eða ekki.

Hafi gjald skv. 1. gr. reglugerðar nr. 408/1976 verið greitt af birgðum, sem til eru þann 28. júlí 1977, skal greiða kr. 3.32 af hverjum lítra slíkra birgða, sem til eru umfram 300 lítra hjá hverjum eiganda.

Hver sá er á eða hefur til umráða yfir 300 lítrum af bensíni eða meira þann 28. júlí 1977 skal skyldur að tilkynna það innheimtumanni innan 10 daga. Eigandi eða umráðamaður skal skyldur til að aðstoða við að kanna birgðir óski innheimtumaður slíkrar aðstoðar.

Innheimtumaður getur krafist upplýsinga hjá bensíninnflytjendum og bensínsölum um sölu samkvæmt verslunarbókum til viðskiptamanna er fram fór fyrir 28. júlí 1977.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. heimild í 4. mgr. 5. gr. laga nr. 79 6. september 1974 um fjáröflun til vegagerðar, sbr. lög nr. 78 23. desember 1975 um breyting á þeim lögum, öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 408 17. desember 1976.

Fjármálaráðuneytið, 26. júlí 1977.

Matthías Á. Mathiesen.

Jón Sigurðsson.

Stjórnartíðindi B 27, nr. 272. Útgáfudagur 27. júlí 1977.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

STJÓRNARTÍÐINDI B 28 — 1977

12. júlí 1977. 431 Nr. 273.

REGLUGERÐ
um löggæslu á skemmtunum.

1. gr.

Skemmtun, sem aðgangur er seldur að, má eigi halda nema að fengnu leyfi lögreglustjóra. Sama gildir um skemmtun, sem fram á að fara á almennum skemmtistað, félagaheimili eða veitingahúsi, og skemmtun á að standa lengur en til kl. 23.30.

Forstöðumenn skemmtana skulu tilkynna lögreglustjóra, hvar og hvenær skemmtun skal halda, að jafnaði með einnar viku fyrirvara.

Fyrir skemmtanaleyfi skal greiða gjald til ríkissjóðs, samkvæmt reglugerð um aukatekjur ríkissjóðs.

2. gr.

Almennt skilyrði fyrir skemmtanaleyfi skal vera, að sá, sem fyrir skemmtun stendur, ábyrgist, að á skemmtun sé haldið uppi fullnægjandi dyravörslu og eftirliti að mati lögreglustjóra.

Sá, sem fyrir skemmtun stendur, skal greiða kostnað vegna ráðstafana sem lögreglustjóri ákveður samkvæmt 3. og 6. gr. reglugerðar þessarar, sbr. 5. og 8. gr. Getur lögreglustjóri krafist þess, að sá, sem fyrir skemmtun stendur, greiði þann kostnað fyrirfram eða setji þá tryggingu fyrir greiðslu kostnaðar, sem hann metur gilda.

3. gr.

Lögreglustjóri getur bundið skemmtanaleyfi því skilyrði að eigi annist aðrir dyravörslu að skemmtun en hann samþykkir.

Enn fremur getur lögreglustjóri bundið skemmtanaleyfi því skilyrði, að sá, sem fyrir skemmtun stendur, geri þær ráðstafanir aðrar til að halda þar uppi reglu, öryggi og velsæmi, sem lögreglustjóri telur fullnægjandi.

4. gr.

Hlutverk dyravarða er m. a. að hafa eftirlit með framkvæmd reglna um skemmtanaskatt og söluskatt, reglna m lokunartíma og slit skemmtunar, leyfðan gestafjölda, aldur gesta og meðferð áfengis. Skulu þeir og aðrir eftirlitsmenn að öðru leyti halda uppi röð og reglu á skemmtun, og er þeim í því skyni heimilt að vísa af skemmtun þeim, sem brjóta gegn settum reglum eða óspektum valda, og kveðja sér til aðstoðar við störf sín hvern þann, sem þeir óska.

Dyraverðir og aðrir eftirlitsmenn á skemmtun skulu að jafnaði bera einkennishúfu eða annað auðkenni, sem sá, er fyrir skemmtun stendur eða forstöðumaður samkomustaðar, leggur til.

5. gr.

Laun og ferðakostnað dyravarða og annarra eftirlitsmanna, sem lögreglustjóri áskilur samkvæmt 3. gr., greiðir sá, sem fyrir skemmtun stendur, eftir atvikum samkvæmt reikningi lögreglustjóra. Annan kostnað vegna ráðstafana samkvæmt þeirri grein greiðir sá, sem fyrir skemmtun stendur.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

6. gr.

Lögreglustjóri getur enn fremur bundið skemmtanaleyfi því skilyrði, að lögreglumenn verði á skemmtistað. Skulu þeir einkum halda uppi röð og reglu við skemmtistað og í næsta nágrenni hans, þ. á m. hafa eftirlit með og greiða fyrir umferð að og frá staðnum. Lögreglumenn skulu að jafnaði því aðeins fara inn á skemmtistað að þeir séu kvaddir þangað af forstöðumanni skemmtunar eða dyravörðum eða þeim þyki að öðru leyti ástæða til þess vegna eftirlits.

Þegar um er að ræða útisamkomur skulu lögreglumenn þó annast löggæslu á samkomusvæðinu.

Lögreglustjóri ákveður hverju sinni hve margir lögreglumenn skulu vera á skemmtistað og kveður nánar á um framkvæmd löggæslunnar. Hann ákveður m. a., hvenær lögreglumenn skulu mæta á skemmtistað, og skulu þeir dvelja þar uns skemmtun er lokið. Lögreglumenn skulu að jafnaði eigi yfirgefa skemmtistað fyrr en gestir eru farnir af staðnum.

7. gr.

Nú telur lögreglumaður, sem annast löggæslu á skemmtistað, reglu á skemmtun þannig, að eigi sé fært að halda henni áfram, og er honum þá heimilt að ákveða að skemmtun skuli slitið. Er gestum þá skylt að yfirgefa skemmtistaðinn.

Lögreglumenn, sem kvaddir eru til að annast löggæslu á skemmtistað, sbr. 6. gr., skulu gefa lögreglustjóra skriflega skýrslu um starf sitt.

8. gr.

Kostnaður vegna löggæslu á skemmtistað samkvæmt 6. gr. greiðist úr ríkissjóði af viðkomandi lögreglustjóra.

Sá, sem fyrir skemmtun stendur, skal endurgreiða lögreglustjóra þann kostnað, er leiðir af aukinni löggæslu vegna skemmtunar umfram það, sem eðlilegt má telja. Skal við það miðað, að hverju sinni séu að jafnaði tiltækir tveir lögreglumenn við almenn löggæslustörf í nágrenni skemmtistaðar, sem ríkissjóður ber allan kostnað af. Þá er gestum er heimill aðgangur að skemmtun eftir kl. 23.30 skal sá, sem fyrir skemmtun stendur, endurgreiða allan löggæslukostnað. Ríkissjóður skal þó bera ferðakostnað lögreglumanna. Að jafnaði skal eigi endurkrefja kostnað vegna löggæslu lengur en sem nemur einni klukkustund eftir að skemmtun lýkur.

Dómsmálaráðuneytið lætur lögreglustjórum í té gjaldskrá vegna endurgreiðslu launa lögreglumanna, og verði þá tekið tillit til launatengdra gjalda.

9. gr.

Lögregslustjóri skal, ef hann sér ástæðu til eða samkvæmt tilmælum félagasamtaka í umdæmi hans, boða til fundar með forstöðumönnum samkomustaða í umdæminu. Á þeim fundi skal rætt um það, á hvern hátt þess verði best gætt, að skemmtanir þær, sem haldnar verða í umdæminu, fari sómasamlega fram. Á fundi þessum skulu og lögreglumenn mæta.

10. gr.

Lögreglustjóri getur bannað þeim mönnum aðgang að skemmtunum í umdæmi sínu, sem ítrekað hafa hagað sér ósæmilega á skemmtunum.

Lögreglustjóri skal tilkynna forstöðumönnum samkomustaða um slíkt bann, og er þá alfarið óheimilt að veita hlutaðeigandi mönnum aðgang að skemmtunum.

11. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 8. og 11. gr. laga nr. 56 29. maí 1972 um lögreglumenn, öðlast gildi 21. júlí 1977.

Jafnframt falla úr gildi eftirtalin ákvæði:

Reglugerð um löggæslu á skemmtisamkomum í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, nr. 122 9. júní 1953.

Reglugerð um löggæslu á skemmtisamkomum í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, nr. 85 17. maí 1957.

Reglugerð um löggæslu á almennum skemmtisamkomum í Dalasýslu, nr. 46 16. maí 1962.

Reglugerð um löggæslu á almennum skemmtisamkomum í Austur-Barðastrandarsýslu, nr. 48 16. maí 1962.

Reglugerð um löggæslu á almennum skemmtisamkomum í Vestur-Barðastrandarsýslu, nr. 49 16. maí 1962.

Reglugerð um löggæslu á almennum skemmtisamkomum í Vestur-Ísafjarðarsýslu, nr. 36 27. apríl 1962.

Reglugerð um löggæslu á almennum skemmtisamkomum í nokkrum hreppum Norður-Ísafjarðarsýslu, nr. 37 27. apríl 1962.

Reglugerð um löggæslu á almennum skemmtisamkomum í Strandasýslu, nr. 50 16. maí 1962.

Reglugerð um löggæslu á almennum skemmtistöðum í Vestur-Húnavatnssýslu, nr. 114 20. ágúst 1962.

Reglugerð um löggæslu á almennum skemmtisamkomum í Austur-Húnavatnssýslu, nr. 167 16. október 1957.

Reglugerð um löggæslu á almennum skemmtisamkomum í Skagafirði, nr. 102 20. júlí 1956.

Reglugerð um löggæslu á almennum skemmtisamkomum í Eyjafjarðarsýslu, nr. 168 16. október 1957.

Reglugerð um löggæslu á almennum skemmtisamkomum í Suður-Þingeyjarsýslu, nr. 63 20. apríl 1964.

Reglugerð um löggæslu á almennum skemmtisamkomum í Norður-Þingeyjarsýslu, nr. 17 19. febrúar 1958.

Reglugerð um löggæslu á almennum skemmtisamkomum í Norður-Múlasýslu, og Seyðisfjarðarkaupstað, nr. 113 17. ágúst 1962.

Reglugerð um löggæslu á almennum skemmtisamkomum í Suður-Múlasýslu, nr. 112 17. ágúst 1962.

Reglugerð um löggæslu á almennum skemmtisamkomum í Rangárvallasýslu, nr. 88 19. júní 1962.

Enn fremur falla úr gildi önnur ákvæði, sem brjóta í bága við reglugerð þessa.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 12. júlí 1977.

Ólafur Jóhannesson.

Ólafur W. Stefánsson.

Stjórnartíðindi B 28, nr. 273. Útgáfudagur 28. júlí 1977.

STJÓRNARTÍÐINDI B 29 — 1977

Nr. 274. 434 8. júlí 1977.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um bátaábyrgðarfélög nr. 367/1976 22. mars 1976.

1. gr.

Niðurlag 3. mgr. 14. gr. svohljóðandi:

„Frádráttur skv. þessari málsgrein skal þó aldrei vera minni en segir í fyrstu málsgrein þessarar greinar“ falli burt.

2. gr.

Seinasti málsliður 3. mgr. 31. gr. svohljóðandi:

„Þrátt fyrir framangreindar reglur skal endurgreiðsla aldrei vera meiri en nemur mismun á ársiðgjaldi skips annars vegar og greiðslu Tryggingasjóðs fiskiskipa vegna iðgjalds skipsins á viðkomandi ári að viðbættum þeim hluta iðgjalds, sem skipseiganda ber að greiða sjálfum miðað við fullt úthald, hins vegar.“ falli burt.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. heimild í lögum nr. 91 31. desember 1975, öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 8. júlí 1977.

Matthías Bjarnason.

Jón Ingimarsson.

Nr. 275. 1. júlí 1977.

HÚSAGERÐARSAMÞYKKT

fyrir Búnaðarsamband Snæfellinga.

Búaðarsamband Snæfellinga gerir á grundvelli laga nr. 7 12. janúar 1945 svofellda húsagerðarsamþykkt:

I. KAFLI.

Takmark samþykktarsvæðis og markmið samþykktar.

1. gr.

Samþykktarsvæðið nær yfir starfssvæði Búnaðarsambands Snæfellinga.

2. gr.

Tilgangur samþykktarinnar er að greiða fyrir húsabótum og öðrum byggingarframkvæmdum hjá félagsmönnum á samþykktarsvæðinu og stuðla að því, að bændur geti komið sér upp svo vönduðum, hagkvæmum og ódýrum húsum, sem kostur er. Þessum tilgangi vill sambandið ná með því sem fyrst og eftir því, sem aðstæða leyfir, að taka að sér byggingu íbúðarhúsa og útihúsa á sambandssvæðinu, þannig

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

að það ráði til sín flokka byggingarmanna og leggi þeim til sem fullkomnastar vélar og önnur tæki til vinnunnar.

II. KAFLI.

Skipan og valdsvið framkvæmdastjórnar.

3. gr.

Stjórn Búnaðarsambands Snæfellinga hefur á hendi yfirstjórn allra byggingarframkvæmda, er sambandið tekur að sér. Ráða má sérstakan framkvæmdastjóra í samráði við forstöðumann Byggingarstofnunar landbúnaðarins. Með erindisbréfi skal framkvæmdastjóra falin yfirstjórn daglegs reksturs, þar með talin yfirstjórn vinnuflokka, enda hafi hann full réttindi húsasmíðameistara. Þó má, ef ekki er annars kostur, ráða mann, sem ekki hefur full réttindi, ef hann að dómi sambandsins, Búnaðarfélags Íslands og Byggingarstofnunar landbúnaðarins, telst fullfær til að taka starfið að sér.

Verkstjórar vinnuflokka þeirra, sem um getur í 2. gr. samþykktar þessarar, skulu ráðnir í samráði við forstöðumann byggingarstofnunar landbúnaðarins, sem hefur eftirlit með störfum þeirra. Stjórnin getur falið 2 mönnum úr stjórn sambandsins að annast ásamt framkvæmdastjóra, um stjórnarframkvæmdir þær, er um getur í 5. og 6. gr., svo og umsjón með rekstri fyrirtækisins og nefnast þeir framkvæmdastjórn. Stjórnin heldur sérstaka gerðarbók, þar sem færðar eru ályktanir hennar, vegna þessarar starfsemi sambandsins.

4. gr.

Stjórn sambandsins annast kaup á nauðsynlegum vélum og verkfærum og öðru því, er með þarf, til þess að náð verði æskilegum hraða í byggingarframkvæmdum Sambandsins. Skylt er henni að leita aðstoðar forstöðumanns Byggingarstofnunar landbúnaðarins um kaup og val hentugra véla, verkfæra og sérstakra veggjamóta, sem sambandið fær styrk til að kaupa. Forstöðumaður Byggingarstofnunar ákveður í samráði við stjórn Búnaðarfélags Íslands hve mörg veggjamót og vélar kaupa skuli.

5. gr.

Stjórnin og framkvæmdastjóri sjá um kaup á öllu því, er með þarf til reksturs og viðhalds vélum og áhöldum, er keypt verða. Henni ber að hafa þau tryggð fyrir fjárhæð, er svarar til verðgildis þessara eigna, eins og þær eru á hverjum tíma.

6. gr.

Framkvæmdastjórnin tekur á móti umsóknum frá félagsmönnum um byggingarframkvæmdir og kynnir sér, hvort umsækjandi geti fullnægt þeim skilyrðum, sem sambandið setur. Hún undirritar alla verktökusamninga og ákveður í samráði við framkvæmdastjóra hvenær og í hvaða röð verkefnin eru tekin.

7. gr.

Framkvæmdastjóri hefur yfirumsjón allra vinnuflokka og bókhald og gjaldkerastörf fyrir byggingarframkvæmdir, nema annað þyki henta. Enn fremur ber honum að fylgjast með því, að verkkaupi fullnægi öllum skilyrðum, sem honum eru sett af sambandsstjórninni og hefur að öðru leiti daglegt eftirlit með rekstrinum. Honum er og skylt í samráði við verkstjóra að veita verkkaupanda nauðsynlegar upplýsingar og áætlanir um efni til byggingarinnar ásamt öllum leiðbeiningum, er þörf kann að vera fyrir.

8. gr.

Allir samningar, er stjórn og framkvæmdastjóri gera fyrir hönd búnaðarsambandsins samkv. samþykktum þessum eða ályktunum aðalfundar sambandsins eru skuldbindandi fyrir félagsheildina og búnaðarfélögin, er að samþykktinni standa, án þess að það hafi verið sérstaklega undir þá borið. Stjórn og framkvæmdastjóri bera ábyrgð gerða sinna fyrir aðalfundi sambandsins.

III. KAFLI.

Um tilhögun framkvæmda.

9. gr.

Nú sækir félagsmaður sambandsins um, að það annist byggingarframkvæmdir á jörð hans eða landi, sem hann hefur til umráða. Skal þá fylgja umsókninni teikning af mannvirkjum, gerð af Byggingarstofnun landbúnaðarins eða samþykkt af henni. Nú er kostnaðarmaður byggingar óánægður með tillögur þær er fyrir liggja og getur hann þá skotið þeim til umsagnar Búnaðarfélags Íslands, sem fellir um þær fullnaðar úrskurð. Verkbeiðni fylgi samþykki hlutaðeigandi byggingaryfirvalda á staðsetningu byggingar. Jafnframt sé fram tekið, hvenær verkbeiðandi telji sig geta lokið þeim undirbúningsframkvæmdum, sem sambandið gerir kröfur til, áður en umsamin verk þess hefjast. Umsóknir skulu komnar til sambandsstjórnar fyrir lok janúarmánaðar ár hvert.

10. gr.

Að fengnum umsóknum þeim, er um getur í 9. gr., ber stjórn búnaðarsambandsins, í samráði við framkvæmdastjóra, að semja starfs- og rekstraráætlun fyrir hinar fyrirhuguðu byggingarframkvæmdir yfirstandandi árs.

Rísi ágreiningur innan búnaðarsambandsstjórnar um veigamikil atriði framkvæmdaáætlunarinnar, ber að leggja hana fyrir aðalfund búnaðarsambandsins til samþykkis.

Framkvæmdastjóra er skylt að framfylgja samþykktri starfsáætlun eftir því, sem við verður komið.

11. gr.

Við undirbúning framkvæmdaáætlunar skal þess sérstaklega gætt, að þeir, sem mesta þörf hafa fyrir nýbyggingar, sitji fyrir, eftir því sem unnt er.

12. gr.

Til þess að búnaðarsambandið taki að sér byggingarframkvæmdir, skal verkkaupi hafa fullnægt eftirtöldum skilyrðum: Lagt inn greiðslu í sjóð félagsins, sem stjórn sambandsins telur fullnægjandi til að ljúka verki því, sem það tekur að sér að annast. Heimilt er verkkaupa að leggja fram sem greiðslutryggingu ávísun á væntanlegt lán eða styrk, enda liggi fyrir yfirlýsing frá stofnunum um lágmarksupphæð á láni eða styrk, sem veittur yrði. Nú hefur verkkaupi fullnægt, að dómi framkvæmdastjóra, framangreindum skilyrðum, og skulu þeir þá gera með sér verktökusamning. Verkkaupi skal hafa grafið fyrir húsi, ennfremur gert aðgengilegt fyrir vélar og önnur tæki, sem nauðsynleg eru við bygginguna, tryggt nóg vatn til steypunnar og flutt allt byggingarefni á staðinn, nema samið hafi verið sérstaklega við sambandið um annað.

13. gr.

Byggingarframkvæmdum sé yfirleitt hagað þannig, að sem haganlegast sé fyrir báða aðila, sé að sumrinu unnið að steypuvinnu og húsin gerð fokheld. Að því leyti, sem sambandið tekur að sér innanhússvinnu, er gengið út frá því, að hún fari fram

að vetrinum. Vanda skal val manna við vinnuna eftir því sem kostur er á, og sé að minnsta kosti einn maður í hverjum flokki fær til að vinna á eigin ábyrgð að þeim verkefnum, sem flokknum er ætlað að leysa af hendi, enda sé hann verkstjóri flokksins.

Byggingarvinnan skiptist milli vinnuflokka eftir því, sem stjórn og framkvæmdastjóri telja hagkvæmast, jafnframt því að tryggð sé nægileg verkvöndun.

14. gr.

Nú liggja ekki fyrir næg verkefni hjá félagsmönnum búnaðarsambandsins og er þá heimilt að taka verk fyrir utanfélagsmenn, enda sé farið eftir reglum sambandsins um greiðslutryggingu og öll störf greidd af verkkaupa eftir reikningum.

IV. KAFLI.

Um greiðslu kostnaðar.

15. gr.

Kostnaður við þær framkvæmdir, er samþykkt þessi tekur til, greiðist af verkkaupanda eftir þeim skildaga og á þann hátt, er tilgreint verður í verktökusamningi þeim, er um ræðir í 6. og 12. gr. þessarar samþykktar. Heimilt er stjórn og framkvæmdastjóra búnaðarsambandsins að láta greiðslu fara fram eftir áætluðum verktöxtum meðan verkið stendur yfir, en fullnaðarupphæð sé byggð á tilkostnaðarverði eins og það verður samkvæmt rekstrarreikningi hvers árs. Áætlaðir verktaxtar séu miðaðir við meðaltals byggingarkostnað næstliðins árs, eins og hann hefur verið reikaður af Byggingarstofnun landbúnaðarins og með hliðsjón af verðbreytingum, sem kunna að hafa orðið.

Nú hefur landnámsstjórn ríkisins heitið styrk til húsagerðar, er sambandið tekur að sér samkvæmt samþykkt þessari, og á þá kröfu til að fá styrkinn greiddan, þegar verkið er hafið af vinnuflokkum þess, þó ekki hærri fjárhæð en svarar að gera húsið fokhelt.

16. gr.

Til rekstrarkostnaðar telst greiðsla vinnulauna, allur reksturskostnaður véla og greiðslur fyrningargjalds af þeim og áhöldum og veggjamótum. Kostnaður við flutning á milli vinnustaða, viðhald véla og annarra tækja, er stafar af eðlilegu sliti þeirra, vaxtagreiðslur, kostnaður við verkstjórn og stjórnarkostnaður.

Heimilt er stjórn búnaðarsambandsins að ákveða að leggja á framkvæmdakostnað áhættuþóknun, er nemi allt að 5% af heildarreksturskostnaði hvers árs.

17. gr.

Áhættuþóknun af verkum, sem unnin eru fyrir utanfélagsmenn og annar hagnaður af þeim skal leggjast í byggingarsjóð búnaðarsambandsins.

V. KAFLI.

Fjáröflun og tryggingar.

18. gr.

Búnaðarsambandið myndar byggingarsjóð til kaupa á vélum, verkfærum, áhöldum og veggjamótum við byggingarframkvæmdir sambandsins.

Tekjur sjóðsins eru:

1. Tveir þriðju hlutar stofnfjárins er styrkur úr ríkissjóði, jafnóðum og hann greiðist til sambandsins út á þær vélar, er keyptar verða, enda liggi fyrir sam-

þykki Byggingarstofnunar landbúnaðarins og stjórnar Búnaðarfélags Íslands um þörf sambandsins fyrir þann vélakost.
2. Óafturkræft framlag frá Búnaðarsambandi Snæfellinga, er nemi 1/6 heildarstofnfjárins. Eftirstöðvar stofnfjárins 1/6 hluta tekur Búnaðarsamband Snæfellinga að láni, sem endurgreiðist innan 5 ára og teljast greiðslur þessar ásamt vöxtum til reksturskostnaðar við byggingarframkvæmdirnar.
3. Tekjur þær, sem inn kunna að koma samkv. 17. gr.

19. gr.

Nú kemur síðar í ljós, að áliti búnaðarsambandsstjórnar, að auka þurfi byggingarsjóð, og ber henni þá að gera rökstuddar tillögur um aukningu sjóðsins og senda þær öllum búnaðarfélögum, áður en fulltrúar eru kosnir á aðalfund sambandsins.

Ef meiri hluti löglega kjörinna fulltrúa á aðalfundi búnaðarsambandsins samþykkir að auka byggingarsjóð sambandsins, er samþykktin bindandi fyrir búnaðarfélögin.

20. gr.

Stjórn búnaðarsambandsins ber að taka þær greiðslutryggingar, sem fyrir er mælt í 12. gr. miðað við áætlaðan kostnað búnaðarsambandsins af hverri byggingu. Lokagreiðslur fara fram samkv. ákvæðum verktökusamnings.

Skuldir, sem myndast kunna við búnaðarsambandið samkvæmt samþykkt þessari eru forgangsskuldir, tryggðar með veði í jörð þeirri, er framkvæmdin hefur verið gerð á, eftir lánum þeim, er á jörðinni hvíldu, er framkvæmdin hófst og víkja aðeins fyrir þeim opinberum gjöldum og fylgifjárkröfum, ef um óðalsjarðir er að ræða. Skuldir þessar má taka lögtaki.

21. gr.

Heimilt er stjórn búnaðarsambandsins að taka rekstrarlán gegn tryggingu í ávísun og greiðslutryggingum, sem ekki eru fallnar í gjalddaga.

VI. KAFLI

Um reikningshald og endurskoðun.

22. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið og skal reikningsskilum lokið svo tímanlega, að endurskoðun geti farið fram áður en aðalfundur sambandsins er haldinn. Endurskoðendur skulu sannprófa, að reikningum beri saman við bækur framkvæmdastjórnar.

23. gr.

Endurskoðendur séu tveir, kosnir af aðalfundi búnaðarsambandsins til eins árs í senn. Þeir skulu kynna sér reksturinn vandlega og hafa eftirlit með starfrækslu stjórnar og framkvæmdastjóra í hvívetna.

24. gr.

Endurskoðaðir reikningar skulu lagðir fram á aðalfundi búnaðarsambandsins. Þar gefur stjórn eða framkvæmdastjóri skýrslu um starfsemina svo og endurskoðendur, ef tilefni er til.

VII. KAFLI.

Um breyting samþykkta og hvernig samþykkt verði úr gildi felld.

25. gr.

Tillögur, er fram kunna að koma frá búnaðarfélögum um breyting á samþykkt þessari, skulu sendar sambandsstjórn, er sendir þær til umsagnar öllum aðilum,

er að samþykktinni standa samkv. 1. gr. Breytingartillögur sambandsstjórnar skulu og sendar sömu aðilum til umsagnar. Tillögurnar skulu því næst, ásamt umsögn búnaðarfélaganna, lagðar fyrir aðalfund búnaðarsambandsins. Samþykki löglegur aðalfundur breytingarnar með að minnsta kosti 3/5 atkvæðisbærra fulltrúa, skal stjórn sambandsins senda breytingarnar Búnaðarfélagi Íslands, er leitar staðfestingar landbúnaðarráðherra á þeim.

26. gr.

Samþykkt þessa má því aðeins nema úr gildi, að rökstutt álit meirihluta samþykktaraðila liggi fyrir um að tilgangi samþykktar verði ekki náð og að lögmætur aðalfundur búnaðarsambandsins samþykki það með að minnsta kosti 3/5 hlutum atkvæðisbærra fundarmanna, enda komi samþykki landbúnaðarráðherra til.

27. gr.

Með brot á samþykkt þessari skal farið sem almenn lögreglumál og varða þau sektum frá 1 000.00—100 000.00 krónum, nema þyngri refsing liggi við að lögum.

28. gr.

Samþykkt þessi gengur í gildi, þá er hún hefur verið staðfest af landbúnaðarráðherra.

Samþykkt þessi er sett samkvæmt lögum nr. 7 12. janúar 1945, um jarðræktar og húsagerðarsamþykktir í sveitum og reglugerð nr. 88 13. maí 1947, til að öðlast þegar gildi, og birtast til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 1. júlí 1977.

Halldór E. Sigurðsson.

Haukur Jörundarson.

1. júlí 1977. Nr. 276.

HÚSAGERÐARSAMÞYKKT

fyrir Húsagerðarsamband Inndjúps og Austur-Barðastrandarsýslu.

Búnaðarfélag Geirdalshrepps, Búnaðarfélag Reykhólahrepps og Búnaðarfélag Gufudalshrepps í Austur-Barðastrandarsýslu og Búnaðarfélag Ögurhrepps, Búnaðarfélag Reykjafjarðarhrepps, Búnaðarfélag Nauteyrarhrepps og Búnaðarfélag Snæfjallahrepps í Norður-Ísafjarðarsýslu gera á grundvelli laga nr. 7 12. jan. 1945, reglugerðar 13. maí 1947 og heildar húsagerðarsamþykktar Búnaðarsambands Vestfjarða svofellda húsagerðarsamþykkt:

1. gr.

Húsagerðarsambandið nær yfir 1. samþykktarsvæði húsagerðarsamþykktar Búnaðarsambands Vestfjarða, en í því eru þau búnaðarfélög, sem að framan eru talin.

2. gr.

Tilgangur samþykktarinnar er að greiða fyrir húsabótum og öðrum byggingarframkvæmdum hjá félagsmönnum og stuðla að því, að bændur geti komið sér upp svo vönduðum, hagkvæmum og ódýrum húsum, sem kostur er á. Þessum tilgangi vill húsagerðarsambandið ná með því að taka að sér byggingar íbúðar- og peningshúsa og þeirra húsa annarra, sem nauðsynleg eru í almennum búrekstri og í því skyni ráða til sín byggingarmenn og leggja þeim til sem fullkomnastar vélar, tæki og mót til vinnunnar.

3. gr.

Hvert búnaðarfélag kýs einn mann og annan til vara til þriggja ára í stjórn húsagerðarsambandsins. Skulu þeir ganga úr stjórninni eftir röð tveir og þrír árlega og ræður hlutkesti röð þeirra. Stjórnin kýs sér formann og auk þess tvo menn, er ásamt formanni mynda framkvæmdastjórn sambandsins. Stjórnin ræður húsagerðarsambandinu framkvæmdastjóra í samráði við Byggingarstofnun landbúnaðarins og Búnaðarfélag Íslands. Hvert búnaðarfélag kýs árlega tvo fulltrúa á aðalfund húsagerðarsambandsins.

Á aðalfundi skulu lagðir fram endurskoðaðir reikningar húsagerðarsambandsins og eru endurskoðendur tveir til þess kjörnir á aðalfundi Búnaðarsambands Vestfjarða. Aðalfund skal halda fyrir 20. júní ár hvert.

4. gr.

Stjórn og framkvæmdastjóri skipta með sér verkum svo sem tilgreint er í húsagerðarsamþykkt fyrir Búnaðarsamband Vestfjarða, svo skal og vera um starfsemi alla og félagshætti.

5. gr.

Húsagerðarsambandið myndar byggingarsjóð til kaupa á vélum, verkfærum, áhöldum og veggjamótum við byggingarframkvæmdir sambandsins. Stofnfjárhæð hans er kr. 5 000 000.00 — fimm milljón krónur. —

Tekjur byggingarsjóðs eru:

1) Tveir þriðju hlutar stofnfjársins er styrkur úr ríkissjóði, jafnóðum og hann greiðist inn til sambandsins út á þær vélar, sem keyptar hafa verið, enda liggi fyrir samþykki Byggingarstofnunar landbúnaðarins, stjórnar Búnaðarfélags Íslands og stjórnar Búnaðarsambands Vestfjarða um þörf húsagerðarsambands fyrir þann vélakost.
2) Óafturkræft framlag frá Búnaðarsambandi Vestfjarða, er nemi 1/6 hluta heildarstofnfjárins.
3) Eftirstöðvar stofnfjárins, 1/6 hluta, tekur húsagerðarsambandið að láni, sem endurgreiðist innan 5 ára, og teljast greiðslur þessar ásamt vöxtum til reksturskostnaðar við byggingarframkvæmdir. Heimilt er þó að jafna þessum hluta stofnfjárins niður á bændur eða búnaðarfélög á sambandssvæðinu.
4) Tekjur þær, er inn kunna að koma skv. 17. gr. húsagerðarsamþykktar Búnaðarsambands Vestfjarða.

6. gr.

Tillögur, er fram kunna að koma um breytingar á samþykkt þessari frá hreppabúnaðarfélögum, skulu sendar stjórn Búnaðarsambands Vestfjarða, er sendir þær til umsagnar öllum aðilum, er að samþykkt standa skv. 1. gr. Breytingartillögur sambandsstjórnar skulu sendar sömu aðilum til umsagnar. Tillögurnar skulu því næst ásamt umsögn búnaðarfélaganna, lagðar fyrir aðalfund búnaðarsambandsins. Samþykki löglegur aðalfundur breytingarnar með að minnsta kosti 3/5 atkvæðisbærra fulltrúa, skal stjórn sambandsins senda breytingarnar Búnaðarfélagi Íslands, er leitar samþykkis landbúnaðarráðherra á þeim.

7. gr.

Samþykkt þessa má því aðeins nema úr gildi, að rökstutt álit meiri hluta samþykktaraðila liggi fyrir um að tilgangi samþykktar verði ekki náð og að lögmætur aðalfundur búnaðarsambandsins samþykki það með að minnsta kosti 3/5 atkvæðisbærra fundarmanna, enda komi samþykki landbúnaðarráðherra til.

8. gr.

Með brot á samþykkt þessari skal farið sem almenn lögreglumál og varða þau sektum frá 10 000.00 til 100 000.00 krónum, nema þyngri hegning liggi við að lögum.

9. gr.

Samþykkt þessi gengur í gildi, þá er hún hefur verið staðfest af landbúnaðarráðherra.

Samþykkt þessi er sett samkvæmt lögum nr. 7 12. janúar 1945, um jarðræktar og húsagerðarsamþykktir í sveitum og reglugerð nr. 88 13. maí 1947, til að öðlast þegar gildi, og birtast til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 1. júlí 1977.

Halldór E. Sigurðsson.

Haukur Jörundarson.

4. júlí 1977. Nr. 277,

REGLUGERÐ

fyrir Þroskaþjálfaskóla Íslands.

I. KAFLI
Hlutverk skólans.

1. gr.

Þroskaþjálfaskóli Íslands er ríkisskóli og starfar undir yfirstjórn heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins.

2. gr.

Hlutverk skólans er að veita nemendum fræðilega þekkingu og starfsþjálfun til þess að gegna uppeldi, umönnun og þjálfun þroskaheftra.

Leggja skal áherslu á uppeldisleg markmið, hjúkrun og starfshætti þeirra stofnana, sem skólinn menntar starfslið til. Stefnt skal að því að efla alhliða þroska nemenda, þjálfa sjálfstæða hugsun og sjálfstæð vinnubrögð, jafnframt því sem lögð skal áhersla á samvinnu í hópstarfi, hugkvæmni, alúð og skyldurækni í starfi.

Skólinn skal leitast við að fylgjast sem gerst með nýjungum.

3. gr.

Skólinn skal annast símenntun þroskaþjálfa. Skal sú fræðsla miðast annars vegar við upprifjun og endurhæfingu fólks, sem ekki hefur verið í starfi um skeið og hins vegar við símenntun fólks í starfi.

II. KAFLI
Stjórn skólans.

4. gr.

Heilbrigðismálaráðherra skipar stjórn skólans þannig: þrjá án tilnefningar og skal einn þeirra vera formaður. Einn samkvæmt tilnefningu Félags þroskaþjálfa og einn samkvæmt tilnefningu Félags þroskaþjálfanema.

Stjórn skólans skal skipuð til þriggja ára nema fulltrúi Félags þroskaþjálfanema, sem skipaður skal árlega.

Skólastjórn skal fylgjast með því, að skólinn starfi samkv. lögum og reglum, sem honum eru settar.

Skólastjórn gerir tillögur til heilbrigðisráðuneytisins um húsnæði skólans og búnað. Skal þar farið eftir almennum reglum um skóla, sem eru í gildi á hverjum tíma en auk þess skal taka tillit til sérþarfa skólans.

Inntaka nemenda er í höndum skólastjórnar og skólastjóra. Hafi umsækjandi lokið einhverjum þætti námsins annars staðar skal það metið af skólastjóra og skólaráði.

Skólastjóri og skólastjórn fjalla um brottvikningu nemenda úr skóla, svo og meiri háttar frávik frá reglulegu námi.

Skólastjórn gerir tillögur til heilbrigðismálaráðherra um ráðningu skólastjóra.

Skólastjórn gerir tillögur til heilbrigðismálaráðherra um ráðningu fastra kennara skólans, sem skólastjóri skal áður hafa gert tillögur um til skólastjórnar. Greini skólastjóra og skólastjórn skal leggja tillögur skólastjóra fyrir ráðherra jafnframt tillögum skólastjórnar.

Skólastjóri ræður stundakennara með samþykki skólastjórnar. Skólastjórn gerir tillögur árlega til ráðherra um fjárveitingu til skólans. Skulu þær tillögur byggjast á áætlun skólastjóra og liggja fyrir við undirbúning fjárlagafrumvarps.

Haldin skal gerðabók yfir fundi skólastjórnar.

5. gr.

Við skólann skal starfa skólaráð skólastjóra til ráðuneytis. Skólaráðið skal skipað þrem kennurum og tveim fulltrúum nemenda og skulu þeir kosnir til eins árs að vori.

6. gr.

Skólastjóri hefur sem framkvæmdastjóri skólastjórnar yfirumsjón með rekstri skólans, húsum hans og munum, framkvæmdum og fjárreiðum öllum.

III. KAFLI

Starfslið skólans.

7. gr.

Skólastjóri skal skipaður af heilbrigðismálaráðherra og skal hann hafa lokið háskólaprófi í uppeldis- og sálarfræði eða hafa lokið sérkennaraprófi frá viðurkenndum háskóla. Skólastjóri skal einnig hafa staðgóða þekkingu á uppeldi og umönnun fólks með sérþarfir.

8. gr.

Fastakennara skal ráða að skólanum eftir þörfum og stundakennara í þá kennslu, sem fastir kennarar anna ekki eða hafa ekki menntun til. Verknámskennarar skulu hafa lokið prófi frá þroskaþjálfaskóla Íslands eða sambærilegum erlendum skólum og hafa unnið a.m.k. í 3 ár sem þroskaþjálfarar. Undanþágu frá þessum ákvæðum má veita ef sérstaklega stendur á. Fulltrúi skal annast störf á skrifstofu skólans, bókhald, vélritun, bókavörslu og hvers konar daglega afgreiðslu. Hann skal annast skjalavörslu eftir nánari fyrirmælum skólastjóra. Einnig má fela honum önnur störf eftir því sem tími leyfir og þörf krefur.

IV. KAFLI

Inntaka nemenda í skólann.

9. gr.

Inntökuskilyrði í skólann eru:

1. Umsækjandi skal a.m.k. hafa lokið námi úr 2. bekk í samræmdum framhaldsskóla (fjölbrautarskóla) í þeim námsgreinum, er skólinn gerir kröfur til eða hliðstæðu námi.

Umsækjendur, sem hlotið hafa frekari menntun t. d. lokið stúdentsprófi, skulu að öðru jöfnu ganga fyrir um skólavist, svo og þeir sem hlotið hafa frekari starfsreynslu.

2. Æskilegt er að umsækjandi hafi starfað 4—6 mánuði á stofnun þar sem þroskaheftir dveljast.
3. Heimilt er að veita umsækjanda skólavist þótt hann fullnægi ekki kröfum 1. töluliðs með hliðsjón af hæfnisprófum eða öðrum tiltækum matsaðferðum. Skal við mat á slíkum umsóknum m. a. hafa í huga að umsækjandi hafi næga þekkingu til að geta tileinkað sér námsefni skólans.
4. Læknisvottorð skal fylgja umsókn um skólavist.
5. Umsækjandi skal vera 18 ára gamall.

10. gr.

Inntaka nemanda er í höndum skólastjórnar og skólastjóra samkvæmt nánari reglum, sem þau setja sér.

V. KAFLI

Námstími og námsefni.

11. gr.

Námstími skal vera 3 ár. Skólaár hefst 1. september og því lýkur 31. maí.

12. gr.

Námið er bæði bóklegt og verklegt. Bóknám skal vera í eftirfarandi greinum. Uppeldisfræði, félagsfræði, móðurmálsgreinum, hand- og tónmennt og heilbrigðisgreinum. Auk þess skulu haldnir sérstakir fyrirlestrar og sýndar fræðslumyndir. Nánari fyrirmæli um námsefni skulu vera í kennsluskrá.

13. gr.

Verklega námið fer fram á stofnunum og skólum, sem skólastjórn viðurkennir og heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið samþykkir og skal nemandinn starfa á deild með þroskaþjálfa.

VI. KAFLI

Próf og námsmat.

14. gr.

Í lok kennslu hverrar námsgreinar skulu fara fram próf eða námsmat. Til þess að standast próf þarf nemandi að kunna skil á minnst 50% þess námsefnis, er hefur verið kennt. Nemanda er heimilt að endurtaka próf einu sinni og heimil endurseta í bekk einu sinni.

Á sama hátt skulu nemendur standast kröfur skólans í verknámi og undirbúning þess og úrvinnslu. Skólanum er heimilt að nota bókstafi eða tölustafi til einkunnagjafa.

15. gr.

Við brautskráningu frá skólanum fá nemendur skírteini.

16. gr.

Skólastjóra er heimilt að óska eftir prófdómara í prófgreinar og skal þá leita samþykkis heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins.

VII. KAFLI
Gildistaka.

17. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 1. gr. laga frá 12. apríl 1977 um breyting á lögum nr. 53/1967 um fávitastofnanir og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 207/1971 um Þroskaþjálfaskóla Íslands.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 4. júlí 1977.

Matthías Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

Nr. 278. 15. júní 1977.

REGLUGERÐ
um Tækniskóla Íslands.

I. KAFLI.
Skýrgreiningar.

1. gr.

Frumgreinadeild: Deild þar sem veitt er almenn menntun.
Sérgreinadeild: Deild þar sem veitt er sérhæfð menntun.
Námsgráða: Fullnægjandi lokapróf á **námsbraut.**
Námsbraut: Skipulögð heild skólastarfs sem lýkur með námsgráðu.
Námsgrein: Einn eða fleiri náskyldir námsáfangar.
Námsáfangi: Ein eða fleiri námseiningar sem skipað er saman.
Námseining: Skipulagt námsefni sem svarar til einnar viku námsvinnu eða 2ja kennslustunda á viku í eina önn.
Kjarni: Námsefni sem allir nemendur námsbrautar verða að nema.
Val: Námsefni sem nema verður umfram kjarna til að hljóta námsgráðu.
Lokaverkefni: Hluti af vali.
Undanfari: Áfangi sem ljúka verður áður en hafið er nám í öðrum tilteknum áfanga.
Eftirfari: Áfangi sem á sér undanfara.

II. KAFLI.
Markmið skólans og skipulag.

2. gr.

Meginmarkmið Tækniskóla Íslands skal vera að veita nemendum bæði almenna menntun og sérmenntun sem gerir þá hæfa til að takast sjálfstætt á hendur tæknileg störf og ábyrgðarstöður í þágu atvinnuvega þjóðarinnar. Skal jafnan tekið mið af innlendum þörfum og þróun tæknimenntunar meðal nágrannaþjóða.

3. gr.

Upphaf náms í Tækniskóla Íslands er eðlilegt framhald af iðnnámi og öðru verknámi eftir því sem við getur átt.

4. gr.

Kostnaður við stofnun og rekstur skólans greiðist úr ríkissjóði.

5. gr.

Meginverkefni skólans skulu vera eftirfarandi:

1. Almenn menntun, einkum til undirbúnings sérhæfðu námi fyrir tækna, tæknifræðinga, verkfræðinga, búfræðikandidata o. fl.
2. Framhaldsmenntun iðnaðarmanna til tæknaprófs.
3. Menntun til tæknaprófs, svo sem fyrir meinatækna og útgerðartækna, þótt ekki sé framhald löggiltra iðngreina.
4. Menntun til tæknifræðiprófs eftir nánari ákvörðun menntamálaráðuneytisins.

Skólinn skal og leggja sérstaka áherslu á að halda námskeið fyrir starfandi tæknimenn. Námskeið þessi eiga að treysta tengsl skólans við atvinnulífið og stuðla að símenntun.

6. gr.

Deildir skólans eru frumgreinadeild og sérgreinadeildir.

Í frumgreinadeild skulu kenndar bæði huggreinar og raungreinar, einkum eftir því sem þörf gerist til undirbúnings sérnámi.

Sérstakri námsbraut í frumgreinadeild lýkur með „raungreinadeildarprófi“ sem fullnægir kröfum um almenna menntun til inngöngu í tæknifræðinám.

Sérgreinadeildir eru byggingadeild, rafmagnsdeild, véladeild, meinatæknadeild og útgerðardeild.

Heimilt er að stofna fleiri deildir með samþykki menntamálaráðuneytisins.

7. gr.

Námsefni er skipað í námsbrautir sem hver um sig er safn námsáfanga.

Í hverri deild skal vera a. m. k. ein námsbraut og lýkur henni með námsgráðu sem að jafnaði veitir réttindi til starfs eða framhaldsnáms.

Hver námsáfangi er yfirleitt hluti af a. m. k. einni námsbraut. Skólinn getur heimilað þátttöku í ýmsum áföngum þótt nemandinn stefni ekki að námsgráðu sem námsbrautir veita. Þó skal starfræksla námsbrauta njóta forgangs ef ekki reynist unnt að fullnægja óskum allra umsækjenda.

III. KAFLI.

Inngönguskilyrði.

8. gr.

Fyrstu áfangar eiga sér undanfara sem fást annars staðar í menntakerfinu og/eða í atvinnulífinu. Þegar um framhaldsmenntun iðnaðarmanna er að ræða fást þessir undanfarar í iðnnámi, bæði í almennum greinum og í sérgreinum. Undanfara skal miða við það að nemandinn hafi nægilegan grundvöll til að njóta kennslu í þeim námsáfanga sem um er að ræða.

Skólanefnd getur falið iðnskóla, sveinprófsnefnd eða öðrum hæfum aðila að prófa verkkunnáttu umsækjanda.

Fyrir námsbrautir í byggingum, rafmagni og vélum er fullnægjandi að hafa lokið:

a) sveinsprófi í samræmi við skrá sem menntamálaráðuneytið samþykkir um þær tegundir sveinsprófa sem gilda fyrir hverja námsbraut eða
b) tveggja ára viðeigandi verkskólun á vegum iðnskóla eða
c) viðeigandi starfsreynslu sem að mati skólanefndar svarar a. m. k. til þess sem rætt er um í b-lið. Hér er einkum átt við greinar þar sem skipulagðri verkskólun

hefur ekki verið komið á fót en einnig þau tilvik þegar umsækjandi er orðinn 24 ára.

Áður en nemandi er brautskráður getur skólanefnd krafist þess að hann ljúki sveinsprófi í tiltekinni iðngrein eða afli sér ákveðinnar viðbótarstarfsreynslu ef fyrri verkmenntun hans telst ekki að öllu leyti viðeigandi.

Um bókleg og verkleg inngönguskilyrði í **aðrar námsbrautir** fer eftir námsskrá eða öðrum sérstökum reglum sem menntamálaráðuneytið staðfestir að fengnum tillögum skólanefndar.

9. gr.

Innritun nemenda er í höndum rektors skólans og forstöðumanna tækniskólanáms utan Reykjavíkur.

Skólinn skal auglýsa innritun með a. m. k. þriggja vikna umsóknarfresti. Sækja skal um innritun í skólann á þar til gerðum eyðublöðum.

IV. KAFLI.

Námsefni og kennsla.

10. gr.

Með skólastarfinu skal miða að því að auka nemendum víðsýni í skoðunum og sanngirni í dómum og búa þá þannig undir að bregðast af raunsæi við nýjungum í síbreytilegu þjóðfélagi. Leggja skal áherslu á að þjálfa nemendur í sjálfstæðum vinnubrögðum jafnframt því sem þeim skal kennt að vinna saman í hópum að afmörkuðum verkefnum.

11. gr.

Skipulagsgrundvöllur kennslunnar er skólaárið. Það skiptist í haustönn og vorönn. Jólaleyfi er frá 21. desember til 3. janúar. Sumartími frá 1. júní til 31. ágúst er ætlaður til orlofs og verklegrar þjálfunar í samráði við einstakar deildir skólans. Heimilt er skólanum að efna til verklegra æfinga, viðbótarnámskeiða og upprifjunarnámskeiða á þessu tímabili.

12. gr.

Minnsta magn af skipulögðu námsefni nefnist **námseining** og svarar til u. þ. b. einnar viku námsvinnu eða 2ja kennslustunda á viku í eina önn.

Ein námseining eða fleiri, sem skipað er saman, mynda **námsáfanga**. Fyrir hvern áfanga er gefin einkunn.

13. gr.

Um námsefni og kennslu fer á hverjum tíma eftir námsvísi viðkomandi deildar. Þar er lýst námsbrautum (kjarna og vali), námsáföngum og námseiningum, ástundunarreglum deildarinnar og veittar aðrar gagnlegar upplýsingar.

14. gr.

Áður en nemandi fær að stunda tiltekinn námsáfanga má krefjast þess að hann hafi tileinkað sér nauðsynlega undirbúningsmenntun og/eða hafi starfsreynslu. Nemanda er að öðru leyti í sjálfsvald sett hvaða námsáfanga hann velur sér eða hvort hann gerir í samráði við stjórnendur skólans hlé á námi.

V. KAFLI.

Próf.

15. gr.

Einkunn er gefin fyrir hvern námsáfanga, venjulega fyrir frammistöðu á skriflegu og/eða munnlegu prófi. Þó er heimilt að gefa einkunn að nokkru eða öllu leyti

fyrir námsvinnu í stað prófs. Reglulegur próftími er í desember og maí en halda má próf á öðrum árstímum vegna sérstakra ástæðna.

Nú er námsáfangi kenndur víðar en í Reykjavík og skal þá venjulega nota sama prófverkefnið samtímis alls staðar.

16. gr.

Deildarstjórn (sbr. 28. gr.) setur sérstakar ástundunarreglur sem skólastjórn samþykkir. Próf hvers áfanga má nemandi þreyta tvisvar sinum enda hafi hann við fyrri tilraun hlotið einkunina D eða E. Skólanefnd getur veitt undanþágu frá þessu ákvæði.

17. gr.

Einkunnir skal gefa eins og hér segir:

A. Kröfum skólans fullnægt með **mjög góðum** árangri.
B. Kröfum skólans fullnægt með **góðum** árangri.
C. Kröfum skólans fullnægt með **viðunandi** árangri.
D. Aðeins **lágmarkskröfum** fullnægt. Einingar fyrir þannig áfanga teljast ekki með þegar saman er talið námsmagn sem nemandinn hefur lokið. Ef einkunn fyrir eftirfara er A eða B má þó telja þessar einingar með.
E. Kröfum skólans **ekki** fullnægt.

18. gr.

Kennari og prófdómari gefa einkunn. Venjulega er jafnræði með þeim. Ef deildarstjórn mælir með því þá getur mat kennara haft þyngra vægi en mat prófdómara, enda sé mat kennarans þá að nokkru leyti byggt á atriðum sem ekki er aðgengilegt fyrir prófdómara að meta (sbr. 15. gr.).

19. gr.

Halda skal prófbók og skrá í hana einkunn hvers námsáfanga. Kennarar og prófdómarar staðfesta einkunnagjöf með undirskrift sinni. Við lok námsbrautar gefur skólin út prófskírteini (sbr. þó 24. gr.). Rektor og hlutaðeigandi deildarstjóri undirrita prófskírteini. Auk þeirra undirrita forstöðumenn námsbrauta utan Reykjavíkur prófskírteini sinna nemenda.

VI. KAFLI.

Stjórnun og starfslið skólans.

20. gr.

Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn skólans. Menntamálaráðherra skipar skólastjóra er ber starfsheitið rektor, svo og fasta kennara og annað fastráðið starfsfólk, einnig skólanefnd og formann kennslunefndar.

21. gr.

Rektor hefur yfirumsjón með kennslu, prófum og annarri starfsemi skólans. Hann er æðsti fulltrúi skólans gagnvart mönnum og stofnunum innan hans og utan. Hann annast daglegan rekstur skólans og ber ábyrgð á því að starfsemi hans sé í samræmi við lög, reglugerð og námsskrár. Hann er ábyrgur um samskipti við yfirvöld skólans og aðra opinbera aðila, þ. á. m. um fjárreiður og reikningshald, svo og skipulag og áætlanagerð vegna rekstrar og framkvæmda í skólanum. Hann hefur yfirumsjón með eignum skólans, lausum og föstum. Rektor tekur ákvarðanir í málum er varða stjórnun skólans ef þau eru ekki falin öðrum aðilum í lögum eða reglugerð. Rektor ræður, með samþykki ráðuneytisins, lausráðið starfsfólk skólans.

22. gr.

Þeir einir geta orðið fastir kennarar skólans sem lokið hafa tæknifræðiprófi frá viðurkenndum tækniskóla eða háskólaprófi í aðalkennslugrein sinni. Heimilt er að ráða aðstoðarmenn við kennslu. Ráðherra setur rektor og kennurum erindisbréf.

23. gr.

Kennarar skulu starfa með nemendum utan kennslustunda í samráði við rektor og vinna önnur störf í þágu skólans eftir því sem ástæður leyfa. Má þá fækka skyldustundum kennara, svo og vegna mikillar heimavinnu eða annarra nauðsynlegra aukastarfa að fengnu samþykki menntamálaráðuneytisins.

24. gr.

Við skólann starfar 5 manna skólanefnd, skipuð af menntamálaráðuneytinu til fjögurra ára í senn. Alþýðusamband Íslands, Landssamband iðnaðarmanna, Félag íslenskra iðnrekenda og Tæknifræðingafélag Íslands tilnefna hvert um sig einn mann í nefndina og annan til vara en ráðuneytið skipar formann og varaformann nefndarinnar án tilnefningar. Rektor situr fundi skólanefndar. Hlutverk skólanefndar er að vera rektor til ráðuneytis um mikilvæg atriði varðandi stjórnun skólans, fylgjast með erlendri reynslu og þróun á sviði tæknimenntunar, gera tillögur um stefnumörkun í málefnum skólans og stuðla að sem nánustum tengslum hans við atvinnulífið. Hún gerir tillögur um sérstök inngönguskilyrði fyrir ákveðnar námsbrautir og kveður á um brautskráningu (sbr. 8.gr.) og skal þá taka mið af lögum og reglugerðum um starfsréttindi. Heimilt er skólanefnd að fela iðnskóla, sveinsprófsnefnd eða öðrum hæfum aðila að prófa verkkunnáttu umsækjenda. Loks gerir nefndin tillögur um breytingar á reglugerð skólans.

Formaður skal kveðja skólanefnd til fundar eigi sjaldnar en tvisvar á ári með þriggja daga fyrirvara. Auk þess skal skólanefnd sitja a. m. k. einn fund á ári með skólastjórn. Formaður skal einnig boða til fundar í nefndinni ef 2 nefndarmenn æskja þess. Ályktun fundar er því aðeins gild að 4 nefndarmenn eða varamenn þeirra sæki fund.

Rektor leggur skrá um námsefni fyrir skólanefnd sem gengur úr skugga um að það sé í samræmi við almenna þróun á sviði tæknimenntunar. Skólanefnd skal stuðla að nánum tengslum tækniskólans við aðra skóla sem veita verk- og tæknimenntun.

25. gr.

Við skólann starfar skólastjórn. Í henni eiga sæti rektor, sem er formaður, fastráðnir kennarar og einn fulltrúi nemenda fyrir hverja þrjá aðra skólastjórnarmenn. Skólastjórn er rektor til ráðuneytis um starfsemi skólans. Rektor kveður skólastjórn til fundar eigi sjaldnar en fjórum sinnum á ári. Til fundar skal boða með þriggja daga fyrirvara. Auk þess skal rektor boða til fundar ef þriðjungur skólastjórnarmanna æskir þess. Rektor eða sá sem hann skipar er í forsæti á fundum skólastjórnar. Rektor skipar ritara. Ályktun skólastjórnar er því aðeins gild að 2/3 hlutar atkvæðisbærra manna sæki fund. Ef atkvæði eru jöfn sker atkvæði rektors úr. Rísi ágreiningur milli rektors og meirihluta skólastjórnar geta aðilar leitað úrskurðar menntamálaráðherra.

26. gr.

Við skólann starfar þriggja manna kennslunefnd. Þar eiga sæti rektor skólans, einn fulltrúi tilnefndur af menntamálaráðuneyti og einn deildarstjóri eða annar fulltrúi kennara. Skipta skal um þann fulltrúa eftir þeim umfangsefnum sem um er fjallað. Kennslunefnd skal meta vinnu kennara við kennslu og önnur störf í þágu skólans til vinnustunda.

27. gr.

Rektor ræður, að fengnu samþykki menntamálaráðuneytisins, deildarstjóra til allt að fjögurra ára í senn úr hópi kennara hlutaðeigandi deildar.

Deildarstjóri hefur á hendi faglega stjórnun deildarinnar. Hann sér um gerð stundaskrár og próftöflu, gerir skrár um námsbækur, handbækur og önnur kennslugögn og hefur eftirlit með útvegun þeirra. Hann skráir vinnu kennara, leiðbeinenda og gestafyrirlesara og hefur umsjón með þátttöku kennara í stjórnun deildarinnar. Hann skráir úrlausnir og námsvinnu nemenda, fylgist með fjarvistaskrá þeirra og skipuleggur námsferðir. Hann hefur á hendi samræmingu og endurskoðun námsefnis í deild sinni og gerð námsvísa (sbr. 13. gr.). Hann leggur drög að fjárhagsáætlun deildar sinnar fyrir rektor. Deildarstjóri á sæti í skólastjórn og er rektor til ráðuneytis um almenna stjórnun skólans og samræmingu í starfi innan stofnunarinnar. Deildarstjóri frumgreinadeildar hefur einnig faglega umsjón með slíkum deildum utan Reykjavíkur. Sama á við um aðra deildarstjóra ef námsbrautum eða einstökum námsáföngum sérgreinadeilda verður komið á fót utan Reykjavíkur nema menntamálaráðuneytið mæli öðruvísi fyrir.

28. gr.

Deildarstjórn er deildarstjóra til ráðuneytis. Þar eiga sæti allir flokksstjórar deildarinnar og einn fulltrúi nemenda fyrir hverja tvo aðra deildarstjórnarmenn; þó eru ekki færri en tveir nemendur í deildarstjórn. Deildarstjóri er formaður á fundum deildarstjórnar. Deildarstjórn fjallar um samræmingu námsefnis og kennslu, nýjar aðferðir og kennslugögn, námsferðir nemenda, kaup á tímaritum, handbókum og kennslutækjum og þátttöku kennara í sérhæfingarnámskeiðum. Deildarstjóri gerir rektor grein fyrir samþykktum deildarstjórnar og leitar samþykkis hans eftir því sem við á.

29. gr.

Heimilt er að mynda flokk úr hópi þeirra kennara er kenna skyldar námsgreinar. Rektor felur, að tillögu deildarstjóra, kennara að annast starf flokksstjóra. Flokksstjóri er formaður kennara í viðkomandi flokki og á sæti í deildarstjórn. Flokksstjóri heldur flokksfund við upphaf námsáfanga og á öðrum tímum eftir því sem nauðsyn krefur. Flokksstjóri stjórnar flokksfundi og skráir ályktanir hans, gengur frá tillögum til deildarstjóra um námsefni og aðferðir, hefur umsjón með samningu prófverkefna og afhendir þau deildarstjóra eftir að prófdómari hefur samþykkt þau. Skylt er kennurum að sækja eðlilega boðaðan flokksfund. Deildarstjóri situr og hefur atkvæðisrétt á flokksfundum. Flokksstjórar hafa umsjón með valgreinum og lokaverkefnum hver í sínum flokki. Heimilt er að undanskilja afmarkaðan hluta af störfum flokksstjóra (sbr. hér að framan) og annast þá deildarstjóri þau störf eftir því sem við á. Venjulega er aðeins einn flokksstjóri í hverri námsgrein eða námsgreinaflokki þótt kennsla fari fram víðar en í Reykjavík. Flokksstjóri heldur eftir þörfum flokksfundi í öðrum skólum sem þessa menntun annast.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 66/1972 um Tækniskóla Íslands og öðlast gildi 15. júní 1977. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 215/1973 um Tækniskóla Íslands.

Menntamálaráðuneytið, 15. júní 1977.

Vilhjálmur Hjálmarsson.

Birgir Thorlacius.

REGLUGERÐ

um gatnagerðargjöld í Siglufirði.

1. gr.

Bæjarstjórn Siglufjarðar ákveður að leggja gatnagerðargjöld á lóðir í sveitarfélaginu, eftir því sem nánar segir í reglugerð þessari. Heimilt er að leggja gatnagerðargjald á land, sem sambærilegt telst, þótt ekki sé sérstök lóð.

2. gr.

Gatnagerðargjöld eru tvennskonar, A-gjald, sem er gjald vegna þátttöku lóðarhafa í kostnaði við að gera undirbyggða götu með vatns- og holræsalögnum og B-gjald, sem er gjald vegna þátttöku lóðarhafa í því að gera bundið slitlag á götu svo og ganga endanlega frá gangstétt.

3. gr.

A-gjald vegna nýbyggingar skal miða við ákveðinn hluta byggingarkostnaðar á rúmmetra, eins og hann er talinn af Hagstofu Íslands, svo sem hér segir:

Einbýlishús	2,0%
Tvíbýlishús og sambyggð einbýlishús á einni hæð	1,6%
Tveggja hæða fjölbýlishús	1,2%
Fjölbýlishús 3 hæðir eða meira	0,8%
Verslunar- og skrifstofubyggingar	2,0%
Iðnaðar- og annað atvinnuhúsnæði, vörugeymslur og önnur mannvirki	0,8%

Af kjöllurum (jarðhæðum) og rishæðum, sem ekki eru notuð til íbúðar eða atvinnurekstrar svo og bifreiðageymslum skal greiða hálft gjald.

Gjald skal miða við stærð húss, skv. samþykktum uppdrætti. Nú er ekki fyrir hendi samþykktur uppdráttur, og skal þá miða við þá stærð húss, sem skipulag gerir ráð fyrir, en sé slíkt ekki ákveðið í skipulagi, skal miða við eftirtaldar lágmarksstærðir.

Einbýlishús með tilheyrandi bílgeymslu	500m³
Raðhús, tvíbýlishús, sambyggð einbýlishús	400m³ hver íbúð
Fjölbýlishús	300m³ hver íbúð

Fyrir hvern m³ umfram lágmarksstærð skal greiða 30% meira en að framan getur.

Í atvinnuhúsnæði skal við útreikning rúmmáls til gatnagerðargjalds miðað við lofthæð 3,3m að innanmáli, nema uppdráttur sýni annað. Áætla skal nýtingarhlutfall lóðar 0,3—0,5 eftir nánari ákvörðun hverju sinni, ef það er ekki bundið að öðru leyti samþykktu deiliskipulagi.

Framangreindar reglur gilda, ef hús er stækkað, að því er til stækkunar tekur.

4. gr.

Gjöld samkvæmt 3. gr. breytast árlega í samræmi við vísitölu byggingarkostnaðar sem gildir um hver áramót.

5. gr.

Gjalddagar gatnagerðargjalds, samkvæmt 3. gr., skulu vera sem hér segir: Við lóðarveitingu skal greiða 70% af áætluðu gatnagerðargjaldi innan eins mánaðar frá lóðarveitingu. Eftirstöðvar skulu greiðast þegar byggingarleyfi er veitt.

6. gr.

Þegar veitt er byggingarleyfi án undangenginnar lóðarveitingar er greiðsla gatnagerðargjalds áskilin og skal húsbyggjandi greiða gatnagerðargjald eftir reglum í gjaldskrá þessari, en þó aðeins af byggingaráfanga hverju sinni.

Þegar veitt er byggingarleyfi fyrir breytingu eða endurbyggingu húsnæðis, sem felur í sér breytta notkun þess, þannig að húseign færist í hærri gjaldflokk, þá skal húseigandi greiða gatnagerðargjald af hinu breytta húsnæði, sem nemur mismuni á gjaldinu reiknuðu af hinu breytta húsnæði fyrir og eftir breytinguna.

Hafi byggingarleyfi verið veitt og aðeins hluti þess notaður innan tilskilins tíma, skal við endurnýjun leyfisins greiða fullt gjald af þeim hluta byggingarinnar, sem byggingarleyfið er endurnýjað fyrir, að frádregnu því gatnagerðargjaldi, sem áður hefur verið greitt af sama áfanga.

7. gr.

Byggingarfrestur er tólf mánuðir, þ. e. a. s. að lóð fellur aftur til bæjarsjóðs hafi framkvæmdir ekki verið hafnar innan þess tíma frá veitingu hennar, nema leyfið hafi verið háð öðrum skilmálum um byggingarfrest.

Óski lóðarhafi að segja sig frá veittri lóð, skal hann eiga rétt á endurgreiðslu á greiddu gatnagerðargjaldi svo sem hér segir:

50% gatnagerðargjalds endurgreiðist eftir 6 mánuði. Eftirstöðvar endurgreiðast eftir 12 mánuði.

Verði lóðin veitt að nýju innan þess tíma, skal fyrri lóðarhafi fá gatnagerðargjaldið endurgreitt þegar sú úthlutun fer fram.

8. gr.

B-gjald til að ljúka frágangi götu, umfram það sem segir í 3. gr., þ. e. til að gera slitlag og gangstétt, skal miðað við ákveðinn hluta byggingarkostnaðar á rúmmetra eins og hann er talinn af Hagstofu Íslands, svo sem hér segir:

Einbýlishús	2,2%
Tvíbýlishús og sambyggð einbýlishús á einni hæð	1,8%
Tveggja hæða fjölbýlishús	1,3%
Fjölbýlishús 3 hæðir eða meir	0,9%
Verslunar- og skrifstofubyggingar	2,2%
Iðnaðar- og annað atvinnuhúsnæði, vörugeymslur og önnur mannvirki	0,9%

Auk þessa gjalds skal lóðarhafi greiða í gatnagerðargjald kr. 60 af hverjum fermetra lóðar. Gjald skal miðað við stærð húss og lóðar, samkvæmt skráningu fasteignamats.

9. gr.

Innheimta skal B-gjald af fasteignum við götur, sem lagðar hafa verið bundnu slitlagi og/eða gangstétt á síðustu 5 árum.

10. gr.

Gatnagerðargjald, skv. 8. gr., miðast við þá vísitölu byggingarkostnaðar, sem í gildi er, þegar lagning bundins slitlags fer fram. Nú breytist vísitala meðan verk fer fram og skal þá miðað við meðalvísitölu á því tímabili, sem um er að ræða.

Gjald, skv. 8. gr. af fasteignum við götu, þar sem þegar hefur verið lagt slitlag og/eða gangstétt, skal miða við vísitölu, sem í gildi er, þegar reglugerð þessi öðlast gildi.

11. gr.

Hafi gangstéttargjald verið greitt af lóð, skal það gjald koma til frádráttar með álagi, samkvæmt breytingu á vísitölu, sem orðin er frá því að greitt var, enda hafi gjaldið verið ætlað til lagningar gangstéttar við viðkomandi götur.

12. gr.

Gatnagerðargjald samkvæmt 8. gr. greiðist þannig að 20% greiðist, þegar lagningu bundins slitlags er lokið. Eftirstöðvar greiðast með jöfnum árlegum afborgunum á næstu 4 árum.

Gjalddagi afborgana er 1. júlí. Ársvextir 10% greiðast eftir á á sömu gjalddögum. Lokagreiðslu skal þó ekki innheimta fyrr en gengið hefur verið frá gangstétt fyrir framan lóð gjaldanda.

Þegar veitt er byggingarleyfi fyrir nýbyggingu eða viðbyggingu við götu, sem þegar hefur verið lögð bundnu slitlagi, skal greiða bæði A- og B-gjald af viðkomandi byggingu.

14. gr.

Bæjarstjórn er heimilt að víkja frá gjalddögum á B-gjaldi samkvæmt 8. gr. í eftirfarandi tilfellum:

a) Við innheimtu gatnagerðargjalds af fasteignum við götur, sem þegar hafa verið lagðar bundnu slitlagi að hluta eða fullu.
b) Þegar greiða skal á sama tíma bæði A- og B-gjald, sbr. 13. gr.
c) Þegar í hlut eiga efnalitlir elli- eða örorkulífeyrisþegar.

15. gr.

Bæjarstjórn er heimilt að hækka eða lækka gjaldstuðlana í 3. og 8. gr. hvern um sig, eða alla í einu um allt að 50% án frekari staðfestingar ráðuneytisins.

16. gr.

Gatnagerðargjaldi fylgir lögveð í fasteign þeirri, sem það er lagt á, og gengur það ásamt vöxtum fyrir öllum veðkröfum, sem á eigninni hvíla og tekur einnig til vátryggingarfjár eignarinnar.

Heimilt er að taka gjöld samkvæmt reglugerð þessari lögtaki samkvæmt lögum nr. 29/1885.

Reglugerð þessi sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Siglufjarðar staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51/1974 sbr. lög nr. 31/1975 til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 28. júní 1977.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

Stjórnartíðindi B 26—29, nr. 271—279. Útgáfudagur 8. ágúst 1977.

STJÓRNARTÍÐINDI B 30 — 1977

REGLUGERÐ

um síldveiðar.

1. gr.

Allar síldveiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands eru bannaðar.

2. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr., getur sjávarútvegsráðuneytið veitt sérstök leyfi til veiða á síld í reknet, lagnet og hringnót.

Ráðuneytið getur bundið leyfi þessi og úthlutun þeirra skilyrðum þeim, er þurfa þykir.

3. gr.

Lágmarksmöskvastærð rekneta og lagneta, sem notuð eru til síldveiða, skal vera slík, að þegar möskvi er teygður horna á milli eftir lengd netsins, komist flöt mælistika 63 mm breið og 2 mm þykk auðveldlega í gegn, þegar netið er vott.

4. gr.

Þegar heimild er veitt samkvæmt 2. gr. er þó bannað að veiða smásíld, 27 cm að lengd eða minni sé hún verulegur hluti síldarafla fiskiskips.

Lágmarksstærð síldar er mæld frá trjónuodda að sporðsenda.

5. gr.

Fái fiskiskip síldarkast, sem bersýnilega er að mestu leyti smásíld, 27 cm að lengd eða minni, þá er skipstjóra skylt að sleppa síldinni þegar í stað úr nótinni.

6. gr.

Sé skipstjóri fiskiskips í vafa um hlutfall smásíldar í aflanum, þá ber honum áður en verulega hefur verið þrengt að síldinni í nótinni, að taka sýnishorn af aflanum í smáriðinn háf og mæla 100 síldir valdar af handahófi. Reynist meira en 50 síldir, 27 cm að lengd eða minni, ber honum að sleppa síldinni þegar í stað.

7. gr.

Nú kemur síldveiðiskip eða síldarmóttökuskip með síldarfarm til hafnar blandaðan smásíld og er þá síldarmóttakanda skylt að ganga úr skugga um, hvert sé hlutfall smásíldarinnar í aflanum, á þann hátt að tekin skulu þrjú sýnishorn valin af handahófi með 100 síldum í hverju. Sé hlutur smásíldar, samanber 4. gr., að meðaltali úr þessum þremur sýnishornum meiri en 55%, skal síldarmóttakandi gera Framleiðslueftirliti sjávarafurða aðvart, sem síðan gengur úr skugga um stærðarhlutföllin á sama hátt og að framan greinir, og gerir sjávarútvegsráðuneytinu viðvart, sé hlutur smásíldarinnar yfir 55%.

B 58

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

8. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 4.—7. gr. getur sjávarútvegsráðuneytið veitt að fengnu áliti Hafrannsóknastofnunarinnar leyfi til veiði smásíldar, 27 cm að lengd eða minni, til niðursuðu eða annarrar vinnslu til manneldis eða til beitu. Leyfi þetta má binda skilyrðum, sem nauðsynleg þykja.

9. gr.

Framleiðslueftirlit sjávarafurða og eftirlitsmenn ráðuneytisins skulu hafa eftirlit með því, að ákvæðum reglugerðar þessarar og ákvæðum leyfisbréfa samkvæmt 2. gr. og 8. gr. sé fylgt.

10. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða refsingu samkvæmt lögum nr. 81 31. maí 1976, og skal með mál út af brotum farið að hætti opinberra mála. Um upptöku afla fer samkvæmt ákvæðum laga nr. 32 19. maí 1976, um upptöku ólöglegs sjávarafla.

11. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 12. og 14. gr. laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 266 16. júlí 1976 um síldveiðar.

Sjávarútvegsráðuneytið, 5. ágúst 1977.

F. h. r.
Jón L. Arnalds.

Jón B. Jónasson.

Stjórnartíðindi B 30, nr. 280. Útgáfudagur 10. ágúst 1977.

STJÓRNARTÍÐINDI B 31 — 1977

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 226/1976 fyrir Fósturskóla Íslands.

1. gr.

14. gr. orðist svo:

Námstími í skólanum er þrjú ár og er námið bæði bóklegt og verklegt. Námstíminn skiptist í bóklegar og verklegar annir. Skal verklega námið eigi vera styttra en þriðjungur námstímans. Nemendum er skylt að mæta í kennslustundir nema veikindi eða önnur gild forföll hamli.

2. gr.

15. gr. fellur niður, 16. gr. verður 15. gr. o. s. frv.

3. gr.

18. gr. sem verður 17. gr. orðist svo:

Tímafjöldi í einstökum greinum skal vera sem næst því er hér segir:

Uppeldisgreinar:		
Hagnýt uppeldisfræði og starfshættir	190	
Sálarfræði	230	
Meðferð ungbarna	60	
		480
Félagsgreinar:		
Félagsfræði og hópefli	90	
Félagslöggjöf	30	
Samfélags- og átthagafræði	100	
		220
Móðurmálsgreinar:		
Íslenska	140	
Barnabókmenntir	90	
Framsögn—raddbeiting	60	
		290
Heilsufræði—heilsuvernd	90	
Næringarefnafræði	30	
Líffræði—eðlisfræði	80	
		200
List- og verkgreinar:		
Myndlð—skapandi starf	320	
Tónlist	150	
Rytmik—dramik	90	
		560
Stundafjöldi alls:		1750

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

Heimilt er þó að víkja frá ákvæðum þessarar greinar með samþykki menntamálaráðuneytisins.

4. gr.

Reglugerðarbreyting þessi öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 20. júlí 1977.

Vilhjálmur Hjálmarsson.

Birgir Thorlacius.

Nr. 282. 25. júlí 1977.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á freðfiski fyrir framleiðslutímabilið 1. júlí til 30. september 1977.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á freðfiski fyrir framleiðslutímabilið 1. júlí til 30. september 1977:

	Ísl. kr. á lb. Cif.
Þorskur:	
4×14 m/r interl.	165.85
4×14 r/l og 8×7 r/l	189.20
10×5, 3×18 og 4×13	232.77
5×10	261.47
4×16	165.85
4×15	261.47
12×1	232.77
Blokk	223.21
Blokk 24½	227.46
Ýsa:	
4×14 m/r interl.	177.50
10×5 og 4×13	232.77
3×18	251.91
12×1	232.77
Blokk	223.21
Blokk 24½	227.46
Steinbítur:	
8×7 r/l	135.97
10×5	257.22
12×1	257.22
Blokk	191.32
Karfi:	
8×7 m/r	135.97
10×5 r/l	179.20
10×5 m/r	179.20

	Ísl. kr. á lb. Cif.
10×5 m/r og m/b (Sea Star)	167.73
4×10 m/r og m/b flokkað (Sea Star)	169.64
4×10 m/r	161.99
5×8 m/r og b/l	213.65
12×1 r/l	184.94
4×12	155.18
4×6 kg r/l, m/b, lagp., 150 gr. og yfir	187.49
4×6 kg m/r, óhr., lagp.,	177.43
Heilfrystur 8 kg h/l og slægður:	
150—200 gr.	88.70
200—300 gr.	99.81
300—400 gr.	110.88
400 gr. og yfir	133.08
Blokk	157.31
Ufsi:	
8×7 r/l	101.25
4×6 kg r/l	106.08
10×5	156.25
4×12	156.25
Blokk	138.18
Blokk 24½	138.18
Langa:	
8×7 r/l	135.97
10×5	180.69
Blokk	170.06
Grálúða:	
6×10	175.39
4×12 r/l og b/l	171.13
Heilfryst:	
Með haus	62.67
2 kg/undir h/l	76.24
2 kg/yfir h/l	111.25
Blokk U. S. S. R.	135.97
Heilfrystur fiskur	62.67

Verðbil verður 4% miðað við verðhækkun eingöngu.

Greiðslur í sjóðinn miðast við 75% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu verðbili, en greiðslur úr sjóðnum miðast við 75% af verðbreytingu frá grundvallarverði án verðbils.

Sjávarútvegsráðuneytið, 25. júlí 1977.

F. h. r.
Jón L. Arnalds.

Gylfi Þórðarson.

AUGLÝSING

um friðlýsingu Búða og Búðahrauns, Snæfellsnessýslu.

Samkvæmt heimild í 24. gr. laga nr. 47/1971 um náttúruvernd hefur Náttúruverndarráð ákveðið fyrir sitt leyti að friðlýsa þann hluta Búða og Búðahrauns á Snæfellsnesi sem tilgreindur er hér á eftir og með neðanskráðum reglum:

Mörk hins friðlýsta svæðis eru þessi:

(1) Búðaós frá sjó og síðan girðing við jaðar hraunlandsins að austan og norðan allt vestur fyrir Þjóðólfshelli. (2) Þar breytist stefna girðingar og liggur hún til suðurs um hraunið til sjávar. (3) Síðan fylgja mörkin sjávarströnd að sunnan að Búðaósi.

Um friðlandið gilda þessar reglur:

1. Mannvirkjagerð og jarðrask og hvers konar breytingar á landi eru háðar leyfi Náttúruverndarráðs.



2. Almenningi er heimil för um svæðið og dvöl á því í lögmætum tilgangi, enda sé góðrar umgengni gætt.
3. Akstur utan vega og merktra slóða er óheimill.
4. Bannað er að skerða gróður, trufla dýralíf og skemma jarðmyndanir eða aðrar mynjar að óþörfu.
5. Berjatínsla, önnur en til neyslu á staðnum, er óheimil án leyfis.
6. Beit búfjár er óheimil á friðlandinu.

Til undanþágu frá reglum þessum þarf leyfi Náttúruverndarráðs eða þess sem fer með umboð ráðsins.

Um viðurlög vegna brota á reglum þessum fer eftir ákvæðum náttúruverndarlaga.

Ráðuneytið er samþykkt friðlýsingunni sem tekur gildi við birtingu þessarar auglýsingar í Stjórnartíðindum.

Í menntamálaráðuneytinu 11. júlí 1977.

Vilhjálmur Hjálmarsson.

Runólfur Þórarinsson.

21. júlí 1977. Nr. 284.

AUGLÝSING

2003. Hin aukna þykkt $t_{ís}$ skal ekki vera minni en hin meiri af eftirfarandi:

$t_{ís} = 1.25t$ mm $\qquad t_{ís} = t+2$ mm

Þar sem t er byrðingsþykkt samkvæmt töflu 3.

2004. Bönd skal styrkja framan S_B (skilgreint í 2002). Bönd í stafnhylki skulu hafa mótstöðuvægi 15% meira en reglumótstöðuvægi tiltekið í töflu 4 og aftan stafnhylkis aftur að S_B skulu bönd hafa mótstöðuvægi 7% meira en reglumótstöðuvægi.

2005. Millibönd (ísbönd) skal setja framan S_B. Ísbönd þessi skulu ná minnst 0.60 m upp fyrir sjólínu við fulla hleðslu, og niður að þaki botngeyma, eða niður fyrir efri brún botnstokka, þar sem ekki eru botngeymar. Í skipum með einu þilfari skulu ísbönd ná upp að aðalþilfari. Botnplötur sem eru minna en 0.9 m fyrir neðan sjólínu við létt skip skal styrkja milli botnstokka.

2006. Ísbönd skulu hafa mótstöðuvægi framan stafnþils ekki minna en 75% af reglumótstöðuvægi banda í töflu 4 og aftan stafnþils ekki minna en 60% af reglumótstöðuvægi banda.

2007. Ísböndum má sleppa ef bandabil venjulegra banda, styrktum eins og um getur í 2004, er ekki meira en 60% af mesta leyfilegu bandabili tilgreindu í 601.

2008. Ísbönd skulu hafa endafestingu að ofan og neðan við langband milli banda, nema við þilfar og geymisþak.

2009. Langband (plötuband) til ísstyrkingar skal setja 0.2—0.3 m neðan við sjólínu við fulla hleðslu, og skal það ná aftur að S_B

Langbandi þessu má sleppa í skipi með tveimur þilförum. Framan stafnþils skal þversnið langbandsins ekki vera minna en $A = 0.75\ L + 2.5$ cm^2; aftan stafnþils má í stað langbands hafa hyrnur af sömu þykkt og styrkt aðalbönd. Aftan stafnþils þarf ekki að hafa langband eða hyrnur ef ísbönd hafa minnst sama mótstöðuvægi og venjuleg bönd skulu hafa.

2010. Mótstöðuvægi afturstefnis, stýrisstefnis og hæls skal auka um 7% miðað við þau gildi sem annars er krafist í reglunum.

2011. Efnismál stýris, stýrisáss, hællegu o. s. frv. skal miða við 25% stærri stýriskraft N, en fenginn er úr töflu 10.

2012. Hestaflatala aðalvélar skal ekki vera minni en: $H = LB$.

Þar sem H er ás-hestöfl (SHP) við stöðugt álag.

2013. Þvermál skrúfuáss skal auka um 5%.

2014. Sjóinntök og síðulokar sem staðsettir eru neðan sjólínu skulu hafa útbúnað til annaðhvort að fyrirbyggja ís-myndun eða til hreinsunar á ís úr vatnsopum.

21. gr.

Rafsuður.

2101. Ef ekki er annað tekið fram í reglum þessum skal kverkhæð tvöfaldrar samfelldrar kverksuðu vera samkvæmt töflu 19. Þó skal kverkhæð suðu aldrei vera minni en sem hér segir:

Plötuþykkt eða leggþykkt t mm	Minnsta leyfilega kverkhæð mm
$t \leq 4$	2.0
$4 < t \leq 6.5$	2.5
$6.5 < t \leq 8$	3.0
$t > 8$	3.5

2102. Í eftirtöldum samskeytum skulu kverksuður vera tvöfaldar og samfelldar, og eru sporsuður þá ekki leyfðar.
(sjá einnig töflu):
— Vatnsþétt og olíuþétt samskeyti.
— Vélaundirstöður, samsetning, samskeyti og festing þeirra.
— Öll samskeyti í skuthylki.
— Samsetning stýris, nema þegar nauðsyn krefur tappasuðu.
— Endafestingar bita, bjálka, stífa, banda og stoða og innbyrðis samskeyti þeirra.

2103. Í kjölfestugeymum og ferskvatnsgeymum skulu allar suður vera lokaðar, tvöfaldar samfelldar eða lokaðar úttakssuður. Þetta á einnig við um samskeyti við byrðing í einföldum botni.

2104. Þegar þilfar myndar geymisþak kjölfestugeymis skulu allar kverksuður við þilfar í geymi hafa kverkhæð minnst 4 mm.

2105. Sporsuður eru leyfðar eins og gefið er til kynna í töflu 19. kverkhæð sporsuðu skal vera slík, að suðu-flatarmál sporsuðu samtals verði jafnt og suðuflatarmál sem krafist er fyrir tvöfalda samfellda suðu í töflunni. Suðuflatarmál er skilgreint sem kverkhæð suðu sinnum lengd.

2106. Mynd 2106 sýnir hinar mismunandi gerðir sporsuðu.



Mynd 2106

Kverkhæð skal vera minnst 3.5 mm og skal ekki vera meiri en 0.6 t fyrir keðjusuðu og úttaksuðu og ekki meiri en 0.75 t fyrir víxlsuðu.

2107. Plötur skulu skeyttar saman með kantsuðum. Athuga skal að plöturnar standist vel á, þannig að hæðarmismunur platna við suðukant verði lítill sem enginn. Þegar erfitt er að stilla plötunum þannig saman má leyfa lítilsháttar víxlstöðu platnanna allt að 1 mm fyrir plötur þynnri en 10 mm og 0.1 t mm fyrir þykkari plötur.

2108. Millibil plötukanta fyrir suðu skal venjulega vera sem hér segir, mælt í mm eins og sýnt á mynd 2108.

Plötuþykkt mm / suða	5,5	6-7,5	8-11,5	12-20	20
I-suða	1	2	-	-	-
V-suða	-	3	3	3	4
X-suða	-	-	-	4	5



Mynd 2108

2109. Reyna skal eftir bestu getu að komast hjá myndun á blöðrum, gjalli og sprungum í suðu, sérlega þegar soðið er í röku eða köldu lofti. Þegar umhverfishiti er —5°C eða minni skal hita stálið áður en soðið er og skal upphitaða svæðið ná minnst 75 mm sitt hvoru megin við suðuna.

2110. Suðuröð skal skipuleggja vandlega þannig að stálið geti sem mest óhindrað dregist saman eftir suðu og að ekki verði hætt á því að suður, sem fyrir eru, springi.

2111. Suður skulu vera án sprungna eða rót-galla og vera vel gegnumbræddar og skulu venjulega ná einkunn 3 (grænt) samkvæmt reglum IIW, til að hljóta samþykkt Siglingamálastofnunar ríkisins.

2112. Skipasmíðastöðvarnar skulu sjálfar fylgjast vel með og sjónmeta allar suður áður en mat Siglingamálastofnunarinnar kemur til. Að lokinni suðu og samtengingu um borð skal skoðunarmaður Siglingamálastofnunarinnar meta og samþykkja suður. Við það mat skal hann notast við gegnumlýsingu á filmu (röntgenmyndum) og/eða aðra viðurkennda aðferð og skal þessum tækjum beitt af honum sjálfum eða samkvæmt hans fyrirsögn, eftirliti og samþykki, á þeim stöðum sem honum þykir ástæða til athugunar. Sérstaklega skal athuga suður sem mætast í kross á botni og á þilfari innan 0.4L miðskipa.

Reglur þessar eru hér með settar samkvæmt lögum nr. 52 12. maí 1970, um eftirlit með skipum, til að öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 1. júní 1977.

Halldór E. Sigurðsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

TAFLA 1

	Kjölstöng		Stefnisstöng		Afturstefni		
L	W	Efnisstærð	W	Efnisstærð	W	Efnisstærð	lxbxt mynd 35.a
m	cm^3	mm	cm^3	mm	cm^3	mm	mm
1	2	3	4	5	6	7	8
10	25	100x15	20	100x12	30	75x50	165x115x7
12	32	115x15	25	100x15	47	80x60	180x125x8
15	44	120x19	33	115x15	74	100x70	210x150x10
20	62	130x22	45	120x19	117	110x80	235x165x11
25	81	140x26	58	130x22	161	120x90	265x185x12
30	99	150x27	70	130x25	204	130x100	290x205x13
35	118	160x28	83	140x26	248	140x105	310x215x14
40	136	170x29	95	150x27	291	150x110	335x230x15
45	155	180x30	108	160x28	335	160x115	350x250x15
50	173	180x32	120	160x29	378	160x120	360x260x15

Jöfnur: Kjölstöng $W = 3.7L \div 12$, **Stefnisstöng** $W = 2.5L \div 5$,
Afturstefni $= W = 8.7L \div 57$ W, er mótstöðuvægið í cm^3

	Einfaldur botn.					Tvöfaldur botn.		
L	Botnstokkar			Miðkjölur	Kjalbak		Plötuþykkt	
	Hæð	Þykkt	Flans	Þykkt	Þversnið	Hæð	Miðkjölur	Botnstokkar
m	mm	mm	cm^2	mm	cm^2	mm	mm	mm
1	9	10	11	12	13	14	15	16
10	200	4,5	2,3	4,5	6,0	575	5,5	4,5
12	220	4,5	2,8	5,0	7,2	585	5,5	4,5
15	250	5,0	3,5	5,5	9,0	600	6,0	5,0
20	300	5,5	4,6	6,5	12,0	625	6,5	5,5
25	350	6,5	5,8	7,0	15,0	650	7,0	6,0
30	400	7,0	6,9	7,5	18,0	675	7,5	6,5
35	450	7,5	8,0	8,0	21,0	700	8,0	7,0
40	500	8,5	9,2	8,5	24,0	725	8,5	7,5
45	550	9,0	10,4	9,0	27,0	750	9,0	8,0
50	600	9,5	11,5	9,5	30,0	775	9,5	8,5

Einfaldur botn: Botnstokkar $h = 10L + 100$, $t = 0.13L + 3.1$, $F = 0.23L$
Kjalbak $F = 0.6L$
Miðkjölur $L < 20$ $t = 0.21L + 2.5$, $L > 20$ $t = 0.1L + 4.5$

Tvöfaldur botn: Hæð $h = 5L + 525$
Botnstokkar $L < 20$ $t = 0.13L + 3$, $L > 20$ $t = 0.1L + 3.5$
Miðkjölur 1 mm þykkari en botnstokkar.

Til að finna millilengdir má nota beint hlutfall eða jöfnurnar. Stærðir í dálkum 3, 5, 7 og 8 eru tillögur um staðalstærðir.

TAFLA 2a
STÝRISSTEFNI

Stýris-flatarmál m^2	Mótstöðuvægi í cm^3 og tillaga um staðalefnisstærðir í mm.							
	h í metrum, sjá mynd 309.							
	0,75	1,0	1,25	1,5	2,0	2,5	3,0	3,5
2,25	2,4 25x30	3,1 25x30	3,9 25x40	4,7 28x45	6,3 30x45	7,8 32x50	9,4 35x50	10,9
0,5	4,7 28x45	6,3 30x45	7,8 32x50	9,4 35x50	12,5 38x55	15,6 40x60	18,8 45x60	21,9 45x70
0,75	7,0 30x50	9,4 35x50	11,7 38x50	14,1 38x60	18,8 45x60	23,4 45x70	28,1 50x70	32,83 50x80
1,0	9,4 35x50	12,5 38x55	15,6 40x60	18,8 45x60	25,0 50x60	31,2 50x75	37,5 55x75	43,8 55x90
1,5	14,1 38x60	18,8 45x60	23,4 45x70	28,1 50x70	37,5 55x75	46,9 60x80	56,3 60x95	65,6 65x95
2,0	18,8 45x60	25,0 50x60	31,3 50x75	37,5 55x75	50,0 60x85	62,5 65x90	75,0 70x100	87,5 70x110
2,5	23,4 45x70	31,3 50x75	39,1 55x80	46,9 60x80	62,5 65x90	78,1 70x100	93,8 75x100	109,4 75x120
3,0	28,1 50x70	37,5 55x75	46,9 60x80	56,3 60x95	75,0 70x100	93,8 75x100	112,5 75x120	131,3 80x125
3,5	32,8 50x80	43,8 55x90	54,7 60x90	65,7 65x95	87,5 70x110	109,4 75x120	131,3 80x125	153,1 85x130
4,0	37,5 55x75	50,0 60x85	62,5 65x90	75,0 75x100	100,0 75x110	125,0 80x120	150,0 85x125	175,0 90x130
4,5	42,2 55x85	56,3 60x95	70,3 65x100	84,4 70x105	112,5 75x120	140,7 85x120	168,8 90x130	196,9 90x145
5,0	46,9 60x80	62,5 65x90	78,1 70x100	93,8 75x100	125,0 80x120	156,3 85x130	187,5 90x140	218,8 95x145

Jafna: $W = 12.5hA$, þar sem A = stýrisflatarmál í m^2 h = samkvæmt mynd 309
Fyrir milligildi má fá mótstöðuvægið með beinu hlutfalli eða með notkun jöfnunar.

TAFLA 2b
HÆLL

Stýris-flatarmál m^2	Mótstöðuvægi í cm^3 og tillaga um staðalefnisstærðir í mm. b í metrum, sjá mynd 309 A.							
	0,5	0,75	1,0	1,25	1,5	1,75	2,0	2,5
	13	20	26	33	39	46	53	66
0,25	25x60	25x70	30x75	30x90	30x90	40x90	40x90	40x100
	26	39	53	66	79	92	105	131
0,5	30x75	30x90	40x90	40x100	40x110	40x120	50x120	50x130
	39	59	79	98	118	138	158	197
0,75	30x90	40x100	40x110	40x120	50x120	50x130	50x140	60x150
	53	79	105	132	158	184	210	263
1,0	40x90	40x110	50x120	50x130	50x140	50x150	60x150	60x160
	79	118	158	197	236	276	315	394
1,5	40x110	50x120	50x140	60x150	60x160	60x170	60x180	70x190
	105	158	210	263	315	368	420	525
2,0	50x120	50x140	60x150	60x160	60x180	70x180	70x190	70x220
	132	197	263	329	394	460	525	656
2,5	50x130	60x150	60x160	60x180	70x190	70x200	70x220	80x220
	158	236	315	394	473	552	630	788
3,0	50x140	60x160	60x180	70x190	70x200	70x225	75x225	80x250
	184	276	368	460	552	644	735	919
3,5	50x150	60x170	70x180	70x200	70x225	80x220	80x240	90x250
	210	315	420	525	630	735	840	1050
4,0	60x150	60x180	70x190	70x220	75x225	80x240	90x240	90x265
	236	355	473	591	710	828	945	1181
4,5	60x160	70x180	70x200	70x225	80x240	90x240	90x260	95x280
	263	394	525	656	788	919	1050	1313
5,0	60x160	70x190	70x220	80x220	80x250	90x250	90x265	100x290

Jafna: $W = 1.05AbV^2$ þar sem A = stýrisflatarmál í m^2 b = samkvæmt mynd 309 Mótstöðuvægið fyrir hæl er í töflunni miðað við hraðann 10 hnúta, ef hraðinn er annar má nota jöfnuna, eða margfalda mótstöðuvægið sem fundið er í töflunni með hraðanum í öðru veldi og deila með 100 ($V^2/100$).

TAFLA 3
BYRÐINGUR ÞILFAR

Lengd skips	Byrðingur.				Þilfar.		
	Plötuþykktir.				Plötuþykktir.		
L	innan L/2 miðskips	til enda	gafl á skuttog.	skut-renna	aðal-þilfar	yfir geymum	undir vindum
m	mm	mm	mm	mm	mm	mm	mm
1	2	3	4	5	6	7	8
10	4,5	4,5	6,0	6,0	4,0	4,0	6,5
12	5,0	5,0	6,5	7,0	4,5	4,5	7,0
15	6,0	5,5	7,5	8,5	5,0	5,0	7,5
20	7,0	6,5	8,5	9,5	6,0	6,0	8,5
25	7,5	7,0	9,0	10,0	6,0	6,5	9,0
30	8,0	7,5	9,5	10,5	6,5	7,0	9,5
35	8,5	8,0	10,0	11,0	6,5	7,5	10,0
40	9,0	8,5	10,5	11,5	6,5	8,0	10,5
45	9,5	9,0	11,0	12,0	7,0	8,5	11,0
50	10,0	9,5	11,5	12,5	7,0	9,0	11,5

Til að finna millilengdir má nota beint hlutfall, eða jöfnurnar.

Jöfnur:	L < 20m	L > 20m
Byrðingur miðskips	t = 0,25L+2,0	t = 0,1L +5,0
Byrðingur til enda	t = 0,2L +2,5	t = 0,1L +4,5
Gafl	t = 0,25L+3,5	t = 0,1L +6,5
Skutrenna	t = 0,4L +2,0	t = 0,1L +7,5
Þilfar	t = 0,2L +2,0	t = 0,03L +5,4
Þilfar yfir geymum	t = 0,2L +2,0	t = 0,1L +4,0
Þilfar undir vindum	t = 0,2L +4,5	t = 0,1L +6,5

TAFLA 4
AÐALBÖND

Dýpt í m	Mótstöðuvægi banda ásamt plötu, miðað við 500 mm bandabil Tillaga um staðalstærðir banda í mm Lengd bands. ℓ. í metrum. (sjá mynd 602)								
	1,0	1,25	1,5	1,75	2,0	2,25	2,5	2,75	3,0
1,0	3,1 45x5	4,8 50x6	7,0 60x6	9,5 75x6	12,4 75x7	15,8 60x40x5	19,4 65x45x5		
1,5	3,8 50x5	5,9 60x6	8,5 65,6	11,6 75x7	15,1 60x40x5	19,1 65x45x5	23,6 75x50x5	28,6 75x50x6	
2,0	4,4 50x5	6,9 60x6	9,9 75x6	13,4 50x50x5	17,5 65x45x5	22,2 75x50x5	27,4 75x50x6	33,1 75x50x8	39,5 100x50x6
2,5	4,9 50x6	7,6 65x6	11,0 75x6	15,0 60x40x5	19,6 75x50x5	24,7 75x50x5	30,6 75x50x8	37,1 75x50x8	44,1 100x50x6
3,0	5,4 50x6	8,4 65x6	12,1 75x7	16,5 65x45x5	21,5 75x50x5	27,2 75x50x6	33,6 75x50x8	40,6 100x50x6	48,3 100x65x6
3,5	5,8 60x6	9,0 75x6	13,0 75x7	17,8 65x45x5	23,1 75x50x5	29,2 75x50x6	36,1 75x50x8	43,7 100x50x6	52,0 100x65x6
4,0	6,2 60x6	9,7 75x6	14,0 50x50x5	19,0 65x45x5	24,8 75x50x5	31,4 75x50x8	38,7 100x50x6	46,9 100x65x6	55,8 100x65x7
4,5	6,6 60,6	10,3 75x6	14,8 50x50x5	20,1 75x50x5	26,3 75x50x6	33,3 75x50x8	41,1 100x50x6	49,7 100x65x6	59,2 100x65x7
5,0	6,9 60x6	10,8 75x6	15,6 60x40x5	21,2 75x50x5	27,7 75x50x6	35,1 75x50x8	43,4 100x50x6	52,5 100x5x6	62,4 100x65x7

	3,25	3,5	4,0	4,25	4,5
2,5	81,8 100x65x6	60,0 100x65x7	78,4 130x65x7	88,5 130x65x8	99,3 130x65x8
3,0	56,7 100x65x7	65,8 100x65x8	85,9 130x65x8	97,0 130x65x8	108,7 130x75x8
3,5	61,2 100x65x7	71,0 130x65x6	92,8 130x65x8	104,7 130x75x8	117,4 130x75x9
4,0	65,5 100x65x8	76,0 130x65x6	99,2 130x65x8	112,0 130x75x9	125,6 150x75x8
4,5	69,4 130x65x6	80,6 130x65x7	105,2 130x75x8	118,8 130x75x9	133,2 150x75x8
5,0	73,2 130x65x6	84,9 130x65x7	110,9 130x75x8	125,2 150x75x8	140,4 150x75x9

Jafna: $W = 6.2\ l^2 s \sqrt{d}$
þar sem $s =$ **bandabil**

Sé bandabil meira en 500 mm, skal mótstöðuvægið breytast í beinu hlutfalli við bandabil. Sé bandabil minna en 500 mm má minnka mótstöðuvægið í beinu hlutfalli við bandabil. Fyrir milli-dýptir og lengdir, fæst mótstöðuvægið með beinu hlutfalli eða notkun jöfnunnar.

TAFLA 5
ÞILFARSBITAR

Breidd Skips B metrar	Mótstöðuvægi í cm^3, miðað við 500 mm bitabil. Tillaga um staðalstærðir bita í mm.					
	Bitahaf, l, í metrum					
	1	1,5	2	2,5	3	3,5
3	2,6 45x5	5,8 60x6	10,3 70x6	16,1 60x40x5	23,1 75x50x5	
5	2,9 45x5	6,4 60x6	11,4 75x7	17,9 65x45x5	25,8 75x50x6	35,0 75x50x8
7	3,1 45x5	7,1 60x6	12,6 75x7	19,6 75x50x5	28,3 75x50x6	38,5 100x50x6
9	3,4 45x5	7,8 65x6	13,8 50x50x5	21,4 75x50x5	30,9 75x50x8	42,0 100x50x6
11	3,8 50x5	8,4 65x6	14,9 50x50x5	23,2 75x50x5	33,4 75x50x8	46,0 100x65x6
13	4,0 50x5	9,0 75x6	16,0 60x40x5	25,0 75x50x5	36,0 75x50x8	49,0 100x65x6

Jafna: $W = l^2sh\ (\frac{2B+30}{7})\ cm^3$, þar sem B = Breidd skips í m.
l = bitahaf í m.
s = bitabil í m.
h = sjá töflu á næstu síðu.

Mótstöðuvægið í töflunni er miðað við 500 mm bitabil fyrir meira bitabil breytist mótstöðuvægið í beinu hlutfalli við bitabilið, fyrir minna bitabil má breyta mótstöðuvæginu í beinu hlutfalli við bitabilið. Milligildi fæst með beinu hlutfalli við notkun jöfnunnar.

TAFLA 5 frh.
ÞILFARSBITAR

Breidd Skips B metrar	Mótstöðuvægi í cm^3, miðað við 500 mm bitabil. Tillaga um staðalstærðir bita í mm.					
	Bitahaf, l, í metrum					
	4	4,5	5	5,5	6	6,5
3						
5	45,7 100x65x6	57,9 100x65x7				
7	50,3 100x65x6	63,6 100x65x8	78,6 130x65x7	95,1 130x65x8	113,1 130x75x9	
9	54,9 100x65x7	69,4 130x65x6	85,7 130x65x8	103,7 130x75x8	123,4 130x75x9	144,9 150x75x9
11	59,4 100x65x7	75,2 130x65x6	92,9 130x65x8	112,4 130x75x9	133,7 150x75x8	156,7 150x75x10
13	64,0 130x65x8	81,0 130x65x7	100,0 130x65x8	121,0 130x75x9	144,0 150x75x9	169,0 150x75x10

Mótstöðuvægið fyrir bita á hinum ýmsu stöðum skal fundið með því að margfalda mótstöðuvægið fundið í töflunni með stuðlinum h, sem fundinn er í eftirfarandi töflu.

Staður.	Stuðull h.
Óvarið aðalþilfar aftan 0,15 L frá F.P.	1,0
Óvarið þilfar framan 0,15 L frá F.P.	1,25
Yfirbyggingarþilfar aftan 0,15 L frá F.P. milliþilfar fyrir fiskvinnslu og þilf. undir íbúðir	0,95
Milliþilfar fyrir farm. Ákvarðist hverju sinni, minnst.	1,75

TAFLA 6
STOÐIR

Þvermál stálstoðar, Þ, í mm.								
	Lengd stoðar l, í metrum							
N	1,0	1,5	2,0	2,5	3,0	3,5	4,0	4,5
1	32	39	45	51	55	60	64	68
2	33	41	47	52	58	62	66	70
3	34	42	49	54	59	64	69	73
4	35	43	50	56	61	66	71	75
6	37	46	53	59	65	70	75	80
8	39	48	56	62	68	74	79	84
10	41	51	58	65	72	77	83	88
12	43	53	61	68	75	81	86	92
16	47	57	66	74	81	87	93	99
20	50	61	70	79	86	93	99	105

Jafna: $Þ \geq \sqrt{950\ l\ (0.08\ N + 1)}$ mm.

'N' er fundin þannig: $N = lxbxh$, þar sem l er lengd þess þilfarsflatar í metrum, sem borinn er af stoðinni og b er breidd sama flatar í metrum. h er stuðull sem fæst úr töflu 5 og fer eftir því undir hvaða þilfari stoðin stendur.

Milligildi fást með beinu hlutfalli samsvarandi þverskurðarflatar. Þegar stoð ber uppi aðra stoð reiknast N á sama hátt að viðbættu N gildi efri stoðarinnar eða $N = N_1 + N_2$.

TAFLA 7
LANGBJÁLKAR

Breidd b. m	Mótstöðuvægi í cm^3 og tillaga að staðalefnisstærðum. Lengd bjálkanna l, í metrum					
	2,0	2,5	3,0	3,5	4,0	4,5
1,0	40 100x50x6	63 100x65x8	90 130x65x8	123 130x75x9	160 150x75x10	203 170x90x10
1,5	60 100x65x7	94 130x65x8	135 150x75x8	184 150x90x10	240 180x90x11	304 200x100x11
2,0	80 130x65x7	125 150x75x8	180 150x90x10	245 180x90x11	320 200x100x11	405 250x90x12
2,5		156 150x75x10	225 170x90x10	306 200x100x11	400 250x90x12	506
3,0			270 200x100x10	368 250x90x10	480	608
3,5				429	560	709
4,0					640	810
4,5						911

m	5,0	5,5	6,0	6,5	7,0	7,5	8,0	8,5	9,0
1,0	250 180x90x11	303 200x100x11	360 250x90x10	423 250x90x12	490	563	640	723	810
1,5	375 250x90x10	454	540	634	735	844	960	1084	1215
	500	605	720	845	980	1125	1280	1445	1620
2,0	625	756	900	1056	1225	1408	1600	1806	2025
	750	908	1080	1268	1470	1688	1920	2168	2430
3,0	875	1059	1260	1479	1715	1969	2240	2529	2835
4,0	1000	1210	1440	1690	1960	2250	2560	2890	3240
4,5	1125	1361	1620	1901	2205	2531	2880	3251	3645

Jafna: $W = 10l^2b$

Þar sem:

l = lengd langbjálkanna í metrum, á milli þila eða á milli þils og stoðar. Við þverskipsbjálka reiknast l frá byrðingi að stoð eða byrðingi

b = breidd þilfarsflatar sem bjálkinn á að bera. Þ. e. hálfa leið að byrðingi og hálfa leið að næsta bjálka.

h = álagshæð í metrum. Í töflunni er h = 1.0

TAFLA 8
VATNSÞÉTT ÞIL

Þrýstings-hæð h m	Plötuþykkt og mótstöðuvægi miðað við 500 mm stífubil.								
	Plötu þykkt mm	Mótstöðuvægi stífu í cm^3							
		Stífur á geymisþilum. l ,í metrum.							
		1,0	1,5	2,0	2,5	3,0	3,5	4,0	4,5
1,5	5,5	3,8	8,4	15,0					
2,0	5,5	5,0	11,3	20,0	31,3				
2,5	5,5	6,3	14,1	25,0	39,1	56,3	76,6	100,0	
3,0	6,0	7,5	16,9	30,0	46,8	67,5	91,9	120,0	151,9
3,5	6,0	8,8	19,7	35,0	54,7	78,8	107,2	140,0	177,0
4,0	6,5	10,0	22,5	40,0	62,5	90,0	122,5	160,0	203,0
4,5	6,5	11,3	25,3	45,0	70,3	101,3	137,8	180,0	228,0
5,0	6,5	12,5	28,1	50,0	78,1	112,5	153,1	200,0	253,0
5,5	7,0	13,8	30,9	55,0	85,9	123,8	168,4	220,0	278,0
6,0	7,0	15,0	33,8	60,0	93,8	135,0	183,8	240,0	304,0
6,5	7,5	16,3	36,6	65,0	101,6	146,3	199,1	260,0	329,0
7,5	7,5	17,5	39,4	70,0					
7,5	7,5	18,8	42,2						

h m	t mm	Stífur á öðrum þilum l,í metrum							
		1,0	1,5	2,0	2,5	3,0	3,5	4,0	4,5
1,5	5,5	3,0	6,8	12,0	18,8	27,0			
2,0	5,5			16,0	25,0	36,0	49,0	64,0	81,0
2,5	5,5				31,3	45,0	61,3	80,0	101,3
3,0	6,0					54,0	73,5	96,0	121,5
3,5	6,0						85,8	112,0	141,8
4,0	6,5							128,0	162,0
4,5	6,5								182,3

Jöfnur: $t = 0.8sh + 4.7$ $s =$ stífubil í m
$w = 5l^2sh$ í geymum $l =$ lengd stífu í m
$w = 4l^2sh$ á öðrum þilum $h =$ þrýstingshæð, sjá grein 1102

Ef stífubil er meira en 500 mm skal auka mótstöðuvægi í beinu hlutfalli við stífubil og auka plötuþykkt í samræmi við töflu.

TAFLA 9
ÞILFARSHÚS ÚR STÁLI

Lengd skips	Hús á aðalþilfar					
	Framþil			Hliðar og afturþil		
L m	W cm^3	Efnisstærð mm	Plötuþ. mm	W cm^3	Efnisstærð mm	Plötuþ. mm
1	2	3	4	5	6	7
10,0	7,5	65x6	4,0	6,2	60x6	3,5
12,5	9,2	75x6	4,5	7,5	65x6	4,0
15,0	10,8	75x6	5,0	8,7	75x6	4,5
17,5	12,5	75x7	5,5	10,0	75x6	5,0
20,0	14,2	75x8	6,0	11,2	75x7	5,5
25,0	15,8	60x40x5	6,5	12,5	75x7	6,0
30,0	18,3	65x45x5	6,5	14,2	75x8	6,0
35,0	20,0	75x50x5	6,5	15,8	60x40x5	6,0
40,0	21,5	75x50x5	7,0	18,3	65x45x5	6,0
45,0	22,8	75x50x5	7,0	20,0	75x50x5	6,5
50,0	24,0	75x50x6	7,0	21,5	75x50x5	6,5

Lengd skips	Hús á þilfarshús eða yfirbyggingarþilfar.					
	Framþil			Hliðar og afturþil		
L m	W cm^3	Efnisstærð mm	Plötuþykkt mm	W cm^3	Efnisstærð mm	Plötuþykkt mm
1	8	9	10	11	12	13
10,0	4,2	50x5	3,5	3,7	50x5	3,0
12,5	5,0	50x6	4,0	4,2	50x5	3,5
15,0	5,8	60x6	4,5	4,6	50x6	4,0
17,5	6,7	60x6	5,0	5,0	50x6	4,5
20,0	7,5	65x6	5,5	5,8	60x6	5,0
25,0	8,3	75x6	6,0	6,7	60x6	5,5
30,0	10,0	75x6	6,0	7,5	65x6	5,5
35,0	11,7	75x7	6,0	9,2	75x6	5,5
40,0	13,0	75x8	6,0	10,8	75x6	6,0
45,0	14,2	75x8	6,5	12,5	75x7	6,0
50,0	15,8	60x40x5	6,5	14,2	75x8	6,0

Miðað er við stífubil 500 mm, ef stífubilið er meira skal breyta mótstöðuvæginu í beinu hlutfalli við stífubilið. Mesta leyfilegt stífubil er 760 mm. Fyrir millistærðir má fá mótstöðuvægi og efnisþykktir með beinu hlutfalli.

TAFLA 10
STÝRI

Áætlaður hraði hnútar	Stýriskraftur, N, í tonnum Flatarmál stýris, A, í m^2								
	0,5	1,0	1,5	2,0	2,5	3,0	3,5	4,0	5,0
6	0,4	0,7	1,1						
7	0,5	1,0	1,5	2,0					
8	0,6	1,3	1,9	2,6	3,2				
9	0,8	1,6	2,5	3,2	4,1	4,9			
10	1,0	2,0	3,0	4,0	5,0	6,0	7,0	8,0	10,0
11		2,4	3,7	4,8	6,1	7,3	8,5	9,7	12,1
12			4,4	5,8	7,2	8,6	10,1	11,5	14,4
13				6,8	8,5	10,1	11,8	13,6	16,9
14					9,8	11,8	13,7	15,7	19,6
15						13,5	15,8	18,0	22,5

Jafna: $N = \frac{200}{V^2} (H^2 + 2A)$ tonn.

Þar sem:
H = meðalhæð stýrisins fyrir aftan miðju stýrisáss, í metrum, sjá mynd 1701.
A = flatarmál stýrisins í m^2
V = áætlaður hraði í hnútum.
l = lengd stýrisins í metrum.

Taflan er útreiknuð fyrir hlutfallið milli hæðar og lengdar stýrisins H/l = 2.
Ef hlutfallið er minna má margfalda kraftinn fenginn úr töflunni með $0.25 (2 + \frac{H}{l})$ eða reikna hann út eftir jöfnunni



STÝRI – STÝRISÁS OG LEGUR

mynd 1701

TAFLA 11a

Stýris	Plötuþykktir						Þvermál stýrisáss við stýrisvél, $Þ_b$ mm.							
kraftur	Stýrisflatarmál í m^2						Vægisarmur í mm.							
N tonn	0,5 mm	1,0 mm	2,0 mm	3,0 mm	4,0 mm	5,0 mm	100 mm	150 mm	200 mm	250 mm	300 mm	350 mm	400 mm	450 mm
1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12	13	14	15
0,5	6,5	6,0					36	41	45	49				
1,0	7,5	7,0	7,0				45	52	57	62	66			
2,0		7,5	7,5				57	66	72	78	83	87		
3,0			8,5	8,0				75	83	89	95	100	104	
4,0			9,5	9,0	9,0				91	98	104	110	115	
5,0			10,0	9,5	9,0				98	106	112	118	123	
6,0			10,5	10,0	10,0					112	119	125	131	136
8,0				10,5	10,5	10,0				123	131	138	144	150
10,0				10,5	10,5	10,0					141	149	156	162
12,0				11,0	10,5	10,5					150	158	165	172
15,0					11,0	10,5						170	178	185
20,0						11,0						187	196	204

Jafna fyrir þvermál stýrisáss: $Þ_b = 9.8 \sqrt[3]{Nm}$

þar sem: N = stýriskraftur í tonnum
m = vægisarmur í mm = 0.35l÷f, þó aldrei minna en 0.12l
l = lengd stýrisins í mm sjá mynd 1701
f = lengd stýrisins í mm fyrir framan stýrisás, sjá mynd 1701

Til að finna milligildi má finna þvermálið með beinu hlutfalli, eða notkun jöfnunnar.

TAFLA 11b

Þvermál hællegu í mm			
Stýris kraftur 'N' tonn	Minnsta leguþvermál Stál móti brons eða ryðfríu stáli	Stál móti hvítmálmi eða gerviefni	Minnsta tappa þvermál
1	2	3	4
0,5	25	30	25
1,0	35	43	35
2,0	49	60	49
3,0	60	74	60
4,0	70	86	70
5,0	78	96	78
6,0	85	105	85
8,0	99	122	99
10,0	110	136	110
12,0	120	148	120
15,0	135	166	135
20,0	156	192	156

Jafna fyrir minnsta tappaþvermál: $Þ_t = 11\sqrt{10N}$

Til að finna milligldi má finna þvermál með beinu hlutfalli eða notkun jöfnunnar. Leguhæð = 1.2 x leguþvermál. Málmfóðringar skulu ekki vera þynnri en 8 mm.

TAFLA 11c
SKUTLEGA

Minnsta leguhæð		
Stál móti brons eða ryðfríu stáli	Stál móti hvítmálmi olíusmurt	Stál móti gerviefni
1,0 x stýris-ássþvermálið	1,2 x stýris-ássþvermálið	1,35 x stýris-ássþvermálið

TAFLA 12

STUÐULLINN K

a/b	b/m							
	6	8	10	12	14	16	18	20
0,3 og minna	1,21	1,26	1,31	1,35	1,39	1,44	1,49	1,53
0,4	1,17	1,20	1,24	1,28	1,32	1,35	1,39	1,43
0,5	1,14	1,16	1,20	1,23	1,26	1,29	1,32	1,35
0,6	1,12	1,14	1,17	1,19	1,22	1,25	1,27	1,30
0,7	1,10	1,12	1,15	1,17	1,19	1,22	1,24	1,26
0,8	1,09	1,11	1,13	1,15	1,17	1,19	1,21	1,23
1,0	1,07	1,09	1,11	1,12	1,14	1,15	1,17	1,19
1,2	1,06	1,08	1,09	1,10	1,12	1,13	1,15	1,16

Fyrir milligildi má finna stuðulinn með beinu hlutfalli.
a = fjarlægð frá miðri burðarlegu í miðja hekklegu í mm, sjá töflu 11 og mynd 17.01.
b = fjarlægð frá miðri skutlegu í miðja hællegu í mm, sjá töflu 11 og mynd 17.01.
m = vægisarmur í mm, sjá töflu 11.

TAFLA 13a
STÝRISÁSTENGI

Reglu-þvermál stýrisáss $Þ_h$	Boltar í láréttu flanstengi			
	Fjöldi bolta n	þvermál	Meðalfjarl. frá miðju flans.	Meðalfjarl. frá langskips miðlínu.
mm		mm	mm	mm
1	2	3	4	5
50	4	25	45	30
60	4	25	54	36
70	4	25	63	42
80	4	27	72	48
90	6	25	81	54
100	6	28	90	60
110	6	31	99	66
120	6	33	108	72
130	6	36	117	78
140	6	39	126	84
150	6	42	135	90
170	6	47	144	96
190	6	53	153	102
210	6	59	162	108

Boltaþvermál $þ = \frac{0{,}68Þ_h}{\sqrt{n}}$

$Þ_h$ = regluþvermál stýrisáss við hekklegu.
n = fjöldi bolta í flanstengi.
Allir boltar eru passboltar.

TAFLA 13b
STÝRISSVEIF

Reglu-þvermál stýrisáss $Þ_b$	Nöf Ytra Þver-mál	Armur Efnis Stærð	Boltar í sveifarfestingu				Eyrna Þykkt
			Tveir boltar		Fjórir boltar		
			Þver-mál	Fjarlægð mið/miðja	Þver-mál	Fjarlægð mið/miðja	
mm	mm	mm	mm	mm	mm	mm	mm
1	2	3	4	5	6	7	8
50	90	55x30	22,0	170	16,0	150	23
60	110	65x38	26,0	200	20,0	175	26
70	125	75x44	30,0	230	24,5	205	29
80	145	83x48	32,0	254	28,5	230	32
90	165	89x63	38,0	280	32,0	254	35
100	180	108x63	44,5	305	35,0	280	38
110	200	120x70	51,0	321	38,0	296	40
120	220	133x70	54,0	347	41,0	322	43
130	235	142x76	57,0	364	44,5	339	45
140	250	152x83	63,5	381	48,0	356	48
150	270	162x86	70,0	406	51,0	375	51
170	310	181x96	79,0	457	54,0	413	57
190	345	203x112	89,0	521	63,5	469	60
210	380	222x121	97,0	575	69,0	524	64

$Þ_b$ = regluþvermál stýrisáss við stýrisvél.

Gildleiki stýrisvélar er mældur í tveim ásþvermálum frá miðju stýrisáss og má minnka niður í ¾ við sveifarendann.
Nöf stýrissveifar hafi sömu hæð og þvermál ássins.

TAFLA 14
STUÐULLINN F

	Brotþol efnisins í kp/mm^2									
	44	48	50	54	58	60	64	68	72	80
Stýrisás	1,00	0,98	0,97	0,95	0,93	0,92	0,91	0,89	0,88	0,86
Boltar í stýrisflans	1,00	0,97	0,95	0,92	0,90	0,88	0,86	0,84	0,82	0,79
Boltar í sveifarfestingu	1,00	0,96	0,94	0,90	0,87	0,86	0,83	0,80	0,78	0,74

Fyrir millistærð má finna stuðulinn með beinu hlutfalli eða reikna hann út frá eftirfarandi jöfnum:

Fyrir stýrisás $F = \frac{\sqrt[3]{60}}{s_B + 16}$

Fyrir bolta í stýrisflans $F = \sqrt[2,5]{\frac{44}{s_B}}$

Fyrir bolta í sveifarfest $F = \sqrt[2]{\frac{44}{s_B}}$

s_B = **brotþol efnisins í kp/mm²**

TAFLA 15

STUÐULLINN K

γ \ α	25	30	35	40	45	50	55	60	70	80
25			10,0	10,0	13,0	17,5	22,0	27,5	39,5	51,0
30		10,0	10,0	11,0	15,5	20,5	26,0	32,0	44,0	55,0
35		10,0	10,0	13,0	17,5	23,0	29,0	36,0	49,0	60,5
40		10,0	10,0	15,0	20,0	26,0	32,5	39,5	53,0	63,5
45	10,0	10,0	11,0	16,0	22,0	28,5	35,5	42,5	55,5	67,0
50	10,0	10,0	12,5	17,5	24,0	31,0	38,5	45,0	59,0	69,0
60	10,0	10,0	14,5	20,5	28,0	35,5	43,5	50,5	63,5	75,0
70	10,0	11,0	16,5	23,5	31,5	40,0	47,5	54,5	67,0	77,5
80	10,0	12,5	19,0	26,5	35,0	43,5	51,5	59,0	71,0	81,5
90	10,0	14,0	21,0	29,0	38,0	46,5	54,5	61,5	75,0	82,5
100	10,0	15,0	23,0	31,5	41,5	50,0	58,0	65,5	76,0	85,0
150	13,5	21,5	31,5	42,5	52,5	60,5	68,0	74,0	85,5	92,0
200	17,5	27,5	39,5	50,5	61,0	68,5	75,0	80,5	89,0	95,0
250	21,0	33,0	44,5	56,5	67,0	75,5	79,5	86,5	92,0	95,5
300	24,5	38,0	51,0	61,5	71,0	78,5	84,5	88,5	93,5	98,0
350	28,0	42,0	54,0	66,5	73,5	81,0	85,5	92,0	95,5	99,5
400	31,0	45,0	59,0	69,0	78,0	84,5	89,0	92,0	97,5	101,5
500	37,0	52,0	64,5	74,0	82,0	87,5	91,0	96,0	99,0	101,5

Fyrir milligildi má finna stuðulinn k með beinu hlutfalli.

TAFLA 16

STUÐULLINN λ

β \ k	10,0	12,5	15,0	20,0	30,0	50,0	75,0	102,0
24	2,50	2,35	2,30	2,15	1,90	1,55	1,25	1
26	2,50	2,20	2,15	2,05	1,825	1,50	1,235	1
28	2,50	2,075	2,025	1,925	1,75	1,475	1,225	1
30	2,50	2,00	1,925	1,85	1,675	1,45	1,21	1
32	2,50	2,00	1,825	1,75	1,60	1,40	1,20	1
36	2,50	2,00	1,67	1,60	1,50	1,325	1,175	1
40	2,50	2,00	1,67	1,475	1,40	1,275	1,15	1
44	2,50	2,00	1,67	1,375	1,325	1,225	1,125	1
48	2,50	2,00	1,67	1,275	1,25	1,175	1,10	1
52	2,50	2,00	1,67	1,25	1,175	1,125	1,075	1
56	2,50	2,00	1,67	1,25	1,125	1,075	1,05	1
60	2,50	2,00	1,67	1,25	1,05	1,05	1,025	1

Fyrir millistærðir má finna stuðulinn λ með beinu hlutfalli.

TAFLA 17

KRAFTATAFLA Í TONNUM

Kraft.	P tonn	Hlutfall masturs og bómu 0,4	0,5	0,6	0,7	0,8	0,9	1,0	1,1
	0,5	1,8	1,6	1,4	1,3	1,2	1,1	1,1	1,0
	0,75	2,7	2,5	2,0	1,8	1,7	1,7	1,6	1,5
	1,0	3,6	3,1	2,7	2,5	2,3	2,2	2,1	2,0
P_b	1,5	5,4	4,9	4,0	3,7	3,5	3,3	3,2	3,0
	2,0	7,1	6,1	5,5	5,0	4,6	4,3	4,1	3,9
	3,0	10,7	9,2	8,2	7,4	7,0	6,5	6,2	5,8
	5,0	17,8	15,3	13,6	12,4	11,5	10,8	10,3	9,8
	0,5	1,2	1,0	0,9	0,8	0,7	0,7	0,6	0,6
	0,75	1,8	1,5	1,3	1,2	1,1	1,0	0,9	0,9
P_s	1,0	2,4	2,0	1,7	1,5	1,4	1,3	1,2	1,2
	1,5	3,6	3,0	2,6	2,3	2,1	2,0	1,8	1,8
	2,0	4,9	4,0	3,4	3,0	2,8	2,6	2,4	2,3
	3,0	7,4	6,0	5,2	4,6	4,2	3,9	3,7	3,5
	5,0	12,2	10,0	8,6	7,6	7,0	6,5	6,1	5,8
	0,5	1,9	1,6	1,4	1,3	1,2	1,2	1,1	1,1
	0,75	2,8	2,4	2,1	2,0	1,8	1,7	1,7	1,6
	1,0	3,7	3,2	2,8	2,6	2,4	2,3	2,2	2,1
P_h	1,5	5,8	4,8	4,2	4,0	3,6	3,4	3,3	3,2
	2,0	7,4	6,3	5,6	5,1	4,8	4,6	4,4	4,4
	3,0	11,1	9,4	8,4	7,7	7,2	6,8	6,6	6,4
	5,0	18,5	15,7	14,0	12,8	12,0	11,4	11,0	10,6

H = Fjarlægð milli þilfars og blakkarhengis
a = Fjarlægð milli þilfars og bómustóls
Ps = Kraftur í bómustagi
Ph = Kraftur í blakkarhengi
lB = Lengd bómu
P = Notaþungi bómu í tonnum
Pb = Bómukraftur (þrýstikraftur)

Hlutfall masturs og bómu = $\frac{H \div a}{lB}$



TAFLA 18

LEGUFÆRI OG FESTAR

Búnaðar-tala	Patent akkeri		Akkeris-stólpakeðja		Dráttartaug Vír eða tóg		Landfestar Vír eða tóg	
	Fj.	Þyngd hvert kg	Lengd alls m	Þver-mál mm	Lengd m	Brotþol kg	Fjöldi og lengd m	Brotþol kg
1	2	3	4	5	6	7	8	9
0- 10	1	50	55,0	12,5			1x30	1200
10- 20	1	100	87,5	12,5			1x40	1400
	eða							
	2	50						
20- 30	2	75	110,0	12,5	100	7000	2x40	2400
30- 40	2	100	137,5	12,5	120	8000	2x60	2300
40- 50	2	125	165,0		140	9000	2x80	3300
50- 60	2	160	192,5	14,0	180	10000	2x100	3500
60- 70	2	180	192,5	14,0	180	10000	2x100	3500
70- 80	2	210	220,0	16,0	180	10000	2x100	3900
80- 90	2	240	220,0	16,0	180	10000	2x100	3900
90-100	2	270	247,5	17,5	180	10000	2x110	4300
100-110	2	300	247,5	17,5	180	10000	2x110	4300
110-120	2	340	247,5	19,0	180	10000	2x110	4600
120-130	2	360	247,5	19,0	180	10000	2x110	4600
130-140	2	390	275,0	19,0	180	10000	2x120	5100
140-150	2	420	275,0	20,5	180	10000	2x120	5100
150-175	2	480	275,0	22,0	180	10000	2x120	5600
175-205	2	570	302,5	24,0	180	11400	2x120	6000
205-240	2	660	302,5	26,0	180	13200	2x120	6600
240-280	2	780	330,0	28,0	180	15300	3x120	7300
280-320	2	900	357,5	30,0	180	17700	3x140	8000
320-360	2	1020	357,5	32,0	180	21100	3x140	8800

TAFLA 19
RAFSUÐUR

t = þykkt plötu eða leggs
a = minnsta kverkhæð suðu

Sjá einnig reglur um minnstu kverkhæð grein 21

Hluti.	Rafsuða			
	Tvöföld samfelld kverk-suða minnsta kverkhæð á	Sporsuða ef leyfileg X		
		Keðju-suða	Samfelld úttaks-suða	Víxl-suða
TVÖFALDUR BOTN:-				
Miðkjölur við kjöl	0,4 t			
Miðkjölur við innri botn	0,4 t			
Botnstokkar við miðkjöl undir vélum	0,3 t		X	
Botnstokkar við miðkjöl annars	0,20 t		X	
Botnstokkar við hliðarkjöl	0,14 t		X	
Hliðarkjölur við byrðing	0,15 t		X	
Hliðarkjölur við innri botn undir vélum	0,25 t		X	
Hliðarkjölur annars	0,14 t		X	
Botnstokkar við byrðing	0,14 t		X	
Botnstokkar við byrðing undir vélarundirstöðum	0,3 t			
Botnstokkar við byrðing í skuthylki	0,25 t			
Botnstokkar við byrðing í fremsta 0,25 L	0,25 t		X	
Botnstokkar við innri botn undir vélum	0,25 t			
Botnstokkar við innri botn annars	0,14 t		X	
Geymishlið við byrðing	0,4 t			
Vatnsþétt samskeyti botnstokka og hliðarkjalar	0,35 t			
Stífur	0,20 t		X	
EINFALDUR BOTN:-				
Undir vélum	0,45 t			
Botnstokkar við byrðing	0,14 t		X	
Botnstokkar við byrðing undir vélaundirstöðum	0,3 t			
Botnstokkar við byrðing í skuthylki	0,25 t			

TAFLA 19 frh.
RAFSUÐUR

t = þykkt plötu eða leggs
a = minnsta kverkhæð suðu

Sjá einnig reglur um minnstu kverkhæð grein 21

Hluti.	Rafsuða			
	Tvöföld samfelld kverk-suða minnsta kverkhæð á	Sporsuða ef leyfileg X		
		Keðju-suða	Samfelld úttaks-suða	Víxl-suða
Botnstokkar við byrðing í fremsta 0,25 L	0,25 t		X	
Botnstokkar við miðkjöl	0,5 t			
Botnstokkar við flans	0,14 t	X	X	X
Miðkjölur við kjöl	0,3 t	X	X	
Miðkjölur við kjalbak	0,14 t	X	X	
Hliðarkjölur við byrðing og flans	0,15 t	X	X	
STOÐIR:-				
Samsetning stoða	0,14 t	X	X	X
Endafesting stoða	0,40 t			
STOÐAÞIL:-				
þil við innri botn	0,20 t	X	X	X
Festing þils annars	0,14 t	X	X	X
Stífur við þil	0,12 t	X	X	X
LÚGUR:-				
Lúgukarmar við þilfar á hornum	0,50 t			
Lúgukarmar við þilfar annars	0,40 t			
Stífur við karm	0,12 t	X	X	X
Láréttar stífur við karm	0,40 t			
Lúgubjálki eða biti, samsetning	0,12 t	X	X	X
Lúguhlerar, stífur	0,12 t	X	X	X
Bjálkar, leggur annars	0,17 t		X	
Bjálkar, flans við legg	0,12 t		X	
Bjálkar við hnéplötu	0,35 t		X	
Bjálkar og hnéplata við þil þvert á	0,50 t			

TAFLA 19 frh.
RAFSUÐUR

t = þykkt plötu eða leggs
a = minnsta kverkhæð suðu

Sjá einnig reglur um minnstu kverkhæð grein 21

Hluti.	Rafsuða			
	Tvöföld samfelld kverk-suða minnsta kverkhæð á	Sporsuða ef leyfileg X		
		Keðju-suða	Sammfelld úttaks-suða	Víxl-suða
SKVETTIÞIL:-				
Á mörkum þila í afturskipi	0,40 t			
Á mörkum þila annars	0,40 t		X	
Stífur við þil	0,14 t			
BITAR OG BJÁLKAR:-				
Bitar við þilfar	0,12 t	X	X	X
Bitar við þilfar yfir geymum	0,15 t		X	
Langskipsbitar við þilfar	0,15 t	X	X	X
Langskipsbitar við þilfar yfir geymum	0,15 t		X	
Lúguendabitar við þilfar	0,20 t	X	X	X
Bitar við lúgukarm	0,35 t			
Bjálkar, leggur við þilfar 20% af lengd frá endum	0,35 t			
Bjálkar, leggur annars	0,17 t		X	
Bjálkar, flans við legg	0,12 t		X	
Bjálkar við hnéplötu	0,35 t		X	
Bjálkar og hnéplata við þil	0,50 t			
ÞILFAR:-				
Þilfar við byrðing yfir geymum	0,35 t			
Þilfar við byrðing annars	0,25 t			
LOFTHÁFAR:-				
Festing við þilfar	0,40 t			
ÞILFARSHÚS:-				
Festing við þilfar, undirstöður	0,40 t			
Stífur	0,12 t	X	X	X

TAFLA 19 frh.
RAFSUÐUR

t = þykkt plötu eða leggs
a = minnsta kverkhæð suðu

Sjá einnig reglur um minnstu kverkhæð grein 21

Hluti.	Rafsuða			
	Tvöföld samfelld kverk-suða minnsta kverkhæð á	Sporsuða ef leyfileg X		
		Keðju-suða	Samfelld úttaks-suða	Víxl-suða
STÝRI:-				
Stýri	0,20 t	tappasuða		
MÖSTUR:-				
Festing við þilför	0,45 t			
BÖND:-				
Bönd við byrðing	0,14 t	X	X	X
Bönd við byrðing í stafnhylki og hágeymum	0,15 t		X	
Bönd við byrðing í fremsta 0,15 L	0,15 t	X	X	X
Bönd við byrðing í skuthylki	0,30 t			
Millibönd og ísbönd við byrðing	0,12 t	X	X	X
VATNSÞÉTT ÞIL:-				
Á mörkum þila	0,40 t			
Stífur án hnéplatna 15% af lengd frá endum	0,20 t			
Stífur annars	0,14 t		X	
Bjálkar, leggur við þil og byrðing 20% af lengd frá endum	0,35 t			

12 ágúst 1977. 581 Nr. 328.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um holræsi í Grýtubakkahreppi nr. 352/1972.

1. gr.

1. mgr. 6. gr. orðist svo:
Kostnaður við aðalholræsakerfið greiðist úr sveitarsjóði Grýtubakkahrepps, en til að standast þann kostnað ber húseigendum, sem húseignir eiga við götu, veg eða opið svæði, þar sem holræsi er lagt í að greiða stofngjald, sem nemur kr. 100 á hvern rúmmetra húseignarinnar miðað við byggingarvísitölu eins og hún var 13. apríl 1977 og framreiknist síðan við hver áramót til samræmis við byggingarvísitölu. Stofngjaldið skal greiðast áður en tenging við aðalræsi er leyfð.

2. gr.

3. mgr. 7. gr. orðist svo:
Gjalddagi holræsagjalds er 15. janúar ár hvert fyrir yfirstandandi ár.

Reglugerð þessi sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Grýtubakkahrepps staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 12. ágúst 1977.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

25. ágúst 1977. Nr. 329.

REGLUGERÐ

um hverjar vörur lyfsalar einir og læknar (dýralæknar), er rétt eiga eða leyfi hafa til lyfjasölu, mega hafa á boðstólum, selja eða afhenda, og um sölu vítamína og steinefna.

1. gr.

Lyfsölum og læknum (dýralæknum), er rétt eiga eða leyfi hafa til lyfjasölu (smásölu), er einum heimilt að hafa á boðstólum, selja eða afhenda almenningi eftirtaldar vörur:

1. Lyf, þ.e. hvers konar efni og efnasambönd, lífræn og ólífræn, sem ætluð eru til lækninga, fróunar eða varnar gegn sjúkdómum eða sjúkdómseinkennum

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

í mönnum eða dýrum, svo og efni og efnasambönd, sem notuð eru til sjúkdómsgreiningar (sjá þó 2. gr.).

Til lyfja teljast, sbr. þó 3. gr.:

a. Öll virk efni (þ. e. efni, sem hafa lækningagildi), jurtir og jurtahlutar, er innihalda virk efni og samsetningar þeirra, sem talin eru í gildandi lyfjaskrá, sérlyfjaskrá, lyfseðlasöfnum eða lyfjaforskriftum með viðaukum og hliðstæðum heimildum, þegar þau eru notuð sem lyf.
b. Efni, jurtir, jurtahlutar og samsetningar, sem að efnafræðilegri gerð eða lyfhrifum eru svo lík einhverju efni, jurt, jurtahluta eða samsetningu, sem talin eru samkvæmt a-lið hér að framan, að þau af þeim sökum skuli teljast lyf.
c. Hvers konar efni, sem látin eru úti í þeim lyfjaformum, er greinir í framangreindum heimildum (sbr. a-lið), ef þau eru notuð sem lyf. Ákvæði þessi ná þannig til vítamína í hvers konar lyfjaformum, ef innihaldsmagn vítamína í hverri einingu (töflu, hylki, mæliskeið o. s. frv.) er umfram 150 hundraðshluta venjulegs dagskammtar. Ef innihaldsmagn A eða D vítamína, folinsýru eða folininsýru, í hverri einingu er umfram 100 hundraðshluta venjulegs dagskammts, teljast þau þó lyf, sbr. ákvæði 4. gr.
d. Önnur efni og varningur, er teljast til lyfja samkvæmt skilgreiningu gildandi laga (t. d. vegna auðkenningar) og heimilt er að selja hér á landi.

2. Hvers konar efni, sem notuð eru til getnaðarvarna, ef þau eru látin úti í þeim lyfjaformum, sem greind eru í gildandi lyfjaskrá, lyfseðlasöfnum, lyfjaforskriftum o. s. frv., sbr. a-lið hér að framan.
3. Edikssýra, sem er umfram 15% að styrkleika.

2. gr.

Lyfjabúðir (lyfjaútibú og lyfjaútsölur) skulu selja dýralyf eftir þörfum sem önnur lyf.

Héraðsdýralæknar eiga rétt til sölu dýralyfja, hver í sínu héraði, ef þeir óska þess.

Heimilt er mönnum, sem starfa samkvæmt 16. gr. laga nr. 31 frá 5. maí 1970, um dýralækna, og rétt hafa til þess að afla sér lyfja hjá héraðsdýralækni eða samkvæmt ávísun hans, að láta af hendi þau lyf, er yfirdýralæknir ákveður.

Fara skal um sölu og dreifingu á bóluefni gegn garnaveiki í sauðfé samkvæmt ákvæðum reglugerðar um bólusetningu sauðfjár til varnar garnaveiki nr. 207 30. september 1966, sbr. og auglýsingu nr. 186 16. nóvember 1967, um viðauka við sömu reglugerð.

3. gr.

Efni teljast ekki lyf, ef þau eru notuð til þess að koma í veg fyrir útbreiðslu sjúkdóma, svo sem til sótthreinsunar á verkfærum, áhöldum, sængurfatnaði, húsgögnum, herbergjum, baðvatni, andrúmslofti í húsum o. þ. u. l. og til sýklaeyðingar í uppgangi, þvagi, saur og hvers konar útferð hjá sjúklingum. Sama gildir um efni, sem notuð eru til annarra hreinlætisráðstafana.

Þau efni, sem nú verða talin, eru þannig ekki lyf, ef þau eru notuð sem að framan greinir:

1. Benzalkoni chloridum (benzalkónklórið).
2. Calx chlorata (klórkalk).
3. Chloraminum (klóramín), m. a. í töfluformi.
4. Chlorhexidinum (klórhexidín), í dufti eða vökva.
5. Halazonum (halazón), m. a. í töfluformi.
6. Hexicidum (hexicíð, lindan), í lausn til böðunar sauðfjár.
7. Isopropanolum (ísóprópanól; ísóprópýlalkóhól).

8. Kalii permanganas (kalíumpermanganat).
9. Kreolinum (kreólín).
10. Kresolum venale (kresól).
11. Phenplum (fenól; karbólsýra).
12. Propanolum (própýlalkóhól).
13. Solutio formaldehydi concentrata (sterk formalínlausn).
14. Trikresolum (tríkresol).

Ennfremur teljast ekki til lyfja:

15. Matvæli og fóðurvörur, sem blandaðar hafa verið lyfjaefnum, eða öðrum næringaraukefnum, enda sé slíkt heimilað í lögum.
16. Efni til tannfyllinga eða í gervigóma, enda hamli ekki önnur ákvæði.
17. Plástur og líkþornahringir, sem ekki eru íbornir lyfjum.
18. Efni til sjúkdómsgreininga, ef þau eru notuð utan líkamans.
19. Hexaklórófen til útvortis notkunar í samsetningum, sem innihalda 0.1% af efninu eða minna.

4. gr.

Vörutegundir, sem innihalda vítamín og steinefni, skiptast í þrjá flokka:

1. Vörutegundir, sem bættar eru allt að 50 hundraðshlutum af dagskammti vítamína og steinefna, miðað við daglega neyslu, teljast vera almenn neysluvara. Vörutegundir, sem frá náttúrunnar hendi innihalda meira magn þessara efna, teljast einnig til almennra neysluvara, þar með talið þorska- og ufsalýsi, sbr. þó 3. lið þessarar greinar.
2. Vörutegundir, sem bættar eru vítamínum og steinefnum og innihalda 50 til 150 hundraðshluta af venjulegum dagskammti slíkra efna, miðað við daglega neyslu, teljast vera næringaraukefni. Um A og D vítamín (D_2 og D_3) og fólinsýru eða fólinínsýru gildir þó, að efri mörk skulu vera 100 hundraðshlutar venjulegs dagskammts.
3. Vörutegundir, sem innihalda vítamín og steinefni í magni, sem er umfram 150 hundraðshluta af dagskamti, miðað við daglega neyslu, teljast lyf, sbr. þó 2. lið þessarar greinar og c-lið 1. gr.

Þar sem rætt er um dagskammta af vítamínum og steinefnum er átt við dagskammta fullorðinna, eins og þeir eru greindir í fylgiskjali með reglugerð þessari.

Ákvæði þau, er greinir í umræddu fylgiskjali, skulu fylgja viðurkenndri reynslu og endurskoðast eigi sjaldnar en á 5 ára fresti.

Um notkun aukefna í matvælum og neysluvörum fer ennfremur samkvæmt reglugerð nr. 250/1976.

5. gr.

Þeir, sem hyggjast setja á markað vörur, (einnig í lyfjaformi), sem falla undir ákvæði 2. og 3. töluliðs 4. gr. skulu leita staðfestingar heilbrigðisráðuneytisins. Landlæknir og lyfjanefnd fjalla um vörur þessar og gera tillögur til ráðherra um viðurkenningu á þeim, og um sérstakar áletranir á umbúðum þeirra, ef þess er talin þörf.

6. gr.

Lyfjaeftirlit ríkisins gefur út skrá yfir þær vörur, sem heimilað hefur verið að hafa á boðstólnum, selja eða afhenda samkv. ákvæðum 1. gr. og ákvæðum 2. og 3. töluliðs 4. gr.

Í þeirri skrá skal einnig getið um leyfilegar eða fyrirskipaðar áletranir.

Lyfjaeftirlitið hefur eftirlit með þeim þætti í rekstri hverra þeirra fyrirtækja, sem flytja inn, framleiða eða selja slíkar vörur.

7. gr.

Ráðherra skal í vafamálum, að fengnu áliti landlæknis og lyfjanefndar, úrskurða hvort tilteknin efni eða efnasamsetningar skulu teljast lyf eða ekki, eða hvort ákvæði 2. og 3. töluliðs 1. gr. eigi við þau eða ekki.

8. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. ákvæðum 40. gr. lyfsölulaga nr. 30, 29. apríl 1963, og 69. gr. sömu laga, öðlast þegar gildi.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 173 20. desember 1967.

Ákvæði til bráðabirgða.

Heimilt er þeim fyrirtækjum, sem sannanlega eiga birgðir af vörutegundum er innihalda meira magn steinefna og vítamína en segir í 2. lið 4. gr. þessarar reglugerðar, að selja téðar birgðir til 25. ágúst 1978.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 25. ágúst 1977.

Matthías Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

Fylgiskjal

Venjulegur dagskammtur vítamína og steinefna.

	Eining	Börn 0—12 mán.	Börn 1—3 ára	Fullorðnir og börn 4 ára og eldri	Þungaðar konur eða konur með börn á brjósti.
A-vítamín	AE	1500	2500	5000	8000
D-vítamín	AE	400	400	400	400
E-vítamín	AE	5	10	30	30
C-vítamín	mg	35	40	60	60
Fólínsýra	mg	0.1	0.2	0.4	0.8
Tíamín (B_1)	mg	0.5	0.7	1.5	1.7
Ríbóflavín (B_2)	mg	0.6	0.8	1.7	2.0
Níkótínamíð (PP)	mg	8	9	20	20
Pýridoxín (B_6)	mg	0.4	0.7	2	2.5
Cýanókóbalamín (B_{12}) ..	míkróg	2	3	6	8
Bíótín (H)	mg	0.05	0.15	0.3	0.3
Pantótensýra (B_2)	mg	3	5	10	10
Kalsíum	g	0.6	0.8	1.0	1.3
Fosfór	g	0.5	0.8	1.0	1.3
Joð	míkróg	45	70	150	150
Járn	mg	15	10	18	18
Magnesíum	mg	70	200	400	450
Kopar	mg	0.6	1.0	2.0	2.0
Sínk	mg	5	8	15	15

SAMÞYKKT

Veiðifélags Arnarvatnsheiðar.

1. gr.

Félagið heitir Veiðifélag Arnarvatnsheiðar. Heimili þess og varnarþing er heimili formanns.

2. gr.

Félagið nær til eftirtalinna jarða í Reykholtsdals- og Hálsahreppum sem upprekstur eiga á afréttarlandi hreppanna á Arnarvatnsheiði.

Hálsahreppur: Arnarheiðarstaðir, Auðsstaðir, Augastaðir, Búrfell, Giljar, Hellubær, Hofsstaðir, Hraunsás, Húsafell II, Húsafell III, Kollslækur, Norður-Reykir, Rauðsgil, Refsstaðir, Sigmundarstaðir, Signýjarstaðir, Stóri-Ás, Uppsalir, Úlfsstaðir.

Reykholtsdalshreppur; Akur, Ásgarður, Berg, Birkihlíð, Breiðabólsstaður, Brekkukot, Brennistaðir, Brennistaðir II, Brúsholt, Deildartunga, Deildartunga II, Geirshlíð, Giljahlíð, Gróf, Grímsstaðir, Hamrar, Hrísar, Hurðarbak, Hægindi, Hæll, Kjalvararstaðir, Kleppjárnsreykir, Klettur, Kópareykir, Kópareykir II, Laugavellir, Litli-Kroppur, Nes, Reykholt, Runnar, Samtún, Skáney, Skógar, Snældubeinsstaðir, Steðji, Steindórsstaðir, Stóri-Kroppur, Sturlu-Reykir, Sturlu-Reykir II, Vilmundarstaðir.

Auk þess nær félagið til eftirtalinna býla; í Hálsahreppi: Hýrumelur, í Reykholtsdalshreppi; Björk, Dalbær, Garður, Litli-Hvammur, Skrúður, Sólbyrgi, Varmaland, Víðigerði, Breiðagerði.

Þá nær félagið einnig til þessara jarða í Hvítársíðuhreppi; Gilsbakka, Kalmanstungu I og Kalmanstungu II.

Félagið nær yfir eftirtalin vötn og ár: Arnarvatn litla, Arfavötnin tvö, Ólafsvatn, Veiðitjörn, Leggjarbrjótstjarnir, Mordísarvatn, Krummavatn, Jónsvatn, Krókavatn, Núpatjörn, Þorgeirsvatn, Þorvaldsvötn, Hlíðarvatn, Hávaðavötn, Gilsbakkaá, Úlfsvatn, Úlfsvatnsá, Grunnuvötn, Syðra-Kvíslavatn, Djúpalón, Álftavötn, Kaldalón og Nautavatn.

Félagið nær einnig til allra fiskgengra áa og lækja, sem í fyrrgreind vötn falla og tengja þau saman, svo og til þeirra vatna og tjarna þar sem fiskur er eða fiskirækt er möguleg í á áðurgreindu félagssvæði.

Neðri mörk félagssvæðisins eru við ósinn úr Arnarvatni litla og við ós Lambár úr Grunnavatni.

3. gr.

Verkefni félagsins er að viðhalda góðri fiskgengd á félagssvæðinu og ráðstafa veiði á þann hátt sem hagkvæmast þykir hverju sinni.

Félagið tekur til allrar fiskveiði á félagssvæðinu.

4. gr.

Stjórn félagsins skal skipuð 5 mönnum, formanni og 4 meðstjórnendum, skulu þeir kosnir til þriggja ára í senn. Ganga þeir úr stjórninni á víxl þannig að fyrst gengur formaður út eftir eitt ár, tveir meðstjórnendur eftir tvö ár og hinir tveir eftir þrjú ár.

Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Á aðalfundi skal kjósa einn varamann í stjórn og tvo endurskoðendur til tveggja ára í senn.

5. gr.

Stjórn félagsins hefur með höndum allar framkvæmdir milli aðalfunda. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með öllum störfum þess og fjárreiðum.

6. gr.

Aðalfundur skal haldinn fyrir aprílok ár hvert. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins og leggur fram endurskoðaða reikninga þess. Reikningsár félagsins er almanaksárið.

7. gr.

Arði af sameiginlegri veiði skal skipt milli veiðieigenda samkvæmt arðskrá. Þeir greiða gjöld til félagsins í sömu hlutföllum.

8. gr.

Að öðru leyti vísast til laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði.

Samþykkt þessi staðfestist samkvæmt lögum nr. 76, 25. júní 1970, um lax- og silungsveiði, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 30. ágúst 1977.

Halldór E. Sigurðsson.

Sveinbjörn Dagfinnsson.

Nr. 331. 25. ágúst 1977.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 402/1976 um námslán námsstyrki.

1. gr.

2. gr. hljóði svo:

Óháð ákvæðum 1. gr. skulu námsmenn við eftirtaldar námsstofnanir eiga kost á námsaðstoð samkvæmt þessari reglugerð og eftir því sem sérstök fjárveiting leyfir hverju sinni, sbr. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 57/1976:

Fiskvinnsluskólinn, 3. og 4. ár.
Fósturskóli Íslands, 3. ár.
Hússtjórnarkennaraskóli Íslands, 2. og 3. ár.
Iðnskólar, framhaldsdeildir 3. ár.
Íþróttakennarskóli Íslands.
Leiklistarskóli Íslands, 3. og 4. ár.
Myndlista- og handíðaskóli Íslands, 3. og 4. ár.
Stýrimannaskólar.
Tónlistarskólar: 2 síðustu námsár kennaradeilda Tónlistarskólans í Reykjavík, svo og tónlistarnemar á 7. og 8. námsstigi skv. námsstigakerfi Tónlistarskólans í Reykjavík.
Tækniskóli Íslands, raungreinadeild og tæknínám, annað en meinatækni.
Vélskólar.
Þroskaþjálfaskóli Íslands, 3. ár.
Nám á tæknifræðistigi og meinatæknínám við Tækniskóli Íslands, svo og nám í framhaldsdeild Bændaskólans á Hvanneyri, telst aðstoðarhæft skv. 1. gr.

2. gr.

Á eftir 6. gr. komi ný grein, 6. gr. a, er hljóði svo:

Upplýsingar þær er sjóðurinn geymir um umsækjendur skiptast í almennar

og persónulegar upplýsingar. Almennar tölfræðilegar upplýsingar skulu öllum tiltækar eftir úrvinnslu starfsmanna sjóðsins, eftir því sem tök verða á að vinna hana. Að persónulegum upplýsingum skal aðeins veittur aðgangur fyrir milligöngu framkvæmdastjóra sjóðsins eða fulltrúa hans. Þessir aðiljar hafa aðgang að slíkum upplýsingum:

a) Umsækjendur, hver að því er sjálfan hann varðar.
b) Umboðsmenn þeirra hvers og eins að því er skjólstæðing þeirra varðar.
c) Starfsfólk sjóðsins og sjóðsstjórn:
Upphæðir einstakra lána og styrkja teljast til persónulegra upplýsinga.

Með persónulegar upplýsingar skal farið sem trúnaðarmál. Skrifstofu sjóðsins er þó heimilt að láta í té upplýsingar um eftirtalin atriði, eftir því sem tök verða á úrvinnslu þeirra:

a) Nafn og heimili námsmanns og umboðsmanns.
b) Námsgrein, námsár, námslok.
c) Námsstaður og námsstofnun.

3. gr.

20. gr. hljóði svo:

Séu árlegar afborganir ekki inntar af hendi á réttum tíma telst öll skuldin gjaldfallin og skal innheimt á kostnað lántaka með hæstu leyfilegum dráttarvöxtum, nema sérstakar ástæður valdi að mati sjóðsstjórnar, sem getur þá samið um greiðslufrest.

4. gr.

22. gr. 3. mgr. hljóði svo:

Sjóðsstjórn er heimilt að veita viðbótarstyrk eða lán, ef sérstaklega er um það sótt og umsækjandi færir að því rök að sérstakar ástæður geri honum nauðsynlegt að fara oftar en einu sinni á ári milli heimilis og námsstaðar.

5. gr.

23. gr. hljóði svo:

Sjóðstjórn er heimilt samkvæmt sérstakri umsókn að veita námsmanni jöfnunarstyrk eða hækkun á láni umfram þegar veitt námslán vegna húsnæðiskostnaðar innanlands, enda verði námsmaður að flytjast búferlum námsins vegna.

6. gr.

24. gr. orðist svo:

Sjóðsstjórn er heimilt samkvæmt sérstakri umsókn að veita námsmanni námsstyrk eða hækkun á láni umfram þegar veitt námslán, enda geri örorka, heimilisaðstæður eða annað það sem eigi verður talið á valdi námsmanns honum illmögulegt að stunda nám sitt ella.

7. gr.

Ákvæði til bráðabirgða falla niður.

Menntamálaráðuneytið, 25. ágúst 1977.

Vilhjálmur Hjálmarsson.

Árni Gunnarsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 402/1976 um námslán og námsstyrki.

1. gr.

Við 26. gr. bætist ný málsgrein er hljóði svo:

Nemendur á 3. ári í framhaldsdeildum iðnskóla skulu greiða félagsgjald til Iðnnemasambands Íslands. Gjald þetta skal vera 1% af fyrsta árs launum rafvirkjanema eins og þau eru hverju sinni.

Menntamálaráðuneytið, 8. september 1977.

Vilhjálmur Hjálmarsson.

Birgir Thorlacius.

Nr. 333. 21. sept. 1977.

REGLUGERÐ

Með auglýsingu þessari eru numin úr gildi þau ákvæði eldri auglýsinga um umferð á Akranesi, sem brjóta í bága við ákvæði auglýsingar þessarar.

Bæjarfógetinn á Akranesi, 2. nóvember 1977.

Björgvin Bjarnason.

Nr. 413. 15. nóvember 1977.

AUGLÝSING

um afgreiðslutíma Nes Apóteks, Neskaupstað.

Samkvæmt heimildum í reglugerð um afgreiðslutíma lyfjabúða utan Reykjavíkur nr. 305/1972, skal afgreiðslutími Nes Apóteks, Neskaupstað, á tímabilinu 1. nóvember 1977—1. apríl 1978, vera sem hér segir:

Mánudaga—föstudaga 10—12 og 13—18.
Laugardaga 10—12.

Að öðru leyti skal gætt ákvæða 6. greinar fyrrnefndrar reglugerðar.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 15. nóvember 1977.

F. h. r.
Páll Sigurðsson.

Ingimar Sigurðsson.

15. nóvember 1977. Nr. 414.

AUGLÝSING

um afgreiðslutíma Hafnar Apóteks, Höfn.

Samkvæmt heimildum í reglugerð um afgreiðslutíma lyfjabúða utan Reykjavíkur nr. 305/1972, skal afgreiðslutími Hafnar Apóteks, Höfn, vera sem hér segir:

Mánudaga—föstudaga 9—12 og 13.30—18.

Að öðru leyti skal gætt ákvæða 6. greinar fyrrnefndrar reglugerðar.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 15. nóvember 1977.

F. h. r.
Páll Sigurðsson.

Ingimar Sigurðsson.

15. nóvember 1977. Nr. 415.

AUGLÝSING

um afgreiðslutíma Egilsstaða Apóteks, Egilsstöðum.

Samkvæmt heimildum í reglugerð um afgreiðslutíma lyfjabúða utan Reykjavíkur nr. 305/1972, skal afgreiðslutími Egilsstaða Apóteks, Egilsstöðum, vera sem hér segir:

Mánudaga—föstudaga 10—12 og 13.30—18.
Laugardaga 10—12.

Að öðru leyti skal gætt ákvæða 6. gr. reglugerðar nr. 305/1973.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 15. nóvember 1977.

F. h. r.
Páll Sigurðsson.

Ingimar Sigurðsson.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Sauðárkróks, nr. 113 3. apríl 1973 með síðari breytingum.

II. KAFLI

4. gr. orðist þannig:

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

Vatnsgjald allt að kr. 1 600 á mánuði fyrir hvern mín. ltr. í hámarksstillingu hemils.

III. KAFLI

6. gr. orðist þannig:

Heimæðagjald Hitaveitu Sauðárkróks skal vera sem hér segir:

400— 2 000 m³	kr.	118 165	fyrir	400 m³	og 93 kr./m³ þar yfir
2 000— 6 000 m³	—	267 293	fyrir	2 000 m³	og 81 kr./m³ þar yfir
6 000—10 000 m³	—	592 020	fyrir	6 000 m³	og 72 kr./m³ þar yfir
meira en 10 000 m³	—	880 664	fyrir	10 000 m³	og 60 kr./m³ þar yfir

7. gr. orðist þannig:

Gjöld samkv. 6. gr. eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar 1. okt. 1977, 159 stig. Er hitaveitunefnd heimilt að breyta þeim í samræmi við þær breytingar sem á nefndri vísitölu verða.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem samþykkt er af bæjarstjórn Sauðárkróks er hér með staðfest samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 25. nóvember 1977.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

Nr. 417. 21. nóvember 1977.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 290 8. júlí 1976, um möskvastærðir botnvörpu og flotvörpu.

1. gr.

Í stað orðanna „til 31. desember 1977“ í 1. mgr. 8. gr. reglugerðarinnar komi orðin: til 30. september 1978.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og lögum nr. 34 17. maí 1976, um veiðar íslenskra skipa utan fiskveiðilandhelgi Íslands, öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 21. nóvember 1977.

Matthías Bjarnason.

Jón B. Jónasson.

Stjórnartíðindi B 39, nr. 400—417. Útgáfudagur 30. nóvember 1977.

STJÓRNARTÍÐINDI B 40 — 1977

30. nóvember 1977. 711 Nr. 418.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 79 27. maí 1960, um skipan gjaldeyris- og innflutningsmála o. fl.

1. gr.

17. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

I.

Allur erlendur gjaldeyrir, sem innlendir aðilar eiga eða eignast fyrir útfluttar vörur, endurgreiðslur fyrir innfluttar vörur, fargjöld, farmgjöld, skipa- og flugvélaleigur, iðgjöld, tjónabætur, umboðslaun, þjónustu við og afgreiðslu erlendra skipa, flugvéla og ferðamanna, þjónustu opinberra aðila og viðskipti við varnarliðið, skal án óeðlilegs dráttar frá því hann er kominn eða gat komist í umráð eiganda eða umboðsmanns hans, seldur Seðlabanka Íslands eða þeim innlendum bönkum, sem heimild hafa til að versla með erlendan gjaldeyri.

Öðrum aðilum en um er rætt í 1. málsgrein, sem eiga eða eignast erlendan gjaldeyri, svo sem þeim er fá laun að nokkru eða öllu leyti greidd í erlendum gjaldeyri, er heimilt að leggja hann inn á innlendan gjaldeyrisreikning samkvæmt III hér á eftir. Frá söluskyldu á erlendum gjaldeyri eru ennfremur þær undanþágur, sem greindar eru í II hér á eftir.

II.

1. Eigendum íslenskra flutningstækja, sem fá fargjöld, farmgjöld og þóknun fyrir aðra selda þjónustu, greidda erlendis í erlendum gjaldeyri, er heimilt að nota hann til samningsbundinna greiðslna til áhafna samkvæmt kjarasamningum og til greiðslu á öðrum nauðsynlegum kostnaði vegna dvalar og afgreiðslu flutningstækjanna erlendis. Sama gildir um íslensk fiskiskip, er sigla með eigin afla til sölu erlendis.
2. Þeim innlendum aðilum, sem reka fyrirtæki erlendis, er heimilt að verja erlendum tekjum af þeim rekstri til þess að greiða eðlilegan kostnað af honum erlendis.
3. Innlendum vátryggingarfélögum, sem endurtryggja erlendis í erlendum gjaldeyri, eða taka að sér tryggingar erlendis, er heimilt að ráðstafa þeim erlenda gjaldeyri, sem þau fá greiddan sem tjónabætur og iðgjöld, til greiðslu á erlendum iðgjöldum, erlendum vátryggingarbótum, viðgerðum vegna bótaskyldra tjóna, sem framkvæmdar eru erlendis, og öðrum eðlilegum útgjöldum erlendis vegna vátryggingarstarfsemi sinnar.
4. Þeim innlendum aðilum, sem fá umboðslaunatekjur frá erlendum viðskiptaaðilum, er heimilt að verja þeim til að greiða fyrir innflutta vöru, sem frjálst er að flytja til landsins.
5. Framangreindum aðilum er heimilt að geyma þann erlenda gjaldeyri, sem þar um ræðir á innlendum gjaldeyrisreikningi (sbr. III), á erlendum bankareikningi eða hjá erlendum viðskiptaaðila, enda sé ekki um óeðlilega mikið fé að ræða né

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

óeðlilega langan geymslutíma. Þessi regla á þó ekki við útgerðir fiskiskipa, sbr. II, lok 1. tl.

Skylt er að gefa gjaldeyriseftirliti Seðlabankans reglulega skýrslu um þessar gjaldeyristekjur og ráðstafanir á þeim eftir nánari fyrirmælum þess.

III.

1. Þeim aðilum, sem eiga eða eignast erlendan gjaldeyri, sem undanþeginn er söluskyldu samkvæmt I, 2. málsgrein og II, 1.—4. tl. hér að framan, er heimilt að leggja hann á reikning í erlendum gjaldeyri við innlendan gjaldeyrisviðskiptabanka.
2. Fé í innlendum gjaldeyrisreikningum er eiganda heimilt að nota til að greiða fyrir erlenda vöru og þjónustu. Einnig er heimilt að ráðstafa þessu fé til annarra þarfa skv. samþykki gjaldeyrisyfirvalda. Innflytjendur eru þó háðir reglum á hverjum tíma um innflutning vara skv. innflutningsleyfum.

Seðlabankinn skal, að fengnu áliti gjaldeyrisviðskiptabankanna, setja nánari reglur um framkvæmd ákvæða þessarar greinar.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í lögum nr. 30/1960 um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála o. fl. að höfðu samráði við gjaldeyrisbankana og öðlast þegar gildi.

Viðskiptaráðuneytið, 30. nóvember 1977.

Ólafur Jóhannesson.

Þórhallur Ásgeirsson.

Nr. 419. 28. nóvember 1977.

REGLUGERÐ

um takmarkanir á þorskveiðum.

1. gr.

Á tímabilinu 20. desember til 31. desember 1977, að báðum dögum meðtöldum eru allar þorskveiðar bannaðar í íslenskri fiskveiðilandhelgi. Útgerðaraðilum skuttogara er þó heimilt að velja um að stöðva þorskveiðar í 12 daga samfellt á tímabilinu 1. desember til 31. desember 1977, enda sé sjávarútvegsráðuneytinu tilkynnt um það eigi síðar en 5. desember 1977.

2. gr.

Á þeim tíma, sem fiskiskip mega ekki stunda þorskveiðar skv. 1. gr. má hlutdeild þorsks í heildarafla hverrar veiðiferðar ekki nema meira en 10%. Þorskafli undir þeim mörkum skoðast sem löglegur aukaafli, en fari þorskafli hverrar veiðiferðar fram úr 10% af heildarafla, verður það sem umfram er gert upptækt samkvæmt lögum nr. 32 19. maí 1976, um upptöku ólöglegs sjávarafla.

3. gr.

Sjávarútvegsráðuneytinu er heimilt að setja nánari reglur um framkvæmd þessarar reglugerðar ef nauðsyn krefur.

4. gr.

Brot á regugerð þessari varðar refsingu samkvæmt ákvæðum laga nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins og ákvæðum laga nr. 81

31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins og ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 28. nóvember 1977.

Matthías Bjarnason.

Jón B. Jónasson.

Stjórnartíðindi B 40, nr. 418—419. Útgáfudagur 30. nóvember 1977.

STJÓRNARTÍÐINDI B 41 — 1977

Nr. 420. 714 15. nóvember 1977.

SAMÞYKKT

um lokun sölubúða í Dalvíkurkaupstað.

1. gr.

Sölubúðum í Dalvíkurkaupstað skal lokað eftir því sem ákveðið er í 2. 3. og 4. gr. samþykktar þessarar.

2. gr.

Alla virka daga ársins skal almennum sölubúðum lokað eigi síðar en kl. 18.00 og eigi opnaðar aftur fyrr en kl. 9 00 árdegis næsta virka dag. Þó skulu frá þessu þær undantekningar, er nú skal greina.

Aðfangadag jóla og gamlársdag skal sölubúðum lokað eigi síðar en kl. 13.00. Síðasta virkan dag fyrir aðfangadag jóla er heimilt að halda sölubúðum opnum til kl. 24.00. Síðasta laugardag fyrir jól, eða annan virkan dag skömmu fyrir jól skal heimilt að halda sölubúðum opnum til kl. 22.00. Á laugardögum í desember skal heimilt að halda sölubúðum opnum til kl. 18.00, en aðra laugardaga ársins til kl. 16.00. Á föstudögum er heimilt að halda búðum opnum til kl. 19.00.

3. gr.

Almenna helgidaga þjóðkirkjunnar, sumardaginn fyrsta, 1. maí, 17. júní og fyrsta mánudag í ágúst mega engar almennar sölubúðir vera opnar, samanber þó 4. og 5. gr.

4. gr.

Ákvæði samþykktarinnar ná ekki til lyfjabúða.

5. gr.

Bæjarstjórn getur leyft að vikið sé frá framangreindum ákvæðum um lokunartíma sölubúða þannig, að heimilt sé að selja í gegnum söluop, sem hér segir:

Á tímabilinu frá 1. okt. til 30 apríl frá kl. 8.00 til kl. 22.00 og ennfremur föstudaga og laugardaga til kl. 23.30.

Á tímabilinu frá 1. maí til 30. sept. frá kl. 8.00 til kl. 23.30.

Má í verslunarstöðum þessum selja þann varning sem heilbrigðisnefnd sambykkir hverju sinni og er umbúnaður þeirra og fyrirkomulag háð samþykkt heilbrigðisnefndar Í verslunarstöðum þessum má sala fara fram á virkum og helgum dögum. Þó skal lokað föstudaginn langa, páskadag, hvítasunnudag, 17. júní, jóladag og nýársdag. Aðfangadag jóla kl. 13.00 og gamlársdag kl. 15.00.

Fyrir leyfi til verslunarreksturs, samkvæmt þessari grein skal leyfishafi greiða árlegt gjald til bæjarsjóðs. Bæjarstjórn ákveður gjald þetta til eins árs í senn. Gjald þetta má innheimta með lögtaki.

Bæjarstjórn er heimilt að setja nánari reglur um leyfi til verslunarreksturs samkvæmt þessari grein m. a., að leyfið sé afturkallanlegt, hvenær sem er ef leyfisskilyrðum eða reglum varðandi reksturinn er ekki fylgt.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

Undanþegnir ákvæðum þessarar greinar eru veitingastaðir er selja heitar máltíðir, enda sé sú starfsemi meginhluti rekstursins að dómi heilbrigðisnefndar. Skal þeim heimilt að hafa opið frá kl. 8.00 árdegis til 23.30 síðdegis.

6. gr.

Eftir lokunartíma sölubúða er óheimilt að selja á strætum og torgum eða annars staðar utan sölubúða nokkurn þann varning sem ekki má selja nema samkvæmt verslunarleyfi.

Varðandi farandsala, er vilja selja vörur sínar í Dalvíkurkaupstað komi til leyfi bæjarstjórnar gegn ákveðnu gjaldi.

Heimilt er þó að selja nauðsynjar til skipa utan lokunartíma sölubúða.

7. gr.

Lögreglustjóra er heimilt, þegar sérstaklega stendur á, að veita undanþágu frá samþykkt þessari fyrir einstaka daga eða tímabil, að fengnu samþykki bæjarstjórnar, til þess að sala fari fram í góðgerðarskyni eða til ágóða fyrir stofnanir og fyrirtæki, sem að dómi lögreglustjóra horfa til almenningsheilla.

8. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum og renna sektirnar í bæjarsjóð.

Mál út af brotum á samþykkt þessari skal reka sem almenn lögreglumál.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Dalvíkur hefur samþykkt samkvæmt lögum nr. 17 1. febrúar 1936, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld samþykkt nr. 241 31. des. 1963, um lokun sölubúða í Dalvíkurkauptúni.

Félagsmálaráðuneytið, 15. nóvember 1977.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.
Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

16. nóvember 1977. Nr. 421.

AUGLÝSING

um breytingu á Byggingasamþykkt Neskaupstaðar.

1. gr.

Á eftir 7. tölulið í gr. 1. 9. 7. komi 8. töluliður svohljóðandi:
„Festingu þakklæðningar".

2. gr.

Á eftir gr. 7.3.3. komi ný gr. 7.3.4., svohljóðandi:
„Allur saumur í þakklæðningu skal vera snúinn, þar sem þess er kostur skal hann vera hnykktur".

Félagsmálaráðuneytið, 16. nóvember 1977.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.
Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

AUGLÝSING

um staðfestingu á uppdrætti að legu Arnarnesvegar í Garðabæ og Kópavogskaupstað frá Hafnarfjarðarvegi að Reykjanesbraut.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19. 21. maí 1964 hefur ráðuneytið þ. 25. þ. m. staðfest uppdrátt að legu Arnarnesvegar í Garðabæ og Kópavogskaupstað frá Hafnarfjarðarvegi að Reykjanesbraut.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir og hefur verið samþykktur af bæjarstjórnum Garðabæjar og Kópavogskaupstaðar og skipulagsstjórn ríkisins.

Félagsmálaráðuneytið, 28. nóvember 1977.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

Nr. 423. 29. nóvember 1977.

REGLUGERÐ

um veiðar í þorskfisknet.

1. gr.

Á tímabilinu 1. janúar til 31. maí 1978 er bannað að stunda veiðar með þorskfisknetum án sérstaks leyfis sjávarútvegsráðuneytisins.

2. gr.

Sjávarútvegsráðuneytið getur bundið leyfi skv. 1. gr. við ákveðnar stærðir eða tegundir skipa og að öðru leyti sett þær reglur um úthlutun leyfisbréfa, er þurfa þykir, meðal annars að ekki fái leyfi þau skip, er á ákveðnu tímabili hafa stundað aðrar veiðar eins og t. d. loðnuveiðar.

3. gr.

Sjávarútvegsráðuneytið getur sett í leyfisbréf þau skilyrði, er þurfa þykir um veiðarnar, þ. á m. um meðferð afla, skýrslugerð og önnur atriði til að tryggja gæði hráefnis og eftirlit með því að reglum um netaveiðar verði fylgt.

4. gr.

Allar veiðar með þorskfisknetum skulu bannaðar í 10 daga á vetrarvertíð árið 1978 og auglýsir sjávarútvegsráðuneytið með að minnsta kosti 7 daga fyrirvara á hvaða tímabili bann þetta skuli gilda.

5. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða refsingu samkvæmt lögum nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Um mál þau, sem rísa af brotum á reglugerð þessari, skal fara að hætti opinberra mála.

6. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og lögum nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiski-

miða landgrunnsins, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 29. nóvember 1977.

Matthías Bjarnason.

Jón B. Jónasson.

30. nóvember 1977. Nr. 424.

REGLUGERÐ

um greiðslu og skil gjalda til Stofnfjársjóðs fiskiskipa.

I. KAFLI

Gjald af afla, sem landað er hérlendis.

1. gr.

Þegar fiskiskip selur afla í innlendri höfn eða afhendir afla sinn til vinnslu hérlendis, án þess að sala fari fram, skal fiskkaupandi eða fiskmóttakandi greiða gjald til Stofnfjársjóðs fiskiskipa við Fiskveiðasjóð Íslands, er nemi 10% fiskverðs eins og það er ákveðið af Verðlagsráði sjávarútvegsins hverju sinni.

Ákvæði 1. málsgreinar eiga einnig við, þegar fiskiskip selur eða afhendir afla sinn öðru skipi til löndunar í innlendri höfn.

2. gr.

Stofnfjársjóðsgjald skv. 1. gr. skal greiða af öllum afla, sem landað er hérlendis, frá og með 16. febrúar 1976.

3. gr.

Stofnfjársjóðsgjald af afla lönduðum hérlendis, skal greiðast af fyrsta andvirði hlutaðeigandi afurðalána í viðskiptabanka fiskkaupanda eða fiskmóttakanda. Skal viðskiptabankinn annast innheimtu gjaldsins og taka það af andvirði afurðalánsins og ráðstafa því strax við lántöku til Stofnfjársjóðsins á grundvelli skýrslna lántaka um magn og verðmæti landaðs afla hjá honum.

4. gr.

Sé ekki tekið lán í banka út á afurðir unnar úr afla skips, sem fellur undir 3. gr. hér að framan, ber fiskkaupanda eða fiskmóttakanda að greiða stofnfjársjóðsgjaldið innan 10 daga frá því að afla er landað. Gjaldið greiðist þá beint til Stofnfjársjóðsins.

II. KAFLI

Gjald af afla, sem landað er erlendis.

5. gr.

Þegar fiskiskip selur afla í erlendri höfn, skal það greiða gjald, er nemur 16% af heildarsöluverðmæti (brúttósöluverðmæti) aflans til Stofnfjársjóðs fiskiskipa. Hið sama gildir, þegar fiskiskip selur afla sinn öðru skipi til sölu í erlendri höfn. Þessi greiðsla kemur til frádráttar frá heildarsöluverðmæti (brúttósöluverðmæti) ásamt frádráttartölu kjarasamninga við ákvörðun aflaverðlauna, aukaaflaverðlauna og hluts samkvæmt kjarasamningum.

6. gr.

Gjald skv. 5. gr. gildir um afla seldan erlendis, frá og með 16. febrúar 1976.

Skal gjaldið greitt af fyrsta andvirði gjaldeyrisskila aflans í hérlendum banka. Um leið og gjaldeyriseftirlitið fær tilkynningu frá Fiskifélaginu um einstakar aflasölur erlendis, þá reiknar það út gjaldið og sendir síðan tilkynningu um það til þess viðskiptabanka eða útibús hans, sem fær gjaldeyrisandvirði aflans, og felur honum að halda gjaldinu eftir, þegar andvirðið er afreiknað, og ráðstafa því jafnóðum til Stofnfjársjóðs.

Ber útgerðaraðila, þ. m. t. skipstjóra að viðlagðri ábyrgð, að sjá um, að allt andvirði selds afla utanlands, að frádregnum eðlilegum tilkostnaði, berist án óeðlilegs dráttar í hérlendan gjaldeyrisbanka.

7. gr.

Nú ber svo við, að þrátt fyrir ákvæði 3. málsgr. 6. gr. fara gjaldeyrisskil selds afla ekki um hérlendan banka, þá er stofnfjársjóðsgjald skv. 5. gr. gjaldfallið þegar 10 dagar eru liðnir frá löndun úr skipi.

III. KAFLI

Almenn ákvæði.

8. gr.

Fiskifélag Íslands lætur í té skýrslur, svo sem gert er ráð fyrir í reglugerð þessari. Auk þess sendir það Fiskveiðasjóði hálfsárslega skýrslu um afla og aflaverðmæti allra fiskiskipa, hvort sem afla þeirra er landað hérlendis eða í erlendri höfn. Stjórn Fiskveiðasjóðs setur nánari reglur um þessa skýrslugerð í samráði við Fiskifélagið.

Þegar Fiskveiðasjóði hafa borist skýrslur þær, er um ræðir í 1. málsgrein, skal hann láta endurskoða greiðslur stofnfjársjóðsgjalda á reikninga fiskiskipa og sannreyna, að þær greiðslur séu í samræmi við aflaverðmæti skipanna og þau stofnfjársjóðsgjöld, sem af þeim ber að greiða, og ganga eftir réttum skilum þeirra.

Fiskkaupendur, fiskmóttakendur, útgerðaraðilar og skipstjórar eru skyldir að gefa þeim aðilum, sem sjá um framkvæmd reglugerðar þessarar, þær skýrslur um afla og afurðir, sem þeir eru krafðir um. Sömu aðilar bera óskipta ábyrgð á, að stofnfjársjóðsgjöld séu greidd á réttum tíma.

Gjaldeyriseftirlitið og viðskiptabankarnir skulu fylgjast með því, hver á sínu sviði, að gerð séu rétt og tímanleg skil á stofnfjársjóðsgjöldum, skv. reglugerð þessari, að því leyti, sem það er í þeirra valdi.

9. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 4 frá 13. febrúar 1976 um Stofnfjársjóð fiskiskipa, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð um greiðslu og skil gjalda til Stofnfjársjóðs fiskiskipa nr. 24 7. febrúar 1969.

Sjávarútvegsráðuneytið, 30. nóvember 1977.

Matthías Bjarnason.

Steinunn M. Lárusdóttir.

AUGLÝSING

um friðlýsingu Hríseyjar í Reykhólahreppi, Austur-Barðastrandarsýslu.

Samkvæmt heimild í 24. gr. laga nr. 47/1971 um náttúruvernd hefur Náttúruverndarráð ákveðið fyrir sitt leyti að friðlýsa Hrísey í landi Miðhúsa, Reykhólahreppi, Austur-Barðastrandarsýslu og er eyjan **friðland.**

Friðlandið er Hrísey sjálf ásamt fjöru þeirri sem henni fylgir á stórstraumsfjöru allt að 100 metrum frá meðal stórstraumsflóðsmörkum.

Um friðlandið gilda eftirfarandi reglur:

1. Bannað er að skerða gróður eða breyta gróðurfari í Hrísey. Beit búfjár er óheimil í eyjunni.
2. Óheimilt er að skerða fjörugróður við Hrísey innan marka friðlandsins.

3. Bannað er að granda fuglum í friðlandinu nema svo sem nauðsynlegt kann að reynast vegna nytja æðarvarps.
4. Umferð um eyjuna er bönnuð á tímabilinu 15. apríl til 15. júlí án heimildar Náttúruverndarráðs eða umboðsmanns þess.
5. Náttúruverndarráði er heimilt að leyfa nitjar æðarvarps og annarra hlunninda í og við eyjuna.

Til undanþágu frá reglum þessum þarf leyfi Náttúruverndarráðs eða þess sem fer með umboð ráðsins.

Um viðurlög vegna brota á reglum þessum fer eftir ákvæðum náttúruverndarlaga.

Ráðuneytið er samþykkt friðlýsingunni sem tekur gildi við birtingu þessarar auglýsingar í Stjórnartíðindum.

Menntamálaráðuneytið, 14. nóvember 1977

Vilhjálmur Hjálmarsson.

Birgir Thorlacius.

Nr. 426. 1. desember 1977.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 285 26. júlí 1977 um gatnagerðargjöld í Vestmannaeyjakaupstað.

1. gr.

2. mgr. 6. greinar orðist svo:

Gjalddagi afborgana er 1. júlí. Ársvextir eru hæstu lögleyfðir vextir og greiðast þeir eftir á.

Reglugerðarbreyting þessi sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Vestmannaeyjakaupstaðar staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51/1974 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 1. desember 1977.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

Nr. 427. 9. desember 1977.

REGLUGERÐ

um bann við togveiðum á utanverðu Strandagrunni.

1. gr.

Til 15. janúar 1978, eru veiðar með botn- og flotvörpu bannaðar á svæði á utanverðu Strandagrunni, sem afmarkast af eftirgreindum línum:

að norðan af: 67°26 N
að sunnan af: 67°07 N
að vestan af: 20°40 V
að austan af: 20°00 V

2. gr.

Með mál, sem rísa út af brotum gegn ákvæðum reglugerðar þessarar, skal farið að hætti opinberra mála og varða brot refsingu samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 9. desember 1977.

F. h. r.
Jón L. Arnalds.

Jón B. Jónasson.

9. desember 1977. Nr. 428.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 249 22. desember 1971 um niðurjöfnun og innheimtu vatnsskatts í Reykjavík.

1. gr.

5. gr. orðist svo:

Gjaldtaxtar.

Af öllum fasteignum, sem vatnsskattsskyldar eru skv. 1. gr. skal greiða vatnsskatt, sem nemur 0.15% (0.15 af hundraði) af heildarfasteignamati eignarinnar, þ. e. a. s. af mati mannvirkja ásamt mati lóðar.

Vatnsskattur skv. 1. mgr. skal hlíta eftirfarandi ákvæðum um minnsta- og mesta gjald á rúmmeter í byggingum á viðkomandi lóð:

Íbúðarhúsnæði:	Minnst 26.70 en mest 40.00 kr. m^3
Vörugeymslur:	Minnst 20.10 en mest 46.70 kr. m^3
Aðrar byggingar	Minnst 26.70 en mest 40.70 kr. m^3

Vatnsskattur samkvæmt framanskráðum reglum skal aldrei vera lægri en kr. 3 640 af skattskyldri fasteign.

Aukavatnsskattur, sem greiddur er skv. 2. gr., skal vera 20.60 á hvern rúmmeter vatns.

Reglugerðarbreyting þessi, sem samin er og samþykkt af borgarstjórn Reykjavíkur, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15/1923.

Jafnframt er úr gildi numin reglugerð nr. 2 8. janúar 1975.

Félagsmálaráðuneytið, 9. desember 1977.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 201 31. des. 1957, um varnir gegn sullaveiki.

1. gr.

Við 9. gr. reglugerðar nr. 201/1957 bætist ný málsgrein er verði 9. gr. 3. mgr. og hljóði svo.

Ef sérstakar aðstæður mæla með því að mati héraðsdýralæknis, er heimilt að nota önnur viðurkennd (skrásett) bandormslyf og baðlyf.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 6. gr. laga nr. 7 3. febrúar 1953 um hundahald og varnir gegn sullaveiki, öðlast gildi þegar við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 7. desember 1977.

F. h. r.
Jón Ingimarsson.

Ingimar Sigurðsson.

Nr. 430. 3. nóvember 1977.

AUGLÝSING

um umferð í Hafnarfirði.

Að fengnum tillögum bæjarstjórnar Hafnarfjarðar og samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð í Hafnarfirði.

1. Umferð um **Miðvang** nýtur forgangs fyrir umferð um Blómvang (biðskylda).
2. Umferð um **Hjallabraut** nýtur forgangs fyrir umferð um Skjólvang (biðskylda).
3. Umferð um **Suðurgötu** nýtur forgangs fyrir umferð um Selvogsgötu (biðskylda).

Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi þegar í stað.

Bæjarfógetinn í Hafnarfirði, 3. nóvember 1977.

Einar Ingimundarson.

Nr. 431. 28. nóvember 1977.

AUGLÝSING

um umferð á Akureyri.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40 frá 23. apríl 1968 og að fengnu samþykki bæjarstjórnar Akureyrar hefur eftirfarandi verið ákveðið.

1. Stöðvunarskylda verður á Byggðavegi beggja vegna Þingvallastrætis.
2. Umferðarljós verða á gatnamótum Glerárgötu og Tryggvabrautar.
3. Umferðarljós verða á gatnamótum Glerárgötu og Þórunnarstrætis.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Bæjarfógetinn á Akureyri, 28. nóvember 1977.

Ófeigur Eiríksson.

REIKNINGUR

Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins.

Stofnfjárdeild.

Tekjur:

Eignir 1. jan. 1976:		
Innstæða á hlr. 35209 í Seðlab. Ísl.	kr.	63 243 154
Uppfærsla v/gengisbreytinga	—	1 366 797
Vaxtatekjur	—	6 134 588
	Kr.	70 744 539

Gjöld:

Stjórnarlaun	—	219 100
Opinber gjöld	—	46 426
Auglýsingakostnaður	—	5 300
Eignir 31. des. 1976:		
Innstæða á hlr. 35209	—	70 473 713
	Kr.	70 744 539

Deild fyrir frystar fiskafurðir.

Tekjur:

Eignir 1. jan. 1976:			
Innstæða á hlr. 35217, freðfiskur, í Seðlab. Ísl.	kr.	455 976 755	
Innstæða á hlr. 3527, rækja, í Seðlab. Ísl.	—	48 474 531	
			kr. 504 451 286
Innborgaðar verðhækkanatekjur af freðfiski (humri) framl. 1973	kr.	828 594	
Innborgaðar verðhækkanatekjur af freðfiski (humri) framl. 1975	—	12 587 600	
Innborgaðar verðhækkanatekjur af rækju, framl. 1976	—	10 134 990	
			— 23 551 184
Uppfærsla v/gengisbreytinga:			
Hlr. 35217	kr.	6 347 185	
Hlr. 35276	—	639 105	
			— 6 986 290
Vaxtatekjur:			
Hlr. 35217	—	52 112 667	
Hlr. 35276	—	3 211 404	
			— 55 324 071
			Kr. 590 312 831

Gjöld:

Stjórnarlaun			kr. 340 500
Auglýsingakostnaður:			
v/freðfisks	kr.	35 280	
v/rækju	—	22 620	
			— 57 900

Greitt v/auglýsingagjalds af freðfiski til U.S.A.:			
v/framl. 1975	—	1 856 000	
v/framl. 1976	—	8 588 228	
		—	10 444 228
Endurgr. inneign frá 1972 v/lokauppgjörs á rækju		—	44 136
Greitt v/verðlækkana á freðfiski, framl. 1/1—31/5 1975	kr.	72 548 570	
Greitt v/verðlækkana á freðfiski, framl. 1/6—30/9 1975	—	36 677 000	
Greitt v/verðlækkana á freðfiski, framl. 1/10—31/12 1975	—	86 590 000	
Greitt v/verðlækkana á freðfiski, framl. 1/1—15/2 1976	—	10 452 000	
		—	206 267 570
Greitt v/verðlækkana á rækju, framl. 1/9—31/12 1974	kr.	1 065 246	
Greitt v/verðlækkana á rækju, framl. 1/1—31/5 1975	—	21 121 857	
Greitt v/verðlækkana á rækju, framl. 1/6—30/9 1975	—	2 726 870	
Greitt v/verðlækkana á rækju, framl. 1/10—31/12 1975	—	8 396 157	
		—	33 310 130
Eignir 31. des. 1976:			
Innstæða á 35217	—	310 765 223	
Innstæða á 35276	—	29 083 144	
		—	339 848 367
		Kr.	590 312 831

Deild fyrir afurðir síldar- og fiskimjölsverksmiðja (mjöl og lýsi).

Tekjur:

Eignir 1. jan. 1976:			
Innstæða á hlr. 35225, loðnumjöl, og hlr. 35233 loðnulýsi, í Seðlab. Ísl.	kr.	94 575 902	
Innstæða á hlr. 35268, fiskimjöl, í Seðlab. Ísl.	—	26 880 567	
		kr.	121 456 469
Innborgaðar verðhækkanatekjur af loðnumjöli, framl. 1974		—	160 016
Innborgað framlag frá ríkissjóði til verðbóta á loðnumjöli framl. á vetrarvertíð 1976		—	90 000 000
Uppfærsla vegna gengisbreytinga:			
Hlr. 35225	kr.	1 944 371	
Hlr. 35233	—	107 982	
Hlr. 35268	—	105 117	
		—	2 157 470
Vaxtatekjur:			
Hlr. 35225	—	7 049 443	
Hlr. 35233	—	2 967 327	
Hlr. 35268	—	349 012	
		—	10 365 782
		Kr.	224 139 737

Gjöld:

Stjórnarlaun:				
v/loðnumjöls	kr.	76 200		
v/loðnulýsis	—	76 200		
			kr.	152 400
Auglýsingakostnaður:				
v/loðnumjöls	—	5 160		
v/loðnulýsis	—	1 800		
v/fiskmjöls	—	7 560		
			—	14 520
Greitt v/verðlækkana á loðnumjöli og lýsi, framl. 1974 og 1975	kr.	49 234 575		
Greitt v/verðlækkana á loðnumjöli, framl. 1976 ..	—	64 610 000		
			—	113 844 575
Greiddar verðbætur á fiskmjöl, framl. frá 1/1—31/8 1974	kr.	1 398 428		
Greiddar verðbætur á fiskmjöl, framl. frá 15/3—31/5 1975	—	25 549 000		
			—	26 947 428
Eignir 31. des. 1976:				
Innstæða á hlr. 35225 og 35233	kr.	82 801 106		
Innstæða á hlr. 35268	—	379 708		
			—	83 180 814
			Kr.	224 139 737

Deild fyrir saltfiskafurðir.

Tekjur:

Eignir 1. jan. 1976:				
Innstæða á hlr. 35241 í Seðlabanka Íslands			kr.	1 519 622 161
Innborgaðar verðhækkanatekjur af óverkuðum saltfiski, framl. 1975	kr.	154 129 492		
Innborgaðar verðhækkanatekjur af söltuðum ufsaflökum, framl. 1975	—	26 733 050		
			—	180 862 542
Uppfærsla v/gengisbreytinga			—	36 175 105
Vaxtatekjur			—	155 188 479
			Kr.	1 891 848 287

Gjöld:

Stjórnarlaun	kr.	192 400
Auglýsingakostnaður	—	23 220
Eignir 31. des. 1976:		
Innstæða á hlr. 35241	—	1 891 632 667
	Kr.	1 891 848 287

Deild fyrir skreiðarafurðir.

Tekjur:

Eignir 1. jan. 1976:		
Innstæða á hlr. 35284, í Seðlab. Ísl.	kr.	0
Innborgaðar verðhækkanatekjur af skreið, framl. 1976	—	41 676 588
Uppfærsla v/gengisbreytinga	—	611 082
Vaxtatekjur	—	735 574
	Kr.	43 023 244

Gjöld:

Stjórnarlaun	kr.	131 200
Auglýsingakostnaður	—	8 640
Eignir 31. des. 1976:		
Innstæða á hlr. 35284	—	42 883 404
	Kr.	43 023 244

Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins,

Reykjavík, 7. desember 1977.

Davíð Ólafsson, formaður.

Framanritaða efnahags- og rekstursreikninga höfum við endurskoðað og borið saman við bækur sjóðsins, og eru þeir í samræmi við þær.

Egill Símonarson. Gunnlaugur Arnórsson.

Nr. 433. 9. desember 1977.

REGLUGERÐ

um félagsstörf og félagsmálafræðslu í grunnskóla.

1. gr.

Í öllum skólum á grunnskólastigi skal nemendum gefinn kostur á að taka þátt í tómstunda- og félagsstarfi á vegum skólans, eftir því sem aðstæður leyfa, sbr. 43. gr. grunnskólalaga.

2. gr.

Með þátttöku í félagsstörfum og félagsmálafræðslu er að því stefnt að nemendur öðlist félagslegan þroska og verði hæfari til að lifa og starfa í lýðræðisþjóðfélagi. Leitast skal við að þjálfa nemendur svo að þeir geti með eðlilegum hætti tjáð skoðanir sínar og unnið í samstarfi við aðra að þroskandi viðfangsefnum í tómstundum. Í hinni almennu kennslu skal því leggja áherslu á vinnubrögð er þjálfa nemendur í að tjá sig í áheyrn annarra og jafnframt að þau vinnubrögð efli með nemendum skilning á mannlegum samskiptum.

3. gr.

Með félagsstörfum er í reglugerð þessari átt við frjálsa starfsemi, sem fram fer utan daglegs/vikulegs kennslutíma á vegum grunnskóla eða nemendafélags og tekur m. a. til þeirra starfsþátta sem hér greinir:

a) almennt starf nemendafélaga.
b) samkomur, svo og dansleikir, árshátíðir, jólaskemmtanir, kvöldvökur, málfundir, bekkjarkvöld, „opið hús".
c) leiklistarstarfsemi, þ. m. t. brúðuleikhús.
d) skák, félagsvist o. fl.
e) íþróttir og útivist, svo sem skíða-, skauta- og gönguferðir.
f) hljómlistarstarfsemi.
g) ýmis önnur tómstundarstörf svo sem leðurvinna, leirmótun, bast- og tágvinna, smelti, hornavinna, „módelsmíði" og einnig ljósmyndun og „radiovinna".

4. gr.

Við gerð aðalnámskrár, sbr. 42. gr. laga um grunnskóla, svo og við gerð viðmiðunarstundarskrár þeirrar er menntamálaráðuneytið gefur út ár hvert vegna kennslu á grunnskólastigi, skal í samræmi við d) lið 42. gr. gert ráð fyrir að 12 ára nemendum (6 bekk) sé á vettvangi samfélagsfræði m. a. gerð grein fyrir félagi í almennum skilningi, stofnun þess, stjórn og starfi, svo og ábyrgð og skyldum félagsmanna. Til þessarar kennslu skal verja sem næst 15—18 kennslustundum á skólaárinu á hverja bekkjardeild.

Heimilt er að félagsstörf, þar með talin félagsleg leiðbeinendastörf, verði höfð sem valgrein í grunnskóla í samræmi við nánari ákvæði um valgreinar á grunnskólastigi, sem menntamálaráðuneytið setur.

5. gr.

Heimilt er skólastjóra að fela einum eða fleiri kennurum að annast sérstaklega tómstunda- og félagsstörf með nemendum sbr. 43. gr. grunnskólalaga.

Þá getur sveitarstjórn ráðið aðra leiðbeinendur við tómstunda- og félagsstörf nemenda sbr. 34. gr. laganna, enda séu þeir að mati skólastjóra hæfir til starfsins.

6. gr.

Vegna starfa að umsjón og leiðbeiningum við skipulagt félagslíf nemenda á daglegum skólatíma eða utan hans, sbr. 43. gr. greiðir ríkissjóður að hámarki á kennsluviku í hverju skólahverfi fjárhæð er miðast við:

a) 5 klukkustundir, og að auki 3,7 klukkustundir fyrir hverja 100 nemendur í skólahverfinu séu þeir samtals færri en 700.
b) 4,4 klukkustundir á hverja 100 nemendur séu þeir samtals 700 eða fleiri. Fyrir brot úr hundraði greiðist sambærilegt hlutfall af 4,4 klst.

Sé kennara í föstu starfi, settum eða skipuðum, falin störf samkvæmt ákvæðum fyrrnefndra greina, lækkar við það kennsluskylda hans, sbr. reglugerð nr. 213/1973, um rekstrarkostnað grunnskóla.

Ekki er heimilt að nota fé það, sem hér um ræðir, til greiðslu á yfirvinnu skólastjóra, kennara eða annarra fastráðinna starfsmanna nema sérstaklega standi á og til komi samþykki fræðslustjóra, sbr. fyrrgreinda reglugerð um rekstrarkostnað grunnskóla.

7. gr.

Skólastjórar grunnskóla skulu árlega gera fræðslustjóra grein fyrir hversu varið var tómstunda- og félagsstarfi í skóla þeirra á næstliðnu skólaári, og eru greinargerðir þessar forsenda þess, að viðkomandi skóli fái fjárveitingar til þessa starfsþáttar á næsta skólaári.

Sveitarstjórn getur, ef hún æskir, fengið afrit umræddra greinagerða hjá fræðslustjóra.

8. gr.

Gera skal í skólahúsnæði ráð fyrir aðstöðu til almennrar félagsstarfsemi í þágu nemenda, sbr. 25. gr grunnskólalaga.

Dagleg umsjón og umráð skólamannvirkja, sem eru sameign ríkis og sveitarfélaga, skulu vera í höndum skólanefndar og skólastjóra, sem fara að því leyti með umboð sveitarstjórnar og menntamálaráðuneytisins.

Heimilt er sveitarstjórn að ráðstafa skólahúsnæði eða hluta þess til æskulýðsstarfsemi, íþróttastarfsemi og almennrar félagsstarfsemi í þágu íbúa byggðarlagsins. Slíkt er þó aðeins heimilt að hvorki brjóti í bága við skólahald, né aðra notkun skólahúsnæðis samkvæmt lögum, sbr. 29. gr. grunnskólalaga.

Ákveði sveitarstjórn að nota heimild þá er að framan greinir, skal henni einnig heimilt í samráði við menntamálaráðuneytið að skipa nefnd er hafi með höndum umsjón og umráð skólamannvirkjanna í þessu skyni.

Skulu í þeirri nefnd eiga sæti skólastjóri, eða fulltrúi hans og fulltrúi viðkomandi sveitarstjórnar ásamt tveimur fulltrúum sem skipaðir skulu að fengnum tillögum þeirra aðila utan skólans er nýta mannvirkin. Skólastjóri eða fulltrúi hans er formaður nefndarinnar.

Notandi skólahúsnæðis ber ábyrgð á skemmdum er verða kunna á húsnæði eða áhöldum skólans við umsamda notkun.

Ríki ágreiningur um notkun skólahúsnæðis til félagslegra starfa, skal vísa honum til úrskurðar sveitarstjórnar og fræðslustjóra viðkomandi umdæmis og skulu þessir aðilar leitast við að ná samkomulagi um lausn málsins. Takist það ekki sker menntamálaráðuneytið úr.

9. gr.

Óski sveitarfélag, að gert sé ráð fyrir aðstöðu til félagsstarfsemi eða annars slíks í þágu íbúa byggðarlagsins í skólahúsi eða í tengslum við það, skal það heimilt, enda liggi fyrir umsögn skólanefndar og samþykki menntamálaráðuneytisins. Skal þá einnig setja sérstakar reglur um rekstur húsnæðisins og afnot. Öðlast þær gildi þegar menntamálaráðuneytið hefur staðfest þær.

Varðandi slíkar byggingar greiðir sveitarfélag stofnkostnað að því leyti, sem lög og reglugerðir ákveða ekki annað, sbr. 24. gr. grunnskólalaga.

10. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 77. gr. laga nr. 63/1974, um grunnskóla, öðlast þegar gildi og koma ákvæði hennar til framkvæmda með eftirgreindum hætti:

a) Ákvæði 4. gr., að því er tekur til 12 ára nemenda, er heimilt að framkvæma á skólaárinu 1978/79, en koma að fullu til framkvæmda frá upphafi skólaárs 1979/80.

b) Ákvæði 6. gr., a-b liða, koma til framkvæmda með þeim hætti sem segir í 14. gr. reglugerðar nr. 213/1975 um reksturskostnað grunnskóla.

Að öðru leyti koma ákvæði reglugerðar þessarar til framkvæmda frá og með skólaárinu 1977/78 þar sem því verður við komið, en að fullu frá og með upphafi skólaárs 1978/79.

Menntamálaráðuneytið, 9. desember 1977.

Vilhjálmur Hjálmarsson.

Birgir Thorlacius.

ERINDISBRÉF

fyrir leiðsögukennara.

1. gr.

Sérhver kennari á grunnskólastigi settur eða stundakennari í a. m. k. ⅔ starfs, skal fyrsta kennsluár sitt eiga völ á leiðsögu sér reyndari kennara, leiðsögukennara, sem hefur full kennararéttindi. Um skipan þeirra mála skal styðjast við eftirfarandi meginreglur:

a) Við grunnskóla sem hefur fleiri en 5 kennara setta og skipaða, að skólastjóra meðtöldum, felur fræðslustjóri, að fengnu umboði fræðsluráðs og tillögum skólastjóra, einum eða fleiri af föstum kennurum sem fyrir eru við skólann að annast leiðsögu nýliða í kennslustarfi. Sjá þó c-lið hér að neðan.

b) Við grunnskóla þar sem um er að ræða færri kennara en um getur í a-lið gegnir skólastjóri sjálfur leiðsögustarfinu. Þó getur fræðslustjóri í umboði fræðsluráðs vikið frá þeirri meginreglu enda komi sérstakar aðstæður til.

c) Sé nýliði í kennslustarfi skólastjóri við grunnskóla, sem ekki hefur fleiri kennara, setta eða skipaða, eða ef svo háttar til að skólastjóri og allir aðrir kennarar við sama grunnskólann eru byrjendur í starfi eða án kennararéttinda, skal fræðslustjóri í umboði fræðsluráðs fá þeim til leiðsögu reyndan skólastjóra eða kennara frá nálægum grunnskóla(-um).

2. gr.

Við val leiðsögukennara skal jafnan höfð hliðsjón af menntun hans, reynslu og hæfni í kennslustarfi.

Leiðsögukennari skal að jafnaði ekki hafa fleiri en þrjá nýliða í senn í sinni umsjá. Skal leiðsögukennara ætluð vikulega hálf til hálf önnur klukkustund til þessara starfa fyrir hvern nýliða. Fræðslustjóri ákvarðar tímafjölda í hverju einstöku tilviki og skal við það m. a. hafa hliðsjón af undirbúningi og kennslufræðilegri menntun nýliðans og af kennsluaðstæðum á hverjum stað.

3. gr.

Leiðsögukennari er ráðgjafi hins nýja kennara um það er snertir skólastarfið í framkvæmd. Hann skal m. a. kynna honum kennsluhætti í skólanum, kennsluaðstöðu í skólahúsinu, svo og þau tæki er kennarar skólans hafa aðgang að í starfi sínu.

Leiðsögukennari fylgist með hversu nýliða gengur að halda uppi reglu í kennslustarfi. Verði hann var við misbrest þar á skal hann leitast við að hjálpa honum að ráða bót á því. Á sama hátt kynnir leiðsögukennari nýliða kennsluhætti, svo sem hann hefur tök á og telur nauðsynlegt, liðsinnir honum varðandi samstarf við foreldra og upplýsir, ef þörf er á, um gildandi lög, reglur og námsskrá sem fara ber eftir í starfi grunnskóla.

Leiðsögukennari skal haga svo leiðsögu sinni að hinum nýja kennara vaxi eðlilegt sjálfstraust samfara þjálfun í starfi.

Leiðsögukennari starfar, þar sem svo hagar til, í nánu samráði við skólastjóra, en við fræðslustjóra þar sem aðstæður eru svo sem um getur í c-lið 1. greinar.

4. gr.

Leiðsögukennari skal háður fullkominni trúnaðarskyldu gagnvart þeim einkamálum skjólstæðings síns sem hann kann að komast að í starfi sínu.

5. gr.

Erindisbréf þetta er sett með heimild í 5. tölulið 12. gr. laga nr. 63/1974, um grunnskóla, og tekur gildi 1. september 1978.

Menntamálaráðuneytið, 9. desember 1977.

Vilhjálmur Hjálmarsson.

Birgir Thorlacius.

Nr. 435. 9. desember 1977.

REGLUGERÐ

um heimavistir grunnskóla og starfsmannafund í heimavistar- og heimanakstursskólum.

I. KAFLI

Heimavistir.

1. gr.

Til umsjónarstarfa í heimavistum grunnskóla telst allt eftirlit með nemendum utan kennslutíma svo sem í heimavist, í borðsal, í útivist, í lestímum og við félagsstörf.

2. gr.

Skólastjóri skal gera áætlun um gæslustörf fyrir byrjun hvers skólaárs Fari áætlun fram úr gildandi reglum um greiðslur ríkissjóðs þarf skriflegt samþykki skólanefndar og sveitarstjórnar.

3. gr.

Í heimavistum skal daglegt eftirlit og umsjón nemenda vera í höndum kennara, fóstra eða annarra starfsmanna með uppeldismenntun eða starfshæfni sem menntamálaráðuneytið viðurkennir. Skólastjóri ræður starfslið til gæslu að fengnu samþykki sveitarstjórnar eða skólanefndar í umboði hennar.

4. gr.

Gæslufólk skal leitast við að veita nemendum hlýðstæða umhyggju og vernd og þeir njóta á heimilum sínum. Gæslufólk skal halda uppi jákvæðum aga, hvetja nemendur og leiðbeina þeim um góða umgengni, reglusemi og háttvísi.

5. gr.

Í öllum heimavistarskólum skal aðbúnaður vera þannig að nemendur geti notið sem best hvíldar og næðis utan skólatíma. Einnig sé góð aðstaða til tómstunda- og félagsstarfa. Ennfremur skal þess gætt að nemendur geti jafnan náð til umsjónarmanns heimavistar.

6. gr.

Dvöl í heimavist skal vera eins stutt og mögulegt er án þess að námið skerðist af þeim sökum, svo að tengsl barnanna við heimili þeirra rofni sem minnst. Æskilegt er að nemendur séu ekki lengur en 4 nætur að heiman í senn, nema 6 daga skólavika sé talin nauðsynleg, þá 5 nætur.

7. gr.

Miðað við vikulega gæsluþörf með heimavistarnemendum, sem koma í skóla kl. 11.00 á mánudögum og fara úr skóla kl. 16.15 á föstudögum og almennar aðstæður skulu greiðslur úr ríkissjóði fyrir gæslustörf miðaðar við eftirfarandi:

Fjöldi nemenda í heimavist	Gæslustundaþörf
6—10	21.25 klst.
11—20	21.25 klst. + 0.65 á nem. umfr. 10
21—50	27.75 klst. + 0.43 á nem. umfr. 20
51—80	40.65 klst. + 0.63 á nem. umfr. 50
81	59.55 klst. + 0.50 á nem. umfr. 80

Menntamálaráðuneytið úrskurðar gæsluþörf umfram framanritað, ef rökstudd beiðni þess efnis kemur frá skólum af eftirtöldum ástæðum:

a) að skóli hefjist fyrr á mánudögum,
b) að heimavistarhús séu tvö eða fleiri,
c) að 6 daga kennsluvika sé talin nauðsynleg vegna skerts námstíma,
d) að nemendur þurfi að dvelja í heimavist yfir helgi sökum veðurs, samgangna eða af öðrum ástæðum,
e) að annir séu tvær vikur eða fleiri í senn, vegna samgönguerfiðleika.

8. gr.

Sveitarfélög, er standa að rekstri heimavistarskóla, greiða gæslufólki umsamin laun og endurkrefja ríkissjóð um hlutdeild ríkisins.

II. KAFLI

Starfsmannafundir

9. gr.

Í heimavistar- og heimanakstursskólum skal skólastjóri eða heimavistarstjóri í hans stað, halda reglulegan starfsmannafund í upphafi skólaárs. Leggur hann þar fram drög að áætlun um skipulag heimavistar, umgengnisreglur og gæslustörf. Halda skal annan reglulegan starfsmannafund síðar á skólaárinu.

10. gr.

Á reglulega starfsmannafundi skal boða allt starfsfólk skóla. Skylt er fastráðnu starfsfólki að sækja þessa fundi, enda séu þeir haldnir í daglegum vinnutíma þess.

11. gr.

Skólastjóri (heimavistarstjóri) boðar til starfsmannafunda og stjórnar þeim eða setur fundarstjóri í sinn stað, og skipar fundarritara. Fundargerð skal færa í gjörðabók.

12. gr.

Boða skal til sérstaks starfsmannafundar, æski þriðjungur fastráðinna starfsmanna þess og skal þá tilgreina fundarefni. Þá getur skólastjóri boðað til aukafundar.

13. gr.

Skólastjórar heimavistar- og heimanakstursskóla boða ökumenn, er flytja nemendur, á reglulega starfsmannafundi og aðra starfsmannafundi ef skólastjóra þykir ástæða til.

14. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 20. og 37. gr. laga nr. 63/1974, um grunnskóla, og gildir frá 1. september 1977. Jafnframt falla úr gildi reglur nr. 57/1974, um heimavistargæslu.

Menntamálaráðuneytið, 9. desember 1977.

Vilhjálmur Hjálmarsson.

Birgir Thorlacius.

Nr. 436. 12. desember 1977.

REGLUGERÐ

um gatnagerðargjöld í Búðahreppi, Suður-Múlasýslu.

1. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að leggja gatnagerðargjöld á lóðir í sveitarfélaginu eftir því sem nánar segir í þessari reglugerð. Heimilt er að leggja gatnagerðargjald á land, sem sambærilegt telst, þótt ekki sé sérstök lóð.

2. gr.

Gatnagerðargjöld eru tvenns konar, A-gjald, sem er gjald vegna þátttöku lóðarhafa í kostnaði við að gera undirbyggða götu með vatns- og holræsalögnum og B-gjald, sem er gjald vegna þátttöku lóðarhafa í því að setja bundið slitlag á götu og ganga frá gangstétt.

3. gr.

Nú ákveður sveitarstjórn að leggja á A-gjald vegna nýbyggingar, og skal þá miða gjaldið við ákveðinn hluta byggingarkostnaðar á rúmmetra, eins og hann er talinn af Hagstofu Íslands, svo sem hér segir:

Einbýlishús	1.5%
Tvíbýlishús og sambyggð einbýlishús á einni hæð	1.2%
Tveggja hæða raðhús og íbúðarhús	1.0%
Fjölbýlishús	0 5%
Verslunar- og skrifstofubyggingar	1.6%
Iðnaðarhús, vörugeymslur og annað atvinnuhúsnæði	1.0%

Auk þessa gjalds skal lóðarhafi greiða kr. 40.00 af hverjum fermetra lóðar.

Við álagningu gatnagerðargjalds samkvæmt þessari grein skal þó ávallt miða við eftirtaldar lágmarksstærðir:

Einbýlishús með tilheyrandi bílgeymslu	600 m^3
Raðhús, tvíbýlishús og sambyggð einbýlishús á einni hæð, hver íbúð.	500 m^3
Tveggja hæða raðhús og íbúðarhús	450 m^3
Fjölbýlishús, hver íbúð	400 m^3

Í atvinnuhúsnæði skal við útreikning rúmmáls til gatnagerðargjalds miðað við lofthæð 3,3 m að innanmáli, nema uppdráttur sýni annað.

Framangreindar reglur gilda, ef hús er stækkað, að því er til stækkunar tekur.

4. gr.

Nú ákveður sveitarstjórn að leggja á B-gjald til að ljúka frágangi götu, umfram það sem segir í 3. gr., þ. e. til að setja slitlag og gangstétt, og skal þá miða gjaldið

við ákveðinn hluta byggingarkostnaðar á rúmmetra eins og hann er talinn af Hagstofu Íslands, svo sem hér segir (lágmarksstærðir tilgreindar í svigum):

Einbýlishús á einni hæð	(að 600 m³)	1.5%
Tvíbýlishús og sambyggð einbýlishús á einni hæð	(að 500 m³)	1.2%
Tveggja hæða raðhús og íbúðarhús	(að 450 m³)	1.0%
Fjölbýlishús	(að 400 m³)	0.5%
Verslana- og skrifstofubyggingar		1.6%
Iðnaðarhús, vörugeymslur og annað atvinnuhúsnæði		1.0%

Fyrir umframstærðir í íbúðarhúsum skal greiða 20% meira en að framan getur fyrir hvern m³. Lóðarhafi skal greiða kr. 40.00 í gatnagerðargjald af hverjum fermetra lóðar.

5. gr.

Gjöld samkvæmt 3. gr. breytast árlega samkvæmt vísitölu byggingarkostnaðar.

6. gr.

Gjalddagar gatnagerðargjalds samkvæmt 3. gr. skulu vera sem hér segir: Við lóðarveitingu skal greiða 30% af áætluðu gatnagerðargjaldi innan eins mánaðar frá lóðarveitingunni. Eftirstöðvarnar skulu greiðast í tvennu lagi, 35% eftir 6 mánuði frá lóðarveitingu og 35% eftir 12 mánuði frá lóðarveitingu.

7. gr.

Þegar veitt er byggingarleyfi, án undangenginnar lóðarveitingar, er greiðsla gatnagerðargjalds áskilin, sbr. þó 6. gr. að því er gjaldfrest varðar.

8. gr.

Byggingarfrestur er 12 mánuðir, þ. e. a. s. lóð fellur aftur til sveitarsjóðs hafi framkvæmdir ekki verið hafnar innan þess tíma frá veitingu hennar, nema leyfið hafi verið háð öðrum skilmálum um byggingarfrest. Framkvæmdir teljast hafnar, er undirstöður hafa verið steyptar.

Óski lóðarhafi að segja sig frá veittri lóð, skal hann eiga rétt á endurgreiðslu á greiddu gatnagerðargjaldi, án vaxta, svo sem hér segir:

50% gatnagerðargjalds endurgreiðist eftir 6 mánuði. Eftirstöðvar endurgreiðist eftir 12 mánuði. Verði lóðin veitt að nýju innan þess tíma, skal fyrri lóðarhafi fá gatnagerðargjaldið endurgreitt, þegar sú úthlutun fer fram og eftirfarandi byggingarleyfi.

9. gr.

Hafi byggingarleyfi verið veitt í bygginganefnd og aðeins hluti þess notaður innan tilskilins tíma, þ. e. 12 mánaða, nema leyfið hafi verið háð öðrum skilmálum um byggingarfrest, skal við endurnýjun leyfisins greiða fullt gjald af þeim hluta, sem endurnýjaður er, eins og það er þá að frádregnu gatnagerðargjaldi, sem þegar er greitt af sama áfanga.

10. gr.

Sveitarstjórn getur ákveðið að lækka eða fella niður gatnagerðargjald (A-gjald) af fjölbýlishúsum. Þá er sveitarstjórn heimilt að lækka eða fella niður gatnagerðargjald af iðnaðar- og atvinnuhúsnæði, enda liggi til þess fullgild rök hverju sinni. Enn fremur getur sveitarstjórn ákveðið gatnagerðargjald sérstaklega í þeim tilvikum að byggingar séu sérhæfðar og afbrigðilegar um notkun og annað slíkt.

11. gr.

Gatnagerðargjald skv. 4. gr. miðast við þá vísitölu byggingarkostnaðar, sem í gildi er, þegar lagning bundins slitlags fer fram. Nú breytist vísitala meðan verk fer fram og skal þá miðað við meðalvísitölu á því tímabili, sem um er aðræða.

12. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að innheimta gjald, skv. 4. gr. af lóðarhöfum við götu, þar sem þegar hefur verið lagt slitlag og gangstétt, enda sé eigi lengri tími en 5 ár síðan það var gert. Í slíkum tilvikum skal miða gjaldið við þá byggingarvísitölu, sem í gildi er, þegar reglugerð þessi öðlast gildi.

13. gr.

Gatnagerðargjald samkvæmt 4. gr. greiðist þannig, að 20% greiðast þegar lagningu bundins slitlags er lokið. Eftirstöðvar greiðast með jöfnum árlegum afborgunum á næstu 4 árum.

Ársvextir skulu vera hinir sömu og vextir af lánum Byggðasjóðs (B-lán) til sömu framkvæmda. Vextirnir greiðast árlega eftir á. Gjalddagi vaxta og afborgana er 1. júlí ár hvert.

14. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að hækka eða lækka gjaldstuðla samkv. 3. gr. og 4. gr. hvern um sig eða alla í einu um allt að 50%, án frekari staðfestingar ráðuneytis.

15. gr.

Gatnagerðargjaldi fylgir lögveð í fasteign þeirri, sem það er lagt á, og gengur það ásamt vöxtum fyrir öllum veðkröfum, sem á eigninni hvíla og tekur einnig til vátryggingarfjárhæðar eignarinnar.

Heimilt er að taka gjöld samkvæmt lögum þessum lögtaki skv. lögum nr. 29/1885.

Reglugerð þessi er samin og samþykkt af hreppsnefnd Búðahrepps og staðfestist hér með samkvæmt lögum um gatnagerðargjöld nr. 51/1974 sbr. lög nr. 31/1975 til að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 12. desember 1977.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.
Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

Nr. 437. 14. desember 1977.

AUGLÝSING

um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á byggingarsamþykkt fyrir Hálshrepp í Suður-Þingeyjarsýslu.

Samkvæmt lögum nr. 19 20. október 1905 um byggingarsamþykktir, sbr. lög nr. 84 16. desember 1943 og skipulagslög nr. 19 21. maí 1964, hefur ráðuneytið í dag staðfest byggingarsamþykkt fyrir Hálshrepp í Suður-Þingeyjarsýslu.

Félagsmálaráðuneytið, 14. desember 1977.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.
Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

AUGLÝSING

um samkomulag skv. 20. gr. í samningnum frá 9. nóvember 1972 milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um aðstoð í skattamálum.

Til framkvæmdar á samningnum frá 9. nóvember 1972 milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um aðstoð í skattamálum hefur orðið samkomulag um eftirfarandi ákvæði:

1. Með orðunum „öflunar framtala eða annarra upplýsinga" í b-lið 1. gr. samningsins er átt við öflun framtala eða annarra upplýsinga til notkunar við skattákvörðun (skattálagningu) eða aðrar aðgerðir í málum sem varða skatt í því ríki sem aðstoðar óskar. Orðalagið felur enn fremur í sér afhendingu framtala eða annarra gagna í frumriti eða afriti sem skilað hefur verið vegna skattákvörðunar (skattálagningar) eða annarra aðgerða í málum sem varða skatt í því ríki sem beiðninni er beint til.
2. Með sköttum, sem aðstoð er veitt við, skal telja:
   a) dráttarvexti og viðbótargjöld eða önnur gjöld sem á falla vegna vanskila á skattgreiðslu, til þess tíma er krafan er afhent til innheimtu í hinu ríkinu, eða við vanrækslu á upplýsinga- eða framtalsskyldu vegna skatta eða opinberra gjalda (dráttargjald, gjaldálag o. s. frv.);
   b) þá dráttarvexti og viðbótargjöld eða önnur gjöld vegna vanskila á skattgreiðslu sem á falla eftir þann tíma er krafan var afhent til innheimtu í hinu ríkinu og óskað er aðstoðar við innheimtu á með sérstakri beiðni; ennfremur
   c) endurgreiðslu á innheimtukostnaði og dagsektir að því leyti sem kostnaðurinn eða dagsektirnar standa ekki í sambandi við málsmeðferð fyrir dómstólum.
3. A. Með „skatti af vélknúnum ökutækjum" skv. grein 2 c) í samningnum er átt við:
   a) í Danmörku: skráningargjald af vélknúnum ökutækjum samkvæmt lögum 26. maí 1971, nr. 221, svo og þungaskatt af vélknúnum ökutækjum samkvæmt reglugerð fjármálaráðuneytisins 24. september 1969, nr. 470, og breytingu 31. mars 1971, nr. 111, og breytingu 15. apríl 1972, nr. 414;
   b) í Finnlandi: skatt samkvæmt lögum um skatt af vélknúnum ökutækjum (722/66) og lögum um bifreiða- og bifhjólaskatt (482/67);
   c) á Íslandi: árgjald af bensínknúnum bifreiðum og árgjald eða kílómetragjald af bifreiðum sem ekki eru knúnar með bensíni;
   d) í Noregi: árgjald af fólksflutningabifreiðum o. fl. og kílómetragjald af vöruflutningabifreiðum sem ekki eru knúnar með bensíni og skráðar eru erlendis; og
   e) í Svíþjóð: skattar samkvæmt reglugerð um bifreiðaskatt (1922:260), lögum um umferðarskatt (1973:601), reglugerð um sérstakan umferðarskatt (1973:602) og lögum um veltuskatt á vélknúin ökutæki (1956:545).

   B. Með „virðisaukaskatti og öðrum almennum söluskatti" í grein 2 d) í samningnum er átt við:
   a) í Danmörku: gjöld samkvæmt lögum um almennan söluskatt (virðisaukaskatt) frá 31. mars 1967 með breytingum;
   b) í Finnlandi: skatt samkvæmt lögum um söluskatt (532/63);
   c) á Íslandi: almennan söluskatt (lög nr. 10/1960 með breytingum);
   d) í Noregi: gjald samkvæmt lögum um virðisaukaskatt frá 19. júní 1969; svo og
   e) í Svíþjóð: skatt samkvæmt reglugerð um virðisaukaskatt (1968:430).

C. Gjöld skv. grein 2 e) í samningnum teljast:

a) í Danmörku: gjald vinnuveitanda til dagpeningasjóðs skv. 4. mgr. 41. gr., svo og 11. og 13. gr. laga um dagpeninga, gjald útgerðar skv. 5. mgr. 21. gr. laga um almenna sjúkratryggingu, gjald vinnuveitanda til örorkutryggingasjóðs skv. 34. og 35. gr. laga um örorkutryggingar, tryggingaiðgjald sem tryggingaskyldum vinnuveitanda ber að greiða samkvæmt slysatryggingalögum til viðurkenndra slysatryggingafélaga (skv. 15., 18. og 19. gr. laga um slysatryggingar), bætur sem ákvarðaðar hafa verið samkvæmt lögum um opinbera framfærslu og innheimta má skv. 32. gr. sömu laga sem persónulegan skatt, gjald skv. V. kafla (ATP) laga um viðbótarlífeyri vinnumarkaðarins, svo og gjald vinnuveitanda til atvinnuleysistrygginga;

b) í Finnlandi: gjöld og iðgjöld samkvæmt almannatryggingalögum (347/56), sjúkratryggingalögum (364/63), lögum um gjald atvinnurekanda til félagslegrar verndar (366/63) og lög um skógarverndarfélög (558/50).

c) á Íslandi: gjöld samkvæmt lögum um almannatryggingar nr. 67/1971 með breytingum, lögum um atvinnuleysistryggingar nr. 57/1973 með breytingum, lögum um iðnlánasjóð nr. 68/1967 með breytingum og lögum um launaskatt nr. 14/1965 með breytingum, svo og skattur um atvinnurekstur o. fl. skv. V. kafla laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 8/1972 með breytingum, kirkjugjald samkvæmt lögum um sóknargjöld nr. 36/1948 með breytingum, kirkjugarðsgjald samkvæmt lögum um kirkjugarða nr. 21/1963, iðnaðargjald samkvæmt lögum um rannsóknir í þágu atvinnuveganna nr. 64/1965 og iðnaðarmálagjald samkvæmt lögum um iðnaðarmálagjald nr. 48/1975;

d) í Noregi: gjöld samkvæmt lögum frá 17. júní 1966 um almannatryggingar og lögum frá 19. júní 1969 um gjöld af fjárfestingum o. fl., svo og gjald samkvæmt reglugerð frá 17. desember 1971 með ákvæðum um gjald vegna of mikils öxulþunga; og

e) í Svíþjóð: gjöld samkvæmt lögum um almannatryggingar (1962:381), lögum um fjármögnun hins almenna eftirlaunakerfis (1962:398), lögum um tryggingu vegna sjúkdóma og slysa við atvinnu (1954:243), reglugerð (1952:552) um álagningu vissra gjalda samkvæmt lögum um almannatryggingar o. fl., reglugerð (1968:419) um almennt vinnuveitendagjald, reglugerð (1946:324) um skógverndargjald, reglugerð (1959:555) um gjald útgerðarmanns í vissum tilvikum samkvæmt lögum um almannatryggingar, lögum (1961:300) um gjald útgerðarmanns vegna eftirlauna sjómanna og gjöld samkvæmt lögum (1972:435) um gjald vegna of mikils öxulþunga.

4. Verði verulegar breytingar gerðar á sköttum eða gjöldum sem upp eru talin í þessu samkomulagi, eða komi í þeirra stað aðrir skattar eða gjöld sem eru í aðalatriðum sama eðlis, skal gera nýtt samkomulag með bréfaskiptum milli hinna bæru stjórnvalda

5. Ef skattur af tilteknum tekjum eða eignum hefur verið staðgreiddur eða endanlega greiddur í aðildarríki, getur bært stjórnvald í öðru aðildarríki mælst til þess að hin greidda skattfjárhæð verði flutt til blutaðeigandi skattyfirvalds þess ríkis til að draga hana frá skatti af tekjunum eða eignunum.

6. Upplýsingaskylda skv. 12. gr. samningsins skal einnig taka tillit til upplýsinga um tímabilsbundnar styrktargreiðslur.

7. Með beiðni um aðstoð til innheimtu skal fylgja í frumriti eða staðfestu eftirriti úrskurður sá sem skattkrafan er reist á, eða opinber úrdráttur úr skattskrá (skattseðill) eða annað skjal sem ber með sér kröfuna. Í beiðni skal greina:

a) stjórnvald sem aðstoðarinnar óskar;

b) varðandi greiðsluskyldan mann: nafn, stöðu eða titil, heimilisfang, fæðingardag og -ár, heimilissveit, svo og ef unnt er, vinnustað og dvalarstað;

c) varðandi greiðsluskylda lögpersónu: tegund lögpersónu, nafn og heimilisfang;

d) þegar við á, þann stað í því ríki sem innheimtu er beiðst í þar sem hinn greiðsluskyldi á eignir, svo og tegund eigna;

e) tegund kröfu og fjárhæð, þar með taldir áfallnir vextir, tímabil það er krafan varðar, svo og hvenær krafan fyrnist að nokkru eða öllu leyti samkvæmt löggjöf eigin ríkis;

f) þann grundvöll sem útreikningur á vöxtum eða gjöldum skv. lið 2 a) eða b) er reistur á; enn fremur

g) önnur atriði sem geta auðveldað eða flýtt fyrir innheimtu kröfunnar.

8. Beiðni um aðstoð við innheimtu skatta má því aðeins bera fram að samanlögð fjárhæð kröfu, þar með ekki talin sú fjárhæð sem um ræðir í lið 2 a), nái a. m. k. 500 dönskum krónum, 300 finnskum mörkum, 10 000 íslenskum krónum, 500 norskum krónum eða 350 sænskum krónum.

9. Innheimta fer fram í mynt þess ríkis sem aðstoðar er beiðst í. Bær stjórnvöld í þessu ríki skulu, svo fljótt sem auðið er eftir móttöku beiðni um aðstoð, umreikna þá fjárhæð sem í beiðni greinir í mynt þessa ríkis skv. gengi er ríkisbankinn mælir með á þeim degi er beiðnin barst og skal innheimtan taka til þeirrar fjárhæðar sem þannig er reiknuð út. Við þennan umreikning má beita þeim ákvæðum um jöfnun fjárhæða sem kunna að gilda samkvæmt löggjöf þessa ríkis.

Verði gengisbreyting meðan á innheimtuaðgerðum stendur getur bært stjórnvald í því aðildarríki sem innheimtu er beiðst í, ákveðið, eftir að hafa leitað álits ríkisbanka þessa ríkis, hvaða gengi skuli notað í þessu máli vegna breytingarinnar.

Ekkert framangreindra ákvæða í þessum lið skal koma í veg fyrir að sú fjárhæð, sem beiðni nær til, sé greidd í mynt þess ríkis sem aðstoðar óskar.

10. Fjárhæðir, sem innheimst hafa vegna aðstoðar samkvæmt samningi þessum, skal innheimtustjórnvald greiða svo fljótt sem auðið er til ríkisbanka eigin ríkis á reikning ríkisbanka þess ríkis sem innheimt var fyrir.

Við innborgun skal greina nafn og heimilisfang þess innheimtustjórnvalds sem fjárhæðina á að fá, svo og þá skattkröfu sem fjárhæðin á við.

Innheimta fjárhæð má einnig leggja á póstgíróreikning þess innheimtustjórnvalds sem aðstoðarinnar hafði óskað.

Þar sem við á skal draga málskostnað fyrir dómstólum og kostnað vegna gjaldþrotameðferðar frá innheimtri fjárhæð (19. gr. samningsins).

Með „innheimtustjórnvaldi“ í þessum lið er átt við:

í Danmörku: Sjómannaskattaskrifstofuna (Sömandsskattekontoret),
í Finnlandi: lénsstjórn (länsstyrelse),
á Íslandi: Gjaldheimtuna í Reykjavík,
í Noregi: Skattfógetann í Osló (Skattfogeden i Oslo) og
í Svíþjóð: krúnufógetastjórnvald (kronofogdemyndighet).

Með „ríkisbanka“ í þessum lið er átt við:

í Danmörku: Danska þjóðbankann (Danmarks Nationalbank),
í Finnlandi: Finnlandsbanka (Finlands Bank),
á Íslandi: Seðlabanka Íslands,
í Noregi: Noregsbanka (Norges Bank) og
í Svíþjóð: Sænska ríkisbankann (Sveriges Riksbank).

11. Yfirfærsla gjaldeyris vegna skattgreiðslna frá einu samningsríki til annars skal fara fram innan ramma gildandi greiðslusamninga milli ríkjanna.

Samkomulag þetta öðlast gildi þrjátíu dögum eftir þann dag er bær stjórnvöld í öllum aðildarríkjunum og hafa undirritað samkomulagið og skal beitt um mál sem borist hafa eftir gildistökuna tl bærs stjórnvalds í því ríki sem beiðninni er beint til.

Með þessu samkomulagi fellur úr gildi samkomulag samkvæmt 20. gr. í samingnum frá 9. nóvember 1972 milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um aðstoð í skattamálum, sem undirritað var þann 20. og 28. desember 1972 og þann 4. og 11. janúar og þann 2. febrúar 1973. Samkomulag það sem nú er fellt úr gildi heldur þó gildi sínu að því er varðar mál sem borist höfðu bæru stjórnvaldi í því ríki sem beiðninni er beint til áður en þetta samkomulag tekur gildi.

Samkomulag þetta er gert í sex eintökum á íslensku, dönsku, finnsku, norsku og sænsku og eru sænsku textarnir tveir, annar fyrir Finnland, hinn fyrir Svíþjóð, og skulu allir textar jafngildir.

Fyrir Ísland:

Reykjavík, 28. nóvember 1977.

Höskuldur Jónsson. Árni Kolbeinsson.

Fyrir Danmörku:

København, den 5. oktober 1977.

Hans P. Grötvik.

Fyrir Finnland:

Helsingfors den 21 oktober 1977.

Esko Rekola. Hillel Skurnik.

Fyrir Noreg:

Oslo, 10. november 1977.

Arne Scheel.

Fyrir Svíþjóð:

Stockholm den 15 juni 1977

Kurt Malmgren.

Framangreint birtist hér með öllum hlutaðeigandi til upplýsinga og eftirbreytni. Auglýsing nr. 129 1. mars 1973 fellur jafnframt úr gildi í samræmi við efnisákvæði 2. og 3. mgr. 11. tl. samkomulags þessa.

Fjármálaráðuneytið, 14. desember 1977.

F. h. r.

Höskuldur Jónsson.

Árni Kolbeinsson.

AUGLÝSING

um umferð og bifreiðastöður í Hafnarfirði.

Að fengnum tillögum bæjarstjórnar Hafnarfjarðar og samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð og bifreiðastöður í Hafnarfirði:

1. **Umferð:**
   a. **Á Garðavegi** er einstefnuakstur til vesturs.
   b. Umferð um **Óseyrarbraut** og **Fornubúðir** nýtur forgangs fyrir umferð frá Óseyrarbryggju (biðskylda.)
   c. Umferð um **Smyrlahraun** nýtur forgangs fyrir umferð frá Álfaskeiði (biðskylda.)

2. **Bifreiðastöður:**

   Bifreiðastöður eru bannaðar við gangstéttir eftirtalinna gatna:
   Hellisgötu, Móabarðs, Selvogsgötu, Smyrlahrauns neðan Arnarhrauns og **Vesturbrautar.**

   Einnig eru bifreiðastöður bannaðar við gangstéttir **Suðurgötu** frá Lækjargötu að norðan að Sniðgötu að sunnan, nema þar sem merkingar við gangstéttir gefa annað til kynna.

   Bifreiðastöður eru leyfðar við framantaldar götur gegnt gangstéttum þar sem aðstæður leyfa.

   Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi þegar í stað.

Bæjarfógetinn í Hafnarfirði, 5. desember 1977.

Einar Ingimundarson.

14. desember 1977. Nr. 440.

SAMÞYKKT

um breytingu á lögreglusamþykkt fyrir Akraneskaupstað, nr. 57 21. mars 1963.

1. gr.

2. málsl. 2. mgr. orðist svo:
Ökuhraði bifreiða á götum bæjarins má þó aldrei fara fram úr 45 km á klst., nema um sé að ræða sjúkrabifreiðir, lögreglubifreiðir eða slökkvibifreiðir.
Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Akraness hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 1 3. janúar 1890, sbr. lög nr. 67 28. nóvember 1919, um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 14. desember 1977.

Ólafur Jóhannesson.

Ólafur W. Stefánsson.

AUGLÝSING

um nýtt fasteignamat.

Samkvæmt ákvæðum 26. gr. l. nr. 94/1976, um skráningu og mat fasteigna, hefur yfirfasteignamatsnefnd ákveðið framreikningsstuðla fyrir skráð matsverð fasteigna á öllu landinu með hliðsjón af breytingu verðlags fasteigna við kaup og sölu frá síðasta viðmiðunartíma matsins fram til 1. nóvember s. l. Hefur nefndin ákveðið að framreikningsstuðull fyrir matsverð fasteigna skuli vera 1,34. Gildir það um allar fasteignir utan Reykjavíkur, svo og öll lönd og lóðir í Reykjavík. Enn fremur hefur nefndin ákveðið framreikningsstuðul 1,34 fyrir þau hús og önnur mannvirk í Reykjavík, sem ekki eru metin vélmati skv. reglum Fasteignamats ríkisins, og gildir þessi framreikningsstuðull einkum um atvinnuhúsnæði og önnur mannvirki til sérstakra nota. Fyrir þau hús og önnur mannvirki í Reykjavík, sem metin eru vélmati skv. reglum Fasteignamats ríkisins, hefur yfirfasteignamatsnefnd ákveðið framreikningsstuðul 1,20, en þar er einkum um að ræða íbúðarhúsnæði og annað húsnæði, byggt í tengslum við það.

Á vegum Fasteignamats ríkisins hafa verið samdar nýjar fasteignamatsskrár, þar sem matsverð einstakra fasteigna er skráð skv. þeim framreikningsstuðlum, sem ákveðnir hafa verið skv. framanskráðu og með hliðsjón af þeim afskriftarreglum, sem gilda um hinar ýmsu tegundir fasteigna. Hefur fjármálaráðherra staðfest heildareintak hins nýja fasteignamats, eins og það er ákveðið með ofangreindum hætti. Fasteignamatsskrár liggja frammi til sýnis á skrifstofu Fasteignamats ríkisins, Lindargötu 46, Reykjavík. Jafnframt verður eigendum fasteigna send sérstök tilkynning um breytingu á matsverði viðkomandi fasteigna.

Með vísan til l. nr. 94/1976 sbr. l. nr. 60/1977 um breyting á þeim lögum, tilkynnir ráðuneytið hér með, að nýtt matsverð fasteigna, sem ákveðið er með ofangreindum hætti og fram kemur í staðfestum skrám Fasteignamats ríkisins, tekur gildi frá og með 31. desember 1977.

Með auglýsingu þessari fellur úr gildi auglýsing nr. 412/1976 frá 21. desember 1976.

Fjármálaráðuneytið, 27. desember 1977.

Matthías Á. Mathiesen.

Gunnlaugur Claessen.

STJÓRNARTÍÐINDI B 42 — 1977

21. desember 1977. 741 Nr. 442.

REGLUGERÐ

um slátrun, mat og meðferð sláturafurða.

I. KAFLI
Slátrun.

1. gr.

Enginn má hefja slátrun á búfé, sem um getur í 1. gr. laga nr. 30 frá 28. apríl 1966, um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum, ef selja á afurðirnar á opinberum markaði, nema hún fari fram í sláturhúsi, sem hlotið hefur löggildingu eða samþykki landbúnaðarráðuneytisins.

2. gr.

Að lokinni læknisskoðun skal allt kjöt og slátur af sláturfénaði, sem um getur í téðum lögum og flutt er á erlendan markað eða til sölu innan lands, metið, flokkað og merkt eftir tegundum og gæðum, af kjötmatsmönnum, sem starfa undir umsjón yfirkjötmatsmanns.

Kaup kjötmatsmanns skal greiða af þeim, sem starfrækir sláturhúsið.

3. gr.

Sláturfénaður skal vera kominn í sláturhúsrétt kvöldið fyrir slátrunardag. Þar skal ávallt vera drykkjarvatn, einnig fóður, ef slátrun dregst nokkuð verulega fram yfir eðlilegan tíma, einkum ef um er að ræða mjólkurkýr eða tamin hross. Trúnaðarmönnum dýraverndarfélaga er heimilt að fylgjast með aðbúnaði og líðan sláturfénaðar og gera rökstuddar kröfur um úrbætur, telji þeir þörf á.

4. gr.

Þeir, sem annast flutning sláturfénaðar til sláturhúsanna skulu hafa útbúnað flutningstækja svo fullkominn, að ekki sé hætta á, að skepnur verði fyrir lemstran eða meiðslum við flutning eða geti sloppið meðan á flutningi stendur.

Loftræsting skal vera góð í flutningavögnum, enda séu þeir yfirbyggðir að einhverju eða öllu leyti. Hólfa skal flutningavagna í hæfilega stórar stíur, samanber gildandi reglur þar um.

Við sauðfjárflutninga til sláturhúsa skal hafa trégrindur á palli flutningavagns og gæta þess, að ekki sé meira en hálfur þumlungur á milli rimla. Sand, mosa, hey, tréspæni eða annað þess háttar skal ekki nota á palla flutningavagna undir sauðfé til sláturhúsa því hætta er á, að gæran óhreinkist þá meira en ella. Hreinsa skal pall og gólfgrindur eftir þörfum.

Um sótthreinsun flutningatækja, þegar um er að ræða flutning til sláturhúsa á sjúkum gripum eða af sýktum eða grunuðum svæðum, skal fara eftir gildandi ákvæðum um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma.

Við stórgripa-flutninga skal hafa hliðstæðan útbúnað á flutningavögnum og fyrir sauðfé.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

Hafa skal það ríkt í huga við alla gripaflutninga til sláturhúsanna, að pallar flutningavagnanna séu ekki hálir, að skepnurnar óhreinkist ekki í flutningum, né líði vegna ófullkomins útbúnaðar flutningatækjanna.

Við sláturhúsrétt skal þannig um búið, að hægt sé að reka sláturfénaðinn beint af flutningavagni í rétt. Þá skal hver sá, er annast flutning sláturfénaðar ganga ríkt eftir því, að við heimaréttir sé sá útbúnaður fyrir hendi, að hægt sé að reka fénaðinn hindrunarlaust úr rétt á flutningavagn.

5. gr.

Ekki má flytja sauðfé úr safnréttum þegar í stað til slátrunar. Skal það hljóta hvíld á sæmilegu haglendi í samræmi við þann tíma, sem göngur og réttir hafa tekið og ekki undir þrem sólarhringum ef um langar göngur og þreytt fé er að ræða. Frá þessu ákvæði má þó víkja með veikar kindur eða grunaðar um sýkingu, samanber lög og reglur um sauðfjárveikivarnir. Búpening, sem kominn er í sláturhúsrétt má ekki flytja þaðan, heldur skal honum slátrað í sláturhúsinu, nema til komi leyfi sauðfjársjúkdómanefndar.

Jafnan skal slátra fé innan sólarhrings eftir að það kemur í sláturhúsrétt, að öðrum kosti skal því gefið hey og kjarnfóður og því tryggður aðgangur að fersku vatni.

6. gr.

Aflífun sláturfénaðar hvers konar, skal fara fram í samræmi við gildandi reglur, og skal ávallt velja örugga og samviskusama menn til þeirra starfa.

7. gr.

Þegar að lokinni aflífun skal hálsskurður eða hjartastunga fara fram og þess gætt, að blóðtæming úr skrokknum geti orðið sem öruggust og best. Ef hirða á blóð til manneldis, skal koma í veg fyrir, að gor úr vélindi eða slím úr barka, blandist í það. Fláning, hamfletting, eða húðhreinsun má ekki hefjast fyrr en blæðingu er lokið.

8. gr.

Fláning skal framkvæmd á hreinlegan hátt og skal varast, að kjötið komi í snertingu við óhreinindi, hvers konar. Himnur á yfirborði skrokka má ekki skerða. Kjötskrokkum þarf að skila þannig úr fláningu, að hvorki sjáist á þeim óhreinindi eða neins konar fláningsgallar. Kjötskoðunarlækni og kjötmatsmanni ber að vera vel á verði við skoðun og gæðamat, gagnvart flánings- og verkunargöllum.

9. gr.

Áður en kviðrista er gerð og innyfli tekin úr skrokknum, skal vera búið að losa um endaþarm, vélindi og barka. Varast skal, að saur úr endaþarmi komist í snertingu við kjöt og innyfli. Til að stöðva gorrennsli úr vélindi, skal setja á það hnút, er stöðvast af smábút af fremsta hluta barkans, sem látinn er fylgja vélindinu.

Eftir kviðristu, skal fyrst taka netjumör, þá maga (vömb) og garnir, síðan lungnastykki, ásamt lifur og þind, eftir að hún hefur verið skorin frá rifjum. Ef kljúfa á bringu, skal það gert áður en lungnastykki er tekið til að auðvelda blóðhreinsun úr brjóstholi. Gæta skal þess, að lungnastykkið blóðgi ekki skrokkinn að utan, um leið og það er tekið.

10. gr.

Að lokinni fláningu og eftir að innyfli hafa verið tekin úr skrokknum, skal skola burt blóð úr kviðar- og brjóstholi og af hálsi. Nota skal til þess hreint vatn frá vatnshitunarkerfi sláturhússins og því haldið ca 40°C. heitu með hitajafnara.

Vatnið skal leitt í slöngu með úðarastút á enda og sé það undir dálitlum þrýstingi. Sé óhjákvæmilegt vegna óhreininda að þvo skrokkinn að utan, skal nota áður nefndan þvottaútbúnað, en hvorki bursta né tusku.

11. gr.

Eftir að skrokkar hafa verið skolaðir, skal snyrting fara fram. Skera skal burtu skemmdir, sem kunna að vera á skrokknum, eftir tilvísan dýralæknis, lagfæra eins og unnt er fláningsgalla, ef óhöpp hafa hent í fláningunni, nema í burtu eistnahimnur og gera yfirleitt það, sem unnt er til þess, að kjötið líti sem best út. Kindaskrokka skal bógbinda, þannig, að bregða garnlykkju fremst um bógleggi og aftur á banakringlu beggja vegna svo að hálsinn vísi beint fram af herðakambi og leggja rófu niður svo að hún sitji milli lærvöðva. Júgur skal skera af mjólkurdýrum, en skerða sem minnst himnur á lærvöðvum. Ef hár eða annar óþrifnaður sést á kjötinu á þessu verkunarstigi, skal það hreinsað vandlega áður en vigtun og gæðamat fer fram.

Kindaskrokka skal hengja upp á ryðfrí hækiljárn í síðasta lagi þegar eftir fláningu og skulu járnin fylgja skrokkunum uns þeir eru afgreiddir til sölu nýir eða þar til frystingu er lokið. Hækiljárn má ekki vera lengra en svo, að hæklar vísi ekki út fyrir mjaðmar- og bógþykkt. Allt annað kjöt skal einnig hengt á ryðfría króka, er að lögun og gerð, henti færibrautakerfi sláturhússins.

12. gr.

Þegar gengið hefur verið frá kjötinu eins og að framan greinir, skal því komið fyrir í kælirúmi (kjötsal) sláturhússins, til kælingar og skulu skrokkarnir hanga þannig, að þeir snerti ekki hverjir aðra. Mjög skal vanda loftræstingu í kælirúmi og engum leifður þar umgangur nema til nauðsynlegra starfa. Í kælirúmi skal kjötið ekki hanga lengur en 24 klst. Kindakjöt, sem á að frysta, hangi minnst 6 klst. en 24 klst., það sem salta á, eða selja ófryst. Nautgripakjöt, sem taka á til vinnslu, skal ekki hanga lengur utan frystihúss en 24 klst., en nautgripakjöt af ársgömlum og eldri, sem ætlað er til matargerðar óunnið, skal flutt í sérstakan klefa, með stilli fyrir raka- og hitastig og það geymt áður en það er fryst í 3 til 10 daga við 2 til 5°C. eftir aldri gripanna og ásigkomulagi kjötsins. Kjöt af kálfum undir 1 árs gömlum, sem geyma á frosið, skal leitast við að hraðfrysta og pakka í þéttar umbúðir. Nautgripakjöt, sem ætlað er til vinnslu og geyma á fryst, er best að úrbeina á öðrum degi eftir slátrun og frysta þannig í viðeigandi umbúðum. Hrossakjöt skal ekki geyma lengur utan frystihúss en 1 til 2 sólarhringa frá slátrun og folaldakjöt aðeins 1 sólarhring. Hrossum skal því ekki slátrað í öðrum sláturhúsum en þeim, þar sem tryggt er, að kjötið komist í nægilega kælingu eða frystingu á hæfilegum tíma frá slátrun. Hrossakjöt, sem selja á nýtt til neytenda, verður að komast að einum sólarhring liðnum frá slátrun í klefa, þar sem hitastig fer ekki yfir 2°C.

Svínakjöt skal því aðeins fryst að skrokkurinn sé hlutaður sundur og hvert stykki s. s. læri, hryggur og bógur fryst hvert fyrir sig og síðan pakkað í þéttar umbúðir til geymslu við minnst ÷ 24°C.

13. gr.

Nú þarf að flytja nýtt kjöt um lengri eða skemmri veg frá sláturhúsi til frystingar eða sölu. Ber þá sláturleyfishafa að hafa flutningatæki þannig útbúið, að kjötið hangi í regn- og rykþéttum vögnum. Þetta gildir um allt kjöt, hvort sem um er að ræða kinda-, nautgripa-, hrossakjöt eða annað kjöt í heilum skrokkum, helmingum eða fjórðungum.

Krókar sem notaðir eru í sambandi við þessa flutninga skulu vera úr ryðfríu efni, sem auðvelt er að hreinsa. Engan varning má flytja með kjötinu nema fullhreinsuð innyfli og þá í þeim umbúðum, sem viðurkenndar eru til sláturflutninga.

Ekki má kjöt, sem flytja á burt ófryst hanga skemur í kælirúmi sláturhúss en 8 klst. eftir slátrun, en að öðru leyti skal haga flutningum þess þannig, að samrýmist ákvæðum 12. gr. hér að framan.

14. gr.

Vigtun og gæðamat á kjöti og öðrum sláturafurðum frá framleiðendum skal fara fram samtímis, enda hafi læknisskoðun þá farið fram. Skal ekki líða lengri tími en 24 klst. frá slátrun þar til innvigtun og gæðamati er lokið. Óheimilt er að flytja sláturafurðir úr sláturhúsi án vigtunar og gæðamats. Skylt er að vigta hvern einstakan skrokk sér.

Framleiðanda er heimilt að fylgjast með innvigtun sláturafurða sinna, í þeirri röð sem þær koma fram frá slátrun, en ekki mega þeir valda óþarfa töfum við vigtunina. Við opinberar tilraunir og starfsemi sauðfjárræktarfélaga ber sláturleyfishafa að bókfæra á vigtarseðil númer skrokka, sé þess óskað. Heimilt er sláturleyfishafa að taka sanngjarna þóknun fyrir þá þjónustu, ef verulegar tafir verða á vigtun af þeim sökum. Á athafnasvæði sláturhúsa skal framleiðandi eða umboðsmaður hans hlíta sömu reglum um klæðnað, vinnubrögð og umgengni og annað starfsfólk.

Ef innvigtun kjöts og annarra sláturafurða fer fram fljótlega eftir slátrun, þ. e. strax eftir hreinsun og snyrtingu, er heimilt að draga frá vigtinni þá sannanlegu rýrnun er fram kemur við fyrstu sex klukkustunda kælingu í venjulegu kælirúmi sláturhúss. Löggildur vigtarmaður skal annast vigtun og ber honum að sjá um, að vog sé löggild og hafa daglegt eftirlit með því, að vog sé rétt.

15. gr.

Sláturleyfishafi skal bera ábyrgð á mistökum og skemmdum á sláturafurðum, sem kunna að eiga sér stað í sambandi við útbúnað og vinnubrögð í sláturhúsi, er verða til þess að fella vöruna í gæðamati.

16. gr.

Merkimiða skal binda með sterku garni á hvern skrokk eða hluta úr skrokk við gæðamat. Á miða skal prenta skýrum stöfum nafn eða skammstöfun sláturleyfishafa og númer sláturhúss þar sem slátrað er, ásamt tegundaheiti kjötsins og gæðaflokksmerki. Nafn kjötskoðunarlæknis skal ritað eigin hendi á miðana eða þrykkt á með eiginhandarstimpli, til sönnunar því, að heilbrigðisskoðun hafi verði fullnægt. Á útflutningskjöti skal einnig vera firmamerki útflytjanda, sé sláturleyfishafi það ekki sjálfur.

Sama merking gildi um aðrar sláturfjárafurðir en kjöt eftir því sem við á og við verður komið. Á merkimiðana skal einnig stimpla viðeigandi ártal, þegar gripnum er slátrað. Á nautgripa- og svínakjöti skal einnig tilgreina mánaðartal ársins.

17. gr.

Kjöt skal ávallt klætt í hreina, hæfilega stóra grisjupoka um leið og það er flutt úr kælirúmi (kjötsal) sláturhúss. Pokinn skal vera svo stór og þéttur, að hann hlífi kjötinu vel fyrir óhreinindum í geymslu og flutningum. Kindaskrokka skal klæða þannig, að strjúpi nemi við botn pokans, en opið sé bundið vandlega um báða hækla til varnar, að þeir óhreinkist af höndum manna við tilfærslur, flutninga eða á annan hátt. Sláturleyfishöfum ber að vanda vel umbúðir þessar

til að koma í veg fyrir, að kjötið óhreinkist í meðförum, ella geta þeir átt á hættu að sæta ábyrgð, t. d. við yfirmat á vörum á sölustað. Ef um langa flutninga er að ræða, er heimilt að krefjast vandaðri umbúða en grisjupoka utan um kjöt, sérstaklega stórgripakjöt. Á kjötpoka skal ávallt vera letrað skýrum stöfum nafn eða skammstöfun sláturleyfishafa, og enn fremur kjöttegund, gæða og þyngdarflokkur.

18. gr.

Ef sláturvörur hafa verið geymdar eitt ár eða lengur í frystihúsi, getur yfirdýralæknir og kjötmatsformaður krafist þess, að skoðun og gæðamat fari fram á ný, sérstaklega á hrossakjöti, ungkálfa- og alikálfakjöti, svínakjöti, alls konar innyflum og hausum. Kostnað af slíkri skoðun og mati greiði eigandi vörunnar annan en þann, sem leiðir af störfum dýralækna og yfirkjötmatsmanna, er greiða skal úr ríkissjóði.

II. KAFLI

Flokkun mat og merking.

Kindakjöt.

19. gr.

1. Dilkakjöt.

Dilkakjöt sem selja á innanlands nýtt, fryst saltað og reykt eða flytja skal á erlendan markað skal metið í eftirfarandi gæðaflokka: I. fl. +, I. fl., II. fl., II. fl. O, III. fl.

Í fyrsta flokk + skal setja skrokka sérlega vel vaxna og með greinilegum ræktunareinkennum, vel holdfyllta, einkum í lærum og á baki, hæfilega feita og með jafnri og hvítri fitudreifingu um allan kroppinn. Fitulagið skal ekki vera yfir 4 mm mælt á miðjum bakvöðva. Skrokka í þessum gæðaflokki skal merkja með DI stjörnu.

Í fyrsta flokk skal setja vel holdfyllta skrokka með miðlungsfitu og gallalausa í útliti. Þeir séu merktir DI.

Í annan flokk skal láta vöðvarýra, útlitsljóta skrokka og með minniháttar mar og verkunargalla. Þeir séu merktir DIIX.

Í annan flokk O, skal setja skrokka með mikilli fitu, einnig skrokka með blóðlitaðri fitu eða fitu sem ekki stirðnar. Mikil fita telst, ef fitulagið, er að meðaltali yfir 10 mm á baki, mælt á þrem stöðum, á miðjum bakvöðva, á milli 10. og 11. rifs á miðri síðu og ca. 5 cm. aftan við bóg. Þessir skrokkar séu merktir DII o.

Merkingu þessara skrokka sé hagað þannig að þeim verði ekki blandað saman við annað kjöt í heildsölu.

Í þriðja flokk skal setja alla mjög vöðvarýra og magra skrokka verulega marða limhöggna og með verulegum verkunargöllum, þetta kjöt verði merkt DIII XX.

Kjötið skal metið og merkt í gæðaflokka og þyngdarflokka um leið og það er vigtað inn frá framleiðanda.

Þar sem skylt er að miða við 100 gr. þungamun skulu kjötmatsmenn gæta þess að hækka eða lækka í flokkum þannig t. d. að 12,7 kg. merkist í þyngdarflokkinn 6 en 12,8 í þyngdarflokkinn 2. Sé kjötið vigtað blautt skulu mörkin vera 300 gr. hærri (2% af þyngd).

Merkja skal dilkakjöt sem hér segir:

	Að 12,5 kg.	13—16 kg.	16,5—19 kg.	19,5—22,5 kg.	23 kg og þyngri
I. flokkur*. Vel holdfyllt læri og bak. Fitulag ekki yfir 4 mm á miðjum bakvöðva	DI *6	DI *2	DI *8	DI *4	
I. flokkur. Vel holdfylltir, miðlungsfita, gallalausir í útliti	DI 6	DI 2	DI 8	DI 4	DI T
II. flokkur. Sæmilega holdfylltir lítil fita, gallalitlir	DII 6x	DII 2x	DII 8x	DII 4x	DII Tx
II. flokkur O. Holdgóðir skrokkar mikil fita. Fitulag yfir 10 mm á baki og milli 10. og 11. rifs og aftan við bóg	DII 0 6	DII 0 2	DII 0 8	DII 0 4	DII 0 T
III. flokkur. Allir holdrýrir, fitulitlir, marðir, gallaðir eða með mjög gula fitu.	DIII 6xx	DIII 2xx	DIII 8xx	DIII 4xx	DIII Txx

Útflytjendum á breskan markað heimilast að merkja dilkakjöt í fyrsta gæðaflokki með merkimiðum, sem á er prentað: **PRIME ICELAND LAMB.**

Ekki er heimilt að flytja til sölu á erlendan markað skrokka sem hafa verið illa farnir eða óhreinkast í meðferð nema sérstakt leyfi komi til.

Heimilt er landbúnaðarráðherra að ákveða sérstaka merkingu á dilkakjöti, sem fer á erlendan markað eftir þeim reglum og venjum sem gilda í viðkomandi landi. Slíkar reglur séu þó jafnan gerðar í samráði við seljanda kjötsins og kjötmatsformann.

2. Kjöt af veturgömlu og fullorðnu fé.
   a. Kjöt af veturgömlu geldfé, gimbrum og geldingum skal merkja VI, ef skrokkarnir eru holdmiklir og fallegir í útliti og vega minnst 18 kg. Aðra skrokka skal meta og merkja í ær- og hrútaflokka eftir holdum og útliti. Veturgamla hrúta skal merkja VII séu þeir vöðvafylltir og holdgóðir.

      Til þess að kjöt af veturgömlum hrútum sé metið í VII skal þeim slátrað ekki seinna en 10. október, ella fari þeir í hrútaflokka eftir gæðum.
   b. Kjöt af sauðum tveggja og þriggja vetra skal merkja SI ef skrokkarnir eru vel holdfylltir og hæfilega feitir en rýrari eða óhæfilega feita sauðaskrokka skal meta og merkja í ærflokka eftir gæðum og útliti. Kjöt af hrútum, geltum að vori, þrevetrum og yngri, metist sem af sauðum væri.
   c. Kjöt af geldum ám tveggja og þriggja vetra skal merkja GI, ef skrokkarnir eru vel holdfylltir og vel útlítandi. Skrokka af eldri geldum ám og þeim sem missa

lömb sín að vorinu og ganga lamblausar yfir sumarið skal merkja GII ef holdfylling er góð. Rýra skrokka og skrokka sem eru mjög feitir af geldum ám skal meta og merkja í ærflokka eftir gæðum og útliti.

d. Kjöt af mylkum ám skal merkja Æ I, ef skrokkarnir eru holdgóðir og líta vel út, Æ II séu þeir sæmilega holdgóðir og ekki útlitsljótir, en Æ III alla rýra skrokka og ljóta í útliti. Kjöt af holdgóðum, mylkum ám, þriggja vetra og yngri, fallegt í útliti, má merkja Æ I Z. Sérstaklega skal vanda til Æ I og Æ II til útflutnings, varðandi heilbrigði og útlit kjötsins. Rýrt geldfé frá flokkunum V., S. og G., sem merkt hefur verið í ærflokk, skal ekki sent á erlendan markað.

e. Kjöt af fullorðnum hrútum og rýrum, veturgömlum, skal meta í þrjá gæðaflokka: H I, 2 til 4 vetra, holdgóða og vel útlítandi, H II, 5 vetra og eldri, sæmilega holdgóða og allvel útlítandi, og H III, rýra skrokka og ljótari í útliti.

Heimilt er landbúnaðarráðuneytinu að ákveða sérstaka merkingu á kjöti sem selt er til einstakra landa eftir þeim venjum sem gilda í viðkomandi landi. Slíkar reglur skulu greðar í samráði við seljendur kjötsins og yfirkjötmatið.

3. Kindakjöt með heilbrigðisstimpli 2.

Allt kindakjöt, sem dýralæknir eða annar kjötskoðunarlæknir merkir með 2 heilbrigðisstimpli skal merkt þannig:

a. Kjöt af dilkum, D IV.

b. Kjöt af fullorðnu fé, veturgömlu og eldra, F IV.

4. Verkun saltkjöts til útflutnings.

Þegar kjöt er saltað í tunnur, skulu kjötmatsmenn sjá um, að þær tunnur, sem saltað er í, séu í góðu lagi, vel hreinar og vel bentar, og ekkert það hafi verið í þeim, er haft geti áhrif á bragð kjötsins, lykt eða útlit. Þeir sjá um, að ekkert kjöt verði látið í tunnur, sem ekki hefur áður verið skoðað, stimplað af kjötskoðunarlækni og metið af kjötmatsmanni. Kjötmatsmenn sjá um, að kjötið sé vel kælt, áður en það er saltað og hæfilega mikið af hreinu salti sé notað, eða sem næst 10 kg af salti í hver 112 kg af stórhöggnu kjöti og um 10 kg í hver 130 kg af spaðkjöti. Í hver 112 kg af kjöti skal setja um 80 g af góðum saltpétri. Þegar kjötið er stórhöggvið, skal skipta hverjum skrokk í sex hluta, þannig, að fyrst sé skrokkurinn klofinn að endilöngu sem allra næst miðjum hrygg og því næst hverjum helmingi skipt í þrjá parta, þ. e. framstykki, miðstykki og læri. Miðstykkinu skulu fylgja 4 rif, allur huppurinn, klettið og hryggurinn aftur úr. Þó skal skrokknum því aðeins skipt í sex hluta, að hver þeirra vegi 2 kg eða þar yfir, annars skal honum skipt í 4 hluta. Spaðsaltað kjöt skal höggvið eða sagað sundur í hæfilega stóra bita, þannig að kjötlögin verði ekki of þykk. Kjötinu skal raða vel í tunnurnar og þjappa saman. Stórhöggvið kjöt skal pækla strax eftir söltun, og skal pækillinn vera a. m. k. 24 stig á pækilmæli og búinn til úr hreinu heilnæmu vatni (ekki sjó eða slæmu vatni) og síaður gegnum hreint léreft, um leið og hann er látinn á kjötið. Matsmenn skulu sjá um, að endurpæklun fari fram svo oft, sem þörf er á, meðan kjötið er geymt. Spaðkjöt skal einnig pækla eftir því, sem nauðsynlegt er talið. Tunnur skulu athugaðar og bættar ef leki kemst að þeim, og sjá skal til þess, þegar flutningar eða tilfærsla fer fram, að þær séu pækilfylltar og í góðu lagi.

Saltkjöt til útflutnings skal merkt þannig, að á efri helmingi tunnubotnsins standi skýrum stöfum: Íslenskt saltkjöt, og fyrir neðan viðeigandi flokkunarmerki. Á neðri helmingi tunnubotnsins skal vera einkamerki útflytjanda, a. m. k. tveir bókstafir fyrir nafn hans og heimilisfang, nema auglýst firmamerki sé.

Saltkjöt fyrir innanlandsmarkað skal og merkja skýrum stöfum á efri tunnubotn, tegund og gæðaflokksmerki kjötsins, númer sláturhússins og nafn seljanda. Tunnurnar skulu geymdar á svölum stað, varðar gegn sól og úrkomu.

5. Aðrar merkingar á kindakjöti.

Ef nauðsyn krefur, getur ráðherra ákveðið aðrar merkingar á kindakjöti, sem ætlað er til útflutnings en um getur hér að framan, hvort sem um er að ræða freðkjöt eða saltkjöt.

20. gr.

1. ungkálfakjöt.

Skrokka af nýfæddum kálfum til 3 mánaða aldurs skal meta og merkja sem hér segir:

a. UK I á aldrinum allt að 3 mánaða sé um að ræða mjólkurkálfa, sem einungis hafa verið fóðraðir á mjólk og kjarnfóðri, en ekki fengið hey eða gras, enda sé holdfylling góð einkum á læri og hrygg, kjötið ljóst og fallegt í útliti.

b) UK II kálfa á sama aldri sæmilega í útliti og ekki léttari en 20 kg.

c) UK III af kálfum, sem slátrað er nýfæddum eða innan 1 mánaðar UK III a ef þeir eru holdgóðir, útlitsfallegir og vega yfir 15 kg en UK III b séu þeir holdrýrir og léttari en 15 kg eða eru merktir hehilbrigðisstimpli 2. Í merkingu UK III skal einnig taka lélega kálfa á aldrinum 1—3 mánaða.

2. Alikálfakjöt.

Skrokka af kálfum á aldrinum frá 3 til 12 mánaða aldurs skal meta og merkja, sem hér segir:

a) AK 1 séu skrokkarnir vel holdfyllltir, einkum í lærum og hrygg nægilega feitir og vel útlítandi og vegi a. m. k. 75 kg.

b) AK II séu skrokkarnir allvel holdfyllltir og ógallaðir í útliti og vegi a. m. k. 40 kg.

c) AK III holdlitla skrokka og lakari að útliti.

3. Ungneytakjöt.

Skrokka af ungneytum, nautum, uxum og geldum kvígum, frá 1 til 2½ árs enda vegi þeir 100 kg eða meira skal meta og merkja, sem hér segir:

a) UN I. séu skrokkarnir vel holdfyllltir einkum í lærum og hrygg, hæfilega feitir og gallalausir að útliti og ekki léttari en 130 kg. Naut mega ekki vera eldri en 20 mánaða. Eldri naut fari í NI.

Áberandi holdfyllta skrokka, einkum á ganglimum og hrygg, hæfilega feita með hvítri fitu og fallega í útliti af geldingum, skal merkja UN I. með stjörnu, þeir vegi minnst 150 kg og séu einkum af holdanautablendingum. Sama gildir um kvígur allt að tveggja ára aldri, enda sé júgrið skorið af.

b) UN II. af holdþynnri gripum en krafist er í a. lið og einnig mjög feita skrokka, en þó vel útlítandi. Feitir skrokkar teljast þeir, ef fita nær 12 mm á bakvöðva.

c) Skrokka af kvígum allt að 2½ árs, sem borið hafa einum kálfi og lítið eða ekkert hafa mjólkað má merkja UN II.

d) UN III. holdlitla skrokka og lakari að útliti.

4. Nautakjöt.

Skrokka af nautum, 20 mánaða og eldri, uxum og algeldum kúm 2½ árs og eldri skal meta og merkja sem hér segir:

a) N I. til 4 ára séu skrokkarnir vel holdfyllltir og líti vel út.

b) N II. 4 til 6 ára og lakari skrokka eða óhóflega feita á aldrinum til 4 ára, enda líti kjötið allvel út.

c) N III. skrokka af geldum gripum 6 ára og eldri og lélega eða gallaða skrokka af geldum gripum allt frá 2½ árs.

5. Kýrkjöt.

Skrokka af mjólkurkúm skal meta og merkja sem hér segir:

a) K I skrokka af 5 ára kúm og yngri ef skrokkarnir eru vel holdfylltir og líta vel út.

b) K II. skrokka af eldri kúm en 5 ára, enda líti skrokkarnir vel út og séu sæmilega holdfylltir.

c) K III. skrokka sem eru lakari að holdfyllingu og líta illa út og eru með verkunargalla.

Við mat á nautgripakjöti skal kjötmatsmaður sérstaklega vanda til gæðaflokksins UN I + með tilliti til kjötgæða, verkunar og útlits.

Skrokkar, sem dýralæknir eða hver annar kjötskoðunarmaður stimplar með heilbrigðisstimpli 2, af ungkálfum, alikálfum ungneytum, nautum og kúm skulu merkjast í III. gæðaflokk sinnar tegundar. Gæðaflokksstimpil skal setja á allt nautgripakjöt á minnst þremur stöðum hvoru megin skrokksins.

Hrossakjöt.

21. gr.

Kjöt af hrossum skal meta og merkja sem hér segir:

1. Folaldakjöt.
   a. FO I., skrokka af folöldum, séu þeir vel holdfylltir, líti vel út og vegi ekki undir 50 kg og séu ekki eldri en 9 mánaða.
   b. FO II., skrokka af holdþynnri folöldum á sama aldri og þá skrokka, er vega undir 50 kg, en eru vel útlítandi.
2. Trippakjöt.
   a. TR I., skrokka af trippum 9 mánaða til 3 ára, vel holdfylltum, hæfilega feitum og vel útlítandi.
   b. TR II., skrokka af holdþynnri trippum 9 mánaða til 3 ára eða mjög feitum, en þó vel útlítandi.
3. Hrossakjöt.
   a. HR I., skrokka af hrossum 4 til 9 ára, ef skrokkarnir eru hæfilega holdfylltir, ekki of feitir og líti vel út.
   b. HR II., skrokka af hrossum 10 ára og eldri, líti skrokkarnir vel út og séu ekki óhæfilega feitir.
   c. HR III., skrokka af hrossum 10 ára og eldri, holdlitlum eða mjög feitum, sérstaklega af gömlum stóðhryssum og graðhestum.

Í þennan flokk skal einnig setja lélega skrokka af folöldum, trippum og hrossum 5 ára og eldri, og alla skrokka af hrossum, ungum sem gömlum, sem merktir hafa verið með heilbrigðisstimpli 2 við læknisskoðun.

Svínakjöt.

22. gr.

Við slátrun ber að greina svín í þrjá tegundaflokka:

1. grísi, þ. e. ung svín allt að 7½ mánaðar gömul, 2. gyltur, þ. e. kvendýr, sem gengur með fóstri eða hafa fætt afkvæmi, og þau yngri svín, sem þó eru eldri en 7½ mánaðar eða með yfir 70 kg skrokkþunga, 3. gelti, þ. e. karldýr á öllum aldri, sem ekki hafa verið vönuð innan 3. mán. aldurs. — Skrokka af grísum skal merkja Sv I., gyltum Sv II. og göltum Sv III. Hverja tegund eða merki skal síðan meta í þrjá gæðaflokka, sem auðkenndir eru með bókstöfunum A, B, og C, í réttri stafrófsröð eftir gæðum og útliti kjötsins. Merking og gæðamat svínakjöti skal vera, sem hér segir:

1. Grísir.
   a) Sv. I a skrokka af grísum allt að 60 kg með vel vöðvafylltan hrygg, læri og bóga. Spiklag skal vera jafnt, þétt, fingert og hvítt og þykki þess hámark á mjóhrygg 25 mm á miðju baki 20 mm og á herðum 35 mm eða samanlagt mælt á þessum þremur stöðum 80 mm. Útlit skrokksins og verkun skal vera óaðfinnanleg.
   b) Sv I b, skrokka af grísum allt að 65 kg með allgóða vöðvafyllingu og spiklag sem er 30 mm á mjóhrygg, 25 mm á miðju baki og 40 mm á herðum eða 95 mm samanlagt, mælt á fyrrgreindum þremur stöðum.
   c) Sv I c, skrokka af grísum allt að 75 kg, illa vöðvafyllta, óhóflega feita útlitsljóta vanþroska o. s. frv.
2. Gyltur.
   a. Sv II. A, skrokka af ungum holdgóðum og vel útlítandi gyltum, er vega allt að 90 kg og þá skrokka af ungum svínum, sem eru eldri en 7½ mánaðar eða ef skrokkurinn vegur yfir 70 kg.
   b Sv II. B. skrokka af sæmilega holdgóðum og vel útlítandi gyltum, er vega frá 90 til 120 kg.
   c. Sv III. C, skrokka af gömlum gyltum, er vega yfir 120 kg og lélegum gyltum og lakari að útliti.
3 Geltir.
   a. Sv III. A, skrokka af ungum göltum og vel útlítandi.
   b. Sv III. B, skrokka af eldri göltum og lakari yngri, sæmilega útlítandi.
   c. Sv III. C, skrokka af gömlum og rýrum göltum og skrokka af svínum á öllum aldri, sem merktir hafa verið með heilbrigðisstimpli 2, svo og allt svínakjöt ef ætla má, að það sé mengað óbragði eða óþef vegna óheppilegs fóðurs eða af öðrum orsökum.

23. gr.

Landbúnaðarráðherra getur, ef þörf krefur, sett reglur um læknisskoðun, merkingu og mat á afurðum af geitfé, hreindýrum, alifuglum og öðrum dýrum, sem ætluð eru til manneldis og sölu á opinberum markaði í kjötbúðum, veitingastöðum o. s. frv.

III. KAFLI

Frysting og geymsla.

24. gr.

Eftir að kjöt hefur hangið nægan tíma eftir slátrun, skal það flutt í klefa, þar sem frysting fer fram og taki hún ekki lengri tíma en 24 klst., enda sé kjötið þá fullfrosið. Þar, sem vélaafl til frystingar er of lítið til þess að ljúka fullri frystingu á 24 klst., ber að forkæla kjötið áður en það fer inn í frystiklefann til að flýta fyrir frystingu þar.

25. gr.

Kjöt og aðrar sláturafurðir skal aðeins frysta og geyma í þeim frystihúsum, sem fengið hafa löggildingu til þeirra nota, enda séu þau búin þeim vélum og tækjum, sem nauðsynleg eru til þess, að varan skemmist ekki á neinn hátt á geymslutímabilinu.

26. gr.

Kjötskrokka, heila, hálfa eða hluta, skal frysta uppihangandi og gæta þess að nota aðeins viðeigandi upphengikróka, úr ryðfríu efni, svo kjötið óhreinkist ekki og skrokkurinn eða einstök stykki haldi réttri lögun og útliti eftir frystingu. Í frystiklefa má ekki hengja svo þétt, að skrokkar eða einstök stykki frjósi saman,

né snerti hvert annað. Umgang um frystiklefa meðan frysting stendur yfir skal ekki leyfa nema af brýnni þörf og fylla ber frystiklefa á sem skemmstum tíma, svo að kuldastig í klefanum lækki ekki um of af völdum þess, að dyr standi óþarflega lengi opnar.

27. gr.

Ekki skal frysta kjöt eða slátur, né neina aðra vöru, í sömu klefum og sláturafurðir eru geymdar. Í frystigeymslum skal frostið vera sem jafnast allan geymslutímann og ekki minna en ÷ 24° C. Grindur skal hafa undir kjötstöflum og pakkaðri sláturvöru í frystigeymslum og upp með útveggjum. Dyraumbúnaður skal vera sem bestur með tilliti til kælieinangrunar, frágangur ljósastæða öruggur og lýsing góð. Umgengni skal vera hreinleg í kjötgeymslum og allur ónauðsynlegur umgangur bannaður.

28. gr.

Stöflun á kjöti í frystigeymslu skal vera snyrtileg og haganleg með tilliti til tegunda og gæða- og stærðarflokka kjötsins. Stæður séu vel hlaðnar og frágangur þeirra svo öruggur, að ekki sé hætta á hruni er slys gæti hlotist af eða skemmdir á vörunni. Jafnframt skal varast, að umbúðir skemmist eða óhreinkist á einn eða annan hátt í kjötgeymslunni.

29. gr.

Hvorki má frysta né geyma neina þá vöru í kjötfrysti eða kjötgeymslum, er sterk lykt er af, svo sem ópakkað reykt kjöt, ópakkaðan fisk, ópakkaða fugla, línubala (bjóð) né hvað það annað, sem veldur óþrifnaði. Frystihólf eða geymslur einstaklinga skulu þiljaðar frá þeim geymslum, þar sem kjöt eða aðrar sláturafurðir eru geymdar, sem seljast skulu á opinberum markaði.

30. gr.

Frystingu á pakkaðri sláturvöru skal vanda svo sem unnt er, og gæta þess ávallt mjög vel, hvort heldur um er að ræða hraðfrystingu í hraðfrystitækjum eða hægfrystingu á hillum, grindum eða á annan hátt, að pakka vörunni aldrei í stærri einingar en svo, að hún sé fullfryst innan 24 klst. Skal hér nefna kjöt, brytjað eða úrbeinað, innyfli alls konar, hausa, blóð o. s. frv. Umbúðir á frystri og pakkaðri sláturvöru skulu ávallt vera í samræmi við kröfur þær, sem gerðar eru hverju sinni og sýni þær auðkenni sláturleyfishafa og sláturstaðar, tegund og þyngd vörunnar, eftir því, sem best verður við komið.

IV. KAFLI

Kæling og pökkun á hausum og innyflum.

31. gr.

Meðferð og verkun á hausum, blóði eistum mör og hvers konar innyflum, sem ætluð eru til sölu á opinberum markaði innanlands eða til útflutnings, skal vera í sem bestu lagi. Strax eftir slátrun skulu hausar afhyrntir, klipptir og kældir, blóð síað og kælt, eistu hreinsuð, vambir og garnir gorhreinsaðar, hjörtu blóðhreinsuð og snyrt, lifur og nýru hreinsuð af mörfitu og tæjum o. s. frv. Við aðskilnað og hreisun innyfla skal þess vandlega gætt, að gor og saur komist ekki í snertingu við mör, lifur, hjörtu, nýru o. þ. u. l., sem ætluð eru til manneldis.

Við þvott á þessum líffærum er tuskunotkun bönnuð. Eftir hreinsun og snyrtingu skal þessi vara strax sett í kælingu á þann stað í sláturhúsinu, sem henni hefur verið ætlaður staður við löggildingu hússins, og í þau ílát, borð eða búnað, sem fullnægir heilbrigðiskröfum og best henta við kælinguna. Skulu ílát, borð og

tæki vera þannig gerð, að varan spillist ekki á neinn hátt í kælingunni og hreinsun öll á ílátum, búnaði og umhverfi sé auðveld.

32. gr.

Ekki skal pakka til frystingar blóði né innyflum í lokaðar umbúðir fyrr en hæfileg kæling hefur farið fram, þ. e. minnst 6 klst. frá slátrun í viðurkenndu kælirúmi sláturhússins, og ekki má líða lengri tími frá slátrun en 24 klst., þar til pökkun hefst. Frysting þessara sláturafurða skal hefjast strax eftir pökkun. Hausa skal ekki pakka í lokaðar umbúðir fyrr en þeir eru full frosnir. Gerð og stærð umbúða skal ávallt fara eftir kröfum sölu- og neysluaðila, innan lands og utan, og skulu þær samrýmast ströngustu kröfum um heilbrigðishætti og vöruvöndun. Umbúðir pakkaðrar sláturvöru skulu ávallt bera með sér tegund og gæðaflokk vörunnar og miði skal lagður með í umbúðir, er gefi til kynna heilbrigðisskoðun, nafn sláturleyfishafa og númer sláturhúss. Við pökkun hvers konar innyfla af búfé skal halda þeim aðgreindum eftir búfjártegundum, líffærategundum og flokkun. Varast skal, að spilltar vörur blandist saman við óspilltar vörur við pökkun.

V. KAFLI
Flokkun á dilkaslátri.

33. gr.

Ef dilkaslátur er flokkað sem eining frá framleiðanda eða til sölu á opinberum markaði, eru eftirfarandi reglur settar:

a. Frá framleiðanda skal flokka dilkaslátur eftir þyngd skrokksins við innvigtun svo fremi, að um enga sjúkdóma sé að ræða í innyflum og haus eða afleiðingar þeirra, sem hér segir:
   I. fl. ef skrokkurinn vegur 14 kg og yfir.
   II. fl. ef skrokkurinn vegur 11½ kg til 13.9 kg.
   III. fl. ef skrokkurinn vegur minna en 11½ kg.
   Hér er átt við, að skrokkurinn sé veginn með nýrmör, en ef skrokkurinn er veginn án nýrmörs lækka þyngdartakmörkin um ½ kg. Í heilum dilkaslátrum frá framleiðanda er átt við öll innyfli, blóð, hausa, fætur og eistu. Mör er hér þó ekki innifalinn, annar en sá er fylgir ristli.
b. Heilt, nýtt dilkaslátur til neytanda skal vera sem hér segir:
   Blóð ¾ l án umbúða, haus hornstífður, vel sviðinn og vegi ekki undir 1.1 kg. (eða meðalvigt) lifur, hjarta, nýru, vömb, keppur, hálsæðar, þind og 1 kg mör. Vömb og keppur skal vera vel gortæmt og skolað.

VI. KAFLI
Merking á sláturvörum í heildsölu og smásölu.

34. gr.

a. Þegar sláturleyfishafi og heildsölufyrirtæki afgreiðir kjöt í heilum skrokkum, helmingum eða fjórðungum til smásöluverslana, veitingastaða og annarra viðskiptavina er skylt að láta fylgja hverju stykki tegundarheiti og gæðaflokksmerki kjötmatsins. Ef um niðurbrytjað eða úrbeinað kjöt er að ræða, svo og hausa og innyfli, skal sett á umbúðir, afgreiðslu- eða sölunótu, tegunda- og gæðaflokksmerki vörunnar.
b. Við sölu kjöts og annarra sláturafurða í smásöluverslunum skal auðkenna og halda aðgreindum afurðum af hverri búfjártegund og jafnframt verð- og gæðaflokkum af sömu búfjártegund, svo kaupandi geti jafnan athugað, að söluverð sé í beinum tengslum við gæðamat vörunnar frá framleiðanda.

VII. KAFLI
Um störf kjötmatsformanns og yfirkjötmatsmanna.

35. gr.

Ráðherra skipar kjötmatsformann og 4 yfirkjötmatsmenn og hafi hver yfirkjötmatsmaður ákveðið starfssvæði.

Kjötmatsformaður hefur ekki ákveðið starfssvæði, enda skal hann hafa yfirumsjón með þeim atriðum í reglugerð þessari, er snerta verkssvið yfirkjötmatsmanna, og samræma mat, flokkun og merkingu á kjöti og öðrum sláturafurðum á öllu landinu, samkvæmt 9. gr. laga nr. 30 frá 28. apríl 1966 um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum.

36. gr.

Rafmagnsveitunni er heimilt að loka fyrir rafmagn og senda skuldakröfu, sem hún kann að hafa á hendur notanda til innheimtu með lögtaki, þegar:

a. Notandi, sem þrátt fyrir kröfu og skriflega aðvörun, sem að framan greinir, hefir ekki greitt reikning fyrir notkun á raforku, sem hann ber ábyrgð á og sem fallin er í gjalddaga.

   Hafi notand ábyrgð á fleiri en einni veitu, má Rafmagnsveitan beita þessu ákvæði við hverja þeirra sem er gagnvart vanskilum vegna einnar þeirra.

b. Ábyrgðarmaður notanda stendur ekki við ábyrgðina.

c. Notandi hefur gerst brotlegur við reglugerð þessa eða reglur um tæknilegan frágang raforkuvirkja og lagna.

Lokun fyrir rafstraum leysir notandann ekki undan greiðsluskyldu á lokunartímabilinu.

Sé lokað fyrir veitu vegna skulda, má að jafnaði ekki opna aftur nema:

1. Skuldin sé greidd að fullu eða fullnægjandi trygging sett fyrir því að skuldin verði greidd og
2. Greitt sé aukagjald fyrir enduropnun veitunnar skv. gjaldskrá og
3. Trygging sé sett fyrir skilvísri greiðslu framvegis, ef sérstakar ástæður eru til að krefjast slíkrar tryggingar.

Ef notandi veitu óskar eftir að veita hans sé tekin úr sambandi um tíma, er heimilt að taka aukagjald skv. gjaldskrá fyrir enduropnun veitunnar svo og að taka fulla leigu fyrir mælitæki veitunnar þann tíma, sem veitan er ekki í notkun.

Enginn má framkvæma endurtengingu veitu nema þeir, sem Rafmagnsveitan hefur veitt umboð til þess hverju sinni. Sé brotið gegn þessu, skal farið með það sem óleyfilega straumnotkun.

18. gr.
Rekstrartruflanir.

Stöðvun á rekstri eða truflanir vegna bilana eða takmarkana á raforkuvinnslunni hefir ekki í för með sér neina skaðabótaskyldu á hendur Rafmagnsveitunni, en koma skal á reglulegum rekstri aftur eins fljótt og auðið er. Notendur eiga ekki rétt til endurgreiðslu, þótt stöðvun verði vegna bilana eða annarra óviðráðanlegra atvika um langan eða skamman tíma.

Rafmagnsveitan ber ekki ábyrgð á spennubreytingum undir slíkum kringumstæðum eða afleiðingum af þeim og eigi heldur af bruna eða slysum, sem verða kunna af völdum rafmagns frá húsveitum rafmagnsnotanda.

Rafmagnsveitan áskilur sér rétt til þess að loka fyrir straum til viðgerða og viðhalds eða eftirlits þegar þörf gerist.

Meðan verið er að leggja heimtaugar, er Rafmagnsveitunni heimilt að taka straum af því svæði, sem nauðsynlegt er til þess að framkvæma tengingar.

Komi það fyrir, að takmarka þurfi notkun á rafmagni um langan eða skamman tíma, ákveður borgarstjórn, að tillögum borgarráðs, hvar notkun skuli takmörkuð fyrst.

Stöðvun á rekstri skal tilkynna fyrirfram, ef unnt er, en þó eiga notendur enga skaðabótakröfu á hendur Rafmagnsveitunni, þótt straumur hafi rofnað fyrirvaralaust.

19. gr.
Uppsögn á rafmagnsnotkun og tilkynning um flutninga eða breytingu í notkun.

Sérhver rafmagnsnotkun, er notandi byrjar á skv. tilteknum lið gjaldskrár Rafmagnsveitunnar, er bindandi fyrir hann að minnsta kosti í 1 ár. Þó getur rafmagnsstjóri leyst notanda undan þessari skuldbindingu, þegar sérstaklega stendur á.

Um gjaldtöku fyrir rafmagnsnotkun skal farið eftir gjaldskrá Rafmagnsveitunnar á hverjum tíma. Tilkynning um breytingu á notkun, þannig að hún geti fallið undir annan gjaldskrárlið skal send Rafmagnsveitunni með mánaðar fyrirvara.

Tilkynning um flutning notanda frá einum notkunarstað til annars skal berast skrifstofu Rafmagnsveitunnar með hálfs mánaðar fyrirvara. Skal þá, ef unnt er, gefa upp nafn og nafnnúmer þess notanda, sem hættir notkun, og þess sem tekur við notkun viðkomandi húsveitu.

Notandi ber ábyrgð á raforkunotkun þeirrar veitu, sem hann er skráður fyrir, þar til hann hættir notkuninni og hefur sagt henni upp með réttum fyrirvara.

Ef húseigandi eða trúnaðarmaður hans verður þess var, að notendaskipti hafa orðið, án þess að þau hafi verið tilkynnt til Rafmagnsveitunnar, ber honum að gera Rafmagnsveitunni aðvart um það án tafar. Vanræki húseigandi þessa tilkynningarskyldu sína, getur Rafmagnsveitan beint að honum kröfum vegna ógreiddrar orkunotkunar þess aðila, er áður var notandi viðkomandi veitu.

20. gr.
Breytingar á gjaldskrá.

Notanda skal skylt að hlíta ákvæðum gildandi gjaldskrár Rafmagnsveitunnar og breytingum þeim, sem borgarstjórn samþykkir og ráðherra staðfestir.

Verði ágreiningur milli rafmagnsstjóra og notanda um skilning á ákvæðum gjaldskrár eða settum skilyrðum fyrir raforkunotkun, getur notandi krafist þess að ágreiningurinn verði lagður undir úrskurð borgarráðs.

21. gr.
Brot á reglugerð.

Brot gegn reglugerð þessari eða gegn reglum, sem settar verða skv. henni varða sektum, nema þyngri refsing liggi við að lögum. Ef brot veldur skemmdum á eignum Rafmagnsveitunnar eða veldur henni tjóni á annan hátt skal hinn brotlegi auk þess bæta skaðann.

Sektir renna í ríkissjóð.

22. gr.
Málsókn.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari eða á reglum, sem settar eru skv. henni skal farið sem opinber mál. Rafmagnsveitan getur auk þess höfðað skaðabóta- og innheimtumál skv. almennum reglum um meðferð einkamála.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af borgarstjórn Reykjavíkur er hér með staðfest samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 5 10. janúar 1939.

Iðnaðarráðuneytið, 20. desember 1977.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

Nr. 452. 20. desember 1977.

GJALDSKRÁ

fyrir Rafveitu Snæfjalla- og Nauteyrarhrepps og Rafveitu Reykjafjarðar- og Ögurhrepps.

I. RAFORKA

Rafveiturnar selja raforku á þann hátt og við því verði sem hér segir:

A. Notkun til búeksturs, heimilisþarfa o. fl.

Um orkumæli (aflmarksmæli), sem stilltur er á tiltekið afl og sýnir annars vegar heildarnotkun og hins vegar orkunotkun yfir aflstillingu.

Notandi greiðir sem hér segir fyrir aflstillingu og orkunotkun:

1.	Aflgjald, lágmarksstilling 4 kW	kr.	67 000.00 á ári
	Aflgjald umfram 4 kW	—	10 000.00 á kW á ári
	Orkugjald af allri notkun	—	2.15 á kWst.
	Orkugjald af notkun yfir aflstillingu	—	13.00 á kWst.

B. Vélanotkun, til skóla, radiostöðva, samkomuhúsa o. fl.

Notandi greiðir sem hér segir fyrir aflstillingu og orkunotkun:

1.	Aflgjald	kr.	27 000.00 á kW á ári
	Orkugjald af allri notkun	—	7.53 á kWst.
	Orkugjald af notkun yfir aflstillingu	—	16.00 á kWst.

C. Ýmis konar notkun.

1. Lýsing — orkugjald	kr.	75.00	á kWst.
2. Um vinnulagnir — orkugjald	—	28.00	á kWst.
3. Kirkjur — orkugjald	—	18.00	á kWst.
4. Sumarnotkun, til sumarbústaða o. fl.	—	11.00	á kWst.

D. Utanhússlýsing.

1. Fast gjald á ljósker	kr.	1 300.00	á ári
Orkugjald, ómæld notkun á uppsett afl	—	16.00	á W. á ári

II. MÆLALEIGA

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja og rofa, sem nota skal fyrir hverja veitu og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann.

Af mælitækjum og rofum er heimilt að taka leigu sem næst 20% af verði tækisins á ári.

III. HEIMTAUGARGJÖLD

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð heimtaugar og/eða spennistöðvar fyrir húsveitu. Umsækjandi heimtaugar skal gera grein fyrir væntanlegri notkun húsnæðis og helstu raforkunotkun, jafnframt leggja fram raflagnateikningar.

Hreppsnefndir ákveða heimtaugargjald hverju sinni, að fengnum tillögum rafveitunefnda, og skal það vera sem næst kostnaðarverði.

IV. OPNUNARGJÖLD

1. Hafi verið lokað fyrir veitu vegna vanskila á gjöldum til rafveitunnar er óheimilt að opna aftur fyrr en notandi hefur greitt áfallin gjöld og kr. 2 500 í opnunargjald.
2. Ef fundin er óleyfilegur rafbúnaður eða of stór vör, skal veitunni lokað tafarlaust, og ekki opnuð aftur fyrr en notandinn hefir bætt úr því og greitt kr. 2 500 í opnunargjald.

V. ÝMIS ÁKVÆÐI

1. Notendum skal skylt að gefa upp tölur á kWst. mælum í síma þegar óskað er en reglulegur aflestur og reikningsskil fara fram ársfjórðungslega.

   Reikningur fyrir raforku er gjaldfallinn um leið og hann hefur borist notanda.
2. Rafveitustjóri getur bannað notkun rafsuðuspenna, súgþurrkunarblásara og heyblásara eða takmarkað notkun slíkra straumfrekra tækja við tiltekna tíma sólarhrings.
3. Hreppsnefndum er heimilt að hækka eða lækka gjöld, sem ákveðin eru í gjaldskrá þessari í samræmi við kaupgjald og verðlag, að fenginni heimild ráðuneytisins, enda verði breytingin auglýst í Lögbirtingablaðinu, áður en til hennar kemur.

VI. ANNAÐ

Söluskattur og hliðstæð gjöld 20% og 13% verðjöfnunargjald eru innifalin í gjaldskrárliðum nema raforku til húshitunar og kWst.-gjaldi á gjaldskrárlið A. Gjaldskrárverðið breytist til samræmis við söluskattsbreytingar, sem kunna að verða.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá sama efnis nr. 113 15. febrúar 1977.

Iðnaðarráðuneytið, 20. desember 1977.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

Nr. 453. 28. desember 1977.

GJALDSKRÁ

Orkubús Vestfjarða.

Orkubú Vestfjarða selur raforku í smásölu á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

TAFLA 1. Orku- og aflverð og fastagjöld.

A. Lýsing.

1.1.	Fast gjald	kr.	F1
	Orkugjald	—	75.30 á kWst.
1.2.	Fast gjald	—	F1 + F2
	Orkugjald	—	40.60 á kWst.
1.3.	Útilýsing:		
	Fast gjald	—	F1
	Orkugjald	—	19.95 á kWst.
1.4.	Útilýsing:		
	Fast gjald	—	F1
	Fastagjald á ljósker	—	6 × F1 á ári
	Orkugjald	—	9.40 á kWst.
1.5.	Húsbyggingar:		
	Fast gjald	—	F1
	Orkugjald	—	31.00 á kWst.

B. Heimili.

2.1.	Fast gjald	kr.	F1 + F3
	Orkugjald	—	19.60 á kWst.
2.2.	Notkun til búrekstrar o. fl. í dreifbýli.		
	Markmæling:		
	Aflgjald, lágmark 4 kW	—	103 000.00 á ári
	Aflgjald, umfram 4 kW að hámarki 20 kW	—	14 000.00/kW á ári
	Orkugjald af allri notkun	—	2.70 á kWst.
	Orkugjald umfram aflstillingu	—	19.60 á kWst.

C. Vélanotkun o. fl.:

3.1.	Fast gjald	kr.	F1 + F2
	Lágmarksgjald	—	58 × F1 á ári
	Orkugjald	—	40.60 á kWst.
3.2.	Fast gjald, lágmark 3 kW	—	75 695.00 á ári
	Aflgjald umfram 3 kW	—	20 415.00/kW á ári
	Fast gjald	—	F1 + F3
	Orkugjald	—	7.60 á kWst.
3.3.	Súgþurrkun 1/6—31/10		
	Fast gjald	—	F1
	Aflgjald	—	7 610.00/kW á ári
	Orkugjald	—	3.30 á kWst.

D. Húshitun.

4.1.	Fast gjald	kr.	F1 + F4
	Orkugjald	—	14.00 á kWst.
	Roftími allt að 1 klst. á dag		
4.2.	Fast gjald, lágmark 2 kW	—	F1 + F4
	Orkugjald	—	4.50 á kWst.
	Roftími allt að 3 klst. á dag		
4.3.	Markmæling:		
	Fast gjald	—	F1
	Aflgjald, lágmarksstilling 5 kW	—	29 425.00 á ári
	Aflgjald umfram 5 kW að 20 kW	—	5 885.00/kW á ári
	Orkugjald af allri notkun	—	2.80 á kWst.
	Orkugjald umfram aflstillingu	—	19.60 á kWst.
	Roftími allt að 2×1.5 klst. á dag.		

E. Sumar- og næturhitun.

4.4.	Sumarhitun:		
	Fast gjald	kr.	F1
	Orkugjald	—	2.80 á kWst.
4.5.	Næturhitun:		
	Fastagjald, lágmark 2 kW	—	F1 + F4
	Orkugjald	—	2.80 á kWst.
	Roftími allt að 14 klst. á dag		

F. Annað.

5.1. Gjöld fyrir lokun og enduropnun veitu í hvert skipti kr. 3 600.00

5.2. Sérsamningar

1. SKILGREINING OG ÝMIS ÁKVÆÐI

1.1.	Föst gjöld ákvarðast þannig:		
	F1	kr.	590.00 á mán.
	F2.A Verslanir, skrifstofur, vinnustofur o. þ. h.	—	22.00 á m² á mán.
	B Gangar, geymslur o. þ. h.	—	11.00 á m² á mán.
	F3	—	235.00 á mán.

Gjaldeiningar.

A. Heimili:
Hvert herbergi notað eða ætlað til íbúðar, en ekki gangar, baðherbergi né geymslur. Herbergi 5 ferm. eða minni reiknast hálft en 25 ferm. eða stærra tvö.

B. Fyrir félagsheimili, skóla, gistihús, sjúkrahús og þess háttar, 20 ferm. mælt innan útveggja.

C. Fyrir fiskvinnslustöðvar, iðnaðar- og iðjuhús o. þ. h. 30 ferm., fyrir vinnslurúm, 40 ferm. fyrir geymslurúm.

F4. Hvert uppsett kW kr. 1 100.00 á ári.

2. MESTAAFLSMÆLING

2.1. Aflmæling miðast við 15 mín. meðalálag.

2.2. Gjaldskrárliður 3.2.
Gjaldskylt afl hvers almanaksárs er meðaltal fjögurra hæstu álestra, en hjá fiskibræðslum, fiskimjölsverksmiðjum og til hliðstæðra nota, er gjaldskylt afl meðaltal tveggja hæstu álestra. Álestur fari að jafnaði fram í byrjun hvers mánaðar.

2.3. Ef ekki eru tök á að mæla notað afl, má miða aflúttak við 80% af uppsettu afli.

3. Véla og tækjaálag.

3.1 Ef fasviksstuðull hjá notanda er lægri en 0,8, skal hann gera ráðstafanir á sinn kostnað til þess að hækka fasviksstuðulinn upp í það gildi.
Notandi greiðir hærra verð fyrir raforku meðan fasviksstuðull er undir 0,8.

3.2 Heimilt er að banna notkun rafsuðuspenna og annarra tækja, er valda tilfinnanlegum truflunum, um lengri eða skemmri tíma eftir aðstæðum hverju sinni.
Heimilt er að taka fastagjöld af rafsuðuspennum samkvæmt F4.

4. Götulýsing.

Orkubú Vestfjarða sér um uppsetningu götulýsingarkerfis samkv. ósk notanda, sem greiði stofnkostnað. Viðhald götulýsingar annast O. V. á sinn kostnað.

5. Takmörkun á vali gjaldskrárliða o. fl.

Þegar um sérstakar aðstæður er að ræða, svo sem tímabundna notkun mikils afls, getur O. V. takmarkað val notenda við ákveðna gjaldskrárliði eða gert sérstaka samninga um skilyrði fyrir tengingu. Þar sem framleiðslukostnaður orku er sérstaklega hár, svo sem á díselstöðvasvæðum, eða flutningsgeta og/eða spennaafl er takmarkað, áskilur O. V. sér rétt til þess að gefa ekki kost á gjaldskrárliðum, þar sem orkugjald er lágt og/eða orkunotkun mikil.

6. Annað.

Söluskattur og hliðstæð gjöld 20% og 13% verðjöfnunargjald eru innifalin í öllum gjaldskrárliðum nema raforku til húshitunar og kWst.-gjaldi í gjaldskrárlið 2.2. — Gjaldskrárverðin breytast til samræmis við söluskattsbreytingar, og/eða breytingar sem kunna að verða gerðar á verðjöfnunargjaldi.

8. Hitun.

8.1 Heimilt er að selja órofna heimilisnotkun (B-2.1) um sama mæli og D-4.1 og 4.3 reiknast þá til viðbótar fastagjald 4.3 samkvæmt taxta B-2.1 margfaldað með

tölunni 5. Í sumarbústöðum skal reikna hverja heila 25 m^2 af heildarflatarmáli bústaðarins sem eitt herbergi, enda sé eingöngu um sumarnotkun að ræða.

8.2 Sumarhitun. Gildistímabil sumarhitunarleyfa er 1. maí til 30. sept ár hvert. Ef notkun sumarorku fellur niður eða verður óeðlilega lítil fyrir fyrrgreint tímabil, að mati orkubússtjóra, endurnýjast viðkomandi leyfi ekki sjálfkrafa á næsta ári eins og ef um eðlilega notkun hefði verið að ræða.

9. Annað.

9.1 Sérsamningar. Ef sérstaklega stendur á, getur notandi leitað eftir sérstökum samningi um raforkukaup. Orkubússtjóra er heimilt að leyfa tengingu einstakra tækja við kerfi Orkubúsins án mælis um stundarsakir, að því tilskildu, að greiðsla komi fyrir í samræmi við áætlaða notkun tækisins.

9.2 Orkubúinu er heimilt að áætla notkun notanda í samræmi við meðalnotkun hans og innheimta greiðslur samkvæmt þeirri áætlun.

10. Heimtaugargjald í þéttbýli.

10.1 Heimtaugargjöld Orkubús Vestfjarða í kaupstöðum, kauptúnum og þorpum tengd veitusvæði Orkubúsins og með fasta íbúatölu 50 eða fleiri samkvæmt skrá Hagstofu Íslands á hverjum tíma miðað við áramót.

10.2 Orkubúið ákveður stærð og gerð heimtauga eða spennistöðva fyrir hverja húsveitu.

10.3 Ein heimtaug er lögð að eign eða eignum á hverri lóð og greiðist heimtaugargjald af hverri heimtaug eða spennistöð sem hér segir:

Varstærð	Stofngjald	Gjald af yfirlengd	
Amp.	kr.	Jarðstrengur kr./m	Loftlína kr./stólpa
63	120.750	3 630.00	37 950.00
100	142.600	4 210.00	43 125.00
200	232.300	6 310.00	
300	457.700	7 650.00	

Bráðabirgðaheimtaugar greiðast skv. kostnaði.

10.4 Tengingar með meiri flutningsgetu eða annarri spennu greiðast samkv. kostnaði.

10.5 Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast frá lóðarmörkum við götu, stystu greiðfæra leið að varkassa á útvegg götuhliðar hússins. Teljist hagkvæmara að hafa varkassa á innvegg skal leita samþykkis Orkubús Vestfjarða um gerð og frágang pípu, sem heimtaugarstrengurinn verður dreginn í. Af jarðstrengsheimtaug með flutningsgetu 200 A og 300 A greiðist yfirlengdargjald af vegalengd frá stofnkassa að rofa í dreifistöð að frádregnum 25 m í lóð. Af vegalengd umfram 125 m í götu greiðist ekki yfirlengdargjald. Lengd loftlínuheimtaugar reiknast frá næsta stólpa í götulínu, stystu greiðfæra leið að varkassa.

10.6 Sé nauðsynlegt eða hagkvæmara að setja spennistöð að mestu leyti, fyrir einn notanda, skal hann leggja til lóð eða húsnæði fyrir spennistöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi Orkubús Vestfjarða, með hliðsjón af tæknilegum aðstæðum, hverju sinni.

Þegar lóð er lögð til, er það gert Orkubúi Vestfjarða að kostnaðarlausu og hlíta ber skilmálum þess um stærð og staðsetningu stöðvarinnar.

Þegar húsnæði fyrir spennistöð er lagt til, t. d. innan þess húsrýmis er umsækjandi hefur til umráða, svo sem í fiskverkunarhúsum, fiskimjölsbræðslum, iðnaðarhúsnæði, verslunarhúsnæði o. s. frv., skal staðsetning þess ákveðin með samþykki Orkubús Vestfjarða í hverju tilviki og skal húsnæðisaðstaðan fullnægja þeim kröfum sem gerðar eru um húsnæði til þessara nota. Húsnæðið — uppsteypt hús — er lagt Orkubúi Vestfjarða til að kostnaðarlausu, en það sér

um allan kostnað við fullnaðarfrágang húsnæðis eftir nánara samkomulagi þar um, hverju sinni.

10.7 Telji Orkubú Vestfjarða að auka þurfi flutningsgetu heimtaugar eða stækka spenni, eða notandi óskar eftir þeirri aukningu skal notandi greiða helming kostnaðar samkvæmt heimtaugargjaldskrá fyrir íbúðarhús, en allan kostnað samkvæmt kostnaðarreikningi, fyrir iðnaðar- og verslunarhús o. þ. h.

11. Heimtaugargjald í sveitum.

11.1 Hver sá, er óskar að fá rafmagn frá Orkubúi Vestfjarða eða fá heimtaug, sem fyrir er eða fá tengt hús eða viðbyggingu við hús, sem er grunngjaldsskylt (sbr. 2. gr.), skal hafa greitt heimtaugargjald til Orkubús Vestfjarða áður en lagning veitunnar er hafin. Óheimil er rafmagnsnotkun um heimtaug nema framangreindu skilyrði um greiðslu heimtaugargjaldsins hafi verið fullnægt.

11.2 Heimtaugargjald skal vera grunngjald af fasteign að viðbættum hundraðshluta af fasteignamatsverði. Grunngjald skal vera kr. 119 320 á hvern notanda og til viðbótar við grunngjald, skal greiða 1.2 af hundraði af fasteignamatsverði húsa, mannvirkja, lands og lóða, allt að kr. 11 000 000 matsverði, og 0.6 af hundraði af þeim hluta fasteignamatsverðs, sem er fram yfir kr. 11 000 000, enda sé samanlögð lengd háspennu- og lágspennulínu veitunnar ekki yfir 1.5 km á hverja, 119 320 krónur, sem áætlað er að greiðist í grunngjöldum. Framangreint grunngjald kr. 119 320 miðast við vísitölu byggingarkostnaðar, 2510 stig. Grunngjald breytist í sama hlutfalli og vísitalan til hækkunar eða lækkunar þannig, að vísitalan 1. janúar ár hvert er lögð til grundvallar grunngjaldi almanaksársins.

Ef ekki er fyrir hendi mat á fasteign, sem greiða skal heimtaugargjald af, getur orkubússtjóri áætlað matsverð með hliðsjón af þeim reglum, sem fasteignamat ríkisins fer eftir við mat fasteigna og ákveðið heimtaugargjald í samræmi við það. Hús í smíðum skal meta sem fullbyggt væri, enda skal liggja fyrir staðfest teikning af því.

Heimtaugargjald nýbýlis, sem ekki hefur fengið staðfest fasteignamat, skal ákveða með hliðsjón af því, að samanlagt matsverð lands og húsa býlisins verði 6 050 000 kr.

Heimtaugargjöld sumarbústaða, sumarbúða, veiðihúsa, hótela, verksmiðja, íbúðarhúsa og annarra slíkra aðila, sem ekki eru í tengslum við búrekstur, greiðast samkvæmt kostnaði.

Um greiðslu kostnaðar af breytingu heimtaugar eða spennistöðvar fer eftir ákvæðum reglugerðar Orkubús Vestfjarða. Verði fallist á að leggja veitu, þar sem línulengd fer fram úr því, sem tilgreint er í 1. málsgrein, skulu heimtaugargjöld hækka samkv. nánari ákvörðun ráðherra með hliðsjón af áætluðu kostnaðarverði af þeim línum, sem fram yfir eru.

Lagning heimtaugar í sveit samkvæmt gjaldskrá þessari er háð samþykki orkuráðs hverju sinni.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af stjórn Orkubús Vestfjarða, og sett er samkvæmt lögum nr. 66 31. maí 1976 er hér með staðfest til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli. Jafnframt eru úr gildi felldar gjaldskrár Rafveitu Ísafjarðar nr. 9 5. janúar 1977 og Rafveitu Patrekshrepps nr. 264 30. júní 1976.

Iðnaðarráðuneytið, 28. desember 1977.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Hríseyjarhrepps, nr. 322 8. nóvember 1973, með síðari breytingum.

4. gr. orðist þannig:

Hitaveitan tekur leigu af hemlum og skal hún vera kr. 1 200 á hemil á mánuði.

Vatnsgjald er kr. 1 600 fyrir hvern lítra á mínútu.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem ákveðin er samkvæmt Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að taka þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 27. desember 1977.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

27. desember 1977. Nr. 455.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Hvammstanga, nr. 387 27. desember 1973, með síðari breytingum.

A-liður 4. gr. orðist þannig:

Fastagjald kr. 975.00 á mánuði fyrir hvern aðalhemil.

B-liður 4. gr. orðist þannig:

Vatnsgjald, kr. 1 950.00 á mánuði fyrir hvern mínútulítra á hámarksstillingu.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem samþykkt er af hreppsnefnd Hvammstangahrepps, staðfestist hér með samkv. orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 1. janúar 1977, samanber auglýsingu ráðuneytisins nr. 433, 30. desember 1976, og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 27. desember 1977.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

27. desember 1977. Nr. 456.

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Selfoss.

I. HEITT VATN

Hitaveita Selfoss selur afnot af heitu vatni úr veitukerfi sínu á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

1. Um vatnsmæli kr. 67.00 fyrir hvern rúmmetra vatns.
2. Um hemil kr. 18 534.00 á ári fyrir hvern mínútulítra á hámarksstillingu hemils. Minnsta magn vatns sé 1 l/mín fyrir hverja 100 m³ húsnæðis.

Ef vatnsmælir bilar er hitaveitunni heimilt að áætla vatnsnotkun með hliðsjón af fyrri notkun og/eða hitaþörf húsnæðis.

II. MÆLALEIGA

Hitaveitan leigir vatnsmæla og skal leiga fyrir þá innheimt jafnhliða gjaldi fyrir vatnsnotkun. Hitaveitan ákveður stærð mæla og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælum, sem hér segir:

1. Fyrir mæla allt að ¾″ ..... kr. 716.00 á mán.
2. Fyrir mæla frá 1—2″ ..... — 1 313.00 á mán.
3. Fyrir hemla ..... — 716.00 á mán.

III. HEIMÆÐAGJALD

Heimæðagjald, miðað við heildarrúmmál húsa, er sem hér segir:
Allt að 400 m³ kr. 143 160.00
400 til 2000 m³ kr. 143 160.00 af 400 m³ + kr. 119.50 á m³ þar yfir að 2000 m³.
2000 m³ kr. 334 360.00 + kr 98.00 á m³ þar yfir.

Séu fleiri en eitt hitunarkerfi tengd við heimæðina með mælum frá hitaveitunni, skal greiða kr. 20 880.00 aukagjald fyrir hvern mæli umfram hinn fyrsta.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum, sé um óskipulagt svæði að ræða, skal greiða heimæðagjald samkvæmt kostnaðarreikningi.

Heimæðagjald skal að fullu greitt þegar tengingu heimæðar er lokið.

IV. OPNUNARGJALD

Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun kr. 1 440.00.

Gjaldskrá þessi sem samþykkt hefur verið af hreppsnefnd Selfoss er sett samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. janúar 1978 og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 12 10 janúar 1977.

Iðnaðarráðuneytið, 27. desember 1977.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

Nr. 457. 27. desember 1977.

REGLUGERÐ

um breyting á gjaldskrá Hitaveitu Mosfellshrepps nr. 108 10. febrúar 1977.

4. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:
Gjald fyrir afnot heita vatnsins er sem hér segir:

A. Fastagjald kr. 380.00 á mánuði fyrir hvern aðalhemil.
B. Vatnsgjald kr. 970.00 á mánuði fyrir hvern mínútulítra á hámarksstillingu hemils, sem skiptist þannig:

Flutningsgjald	kr. 320.00
Heitt vatn	— 650.00

6. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:
Heimæðargjald hitaveitunnar skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð.

Rúmmál húss (utanmál) m³		Heimæðargjöld	
Allt að 600 m³	kr.	225.170	
600— 2 000 m³	—	225.170 fyrir	600 m³ + 141.00 kr/m³ þar yfir
2 000— 6 000 m³	—	422.570 fyrir	2 000 m³ + 120.00 kr/m³ þar yfir
6 000—10 000 m³	—	902.570 fyrir	6 000 m³ + 105.00 kr/m³ þar yfir
Meira en 10 000 m³	—	1 322.570 fyrir	10 000 m³ + 92.00 kr/m³ þar yfir

Nú eru fleiri en eitt hitunarkerfi í húsinu með sérstökum hemlum eða mælum frá Hitaveitunni og skal þá greiða kr. 21 000.00 í aukagjald fyrir hvern hemil eða mæli umfram þann fyrsta.

Heimæðargjald skal greiðast þegar heimæð hefur verið lögð; áður en hún tengist hitakerfi hússins skv. þá gildandi gjaldskrá.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem samþykkt er af hreppsnefnd Mosfellshrepps staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 27. desember 1977.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

29. desember 1977. Nr. 458.

REGLUGERÐ

um skoðunargjald ökutækja.

1. gr.

Fyrir skoðun bifreiðar eða bifhjóls ber eiganda að greiða 1 000 króna árlegt gjald til lögreglustjóra (í Reykjavík tollstjóra), þar sem bifreiðin eða bifhjólið er skráð. Gjald þetta greiðist fyrir fram, og er gjalddagi þess 1. janúar, en eindagi 1. apríl. Eigi skal framkvæma skoðun bifreiðar eða bifhjóls nema sönnur séu færðar á að skoðunargjald hafi verið greitt fyrir viðkomandi gjaldár.

2. gr.

Fyrir skoðun léttra bifhjóla, sbr. 3. gr. reglugerðar nr. 98 22. maí 1970, skal greiða 400 krónur í skoðunargjald.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 22. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968, öðlast gildi 1. janúar 1978.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 421 20. desember 1976 um skoðunargjald ökutækja.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 29. desember 1977.

Ólafur Jóhannesson.

Ólafur W. Stefánsson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 79 frá 27. maí 1960 um skipan gjaldeyris- og innflutningsmála o. fl. með áorðnum breytingum.

1. gr.

5. grein reglugerðarinnar orðist svo: Hver sá, sem fær gjaldeyris- og/eða innflutningsleyfi greiði viðskiptabönkum 1% af fjárhæð þeirri, sem leyfið hljóðar um, þó aldrei minna en 100 kr. fyrir hvert einstakt leyfi. Af gjaldeyrisleyfum fyrir ferðakostnaði skal leyfisgjaldið þó vera 1.75%. Af leyfum fyrir bensíni og brennsluolíum, sem falla undir tollskrárnr. 27.10.19, 27.10.60 og 27.10.70 skal leyfisgjaldið þó aðeins vera 0.1% af fjárhæð þeirri, sem leyfið hljóðar um. Ekki skal innheimta gjald af leyfum fyrir námskostnaði. Leyfisgjaldið greiðist við afhendingu leyfanna.

Framsal gjaldeyris- og/eða innflutningsleyfa er háð samþykki viðskiptabankanna. Óheimilt er að bjóða til sölu eða selja gjaldeyris- og/eða innflutningsleyfi.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 30, 25. maí 1960 um skipan gjaldeyris- og innflutningsmála o. fl., sbr. 6. gr. laga nr. 77 31. desember 1977 um skyldusparnað og ráðstafanir í ríkisfjármálum og öðlast gildi 1. janúar 1978.

Viðskiptaráðuneytið, 31. desember 1977.

Ólafur Jóhannesson.

Þórhallur Ásgeirsson.

Nr. 460. 15. desember 1977.

VIÐAUKI

við byggingarsamþykkt Hálshrepps í Suður-Þingeyjarsýslu.

1. gr.

Sumarbústaður, skv. samþykkt þessari, er hús, sem aðeins er ætlað til dvalar að sumri til, en á öðrum árstímum aðeins endrum og eins, einkum um helgar.

2. gr.

Reisa má sumarbústaði á þeim svæðum í hreppnum, þar sem hreppsnefnd, jarðanefnd og skipulagsstjórn ríkisins samþykkja.

3. gr.

Nú óskar eigandi (eigendur) lands, þar sem reisa má sumarbústaði, heimildar til að skipta því í sumarbústaðalönd, og skal hann þá senda hreppsnefnd uppdrátt af landinu ásamt tillögum sínum um skipulag í stórum dráttum, sbr. reglugerð nr. 217/1966 25. gr.

Ef hreppsnefnd eða skipulagsstjórn geta ekki fallist á tillögur skv. 1. mgr. skal hún svo fljótt sem verða má, tilkynna landeiganda hverju hún telur áfátt.

4. gr.

Hreppsnefnd getur ákveðið, að landeigandi leggi fram land undir vegi og sameiginleg útivistarsvæði allt að ⅓ af heildarflatarmáli þeirra sumarbústaðalanda, er samþykkt hennar nær til, sbr. 30. gr. í lögum nr. 19/1964.

5. gr.

Þegar hreppsnefnd, jarðanefnd og skipulagsstjórn hafa samþykkt tillögu að skipulagi landsins og heimilað skiptingu, skv. 3. gr., skal eigandi láta gera uppdrátt að hverju landi fyrir sig, sem hann selur eða leigir, í mælikvarða ekki minni en 1:1000, og skal sá uppdráttur fylgja afsali.

Á uppdrætti skal sýna:

1. Hugsanlega staðsetningu húss, bílastæða og bílskýlis, ef um slíkt verður að ræða.
2. Vatnsból (þar með taldar borholur eftir vatni), sem kunna að vera á landinu eða í næsta nágrenni þess, ef hætta er talin á mengun þess.
3. Fyrirhugaða rotþró, nema sýnt sé fram á að veita megi skólpi brott á annan hátt, en ekki má setja rotþró nær mörkum en 10 metra.
4. Raflínur og aðrar lagnir, sem taka þarf tillit til í sambandi við notkun landsins.
5. Hvar aðkoma að landinu sé fyrirhuguð frá opinberum vegi og hver sé stærð landsins, en að jafnaði skulu sumarbústaðalönd vera 0,2 til 0,5 hektarar.

6. gr.

Þegar eigandi sumarbústaðalands ráðstafar slíku landi með afsali eða leigusamningi, skal hann kynna kaupanda (leigutaka) hverjum skilyrðum byggingaleyfi og notkun lands er háð.

Ekki má þinglýsa afsali eða leigusamningi, nema hreppsnefnd hafi hafnað forkaupsrétti (forleigurétti) og staðfest þá ákvörðun með áritun á afsal eða leigusamning. Við áritun á afsal eða leigusamning skal þess gætt, að skilyrða, skv. 1. mgr. sé getið í texta eða á viðfestu blaði, þannig að ekki verði um villst.

Í afsali (leigusamningi) eða á viðfestu blaði skal taka fram eftirfarandi atriði eftir því sem þau geta átt við:

1. Til hve langs tíma byggingaleyfið gildir, en hreppsnefnd ákveður þann tíma fyrir hvert einstakt svæði, þar sem heimilt er að reisa sumarbústaði. Leyfistími skal þó aldrei vera lengri en 25 ár í senn.
2. Hámarksstærð sumarbústaðar er 50 m^2. Að jafnaði má hann ekki vera hærri en ein hæð og skulu teikningar af bústaðnum lagðar fram í þríriti ásamt afstöðumynd.
3. Sumarbústaður má ekki standa nær mörkum en 10 metra og ekki nær vegi en 15 metra. Girðingar á mörkum skulu vera limgerði eða lágar einfaldar girðingar, nema hreppsnefnd heimili annarskonar girðingu.
4. Sumarbústaðir skulu gerðir úr timbri eða öðru léttu efni.
5. Eiganda sumarbústaðar er skylt að ganga frá rotþró eða skolpveitu, olíugeymi vegna upphitunar, þar sem slíkt er leyft og geymslu sorps svo og eyðingu þess (brottflutningi) þannig að fullnægjandi sé að dómi hreppsnefndar (heilbrigðisnefndar).
6. Eiganda er skylt að hlíta reglum, er hreppsnefnd kann að setja um lagnir vatns og frárennslis, rafmagns og síma og annan tæknilegan umbúnað.
7. Eftir að byggingaleyfið er fallið úr gildi, getur hreppsnefnd krafist þess, að sumarbústaður og önnur mannvirki verði fjarlægð henni að kostnaðarlausu. Tilkynna skal slíka ákvörðun með að minnsta kosti 1 árs fyrirvara.

   Ef sumarbústað er svo illa við haldið eða ásigkomulag hans að öðru leyti þannig, að til verulegrar óprýði er, og eigandi sinnir ekki áminningu um að bæta úr innan hæfilegs tíma, er hreppsnefnd heimilt að láta fjarlægja hann á kostnað eiganda. Heimild er þó háð því, að tveir dómkvaddir menn votti, að ástand bústaðarins sé slíkt, sem að framan greinir.
8. Um þrifnað á sumarbústaðalöndum og aðkeyrslu, skulu gilda ákvæði heilbrigðis- og lögreglusamþykkta hreppsins, eftir því sem þær geta átt við.
9. Í leigusamningi eða afsali skal auðkenna land með nafni og/eða númeri, þannig að ekki verði um villst.

10. Jafnframt því, að hreppsnefnd veitir leyfi til skiptingar lands í sumarbústaðalönd greiðir landkaupandi eða leigjandi:
Við afhendingu byggingarleyfis í hreppsjóð sérstakt gjald eftir reglum, er hreppsnefnd setur. Gjald þetta skal vera fyrir 25m² hús kr. 60 000 síðan kr. 6 000 til viðbótar á hvern fermetra umfram 25 m².
11. Hreppsnefnd er heimilt að innheimta eftirlitsgjald að fjárhæð kr. 6 000 árlega af hverjum sumarbústað vegna nauðsynlegrar gæslu og eftirlits, auk sérstaks gjalds, sem hreppsnefnd ákveður þegar brunavarnir og/eða sorphirðing verður tekin upp.
12. Á gjöld samkvæmt þessari grein má koma álag sem nemur hækkun vísitölu byggingarkostnaðar, eftir að reglugerð þessi öðlast gildi.

7. gr.

Byggingarnefnd veitir byggingarleyfi fyrir sumarbústöðum, og skulu uppdrættir gerðir eftir þeim reglum, sem settar eru í byggingarsamþykkt, eftir því sem þær geta átt við.

8. gr.

Nú óskar eigandi lands, þar sem reisa má sumarbústaði, að skipuleggja þar sumarbústaðasvæði, er sé undir stjórn félagasamtaka, og skulu þá gilda reglur 2.—6. gr., eftir því sem þær geta átt við. Heimila má að land slíks sumarbústaðasvæðis sé óskipt, og er þá leyfilegt að reisa stærri sumarbústaði, en segir í 6. gr., þó eigi stærri en 55 m².

Ef um er að ræða sumarbústaðasvæði, eins og að ofan greinir, getur hreppsnefnd áskilið tiltekna samræmda gerð húsa, að því er varðar þök og útlit. Hún getur og áskilið, að á skipulagi séu sýnd sameiginleg leiksvæði, gróðurbelti, gangstígar, bílastæði og annað slíkt.

Um gerð og viðhald sameiginlegra mannvirkja, skal höfð hliðsjón af 3. kafla laga nr. 59/1976 um réttindi og skyldur sameigenda í fjölbýlishúsum frá 17. maí 1976.

9. gr.

Nú vill eigandi sumarbústaðalands, selja það, með eða án mannvirkja og hefur þá hreppssjóður forkaupsrétt.

10. gr.

Nú rís ágreiningur milli landeiganda (leigutaka) og hreppsnefndar um skilning á samþykkt þessari eða framkvæmd hreppsnefndar á henni, og sker þá ráðherra úr.

Viðauki þessi sem saminn er og samþykktur af hreppsnefnd Hálshrepps staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 19/1905 sbr. lög nr. 84/1943, til að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytið, 15. desember 1977.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.
Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

Nr. 461. 29. desember 1977.

AUGLÝSING

um hækkun smásöluverðs raforku.

Samkvæmt 25. gr. Orkulaga nr. 58 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi hækkanir á gildandi gjaldskrám neðangreindra rafveitna frá og með 1. janúar 1978:

1. Gjaldskrá Rafveitu Eyrarbakka, Stokkseyrar, Hveragerðis og Selfoss nr. 410 17. nóvember 1977 hækkun um 14%.
2. Gjaldskrá Rafveitu Akraness nr. 160 29. mars 1977.
   Taxtar A. B. og C. í gjaldskránni hækki um 21%.
   Taxti D. í gjaldskránni hækki um 15%.
   Mælaleiga og heimtaugagjöld hækki um 25%.
3. Gjaldskrá Rafveitu Miðneshrepps nr. 95 9. febrúar 1977 hækki um 22%.
4. Gjaldskrá Rafveitu Grindavíkur nr. 153 14. mars 1977 hækki um 22%.

Iðnaðarráðuneytið, 29. desember 1977.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

14. desember 1977. Nr. 462.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Nórusjóð, útgefin á venjulegan hátt að manatum af dómsmálaráðherra 14. desember 1977.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Nórusjóð.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Nórusjóður. Heimili hans og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr.

Stofnendur sjóðsins eru félagar í Kattavinafélagi Íslands. Stofnfé er kr. 100 000.00, sem er fyrsta gjöfin í sjóðinn, gefin til minningar um köttinn Nóru.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að leggja fram fé til stofnunar kattaheimilis í Reykjavík, sem stofnsett verður og starfrækt af Kattavinafélagi Íslands, og styðja rekstur þess ef með þarf. Ekki er heimilt að verja fé úr sjóðnum til annars, fyrr en rekstur þess heimilis er að fullu tryggður. Þá fyrst og fyrr ekki er heimilt að verja úr sóðnum fé til stofnunar á kattaheimili annars staðar og stuðnings á rekstri þess, uns hann er að fullu tryggður, og svo áfram, ef Kattavinafélagi Íslands þykir við þurfa.

Eingöngu má verja fé sjóðsins til Kattaheimilis, sem stofnsett er og rekið af Kattavinafélagi Íslands og aldrei nema til eins í einu, samkvæmt framansögðu.

4. gr.

Stjórn Kattavinafélags Íslands fer með stjórn sjóðsins samkvæmt skipulagsskrá þessari og má ekki útaf breyta.

Endurskoðandi skal vera löggiltur.

5. gr.

Tekjur sjóðsins eru gjafir, áheit, tekjur af kortasölu og öðru því, sem félagar og aðrir velunnarar kunna að gera til fjáröflunar, auk vaxta. Heimilt er að verja öllum

tekjum sjóðsins samkvæmt skipulagsskrá þessari, en engu á annan hátt. Stofnfé má ekki hreyfa.

Reikningsár telst almanaksár.

6. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Nr. 463. 23. desember 1977.

AUGLÝSING

um staðfestingu á uppdrætti að legu Garðskagavegar frá mörkum Gerðahrepps að Tjarnargötu í Sandgerði.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið þ. 22. þ. m. staðfest uppdrátt að legu Garðskagavegar frá mörkum Gerðahrepps að Tjarnargötu í Sandgerði.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir og hefur verið samþykktur af hreppsnefnd Miðneshrepps og skipulagsstjórn ríkisins.

Félagsmálaráðuneytið, 23. desember 1977.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Jón Sigurpálsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 43 — 1977

19. desember 1977. 789 Nr. 464.

HÚSAGERÐARSAMÞYKKT

fyrir Húsagerðarsamband Vestur-Barðastrandarsýslu.

Búnaðarfélag Barðastrandarhrepps, Búnaðarfélagið Örlygur Rauðasandshreppi, Búnaðarfélag Tálknafjarðarhrepps, Búnaðarfélag Ketildalahrepps og Búnaðarfélag Suðurfjarðarhrepps gera á grundvelli laga nr. 7 12. janúar 1945, reglugerðar 13. maí 1947 og heildar húsagerðarsamþykktar Búnaðarsambands Vestfjarða svofellda húsagerðarsamþykkt:

1. gr.

Húsagerðarsambandið nær yfir 2. samþykktarsvæði húsagerðarsamþykktar Búnaðarsambands Vestfjarða, en í því eru þau búnaðarfélög, sem að framan eru talin.

2. gr.

Tilgangur samþykktarinnar er að greiða fyrir húsabótum og öðrum byggingaframkvæmdum hjá félagsmönnum og stuðla að því, að bændur geti komið sér upp svo vönduðum, hagkvæmum og ódýrum húsum, sem kostur er á. Þessum tilgangi vill húsagerðarsambandið ná með því að taka að sér byggingar íbúðar- og peningahúsa og þeirra húsa annarra, sem nauðsynleg eru almennum búrekstri og í því skyni ráða til sín byggingamenn og leggja þeim til sem fullkomnastar vélar, tæki og mót til vinnunnar.

3. gr.

Hvert búnaðarfélag kýs einn mann og annan til vara til þriggja ára í stjórn húsagerðarsambandsins. Skulu þeir ganga úr stjórninni eftir röð tveir og tveir og einn og röð þeirra í fyrsta skipti er þannig. Búnaðarf. Barðastrandarhrepps og Búnaðarf. Örlygur Rauðasandshr. kjósa stjórnarmenn árið 1978. Búnaðarf. Tálknafjarðarhr. og Búnaðarf. Ketildalahr. árið 1979 og Búnaðarf. Suðurfjarðarhr. árið 1980. Stjórnin kýs sér formann og auk þess tvo menn, er ásamt formanni mynda framkvæmdastjórn sambandsins. Stjórnin ræður húsagerðarsambandinu framkvæmdastjóra í samráði við Byggingastofnun landbúnaðarins og Búnaðarfélag Íslands. Hvert búnaðarfélag kýs árlega tvo fulltrúa á aðalfund húsagerðarsambandsins.

Á aðalfundi skulu lagðir fram endurskoðaðir reikningar húsagerðarsambandsins og eru endurskoðendur tveir til þess kjörnir á aðalfundi Búnaðarsambands Vestfjarða. Aðalfund skal halda fyrir 20. júní ár hvert.

4. gr.

Stjórn og framkvæmdastjóri skipta með sér verkum svo sem tilgreint er í húsagerðarsamþykkt fyrir Búnaðarsamband Vestfjarða, svo skal og vera um starfsemi alla og félagshætti.

5. gr.

Húsagerðarsambandið myndar byggingasjóð til kaupa á vélum, verkfærum áhöldum og veggjamótum við byggingaframkvæmdir sambandsins. Stofnfjárhæð hans er kr. 5 000 000.00 — fimm milljónir króna.

B 99

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

Tekjur byggingasjóðs eru:

1. Tveir þriðju hlutar stofnfjár er styrkur úr ríkissjóði, jafnóðum og hann greiðist til sambandsins út á þær vélar, sem keyptar hafa verið, enda liggi fyrir samþykki Byggingastofnunar landbúnaðarins, stjórnar Búnaðarfélags Íslands og stjórnar Búnaðarsambands Vestfjarða um þörf húsagerðarsambandsins fyrir þann vélakost.
2. Óafturkræft framlag frá Búnaðarsambandi Vestfjarða, er nemi 1/6 hluta heildarstofnfjárins.
3. Eftirstöðvar stofnfjárins, 1/6 hluta, tekur húsagerðarsambandið að láni, sem endurgreiðist innan 5 ára, og teljast greiðslur þessar ásamt vöxtum til reksturskostnað við byggingaframkvæmdir. Heimilt er þó að jafna þessum hluta stofnfjárins niður á bændur eða búnaðarfélög á sambandssvæðinu.
4. Tekjur þær, er inn kunna að koma samkv. 17. gr. húsagerðarsamþykktar Búnaðarsambands Vestfjarða.

6. gr.

Tillögur er fram kunna að koma um breytingar á samþykkt þessari frá hreppabúnaðarfélögunum, skulu sendar stjórn Búnaðarsambands Vestfjarða, er sendir þær til umsagnar öllum aðilum er að samþykkt standa samkv. 1. gr. Breytingatillögur sambandsstjórnar skulu sendar sömu aðilum til umsagnar. Tillögurnar skulu því næst ásamt umsögn búnaðarfélaganna, lagðar fyrir aðalfund búnaðarsambandsins. Samþykki löglegur aðalfundur breytingarnar með að minnsta kosti 3/5 atkvæðisbærra fulltrúa, skal stjórn sambandsins senda breytingarnar Búnaðarfélagi Íslands, er leitar samþykis landbúnaðarráðherra á þeim.

7. gr.

Smþykkt þessa má því aðeins nema ú gildi, að rökstutt álit meiri hluta samþykktaraðila liggi fyrir um að tilgangi samþykktar verði ekki náð og að lögmætur aðalfundur búnaðarsambandsins samþykki það með að minnsta kosti 3/5 atkvæðisbærra fundarmanna, enda komi samþykki landbúnaðarráðherra til.

8. gr.

Með brot á samþykkt þessari skal farið sem almenn lögreglumál og varða þau sektum frá 10 000 til 100 000 krónum, nema þyngri hegning liggi við að lögum.

9. gr.

Samþykkt þessi gengur í gildi, þá er hún hefur verið staðfest af landbúnaðarráðherra.

Samþykkt þessi er sett samkvæmt lögum nr. 7 12. janúar 1945, um jarðræktar og húsagerðarsamþykktir í sveitum og reglugerð nr. 88 13. maí 1947, til að öðlast þegar gildi, og birtast til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 19. desember 1977.

Halldór E. Sigurðsson.

Haukur Jörundarson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 238 31. maí 1977 um sérstakt tímabundið vörugjald.

1. gr.

1. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Greiða skal í ríkissjóð sérstakt vörugjald:

1. Af tollverði innfluttrar vöru að viðbættum aðflutningsgjöldum.
2. Af verksmiðjuverði innlendrar framleiðsluvöru og innfluttrar vöru sem fær einhverja vinnslumeðferð eða pökkun hér á landi.

Gjaldið skal vera 18% til 31. desember 1978.

2. gr.

12. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Gjalddagi sérstaks vörugjalds af sölu innlendrar framleiðslu fyrir síðasta ársfjórðung 1977 er 1. febrúar 1978.

Gjalddagar sérstaks vörugjalds af sölu innlendrar framleiðslu á árinu 1978 eru fjórir. Gjalddagi fyrir tímabilið 1. janúar til 31. mars 1978 er 1. maí 1978, gjalddagi fyrir tímabilið 1. apríl til 30. júní 1978 er 1. ágúst 1978, gjalddagi fyrir tímabilið 1. júlí til 30. september 1978 er 1. nóvember 1978 og gjalddagi fyrir tímabilið 1. október til 31. desembar 1978 er 1. febrúar 1979.

Eindagi er 15 dögum eftir gjalddaga. Beri eindaga upp á helgidag eða almennan frídag færist hann á næsta virkan dag á eftir.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 5. gr. laga nr. 49 20. maí 1977 um sérstakt tímabundið vörugjald, sbr. 1. gr. laga nr. 84 31. desember 1977 um breyting á þeim lögum, til að öðlast gildi þegar í stað.

Fjármálaráðuneytið, 31. desember 1977.

F. h. r.
Höskuldur Jónsson.

Björn Hafsteinsson.

30. desember 1977. Nr. 466.

REGLUGERÐ

um könnun á gjaldhæfi og greiðsluhæfi vátryggingafélaga.

Svið.

1. gr.

Tryggingaeftirlitið skal kanna gjaldhæfi og greiðsluhæfi vátryggingafélags. Við mat á þessu skal litið til áhættu þeirrar, sem vátryggingarstarfsemi hefur í för með sér.

Slík könnun skal fara fram árlega á grundvelli ársreiknings vátryggingafélags fyrir síðastliðið reikningsár og annarra gagna og upplýsinga um starfsemi þess, sem nauðsynleg er til þess að könnun geti farið fram.

Við könnunina skal meta gjaldþol, greiðsluþol og áhættu vátryggingafélags eftir reglum, sem nánar er kveðið á um í þessari reglugerð.

Tryggingaeftirlitið skal tilkynna vátryggingafélagi niðurstöður sínar þegar að lokinni könnun og gefa því kost á að koma að skýringum og athugasemdum við niðurstöðurnar. Að þeim athuguðum skal Tryggingaeftirlitið gera tillögur um úrbætur, ef þörf krefur.

Gjaldhæfi.

2. gr.

Gjaldþol vátryggingafélags er sú fjárhæð sem fæst, þegar heildareignum félagsins hafa verið dregnar hvers konar skuldir, óefnislegar eignir og niðurfærsla eignaliða, sbr. 2. mgr. þessarar greinar. Til gjaldþols í þessu sambandi reiknast eftirtaldir liðir:

1. Innborgað hlutafé, stofnfé eða áhættufé að frádregnu eigin hlutafé.
2. Helmingur óinnborgaðs hlutafjár, stofnfjár eða áhættufjár, enda nemi innborgað fé minnst 25% heildarfjárins.
3. Lögbundnir sjóðir eða aðrir sjóðir, sem samkvæmt lögum eða samþykktum félagsins eiga að mæta halla á rekstri félagsins og ekki eru skuldbindingar þess.
4. Áhættusjóður félagsins.
5. Óráðstafaður hagnaður (ójafnað tap til frádráttar).
6. Duldir varasjóðir, sem myndast vegna þess að eignir eru taldar undir raunvirði í efnahagsreikningi eða skuldir eru taldar með of háu verði, enda sé um varanlega eignamyndun að ræða.
7. 75% af öryggisálagi tryggingasjóðs. Þó er heimilt að telja til gjaldþols öryggisálag líftryggingasjóðs eftir mati tryggingastærðfræðings félagsins. Öryggisálag iðgjaldasjóðs er sá hluti yfirfærðra iðgjalda, sem ætlað er að mæta sveiflum á væntanlegum tjónum. Öryggisálag á bótasjóð er sá hluti bótasjóðs, sem ætlað er að mæta sveiflum á þeim tjónum, sem þegar hafa orðið. Ekki skal telja með þá fjárhæð, sem áætluð er vegna ótilkynntra tjóna og álag vegna neikvæðrar matsþróunar bótasjóðs. Öryggisálag lagt á hluta endurtryggjenda í tryggingasjóði skal ekki telja til gjaldþols. Sú fjárhæð, sem þannig er talin með við útreikning gjaldþols, má þó aldrei vera hærri en 50% gjaldþols í heild.

Við útreikning á gjaldþoli samkvæmt framansögðu skal ekki telja með ótryggar eignir. Reikna skal niðurfærslu á eignaliðum að því marki, sem talið er nauðsynlegt, og skal niðurfærslan aldrei vera lægri en sem hér segir á eftirtöldum eignaliðum:

1. 7,5% af iðgjaldainnheimtum.
2. 5,0% af kröfum á eignaliðunum „innlendir umboðsmenn“ og af „aðrir innlendir skuldunautar“.
3. 3,5% af víxlaeign.
4. 1,0% af innlendum verðbréfum og áföllnum vöxtum öðrum en ríkistryggðum.

3. gr.

Gjaldþol samkvæmt 2. gr. skal eigi vera lægra en sú fjárhæð, sem hærri er þeirra tveggja, er að neðan greinir, og telst sú fjárhæð lágmarksgjaldþol vátryggingafélags, sbr. þó 4. gr.:

1. 18% þeirrar fjárhæðar, sem fæst þegar bókfærð iðgjöld að frádregnum endurgreiðslum og niðurfellingum en án frádráttar á hlut endurtryggjenda í iðgjöldum, eru margfölduð með hlutfallinu milli bókfærðra eigin tjóna og bókfærðra tjóna í heild samkvæmt rekstrarreikningi. Sé síðastnefnda hlutfallið lægra en 0,35 skal margfalda með því hlutfalli.
2. 13% þeirra fjárhæðar sem fæst, þegar lögð eru saman bókfærð tjón tveggja síðustu reikningsára án frádráttar á hlut endurtryggjenda að viðbættum bóta-

sjóði í lok síðasta reikningsárs, en að frádregnum bótasjóði í upphafi fyrra reikningsárs. Sú stærð, sem þannig fæst, er margfölduð með hlutfallinu undir 1. tl. milli eigin tjóna og tjóna í heild eða með tölunni 0,35, ef hún er hærri.

4. gr.

Gjaldþol skaða- og endurtryggingafélags skal ekki vera lægra en lágmarksgjaldþol samkvæmt 3. gr., en gjaldþol líftryggingafélags skal ekki vera lægra en sú fjárhæð, sem reiknast samkvæmt 1. tl. 3. gr.

Gjaldþol vátryggingafélags skal aldrei nema lægri fjárhæð en þeirri, sem tilgreind er í 6., 10. og 15. gr. laga nr. 26/1973 um vátryggingarstarfsemi varðandi lágmark hlutafjár og stofnfjár og eignir erlendra vátryggingafélaga hér á landi.

Um félög, sem starfa samkvæmt sérlögum, skulu gilda sömu reglur og um gagnkvæm félög að þessu leyti, eftir því, sem við getur átt.

5. gr.

Nái gjaldþol vátryggingafélags ekki lágmarksgjaldþoli, samkvæmt 3. og 4. gr. eftir hinum árlega útreikningi, skal félagið þegar í stað gera ráðstafanir til þess, að markinu verði náð innan tiltekins frests. Þessi frestur má ekki vera lengri en sex mánuðir, ef gjaldþolið er lægra en þriðjungur lágmarksgjaldþols.

Verði vátryggingafélagi ljóst á öðrum tíma, að gjaldþol þessi nái ekki lágmarksgjaldþoli, skal það á sama hátt gera ráðstafanir til að markinu verði náð.

Félagið skal gera Tryggingaeftirlitinu skriflega grein fyrir því, innan tveggja mánaða, hvaða ráðstafanir verði gerðar og á hvern hátt markinu verði náð.

Greiðsluhæfi.

6. gr.

Greiðsluhæfi vátryggingafélags skal metið eftir stöðu hreins veltufjár á hverjum tíma, þ. e. hlutfallinu milli veltufjármuna annars vegar og skammtímaskulda hins vegar. Til veltufjármuna í þessu sambandi teljast sérhverjar eignir, sem ekki eru ætlaðar til varanlegrar eignar eða notkunar í félaginu, eða sem ætlað er til að breyta í handbært fé innan árs. Til skammtímaskulda teljast skuldir, þar með talin þau ógreidd tjón, sem ætlað er að komi til greiðslu innan árs.

Tryggingaeftirlitið skal leggja mat á greiðsluhæfi vátryggingafélags á grundvelli ársuppgjörs þess fyrir síðastliðið reikningsár eða á öðrum tíma, ef ástæða þykir til.

Telji Tryggingaeftirlitið greiðsluþol ófullnægjandi skal það tilkynna félaginu niðurstöðurnar og rökstyðja útreikninga sína.

Félagið skal þegar í stað gera nauðsynlegar ráðstafanir til úrbóta.

Endurtryggingavernd og hámarksáhætta.

7. gr.

Endurtryggingavernd vátryggingafélags skal miðuð við gjaldþol, öryggisálag iðgjalda og heildaráhættu samkvæmt nánari skilgreiningu hér á eftir.

Hámarksáhætta í einum tjónsatburði, þ. e. að teknu tilliti til samáhættu milli vátryggingagreina skulu vera

$$H = 0.16 \times T \times (\frac{G}{T} + A)^2,$$

en þó aldrei hærri en $0{,}08 \times G$.

Hér er G gjaldþol félagsins skv. 2. gr. T er eigið tjón ársins samkvæmt rekstrarreikningi og A samanvegið mat á öryggisálagi félagsins samkvæmt eftirfarandi reglum:

$A = 0{,}025 \times b + 0{,}05 \times c + 0{,}10 \times d$

Vægin b, c og d eru fundin þannig:

b er hlutfall iðgjalda í ökutækjatryggingum og/eða erlendum endurtryggingum af heildariðgjöldum félagsins.

c er hlutfall iðgjalda í sjó- og farmtryggingum af heildariðgjöldum félagsins.

d er hlutfall annarra iðgjalda af heildariðgjöldum félagsins.

Með iðgjöldum er hér átt við bókfærð iðgjöld í frum- og endurtryggingum samanlagt.

8. gr.

